**Átröskun er dauðans alvara**

Arna Sif viðurkennir veikindi sín og berst gegn átröskun.

**SIRKUS Í MIÐJU BLAÐSINS**



**KÓPAVOGUR**

*Háhýsi rís með ógnarhraða*

Sérblað um Kópavog

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki INTERIORS



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. mars 2007 — 74. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**FÖSTUDAGUR**

## Milliliðalaust gallerí



Magdalena Margrét Kjartansdóttir er ein sjö listamanna sem opna listasal og verslun á Laugavegi 12b á morgun.

MENNING 42

## Vistvænar virkjanir

„Öfgafulla náttúruverndarsinna ætti ef til vill frekar að kalla náttúrudýrkendur," skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „því að þeir hafna því boðorði fyrstu Mósebókar, að mennirnir eigi að gera náttúruna sér undirgefna."

Í DAG 30

## Brotinn tónlistarstjóri



Vignir Snær handleggsbrotnaði í hálkunni.

FÓLK 62

## Stendur við sitt



Eiður Smári Guðjohnsen stóð fast við gagnrýni sína á félaga sína í Barcelona í sjónvarpsviðtali á Spáni í gær.

ÍÞRÓTTIR 56

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA ÉL -** Í dag verður stíf vestanátt allra syðst annars fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. Víða él síst þó austan til. Úrkomulítið á suðaustanverðu landinu eftir hádegi. Frost 1-5 stig nyrðra en hiti 1-4 stig syðra, mildast suðaustan til.

VEÐUR 4



**ÚRSLITAKEPPNIN HAFIN** KR og ÍR háðu fyrstu viðureign sína í 8-liða úrslitum úrvalsdeildar karla í körfuknattleik í gærkvöldi. ÍR leiddi með einu stigi í hálfleik og vann viðureignina að lokum með 73 stigum gegn 65. - sjá síðu 56 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ásakanir um óheilindi ganga á víxl

**Auðlindafrumvarpið er úr höndum Alþingis. Framsókn harmar ístöðuleysi stjórnarandstöðu. Frjálslyndir tala um ágreining stjórnarliða. VG segir málið sjónarspil fyrir framsókn. Samfylkingin segir hlutskipti framsóknar ömurlegt.**

**STJÓRNMÁL** Sérnefnd um stjórnarskrármál vísaði í gær frá sér auðlindafrumvarpi formanna ríkisstjórnarflokkanna. Meirihluti í nefndinni leggur til að stjórnarskrárnefnd fjalli um málið.

Birgir Ármannson Sjálfstæðisflokki, formaður sérnefndarinnar, segir slíkan ágreining hafa verið um málið að ljóst væri að það yrði ekki afgreitt í þeirri tímaþröng sem þingið starfar. „Sumir stjórnarandstæðingar töldu að vinna ætti áfram í nefndinni en mér heyrðist þar einkum að ræða tilraunir Samfylkingarinnar til að mynda bandalag með Framsóknarflokknum gegn Sjálfstæðisflokknum," segir Birgir.

Ögmundur Jónasson VG segir frumvarpið hafa beðið fullkomið skipbrot en telur líklegt að málið komi fyrir stjórnarskrárnefnd. „En sá grunur læðist að manni að þetta sjónarspil hafi verið sett á fjalirnar til að fullnægja stjórnmálahagsmunum Framsóknarflokksins."

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, harmar ístöðuleysi stjórnarandstöðunnar og segir hana hafa gengið á bak orða sinna um samstarf. „Þetta eru mikil vobrigði en ég vísa ábyrgðinni á stjórnarandstöðuna," segir Jón og telur flokk sinn geta gengið hnarreistan til kosningabaráttu. „Við getum það því við unnum heiðarlega, opinskátt og málefnalega í þessu máli."

Össur Skarphéðinsson Samfylkingunni segir hlutskipti Framsóknarflokksins ömurlegt. „Sjálfstæðisflokkurinn teymdi hann á asnaeyrunum í gegnum málið til að knésetja með þessum hætti." Hann segir að ekki hafi verið rætt efnislega um málið í sérnefndinni og aldrei leitað eftir samstöðu við stjórnarandstöðuna. „Málinu var ráðið til lykta í reykfylltu bakherbergi tveggja forystumanna og þeir gáfu ekki kost á efnislegri samstöðu."

> Málinu var ráðið til lykta í reykfylltu bakherbergi tveggja forystumanna og þeir gáfu ekki kost á efnislegri samstöðu.
>
> ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Kristni H. Gunnarssyni, Frjálslynda flokknum, finnst afleitt að ekki hafi náðst samstaða um afgreiðslu og kennir ágreiningi stjórnarflokkannaum.„Undirliggjandi er hið stóra pólitíska deilumál um að réttinn til að nýta auðlindir verði ekki seldur varanlega eða látinn af hendi. Það varð þess valdandi að stjórnarflokkarnir náðu ekki saman." - bþs / sjá síðu 4

Matsfyrirtækið Fitch Ratings:

## Dregur úr lánshæfi ríkisins

**VIÐSKIPTI Matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði í gær lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs um eitt stig. Lánshæfi bankanna er hins vegar óbreytt að mati fyrirtækisins.**

**Fitch segir horfur stöðugar í öllu sínu mati. Mikill og viðvarandi viðskiptahalli og óstöðugleiki í efnahagsmálum er sögð vera ástæða lækkunar einkunna ríkisins.**

**Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir ekki sérstakra viðbragða eða skilaboða að vænta frá bankanum vegna breyttra einkunna. „Í þessari tilkynningu er reyndar vikið að því að aðlögunarþátturinn hvíli ekki síst á meðferð peningastefnunnar og að vanti upp á þá þætti annars staðar en hjá bankanum."** - óká / Sjá síðu 26

Bandarísk stjórnvöld neita að framselja Geir Þórisson til Íslands:

# Ítrekað reynt að fá fanga heim

**STJÓRNMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa margsinnis á síðustu sex árum reynt að fá íslenskan fanga sem afplánar fangelsisdóm í Virginíu í Bandaríkjunum fluttan til Íslands. Öllum beiðnum þess efnis hefur verið hafnað.

Saga mannsins, Geirs Þórissonar, var rakin í Kastljósi á dögunum. Í kjölfarið spurði Jóhanna Sigurðardóttir í Samfylkingunni, Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra hvort hún hygðist beita sér í málinu.Í svari Valgerðar eru samskiptin við yfirvöld í Bandaríkjunum rakin jafnframt sem þess er getið að ráðherra hyggist skrifa ríkisstjóra Virginíuríkis bréf.

„En í ljósi forsögunnar er tæpast tilefni til bjartsýni," segir í svarinu.

Geir óskaði eftir flutningi til Íslands í apríl árið 2000 og í júní sama ár féllst íslenska dómsmálaráðuneytið á flutningsbeiðnina. Í mars 2001 höfnuðu yfirvöld í Virginíu beiðninni.

Bréfaskriftir og fundir milli íslenskra og bandaríkra yfirvalda allar götur síðan hafa ekki borið árangur.

Ástæða þess er, að sögn utanríkisráðuneytisins, meðal annars sú að saksóknari ytra metur alvarleika afbrots Geirs með þeim hætti að ekki sé unnt að fallast á flutning. Hann var dæmdur fyrir alvarlega líkamsárás. - bþs





Nýtt garn
Easy og Alpakka
sjá www.tinna.is

IÐNÞING 2007
á Grand Hótel Reykjavík í dag



Farsæld til framtíðar
Sjá dagskrá á www.si.is
SI
Samtök iðnaðarins

Vandaðar fermingargjafir
ORMSSON

**SPURNING DAGSINS**



*Katrín, ætlar bæjarráðið í Ölfusi að vera áfram í fýlu?*

„Mér finnst þetta mál að minnsta kosti lykta einkennilega.“

Bæjarráð Ölfuss hafnaði leyfisumsókn Lýsis hf. til að setja upp búnað, sem ætlað er að eyða ólykt út af hausaþurrkun í Þorlákshöfn. Katrín Pétursdóttir er framkvæmdastjóri Lýsis hf.

Ný áætlun suðurafrískra stjórnvalda í eyðnimálum þykir merkja viðsnúning:

# Eyðnismitum fækki um helming

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Stjórnvöld í Suður-Afríku ætla að draga úr fjölda eyðnismita um 50 prósent á næstu fimm árum samkvæmt áætlun sem kynnt var í gær. Árið 2011 munu 80 prósent eyðnismitaðra fá viðeigandi meðferð við sjúkdómnum. Í dag fá 250.000 lyfjameðferð sem eru um 20 prósent eyðnismitaðra.



**MANTO TSHABALALA-MSIMANG HEILBRIGÐISRÁÐHERRA SUÐUR-AFRÍKU** Hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir að draga í efa læknismeðferðir við eyðni.

Áætlunin þykir vera til marks um viðsnúning suður-afrískra stjórnvalda í eyðnimálum eftir að hafa árum saman sætt alþjóðlegri gagnrýni fyrir stefnu sína. Heilbrigðismálaráðherrann hefur sérstaklega verið gagnrýndur fyrir að draga í efa læknismeðferðir og hvetja fólk til að berjast við sjúkdóminn með náttúrulegum ráðum á borð við neyslu á hvítlauk og sítrónum.

Í ítarlegri skýrslu sem stjórnvöld létu vinna kemur fram að eyðni veldur dauða margra fyrir aldur fram í Suður-Afríku. Jókst dánartíðni um 79 prósent á tímabilinu 1997 til 2004 og var aukningin meiri meðal kvenna.

Talið er að árið 2005 hafi rúmlega fimm og hálf milljón íbúa Suður-Afríku verið eyðnismitaðar sem eru nítján prósent fullorðinna landsmanna. Fjölmennasti hópurinn var konur á aldrinum 25 til 29 ára þar sem hátt í 40 prósent voru eyðnismitaðar. **- sdg**

Skoðun Viðskiptaráðs:

# Jöfn tækifæri eru lykillinn

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptaráð hefur ávallt beitt sér fyrir því að skattkerfi landsins sé eingöngu nýtt til að fjármagna velferðarkerfið og samfélagsinnviði sem sátt er um að allir njóti aðgangs að og hefur bent á kosti flatra skatta þar sem einfaldleiki og gagnsæi eru eins og best verður á kosið.

Viðskiptaráð hefur sent frá sér skoðun sína þar sem segir að aðgerðum til aukins jafnaðar fylgi ýmsar aukaverkanir. Hugmyndir um að knýja fram meiri jöfnuð með aukinni skattlagningu séu skammsýnar og varasamar. Lykilatriðið sé að jöfn tækifæri eigi að vera markmiðið, ekki jöfnuður. **- ghs**

Ingibjörg Sólrún heiðursgestur:

# Mona Sahlin leiðir jafnaðarmenn

**SVÍÞJÓÐ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, er heiðursgestur á landsfundi sænska jafnaðarflokksins og mun á laugardag fagna kjöri Monu Sahlin í embætti formanns flokksins. Helle Thorning Schmidt, formaður danska jafnaðarflokksins, er einnig heiðursgestur á landsfundinum.**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

**Kjör Sahlin markar tímamót, því með því komast konur í meirihluta formanna jafnaðarflokka á Norðurlöndunum. Hún mun taka við formennsku af Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar. Kjörinu verður formlega lýst á hádegi á laugardag og mun Ingibjörg Sólrún ávarpa fundinn í kjölfar hátíðarræðu Sahlin.** **- bj**

# Segir réttindi tryggð með yfirlýsingu Geirs

**Forstjóri Landsvirkjunar segir vatns- og landsréttindi við Búrfell tryggð með yfirlýsingu Geirs H. Haarde forsætisráðherra um að Landsvirkjun hafi greitt fullt verð fyrir réttindin. Yfirlýsingin tryggir ekkert, segir Ragnar Aðalsteinsson.**

**ÞJÓÐLENDUR** Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að með yfirlýsingu Geirs H. Haarde forsætisráðherra, um vatns- og landréttindi við Búrfell sé búið að höggva á þann hnút sem hnýttur hafi verið með úrskurðum óbyggðanefndar 21. mars 2002 og 10. desember 2004. „Með þessu er ríkið að gera Landsvirkjun jafnsetta og hún var er hún var stofnuð árið 1965. Í yfirlýsingunni kemur fram að það sé búið að greiða fyrir þau réttindi sem við höfum alltaf talið okkur eiga. Með þessari yfirlýsingu er nýtingarréttur okkar viðurkenndur.“



**RAGNAR AÐALSTEINSSON** Segir yfirlýsinguna ekki skipta neinu máli.



**FRIÐRIK SOPHUSSON** Segir yfirlýsinguna tryggja nýtingarréttindi Landsvirkjunar.

Landsvirkjun hyggst greina frá áhrifum yfirlýsingar Geirs á vefsíðu sinni í dag.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur lýst því yfir með yfirlýsingu 12. mars, að við stofnun Landsvirkjunar 1965 hafi „að fullu verið greitt fyrir þau vatns- og landsréttindi sem Landsvirkjun hagnýtir vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell“.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður telur yfirlýsinguna marklausa þar sem óbyggðanefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að landsvæðið sem um ræðir væri þjóðlenda. „Yfirlýsingunni er ætlað að viðhalda stöðu Landsvirkjunar eins og hún var áður en úrskurðir óbyggðanefndar komu til. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri þjóðlenda og þá vaknar sú spurning hvernig, og hvort, ríkið getur afhent með þessum hætti þjóðlendur og réttindi sem eru innan hennar,“ segir Ragnar. Hann segir stjórnarfrumvarp sem dregið hefur verið til baka hafa átt að tryggja Landsvirkjun réttindi. „Með stjórnarfrumvarpi átti að koma landsvæði, sem Landsvirkjun nýtir, aftur í hendur Landsvirkjunar en það getur hins vegar alls ekki verið, og stenst ekki skoðun, að Landsvirkjun eigi landið og nýtingarréttindi eftir þessa litlu yfirlýsingu Geirs. Þess vegna tryggir hún ekki neitt, hvorki nýtingarrétt né annað.“ **magnus@frettabladid.is**



**LANDSVÆÐI VIÐ BÚRFELLSVIRKJUN** Samkvæmt úrskurðum óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 og 10. desember 2004 er landsvæðið við Búrfellsvirkjun þjóðlenda. FRÉTTABLAÐIÐ/EMIL ÞÓR

Bandarískur herforingi:

# Rússar þurfa ekkert að óttast

**BERLÍN, AP** Henry A. Obering, yfirmaður flugskeytavarnadeildar Bandaríkjahers, segir að Rússar þurfi ekkert að óttast þótt Bandaríkjamenn komi sér upp kerfi flugskeytavarna í Evrópuríkjum.



**HENRY OBERING**

Obering sagði á blaðamannafundi í Berlín í gær að kerfið verði eingöngu varnarkerfi, sem ætti einkum að geta komið í veg fyrir árásir frá Íran. Kerfið verði hins vegar ekki nægilega öflugt til að verjast árásum frá Rússlandi.

Rússnesk stjórnvöld hafa harðlega gagnrýnt þessi áform Bandaríkjanna og segja þau ógna Rússlandi. **- gb**

Hæstiréttardómur í olíumáli:

# Dóms að vænta í málinu í dag

**DÓMSMÁL** Dómur Hæstaréttar vegna frávísunar héraðsdóms í máli ákæruvaldsins gegn forstjórum stóru olíufélaganna, Kristni Björnssyni, Geir Magnússyni og Einari Benediktssyni, verður að öllum líkindum birtur í dag. Þetta staðfesti Ásmundur Helgason, aðstoðarmaður hæstaréttardómara, við Fréttablaðið í gær. Forstjórarnir eru ákærðir í 27 liðum fyrir samráð og markaðsskiptingu.

Héraðsdómur vísaði málinu frá 9. febrúar á þeim forsendum, öðrum fremur, að ekki væri unnt að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum. **- mh**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Ákærðir fyrir hópnauðgun

**DÓMSMÁL Fjórir ungir piltar eru ákærðir fyrir að hafa nauðgað stúlku í samkvæmi í heimahúsi í Reykjavík haustið 2005. Mál þeirra var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag. Piltarnir voru á aldrinum fimmtán til sautján ára þegar meint brot áttu sér stað en stúlkan, sem er fædd árið 1991, var aðeins fjórtán ára. Hún hitti piltana í heimahúsi í Reykjavík og þekkti engan þeirra fyrir. Þar fór meint nauðgun fram og kærði stúlkan verknaðinn til lögreglu.**

**Málið var sent til ríkissaksóknara í nóvember á síðasta ári. Reiknað er með að málflutningur hefjist í maí. Sökum ungs aldurs er ólíklegt að stúlkan þurfi að koma fyrir dóm.** **- þo**


**BÍLL DAGSINS**

**HONDA CIVIC**

Nýskr. 12.06 - Beinskiptur - Ekinn 2 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Fíkniefni á heimavist Framhaldsskólans á Laugum:

# Mikið af fíkniefnum fannst

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára piltur sem tekinn var með fíkniefni á heimavist Framhaldsskólans á Laugum á þriðjudag er enn í haldi. Magn fíkniefnanna sem fundust í fórum hans er það mesta sem lögreglan á Húsavík segist hafa lagt hald á hingað til.

Fíkniefnin voru tvenns konar; 65 grömm af hassi og 160 grömm af amfetamíni. Söluverðmæti þeirra er talið um tvær milljónir króna. Lögregla segir hann halda því fram að efnin hafi verið ætluð til einkaneyslu.

Pilturinn er úrskurðaður í gæsluvarðhald til klukkan þrjú í dag. Lögregla segir þó líklegt að hægt verði að sleppa honum fyrr vegna þess hve rannsókn málsins hefur miðað vel. Ekki er talið að fleiri nemendur hafi komið að málinu.

Valgerður Gunnarsdóttir, skólameistari á Laugum, kallaði sjálf út lögreglu eftir að hafa borist ábendingar um að fíkniefni væru á vistinni. **- kdk**



**FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM** Lögreglan á Húsavík segist ekki hafa lagt hald á jafn mikið magn fíkniefna áður.




FYRIRTÆKI ÁRSINS

# TIL HAMINGJU BÓNUS

Neytendaverðlaunin eru veitt af Neytendasamtökunum og Bylgjunni í tilefni af Alþjóðadegi neytendaréttar. Bónus var valið fyrirtæki ársins 2007, en Iceland Express og Atlantsolía fengu hvatningarverðlaun.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

NEYTENDASAMTÖKIN

Alls tóku um 7000 neytendur þátt í kosningunni og völdu þau fyrirtæki sem þótt hafa staðið sig í að sinna þörfum neytenda.

GOTT FÓLK

## GENGIÐ 15.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,16 | 67,48 |
| Sterlingspund | 129,97 | 130,61 |
| Evra | 88,67 | 89,17 |
| Dönsk króna | 11,901 | 11,971 |
| Norsk króna | 10,949 | 11,013 |
| Sænsk króna | 9,565 | 9,621 |
| Japanskt jen | 0,5718 | 0,5752 |
| SDR | 101,02 | 101,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,1486

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geir H. Haarde vongóður um að samstaða náist í stjórnarskrárnefndinni:

# Málið þarf að þroskast betur

**STJÓRNMÁL** „Ég hafði auðvitað gert mér vonir um að samkomulag næðist enda fyrsti flutningsmaður frumvarpsins," segir Geir H. Haarde forsætisráðherra.

Geir segir stjórnarandstöðuna hafa brugðist en hún hafi lýst yfir vilja til að greiða fyrir málinu. „Fyrir því var ekki innistæða og í ljósi þess vildum við ekki knýja málið áfram með meirihlutaafli enda ekki í samræmi við venju um breytingar á stjórnarskránni."

Fjöldi sérfræðinga kom fyrir sérnefndina og sögðu álit sitt á frumvarpinu. Geir segir þau álit ekki hafa öll verið á einn veg, ástæða sé til að skoða þau betur og það verði gert í stjórnarskrárnefndinni. „Það er greinilegt að málið þarf að þroskast betur og það gerir það í nefndinni því það virðist vera samstaða um að svona ákvæði eigi rétt á sér."

Geir fullyrðir að sjálfstæðismenn hafi unnið að málinu af einurð. „En það er ljóst að þegar stjórnarandstaðan efndi til síns fræga blaðamannafundar og bauð Framsóknarflokknum upp í dans, eins og það var kallað, þá var það ekki endilega stjórnarskráin og málið sjálft sem vakti fyrir þeim heldur að koma illindum til leiðar milli stjórnarflokkanna. Það mistókst." - bþs



**GEIR H. HAARDE** Segir stjórnarandstöðunni ekki hafa tekist að koma illindum til leiðar milli stjórnarflokkanna.

Njósnastarfsemi í Bretlandi:

# Rússar njósna enn jafn mikið

**BRETLAND** Rússnesk njósnastarfsemi í Bretlandi er jafn mikil í dag og hún var þegar kalda stríðið var í hámarki að því er háttsettur embættismaður hjá breskum stjórnvöldum greindi fréttavef BBC frá.

Paul Lever lávarður, fyrrverandi meðlimur opinberrar nefndar um upplýsingamál, segir að vitað sé um meira en 30 útsendara rússneskra stjórnvalda sem eru að reyna að komast yfir leynilegar upplýsingar á borð við hernaðarleg skotmörk, vísindalega þekkingu og tækni ásamt upplýsingum úr stjórnmálalífi. - sdg

Millibilsástand á RÚV:

# Bjarni Guðmundsson útvarpsstjóri

**FJÖLMIÐLAR** Páli Magnússyni var í gær veitt lausn frá embætti útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, og menntamálaráðherra setti Bjarna Guðmundsson, framkvæmdastjóra Sjónvarps, tímabundið í embættið.



PÁLL MAGNÚSSON

Páll var hins vegar ráðinn í starf útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins ohf., og hefur þegar tekið til starfa. Ástæðan fyrir þessum hrókeringum er sú að hið nýstofnaða opinbera hlutafélag tekur ekki við starfsemi Ríkisútvarpsins fyrr en 1. apríl og er því verið að brúa bilið þangað til. - bj

Ráðherra í veikindaleyfi:

# Þjakaður af flensu og álagi

**ALÞINGI Læknar hafa ráðlagt Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra að taka sér veikindaleyfi fram í næstu viku. Langvarandi álag og inflúensa þjakar ráðherrann að sögn upplýsingafulltrúa í félagsmálaráðuneytinu.**



MAGNÚS STEFÁNSSON

**Herdís Á. Sæmundardóttir varaþingmaður leysir Magnús af í fjarveru hans. Líðan Magnúsar er að öðru leyti sögð góð.** - kdk

# Hellti bensíni yfir unnustu sína og ætlaði að kveikja í

**Hans Alfreð Kristjánsson hefur verið ákærður fyrir manndrápstilraun, stórfellda líkamsárás og brot gegn valdstjórninni. Hans Alfreð reyndi meðal annars að kveikja í unnustu sinni á heimili sínu í júní í fyrra.**

**DÓMSMÁL** Hans Alfreð Kristjánsson, 46 ára karlmaður, hefur verið ákærður fyrir tilraun til manndráps, stórfellda líkamsárás og brot gegn líkama og lífi, fyrir það meðal annars að stinga fyrrverandi unnustu sína og karlmann með hnífi á heimili karlmannsins á Ketilsbraut 15 á Húsavík í nóvember í fyrra.

Einnig er Hans Alfreð ákærður fyrir að hafa reynt að kveikja í þáverandi unnustu sinni á heimili sínu á bænum Sandvík skammt frá Kópaskeri en „horfið frá þeirri ætlan sinni þegar honum varð ljóst að hann hafði ekki nothæf eldfæri", eins og orðrétt segir í ákæru.

Hans Alfreð stakk og kveikti í fyrrverandi unnustu sinni, þeirri sömu og hann reyndi að kveikja í í júní, í nóvember sama ár. Hann er meðal annars ákærður fyrir að kasta logandi efni, „púða, handklæði eða dúk" með þeim afleiðingum að konan hlaut fyrsta til þriðja stigs brunasár á báðum öxlum, á hálsi, enni, hnakka, herðum og hægri upphandlegg.

Hans Alfreð er enn fremur ákærður fyrir að hafa ógnað tveimur lögreglumönnum á Húsavík með hnífi þegar þeir komu á vettvang eftir að hann stakk konuna og karlmann, eiganda hússins. Hann hlaut djúpt stungusár á vinstri síðu.

Seinni hluti aðalmeðferðar málsins vegna ákærunnar á hendur Hans Alfreð fer fram 26. mars en fyrri hlutinn fór fram í byrjun mánaðarins.

Lögreglan á Húsavík fór með rannsókn málsins.

magnush@frettabladid.is



**SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM** Húsið að Ketilsbraut 15 var illa farið eftir átök og eld í húsinu að kvöldi sunnudagsins 5. nóvember. Hans Alfreð stakk fyrrverandi unnustu sína í húsinu og kastaði logandi efnum í hana. Auk þess stakk hann karlmann í síðuna sem slasaðist illa. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

## SJÖ LIÐIR ÁKÆRUNNAR

**Atvik á Sandvík við Kópasker 20. júní 2006**

1. Tilraun til manndráps, fyrir að ganga í skrokk á þáverandi unnustu og hella yfir hana bensíni og hafa ætlað sér að bera eld að henni, en „horfið frá ætlan sinni þegar honum varð ljóst að hann hafði ekki nothæf eldfæri", eins og orðrétt segir í ákæru.
2. Brot á umferðarlögum, fyrir að keyra próflaus suður Norðausturveg til móts við Austursand í Norður-Þingeyjarsýslu.

**Atvik að Ketilsbraut 15 á Húsavík 5. nóvember 2006**

3. Fyrir tilraun til manndráps, stórfellda líkamsárás og brot gegn líkama og lífi, fyrir að stinga fyrrverandi unnustu sína með hnífi þannig að hún hlaut tveggja sentímetra djúpt stungusár vinstra megin neðan við vinstra herðablað.
4. Fyrir að ráðast á og stinga með hnífi karlmann, eiganda hússins að Ketilsbraut, með þeim afleiðingum að hann hlaut fjögurra sentímetra langt og þriggja sentímetra djúpt stungusár á vinstri síðu neðan við tólfta rifbein. Karlmaðurinn komst sjálfur út úr brennandi húsinu.
5. Enn fremur eftir að eldur kom upp í húsinu, kastað logandi efni; púða, handklæði eða dúk að fyrrverandi unnustu sinni með þeim afleiðingum að hún hlaut fyrsta til þriðja stigs bruna á báðum öxlum, á hálsi, enni, hnakka, herðum og hægri upphandlegg, samanlagt á um fimm til sjö prósent af yfirborði líkamans.
6. Fyrir að kalla ekki á aðstoð og reyna að koma slösuðu fólki út úr brennandi húsi.
7. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ógnað tveimur lögreglumönnum með hnífi er þeir komu á vettvang.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVESSIR UM TÍMA Á MORGUN**

Á morgun verður lægð að mjaka sér austur með suðurströndinni. Henni fylgir bæði vindur og ofankoma. Hún er hraðfara en á meðan hún hreyfist framhjá getur orðið nokkuð blint með ofankomu og skafrenningi. Ég geri reyndar ráð fyrir að víðast verði snjókoma eða él, ekki bara sunnan til. Á sunnudag verður lægðin komin austur fyrir land og þá léttir til syðra.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg vestlæg átt og él. Hiti við frostmark.




um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C | skúrir | London | 13°C hálfskýjað | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Billund | 8°C | léttskýjað | Basel | 15°C léttskýjað | Mallorca | 15°C heiðskírt |
| Osló | 4°C | alskýjað | Frankfurt | 13°C léttskýjað | Eindhoven | 11°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C | alskýjað | Friedrichshafen | 13°C léttskýjað | París | 13°C alskýjað |
| Gautaborg | 5°C | léttskýjað | Berlín | 12°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# NAUTALUND

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 kg nautalund
1 stk. hvítlaukur, heill
200 g smjör
olía

Skerið hvítlaukinn þversum. Hreinsið nautalundina og brúnið í smjöri og smá olíu á pönnu, á háum hita. Gott að skera lundina í tvennt þannig að hún komist fyrir á pönnunni. Setjið hvítlauk á pönnuna og látið sárið snúa niður þannig að hámarks bragð fáist. Brúnið lundina í um 2 mínútur á hverri hlið eða þar til hún er fallega brúnuð. Setjið inn í 150°C heitan ofn í um 8 mínútur, þá á nautalundin að vera miðlungssteikt. Látið standa í 8 mínútur fyrir framleiðslu.






















## TILBOÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nautahakk | TILBOÐ | 869kr/kg | ~~1.449kr/kg~~ |
| Piparsteik | TILBOÐ | 1.873kr/kg | ~~2.498kr/kg~~ |
| Hamborgarar | TILBOÐ | 349kr/kg | ~~498kr/kg~~ |
| Nautafile | TILBOÐ | 2.239kr/kg | ~~3.198kr/kg~~ |




**Geeta´s mango chutney**
- mest selda mango chutney í Hagkaupum.
  Þetta verður þú að prófa




**Avocado olía**
- Jamie Oliver mælir með þessari




**Classico pastasósur**
- matarmiklar amerískar pastasósur
  í miklu úrvali

Gildir til 18. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með eldhúsdagsumræðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 24,8% |
| Nei | 75,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldur þú úti bloggsíðu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Páll Gunnar Pálsson segir húsleit hjá Fjölgreiðslumiðlun hluta af annarri rannsókn:

# Beinist gegn kortafélögunum

**ATVINNUMÁL** „Húsleitin var gerð í framhaldi af rannsókn Samkeppniseftirlitsins á kortafélögunum VISA og Kreditkortum, sem hófst í fyrra,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, um húsleit sem var gerð hjá Fjölgreiðslumiðlun hf. á miðvikudag. „Hún er rökstudd með því að grunur leiki á misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samráði. Ég vil að öðru leyti ekki tjá mig um málið, en það er til skoðunar hjá okkur.“

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá VISA og Kreditkortum hf., umboðsaðila Mastercard á Íslandi, hinn 13. júní í fyrra. Tilefni þeirrar leitar var rökstuddur grunur um brot á ákvæðum samkeppnislaga, einkum misnotkun á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir færsluhirðingu, sem er innlausn færsluávísana til kaupmanna.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir húsleitina rökstudda með grunsemdum á misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samráði.

Fjölgreiðslumiðlun hf. er í eigu fjölmargra íslenskra fjármálafyrirtækja, en hluthafar í fyrirtækinu eru Greiðslumiðlun, Landsbanki Íslands, Glitnir, Samband íslenskra sparisjóða, Kaupþing banki, Kreditkort og Seðlabanki Íslands.

Fyrirtækið sér meðal annars um rekstur hins svokallaða Posakerfis fyrir greiðslukortaviðskipti. Það varðveitir og hefur umsjón með öllum reglum, fyrirmælum og samningum um einstaka greiðslumiðla sem þróaðir hafa verið í samvinnu banka, sparisjóða og annarra aðila.

**- þsj / mh**

Foreldrar um tannlækningar:

# Reglulegar forvarnir of dýrar

**HEILBRIGÐISMÁL Ung börn koma í auknum mæli til tannlækna með skemmd í hverri tönn.**

**Inga B. Árnadóttir, dósent við Háskóla Íslands, sagði á Morgunvaktinni í gær að margir foreldrar telji sig ekki hafa efni á því að senda börnin sín reglulega til tannlæknis því þeir fái svo lítið brot af kostnaðinum endurgreiddan.**

**Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra viðurkennir að endurgreiðslur Tryggingastofnunar hafi ekki fylgt verðlagsþróun. Hún segist vilja tryggja ókeypis forvarnir fyrir ákveðna aldurshópa.**

**- ghs**




# Persónuvernd skoðar kosningavef Alcan

**Persónuvernd hefur að eigin frumkvæði tekið kosningavef á vegum Alcan til athugunar. Vefurinn geymir upplýsingar um afstöðu íbúa Hafnarfjarðar. Það sama og er gert í öllum kosningum segir meðlimur í kosningateymi Alcan.**

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd hefur að eigin frumkvæði tekið vefinn http://kosningavelin.net/Alcan til skoðunar hjá sér. Vefurinn er rekinn og standsettur af sérstöku kosningateymi starfsmanna Alcan á Íslandi sem vinnur að því að fá sem flesta Hafnfirðinga til að greiða atkvæði með stækkun álvers félagsins í Straumsvík hinn 31. mars næstkomandi.

Að sögn Sigrúnar Jóhannesdóttur, forstjóra Persónuverndar, þóttu skjámyndir sem sendar voru til stofnunarinnar af vefnum gefa tilefni til þess að senda fyrirspurn til Alcan á Íslandi vegna hans. Sigrún segir að stofnuninni hafi borist þó nokkrar ábendingar vegna vefsins en ekkert erindi hafi þó verið lagt inn til þeirra undir nafni. Fyrirspurnin verður væntanlega send í dag.

Persónuvernd áskilur sér hins vegar rétt til að taka upp mál að eigin frumkvæði ef grunur leikur á um að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd.

Til að komast inn á umræddan vef þarf notendanafn og lykilorð. Öllum starfsmönnum Alcan hefur verið boðið að fá slík afhend. Inni á kosningavélarvefnum er síðan viðmót sem gerir starfsmönnunum kleift að búa til sína eigin úthringilista. Þar er einnig leitarstrengur sem hægt er að nota til að fletta upp öllum íbúum Hafnarfjarðarbæjar. Þegar búið er að setja einstakling á úthringilista er síðan mögulegt að bæta við upplýsingum um hvernig starfsmaðurinn telur að viðkomandi ætli að kjósa og á hverju hann telji viðkomandi byggja ákvörðun sína.

Vefsvæðið hefur verið kynnt á innri vef Alcan og starfsmönnum fyrirtækisins boðin kennsla í notkun þess.

Tryggvi Skjaldarson, starfsmaður álversins og meðlimur í kosningateymi Alcan, segist ekki sjá neitt athugavert við vefinn. „Þetta er ekkert annað en tilraun til að halda utan um í hverja menn hringja þegar þeir eru að tala fyrir stærra álveri. Þetta er nákvæmlega það sama og menn eru að gera í prófkjörum og kosningum almennt.“

Hann segir alla þá starfsmenn sem vilja fá aðgang að vefsvæðinu fá hann og þeir sem séu síðan tilbúnir að taka þátt í kosningaslagnum hringi sjálfir í fólkið á sínum listum. „Þetta er bara venjulegur kosningaslagur þó að hann sé vissulega að taka á sig hinar ýmsu myndir.“



**KOSNINGAVÉLIN** Á vefnum er hægt að skrá hinar ýmsu upplýsingar um hvernig starfmenn telja viðkomandi ætla að kjósa og á hverju hann byggi ákvörðun sína í komandi kosningum um stækkun álversins í Straumsvík.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir að lögfræðingar hefðu skoðað lagalega hlið þessa máls áður en vefurinn var búinn til. Álit þeirra væri að þetta bryti ekki í bága við lög. Upplýsingar væru heldur ekki persónugreinanlegar eftir skráningu. Einungis væri hægt að sjá heildartölur yfir afstöðu fólks.

thordur@frettabladid.is
bjorgvin@frettabladid.is

Karlmaður dæmdur til fangelsisvistar og greiðslu miskabóta:

# Braut á sjö stúlkubörnum

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands fyrir kynferðisbrot gegn sjö stúlkubörnum. Yngsta stúlkan var sex ára þegar maðurinn braut gegn henni. Hann var dæmdur í 12 mánaða fangelsi, skilorðsbundið að hluta, og til greiðslu miskabóta.

Brotin gegn stúlkunum áttu sér stað síðastliðið sumar og haust. Í júlí var maðurinn í heitum potti með þremur stúlkubarnanna, sem öll voru átta ára. Hann var ákærður fyrir að hafa ítrekað strokið kynfæri þeirra utan klæða.

Þá var honum einnig gefið að sök að hafa brotið gegn þremur stúlkum til viðbótar í umræddum potti. Þær voru allar níu ára. Hann hafði uppi sama athæfi gegn þeim og hinum þremur fyrrnefndu. Í haust veittist hann svo að sex ára telpu og nuddaði kynfæri hennar. Það átti sér stað á þáverandi heimili mannsins á Akranesi, þar sem barnið var gestkomandi.

Hann játaði greiðlega sök sína fyrir dómi. Þar kom fram að hann hefði leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingi og á geðdeild Landspítala.

Maðurinn var dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af eru níu mánuðir skilorðsbundnir. Þá var honum gert að greiða börnunum samtals 1,5 milljónir króna í miskabætur, svo og málskostnað.

**- jss**



**AKRANES** Maðurinn braut gegn yngsta barninu á heimili sínu á Akranesi, þar sem hann var þá búsettur.




*Það er stutt í hús á Spáni*

## ...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

**VELKOMIN! OPIÐ HÚS UM HELGINA**
KL. 10-16

**Opið hús laugardag og sunnudag frá 10-16.**
Við bjóðum þér á nýju skrifstofu okkar á Grensásvegi 13, þar sem starfsfólk okkar gefur þér upplýsingar um allt sem varðar fasteignakaup á Spáni. Með okkar hjálp gerirðu drauminn að veruleika.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

**Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:**
- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

PERLA INVESTMENTS

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000 EYDDU Í SPARNAÐ

## Eyddu í sparnað í dag

Ekki láta einfalda hugmynd eins og að eyða í sparnað flækjast óþarflega fyrir þér. Landsbankinn býður upp á einfaldar sparnaðarleiðir sem henta hverjum og einum.

Þú þarft einungis að fara á landsbanki.is eða hafa samband í síma 410 4000, velja upphæð og eina af eftirtöldum sparnaðarleiðum og byrja að spara reglulega.

### 1. Sparað með korti

**Þú þarft einfaldlega að:**

- Ákveða hvort þú vilt spara með debet- og/eða kreditkorti.
- Ákveða hvort þú vilt hækka upphæðina sem keypt er fyrir í næstu 100, 500 eða 1.000 kr., eða hækka hverja færslu um fasta upphæð, 100, 250, 500 eða 1.000 kr.
- Velja sparnaðarreikning sem sparnaðurinn er lagður inn á.

### 2. Sparað í sjóðum

**Þú þarft einfaldlega að:**

- Velja fjárhæð, allt frá 5.000 kr. á mánuði.
- Velja greiðslumáta – hagkvæmt er að greiða með kreditkorti, þá bætast ferðapunktar við.
- Velja sjóð eftir ráðlögðum fjárfestingatíma miðað við áhættustig:
  - Safnbréf varfærin, a.m.k. 1 ár
  - Safnbréf blönduð, a.m.k. 3 ár
  - Safnbréf framsækin, a.m.k. 5 ár

### 3. Sparað á bók

**Þú þarft einfaldlega að:**

- Velja fasta fjárhæð, allt frá 500 kr. á mánuði.
- Velja innlánsreikning - hægt er að velja á milli bundinna eða óbundinna og verðtryggðra eða óverðtryggðra innlánsreikninga.

**Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.**

Landsbankinn

GOTT FÓLK


Fyrirtækið Heilsuverndarstöðin ehf. tekur yfir rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar:

# Áfram heilbrigðisþjónusta í húsinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg verður ekki breytt í hótel. Fyrirtækið Heilsuverndarstöðin ehf., sem er dótturfyrirtæki InPro, hefur tekið yfir rekstur hússins með það fyrir augum að endurreisa Heilsuverndarstöðina og endurvekja hin upprunalegu gildi hennar: Að efla andlega, líkamlega og félagslega heilsu landsmanna. Þar verður opnuð alhliða heilsuverndarstöð þar sem læknar, sjúkraþjálfarar, næringarfræðingar, sálfræðingar og annað fagfólk úr heilbrigðisgeiranum mun starfa.

„Heilsuverndarstöðin verður vettvangur fyrir fagfólk sem starfar við heilsueflingu og heilsuvernd," segir Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Þróunarsviðs InPro. „Hér munu einstaklingar fá þjónustu á borð við endurhæfingu eftir slys. Markmið okkar er ekki síður að starfa á fyrirtækjavettvangi og munu atvinnurekendur geta leitað til okkar um þjónustu á sviði heilsuverndar," segir Gestur. Í Heilsuverndarstöðinni verða sérfræðingar með stofur sem allir vinna saman eftir stefnu hússins. Heilsuverndarstöðin var seld einkaaðila í lok janúar eftir að starfsemi hennar var flutt annað. Stefnt er að því að nýja Heilsuverndarstöðin hefji starfsemi 1. október. **- þo**



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN** Mikið hefur verið rætt um framtíð Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg en margir voru óánægðir þegar hún var seld einkaaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**SÆKJANDI Í VITNASTÚKU** Jón H. Snorrason er vanari að koma í dómsal sem sækjandi en vitni, en hann sótti meðal annars fyrri hluta Baugsmálsins í sama dómsal og hann bar vitni í síðari hluta málsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ósamræmi hjá lögreglu

**Lögreglumönnum ber ekki saman um hvenær fyrsta yfirheyrslan yfir Jóni Gerald Sullenberger fór fram. Hætt var við rannsókn á tugum tilvika vegna ábendinga frá sakborningum sem þóttu réttmætar.**

**BAUGSMÁL** Ósamræmi var í framburði saksóknara sem hafði yfirumsjón með rannsókn Baugsmálsins og eins af lögreglufulltrúunum sem rannsakaði málið, þegar þeir voru spurðir um fyrstu yfirheyrsluna yfir Jóni Gerald Sullenberger í dómsal í gær.

Jón H. Snorrason, fyrrverandi saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, sem stýrði rannsókninni í Baugsmálinu, sagði að fyrsta yfirheyrslan yfir Jóni Gerald hefði farið fram laugardaginn 24. ágúst 2002.

Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi hjá ríkislögreglustjóra, sagði það hljóta að vera misminni, fyrsta yfirheyrslan hefði farið fram sunnudaginn 25. ágúst. Það myndi hann vel því hann hefði verið á ættarmóti á laugardeginum, og því fjölmörg vitni sem væri hægt að kalla fyrir dóminn til að bera um það.

BAUGS MÁLIÐ

Jón H. skýrði einnig hvernig það hafi komið til að hann hafi sótt Jón Gerald þennan morgun. Hann sagðist hafa átt erindi í Hafnarfjörð, og því hafi hentað betur að sækja Jón Gerald í Kópavoginn heldur en að láta hann koma sjálfan, enda skrifstofan lokuð um helgina og enginn í móttökunni.

Verjendur spurðu bæði Jón H. og Svein um nokkur tilvik þar sem sakborningar eða vitni komu með ábendingar um eitthvað sem þyrfti að rannsaka, og ekki var sinnt af lögreglu.

Báðir sögðu að ávallt hefðu verið rannsakaðar þær ábendingar sem þóttu koma atvikum sem voru til rannsóknar við, og Jón H. sagði að hætt hefði verið við að rannsaka frekar tugi atvika vegna ábendinga sakborninga þar sem grunur var um eitthvert saknæmt í upphafi. Þannig hafi jafnt verið rannsökuð atriði sem þóttu horfa til sýknu og þau sem þóttu horfa til sektar.

Þannig spurði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Jón H. hvers vegna samskipti Baugs við Simon‘s Agentur hafi ekki verið rannsökuð eftir að Jón Ásgeir benti ítrekað á að þau væru sambærileg og viðskiptin við Nordica.

„Mér finnst þetta vera eins og að bera saman epli og appelsínur," sagði Jón H., sem sagði að engin ástæða hefði verið til að hefja rannsókn á samskiptum Baugs og Simon‘s Agentur. Ummæli Jóns Ásgeirs í yfirheyrslum hafi hann ekki litið á sem ábendingu, enda hafi Jón Ásgeir minnst á það tvisvar, en ekki óskað sérstaklega eftir því að þetta yrði rannsakað.

Jón H. var einnig spurður út í símtal sem hann átti við Helga Sigurðsson, lögmann hjá Kaupþingi, um svipað leyti og upprunaleg ákæra var gefin út, í byrjun júlí 2005. Helgi hafði fyrir dómi lýst því hvernig símtalið endaði á því að fagnaðarlæti sem minntu á lætin á fótboltaleik hafi brotist út á skrifstofu Jóns H. þegar hann skýrði frá því að hann hefði engin gögn fundið sem styddu skýringar sakborninga.

„Þetta er auðvitað alveg fráleitt," sagði Jón H., sem sagðist muna vel eftir þessu símtali. Hann hafi verið einn á skrifstofu sinni og skildi til að byrja með ekki hverju hann hefði átt að vera að fagna.

brjann@frettabladid.is

## ORÐRÉTT



*„Þetta er nú svona meginlínan, svo dansar saksóknarinn þar, og öryggisnetið er hérna hjá dómaranum."*

Arngrímur Ísberg dómsformaður skýrði þann línudans sem saksóknari og verjendur áttu að stunda með það hvort spyrja mætti endurskoðendur frá Deloitte sem sérfræðivitni í málinu.



*„Ég leyfi mér að mótmæla þessu sem röngum framburði."*

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, var allt annað en ánægður með lýsingu endurskoðanda Deloitte á því að algengt sé að skammstöfunin EBITDA sé kölluð hagnaður fyrir afskriftir.



*„Sá veldur miklu sem upphafinu veldur."*

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, sagðist þurfa talsverðan tíma til að yfirheyra Jón H. Snorrason, sem var yfir rannsókninni á Baugsmálinu, enda væri hann lykilvitni verjenda.



*„Hann hefur kannski tafist við að hlaupa uppi glæpamann."*

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, reyndi á gamansaman hátt að skýra af hverju Jón H. Snorrason var seinn fyrir, en eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum hljóp Jón uppi ölvaðan ökumann fyrir skömmu.



*„Ef ég mætti aðeins svara áður en þú kemur með spurninguna."*

Jón H. Snorrason er gamalreyndur saksóknari og reyndi að taka frumkvæðið í vitnaleiðslum yfir sjálfum sér af Gesti Jónssyni, en árangurslaust.



*„Spurningin er svo leiðandi að já eða nei væri afleitt svar."*

Sveinn Ingiberg Magnússon lögreglufulltrúi vildi hvorki svara játandi né neitandi spurningu Jakobs R. Möller um hvort rannsakað hefði verið hvort tölvupóstar í málinu væru falsaðir áður en dómkvaddir matsmenn voru kallaðir til.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Tveir dagar eru eftir af vitnaleiðslum í málinu og í dag munu meðal annarra koma fyrir dóminn þeir Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.

www.toyota.is

# Keyrðu Formúluna í botn!




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36699 03/07

## Formúluklúbbur Toyota

Nú gerum við okkur klár fyrir nýtt keppnistímabil Formúlu 1: Laugardaginn 17. mars kynnum við formúlulið **Panasonic TOYOTA** hjá Toyota Kópavogi. Gunnlaugur Rögnvaldsson og sérstakur heiðursgestur og F1 sérfræðingur, Sean Kelly, kynna formúluna og keppnislið **Panasonic TOYOTA** og gestir fá að reyna hæfni sína í alvöru þjálfunarhermi fyrir ökumenn formúluliða.

Tekið er á móti skráningum í Formúluklúbbinn fyrir árið 2007 og með hverri skráningu fylgir formúluglaðningur. Heppnir klúbbfélagar eiga þess kost að vinna vörur tengdar F1 og glæsilega vinninga frá Panasonic.

Komdu og kynntu þér spennandi dagskrá og skemmtilegar uppákomur Formúluklúbbsins í góðum félagsskap á Nýbýlaveginum, laugardaginn 17. mars kl. 13, hjá Toyota Kópavogi.

TOYOTA Panasonic

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070



**FJÓRFÆTT HÆNA** Palestínskur bóndi, Mohammed Abu Znaid, heldur á fjórfættum unga sem kom úr einu egginu hjá honum fyrir nokkru í bænum Dura skammt frá Hebron á Vesturbakkanum. Þessi vanskköpun er sjaldgæf og ástæðan ekki að fullu þekkt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun Evrópusambandsins um óhóflega drykkju í aðildarlöndum:

# Írar drekka langmest Evrópubúa

**ÍRLAND** Írar eru mestu drykkjurútarnir í Evrópu samkvæmt könnun Evrópusambandsins um viðhorf til áfengra drykkja.

Óhófsdrykkja, eða „binge-drinking“, orðatiltæki notað yfir þá athöfn að fá sér fimm eða fleiri áfenga drykki í einni setu, er algengust hjá Írum. Á það við um einn af hverjum þremur.

Að meðaltali drekkur einn af hverjum tíu Evrópubúum meira en fimm drykki í einni setu og er aldurshópurinn 15-24 ára algengastur.

Viðvörunarljós loga hjá Írum núna þar sem dagur hins heilaga Patreks er á næstu grösum og venjulega fylgir mikil drykkja þeim gleðskap.

Írar hafa margir hverjir áhyggjur af viðhorfi ungmenna til neyslu áfengra drykkja. Hefur kaþólska kirkjan bæst í hóp þeirra er vara við óhóflegri drykkju. Löggæsla verður hert á meðan á hátíðinni stendur og þrýst hefur verið á söluaðila að takmarka afgreiðslutíma til að stemma stigu við mikilli drykkju.

Á listanum yfir drykkju í óhófi eru Finnar ekki langt á eftir Írum, svo koma Bretar og Danir. Talsvert neðar á listanum koma svo Portúgalar, Ítalir og loks Grikkir. - obt



**MIKIÐ DRUKKIÐ** Írar drekka gjarnan mikið á degi hins heilaga Patreks og vafalaust verður engin breyting á því 17. mars nk.

Rúmlega tvítug kona ákærð:

# Sparkaði í lögreglumann

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítug kona til heimilis í Reykjavík hefur verið ákærð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að veitast að tveimur lögreglumönnum, sparka í annan og reyna að bíta hinn.**

**Atburðurinn átti sér stað á Fáskrúðsfirði aðfaranótt sunnudags í júlí á síðasta ári. Konan veittist að lögreglumönnunum þar sem þeir voru við skyldustörf, reyndi sparkaði í maga annars þeirra og reyndi að bíta hinn í handlegginn.**

**Embætti ríkissaksóknara krefst þess að hún verði dæmd til refsingar fyrir athæfið.** -jss

Norðmenn hneyksla Svía:

# Dóp og kynlíf í Kattholti Emils

**SKANDINAVÍA** Svíar eru í sjokki. Meðan Svíar fagna því að barnabókahöfundurinn Astrid Lindgren hefði orðið tíræð sýnir norska sjónvarpið stuttmyndaseríu um Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren þar sem blandað er grófu kynlífi, áfengi og eiturlyfjum í þættina, að sögn sænskra og norskra blaða.

Ingegerd Sahlström, formaður Astrid Lindgren-samtakanna, er öskureið. „Ég get bara sagt að þetta er gróf móðgun við Astrid Lindgren. Að vera með kynlífsatriði og eiturlyf er langt frá þeim gildum sem Lindgren stóð fyrir,“ segir hún í sænska blaðinu Expressen og kveðst aldrei hafa vitað annað eins, um grófa misnotkun sé að ræða. - ghs

Allsherjarnefnd Alþingis:

# Átján fái íslenskan ríkisborgararétt

**STJÓRNMÁL Allsherjarnefnd Alþingis leggur til að átján fái íslenskan ríkisborgararétt, samkvæmt lögum þar að lútandi.**

**Fjórir eru fæddir á Íslandi og tveir í Serbíu en aðrir í Kína, Gíneu, Japan, Malaví, Þýskalandi, Brasilíu, Kanada, Afganistan, Túrkmenistan, Frakklandi, Gvatemala og á Filippseyjum.**

**Yngstur í hópnum er tíu ára piltur en elstur er 71 árs karl.**

**Alls 36 sóttu um að verða íslenskir ríkisborgarar en helmingnum var hafnað.** - bþs

# Þingmenn segja réttindi brotin á blindum börnum

**Menntamálaráðherra skipar framkvæmdahóp til að undirbúa þekkingarmiðstöð fyrir blinda nemendur. Stjórnarandstaðan segir málið ekki þola bið. Ráðherra hvattur til að tryggja strax réttindi blindra barna.**

**STJÓRNMÁL** „Staðan er einfaldlega sú að það eru brotin réttindi á blindum og sjónskertum börnum og nemendum á öllum skólastigum,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, við umræður á Alþingi í gær.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingar, hóf við upphaf þingfundar í gær umræðu um stöðu blindra og sjónskertra barna í skólakerfinu. Helgi sagði að þrátt fyrir að þrjú ár væru liðin frá því starfshópur hefði skilað niðurstöðu um að stofna beri þekkingarmiðstöð vegna þessara barna hefði enn ekkert gerst. Aðeins einn ráðgjafi væri nú fyrir kennara varðandi kennslu um eitt hundrað blindra og sjónskertra nemenda á öllum skólastigum. Aðstöðuleysi blindra skólabarna á Íslandi væri einstakt.

„Hér sjáum við viðtöl við foreldra blindra barna sem taka sig upp með rótum, fjölskyldur sínar, til þess að flýja vonda þjónustu okkar í íslenska skólakerfinu,“ sagði Helgi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra úr Sjálfstæðisflokki, sagði marga þurfa að koma að málinu. Nú hefðu borgarstjóri, heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra allir lýst vilja til framkvæmda. „Þess vegna greip ég tækifærið og ákvað í samráði við meðal annars Blindrafélagið að skipa nefnd; ekki bara eina nefndina enn heldur framkvæmdahóp sem hefur það hlutverk að setja hlutina í farveg þannig að þeir komist til framkvæmda,“ sagði Þorgerður Katrín.



**Á PÖLLUM ALÞINGIS** Fólk úr röðum blindra var mætt á áhorfendapallana í Alþingi í gær og fylgdist með umræðum um málefni blindra og sjónskertra nemenda íslenska skólakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður vinstri grænna, sagði dapurlegt að þurfa að reka á eftir menntamálaráðherra. „Því miður er þetta ekki einsdæmi því við þekkjum það hér að málefni heyrnarskertra og heyrnarlausra hafa líka verið látin reka á reiðanum hjá þessari ríkisstjórn,“ sagði Kolbrún sem hvatti menntamálaráðherra til að grípa strax í taumana.

Þuríður Backman, þingmaður vinstri grænna, sagði málið hreinlega vera spurningu um mannréttindi. Ekki ætti að láta tefja fyrir að margir þyrftu að koma að borðinu. „Fyrst og fremst á að greina þarfirnar og þjónustuna og síðan á að ganga frá hinu á eftir,“ sagði Þuríður.

Helgi Hjörvar tók í svipaðan streng. „Þegar kerfið er þungt og silalegt og þegar kerfið virkar ekki og þegar réttindi eru brotin, ekki síst á börnum, þá þarf einmitt að taka af skarið,“ sagði Helgi og skoraði á ráðherra að lýsa því strax yfir úr ræðustól Alþingis að hún myndi sjá til þess að þekkingarmiðstöðinni yrði komið á fót.

Menntamálaráðherra sagði að einmitt væri verið að taka af skarið. „Kerfið verður bara einfaldlega að laga sig að þörfunum. Það er þess vegna sem ég setti framkvæmdahóp sem hefur það markmið að koma þekkingarmiðstöð á laggirnar,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. gar@frettabladid.is




Enduruppbyggingu elsta hússins í miðborg Reykjavíkur lokið:

# Íslensk hönnun í Fógetahúsið

**REYKJAVÍK** Enduruppbyggingu elsta húss miðborgarinnar er lokið. Sem tákn um það festu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og fulltrúar Minjaverndar á miðvikudag upp skjöld utan á Aðalstræti 10.

Húsið í Aðalstræti 10 var reist árið 1762 og er því elst húsa í miðborg Reykjavíkur. Viðeyjarstofa, sem reist var 1755, er elsta hús Reykjavíkur.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg var Aðalstræti 10 upphaflega notað sem klæðageymsla. Meðal þeirra sem hafa átt aðsetur í húsinu er Jón Sigurðsson forseti. Kaupmennirnir Silli og Valdi keyptu það árið 1926 og ráku þar verslun í áratugi. Frá árinu 1984 hafa ýmsir veitingastaðir verið þar til húsa, meðal annars Fógetinn. Reykjavíkurborg keypti Aðalstræti 10 árið 2001 og hófst enduruppbygging hússins haustið 2005.

Að baki gamla húsinu hefur verið byggt nýtt steinhús, af svipaðri stærð og lögun og það gamla. Húsin tengjast með glerskála. Á neðri hæð gamla hússins verður Reykjavíkurborg með aðstöðu til að sýna sögu hússins og götunnar. Þá mun hópur íslenskra hönnuða og fjárfesta hafa stofnað fyrirtæki um verslun til að selja íslenska hönnunarvöru í húsinu. - gar



**ENDURBYGGING STAÐFEST** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Þröstur Ólafsson, formaður stjórnar Minjaverndar, festu í fyrradag skjöld utan á Aðalstræti 10 til að staðfesta að endurgerð hússins væri formlega lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRÓNAN fyrst og fremst. ... í verðsamkeppni



NETDREIFING KAUPÞINGS
NÝTT!
Kynntu þér **Netdreifingu Kaupþings**, útgjaldadreifingu í Netbankanum, á kaupthing.is eða í þjónustuveri bankans í síma 444 7000.
KAUPÞING
Hugsum lengra
ENNEMM / SÍA / NM25512



**TIL UMRÆÐU AÐ AUKA ÞJÓNUSTUNA** Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um skattalækkanir og þá hversu mikið eigi að lækka virðisaukaskatt á mat. Kjósendur vilja nota peningana í neyslu en einnig er til umræðu að auka samfélagsþjónustuna.

# Finnar vilja lækka skatta

**Finnar ganga til þingkosninga á sunnudaginn. Kosningabaráttan snýst einkum um skattalækkanir því almenningur vill nota tekjurnar í neyslu. Nokkur hneykslismál hafa komið upp.**

**FINNLAND** „Efnahagsmálin ganga vel í Finnlandi og þá er stóra málið hvernig nota skal afganginn í ríkisfjármálunum. Á að lækka skatta? Á að bæta samfélagsþjónustuna? Allir vilja lækka skatta og allir lofa meiri þjónustu en spurningin er hvert hlutfallið á að vera,“ segir Björn Månsson, leiðarahöfundur Hufvudstadsbladet í Finnlandi.

Jan Sundberg, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Helsinki, segir að það fyrirkomulag að kjósendur merki við stjórnmálamann og greiði þannig flokknum atkvæði sitt geri það að verkum að kosningaumræðan er á mjög einstaklingsbundnum nótum.

„Þetta er fyrst og fremst spurning um hvort eigi að lækka skatta og þá hve mikið. Velferðarmál hafa eitthvað verið til umræðu og lífeyrismál en stóru málin eins og umhverfismál og innganga í Nató hafa ekkert verið á yfirborðinu en ef eitthvað gerist í Rússlandi þá kemur það örugglega til umræðu. Það er helst talað um tolla við landamærin en vöruflutningar fara mikið frá Rússlandi í gegnum finnskar hafnir,“ segir Jan.

Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um skattalækkanir og þá hversu mikið eigi að lækka virðisaukaskatt á mat. Tekjuskatturinn lækkaði á kjörtímabilinu í Finnlandi og nú vilja flestir flokkar lækka vaskinn, bara mismikið.

Kosningabaráttan hefur verið róleg og tíðindalítil enda segja Jan og Björn engra stórra breytinga að vænta.

„Þeir sem eru óákveðnir geta haft afgerandi áhrif á það hverjir sitja í ríkisstjórn og hver verður forsætisráðherra,“ segir Björn og telur líklegast að Miðflokkurinn, Jafnaðarmenn og Sænski þjóðarflokkurinn verði áfram við völd. Ef jafnaðarmenn tapa stórt þá sé líklegast að Miðflokkurinn, Hægriflokkurinn og Sænski þjóðarflokkurinn myndi ríkisstjórn.

Nokkur hneykslismál hafa komið upp í kosningabaráttunni. Í fyrsta skipti hefur mátt sjá neikvæðar sjónvarpsauglýsingar sem hafa lagst illa í kjósendur.

Þá hefur ástalíf Matta Vanhanen forsætisráðherra, sem þykir litlaus og leiðinlegur, verið milli tannanna á fólki en fyrrverandi vinkona hans hefur gefið út bók um samband þeirra.

Eiginmaður dómsmálaráðherrans hefur orðið uppvís að því að hafa borgað svart fyrir ráðherrann í síðustu kosningum. Talið er þó að þessum stjórnmálamönnum hafi tekist að snúa umfjölluninni sér í hag.

ghs@frettabladid.is



**ÓÁKVEÐNIR MEÐ AFGERANDI ÁHRIF** „Þeir sem eru óákveðnir geta haft afgerandi áhrif á það hverjir sitja í ríkisstjórn,“ segir Björn Månsson, leiðarahöfundur Hufvudstadsbladet.



**EKKI RÆTT UM NATÓ** „Stóru málin eins og umhverfismál og innganga í Nató hafa ekkert verið til umræðu,“ segir prófessor Jan Sundberg við Háskólann í Helsinki.

## KOSNINGAKERFIÐ Í FINNLANDI

- Þrír flokkar mynda í dag ríkisstjórn Finnlands, Jafnaðarmannaflokkurinn, Miðflokkurinn og Sænski þjóðarflokkurinn. Forsætisráðherra er Matti Vanhanen, formaður Miðflokksins.
- Þrír stærstu flokkarnir, Miðflokkurinn, Jafnaðarmannaflokkurinn og Hægriflokkurinn, eru nokkuð jafnstórir með í kringum 25 prósent hver.
- Finnland skiptist í fimmtán kjördæmi.
- Kjósendur merkja við einn stjórnmálamann og kjósa þá í leiðinni flokkinn hans. Kosningabaráttan er því á mjög einstaklingsbundnum nótum. Gerst hefur að formaður stjórnmálaflokks hafi ekki náð kjöri inn á þing vegna þessarar aðferðar.
- Skoðanakannanir sýna að Miðflokkurinn verður áfram stærstur, Jafnaðarmannaflokkurinn missir eitthvað fylgi og Hægriflokkurinn vinnur á.
- Líklegast er að Miðflokkurinn, Jafnaðarmannaflokkurinn og Sænski þjóðarflokkurinn haldi áfram samstarfi eftir kosningar.
- Kosningaþátttaka er undir sjötíu prósentum. Ef þátttaka verður góð er það helst talið koma jafnaðarmönnum til góða.


MÖGULEGAR RÍKISSTJÓRNIR
Hver verður næsti forsætisráðherra landsins og hverja mun hann velja í ráðuneyti sín?

HANNES SKAPAR ÓRÓA
Valdabrölt Hannesar Smárasonar í Glitni hefur valdið togstreitu milli tveggja stærstu eigendahópanna.

MADONNA HÖNNUÐUR
Fatalínan M, sem Madonna hannaði í samvinnu við H&M.


VÆNDISHÚS Í REYKJAVÍK
Lokaðir klúbbar sem líkja má við vændishús eru starfræktir á Íslandi. Þar bjóða íslenskar og erlendar konur kynlíf gegn greiðslu.
ÁSKRIFTARTILBOÐ
Frítt út mars!
Krónikan
MENNING / PÓLITÍK / VIÐSKIPTI / FÓLK
kronikan.is Áskriftarsími er 414 9400 kronikan.is Áskriftarsími er 414 9400 kronikan.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Ánægðustu
netnotendur
á Íslandi.
Netnotendur Hive eru glaðir. Samkvæmt ánægjuvoginni 2006 eru viðskiptavinir Hive ánægðustu netnotendur landsins. Við viljum að viðskiptavinir okkar brosi þegar þeir vafra um vefinn og fái skjótar lausnir á sínum vandamálum. Við stefnum því auðvitað að því að ánægðustu netnotnendur landsins árið 2007 verði líka hjá Hive.
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight Málverk Argunnur Ýr



Góð helgi
Sjáðu verðið!
XXL risapitsa
760g
298 KR.
XXL Freschetta
FRESCHETTA
XXL
QUATTRO FORMAGGI
2 lítrar
68 KR.
PEPSI MAX
2 lítrar
78 KR.
7up og 7up FREE
Hrá salat
Kartöflu salat
KF SALAT
98 KR.
350g
Bónus býður betur!
Heill, grillaður, kaldur
kílóverð nú:
489 KR.
Merkt verð 750KR.
Grillaður heill og kaldur Móa kjúklingur
1 KÍLÓ
26 sneiðar
1 kíló!
89 KR.
BÓNUSBRAUÐ
ANANAS I STYKKER
3 í kassa
98 KR.
3 dósir í kassa
3x 227g
ANANAS I SKIVER
ANANAS - CRUSHED
ERAN/Landlist


Tilboð í viku 11
byrjar í Bónus!
Lamba fille
Holta- kjúklingur
Ferskir blandaðir bitar kílóverð nú:
298 KR.
Merkt verð 497KR.
FROSIÐ LAMBAFILLE kílóverð nú:
2398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Snowstorm
89 KR.
POWERADE
POWERADE
Ferskir bitar
Blandaðir bitar
40% afsláttur við kassann
EKKERT BRUDL
Nýtt kortatímabil!
Ferskt innflutt ungnautahakk
Ferskt ungnautahakk innflutt kílóverð nú:
779 KR.
Merkt verð 1298KR.
10-16% fita
KS lambalæri frosið kílóverð nú:
879 KR.
Merkt verð 1098KR.
Einiberja lambalæri
40% afsláttur við kassann
EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781KR.
KS lambahryggur frosinn kílóverð nú:
999 KR.
Komið í Bónus!
Egils
Páskaöl og appelsín
Einiberjakryddað Lúxus Lambalæri
20% afsláttur við kassann
www.bonus.is
BÓNUS



**SÓLSETUR Í KAMBÓDÍU** Svanur nokkur fylgdist grannt með viðburðum kvöldsins meðan sólin settist rólega við Prey Pros-vatnið í Kampong Thom-héraði í Kambódíu nú á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögfræðingar í Pakistan æfir vegna brottrekstrar hæstaréttardómara:

# Dómarinn neitar að víkja

**PAKISTAN, AP** Iftikhar Mohammed Chaudhry, yfirdómari hæstaréttar í Pakistan, neitar að taka mark á valdboði Pervez Musharraf forseta, sem gerði sér lítið fyrir og rak Chaudry úr embætti í lok síðustu viku.

Chaudry segir ekkert hæft í ásökunum um að hann hafi misnotað embætti sitt og segist ætla að sitja sem fastast, hvað sem líður orðum forsetans. Æðstaráðs dómsmála í Pakistan sem hefur úrskurðarvald í málinu og kemur næst saman í dag.

Lögfræðingar í Pakistan eru æfir vegna málsins og ásaka Musharraf um ólögmæt pólitísk afskipti af dómsvaldinu.

Á mánudaginn efndu lögfræðingar til mótmælafunda víða um land, mættu ekki til dómsstarfa og lentu sums staðar í hörðum átökum við lögregluna. Í gær héldu um 300 þeirra áfram mótmælaaðgerðum í Karachi, stærstu borg landsins.

Stjórnvöld segja brottrekstur Chaudrys fullkomlega í samræmi við stjórnarskrá landsins. Hann hafi gerst brotlegur í starfi og endanlegur úrskurður sé í höndum æðstaráðsins.

Vera má að Chaudry hafi komið við kaunin á Musharraf á síðasta ári þegar hann lagði mikla áherslu á að fá upplýsingar um tugi manna, sem leyniþjónusta landsins var sökuð um að hafa í haldi. - gb



**KASTA STEININUM Í LÖGREGLUNA** Til harðra átaka hefur komið í vikunni, meðal annars á mánudaginn í Lahore í Pakistan, milli lögreglunnar og lögfræðinga, sem mótmæltu brottrekstri dómarans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Karlmaður dæmdur:

# Fyrrum sambýliskona barin

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að ráðast tvisvar sinnum á fyrrverandi sambýliskonu sína. Í fyrra sinnið tók hann í hálsmál yfirhafnar konunnar, herti að og hrinti henni svo hún féll aftur á bak á stigatröppur. Við það hlaut hún fleiðursár á hálsi.

Í seinna skiptið sparkaði maðurinn nokkrum sinnum í líkama hennar, sló henni utan í vegg og hrinti henni, þannig að hún hlaut áverka. Maðurinn var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða konunni ríflega 300 þúsund krónur. - jss

Formenn allra flokka á þingi:

# Jóns forseta minnst 2011

**STJÓRNMÁL** Formenn stjórnmálaflokkanna vilja að minningu Jóns Sigurðssonar forseta frá Hrafnseyri verði sýndur sérstakur sómi árið 2011 þegar tvær aldir eru liðnar frá fæðingu hans.



**JÓN SIGURÐSSON**

Hafa þeir lagt fram sameiginlega tillögu um að skipuð verði nefnd sem leggi til hvernig minnast megi tímamótanna. Verði hún skipuð fulltrúum allra flokka, auk fulltrúa forseta Alþingis og Hrafnseyrarnefndar.

Um leið leggja formennirnir til að söfn Jóns á Hrafnseyri og í Kaupmannahöfn verði endurbætt. - bþs

Fiskimálanefd SÞ:

# Rætt um ólöglegar fiskveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR Verndun viðkvæmra vistkerfa fyrir skaðlegum áhrifum fiskveiða voru ofarlega á baugi á fundi fiskimálanefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Auk þess var mikið rætt um aðgerðir gegn ólöglegum veiðum á fundinum sem lauk síðastliðinn föstudag.**

**Samkomulag náðist um mótun tæknilegra viðmiðunarreglna um verndun viðkvæmra vistkerfa, en þær eru í samræmi við fiskveiðiályktun allsherjarþings SÞ. Tímaáætlun gerir ráð fyrir að reglurnar verði tilbúnar í byrjun næsta árs.** - þsj

Gæslusjómenn mótmæla:

# Óánægðir með nýja skiptingu björgunarlauna

**FÉLAGSMÁL** Sjómenn á skipum Landhelgisgæslunnar mótmæla nýrri skiptingu björgunarlauna en samkvæmt henni lækkar hlutur þeirra um allt að 22 prósent en hlutur skipherra hækkar um rúm 350 prósent.



**HELGI LAXDAL**

Helgi Laxdal, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna, afhenti þingforseta undirskriftir sjómanna í gær.

„Ég hef aldrei fengið rök fyrir lagabreytingunum sem gerðar voru undir þinglok í fyrra. Hins vegar veit ég að skipherrar höfðu vælt yfir þessu og ég veit líka að lögunum var breytt að undirlagi dómsmálaráðherra," segir Helgi og krefst þess að mál verði færð til fyrra horfs. - bþs

# Skipulagði hryðjuverkin 11. september

**Khalid Sheikh Mohammed játaði á laugardag að hafa skipulagt 31 hryðjuverk frá 1990, þar á meðal árásina 11. september árið 2001 þar sem tæplega 3.000 manns létust. Einnig stóð til að myrða nokkra fyrrverandi forseta Bandaríkjanna.**

**BANDARÍKIN, AP** Sakborningurinn Khalid Sheikh Mohammed hefur játað fyrir bandarískum herdómstóli að hafa skipulagt og stutt framkvæmd 31 hryðjuverkaárásar, þar á meðal hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september árið 2001. Hryðjuverkin áttu sér stað frá árinu 1990 og létust þúsundir óbreyttra borgara í þeim.

Mohammed játaði einnig að hafa myrt blaðamann Wall Street Journal, David Pearl, árið 2002 en aftaka hans vakti heimsathygli. Á myndbandi sem var sett á netið sést hvernig Pearl er afhöfðaður af grímuklæddum manni sem reyndist vera Mohammed.

Mohammed greindi jafnframt frá fyrirhuguðum hryðjuverkum sem yfirvöld höfðu náð að koma í veg fyrir, svo sem áætlun um að myrða nokkra fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Meðal sérstakra skotmarka sem Mohammed tilgreindi voru Jóhannes Páll páfi II, Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, og Pervez Musharaff, forseti Pakistan.

„Ég var ábyrgur fyrir aðgerðinni 9. september frá A til Ö," sagði Mohammed í yfirlýsingu sem herlögmaður hans las upp við yfirheyrslur síðastliðinn laugardag. Varnamálaráðuneyti Bandaríkjanna birti afrit af yfirheyrslunum á miðvikudagskvöld.

Ekki hefur sést til Mohammed síðan myndir birtust af honum strax eftir að hann var handtekinn í mars árið 2003. Ekkert spurðist til hans í þrjú ár meðan hann var í leynilegu haldi hjá leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA). Í fyrra tilkynnti George W. Bush Bandaríkjaforseti að Mohammed hefði, ásamt þrettán öðrum grunuðum hryðjuverkamönnum, verið fluttur í fangelsið á Guantanamo-flóa.

Yfirheyrslur yfir sakborningunum fjórtán hófust á föstudaginn síðastliðinn og er tilgangur þeirra að skera úr um hvort þeir teljist „óvinveittir bardagamenn".

Verði mennirnir fjórtán sakfelldir er hægt að halda þeim um óákveðinn tíma og réttað verður yfir þeim af sérstökum herdómstólum á grundvelli laga um sérstaka herdómstóla sem Bush undirritaði í október. Lögin þykja umdeild vegna þess að dómstólunum verður heimilt að nota vitnisburð sem fenginn er með umdeildum yfirheyrsluaðferðum. Einnig verður heimilt að nota upplýsingar, sem fangarnir sjálfir fá ekki að sjá, til þess að sakfella þá. sdg@frettabladid.is



**TVÍBURATURNARNIR** Tæplega 3.000 manns létust þegar tveimur farþegaþotum var rænt og þeim flogið á tvíburaturnana á Manhattaneyju í New York í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/AFP



**KHALID SHEIK MOHAMMED**

Starfsmenn við Kárahnjúka:

# Mál Indónesa í samráðsnefnd

**VINNUMARKAÐUR Aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum hefur vísað grun um að þrjátíu Indónesar hjá þýska verktakafyrirtækinu Va Tech fái ekki greitt samkvæmt virkjunarsamningum til samráðsnefndar um virkjunarsamninginn.**

**Oddur Friðriksson aðaltrúnaðarmaður segir að brotið geti verið mjög alvarlegt en það þurfi að skoða nánar áður en niðurstaða fáist og því hafi hann vísað málinu áfram.**

**Þorbjörn Guðmundsson, formaður nefndarinnar, segir að fyrirliggjandi upplýsingar um kjör mannanna þyki ekki fullnægjandi og því hafi verið óskað eftir nánari upplýsingum. Búast megi við niðurstöðu innan tíðar.**

**Indónesarnir þrjátíu eru í ráðningarsambandi við dótturfyrirtæki Va Tech í Indónesíu í gegnum Va Tech í Austurríki þótt þeir séu starfandi hér á landi.** - ghs

Ágúst Ólafur Ágústsson:

# Óskir um líffæragjafir í ökuskírteinin

**STJÓRNMÁL** Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, vill að bundið verði í lög að í ökuskírteinum standi hvort fólk vilji gefa líffæri sín, beri svo undir.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**

Ágúst Ólafur segir mikilvægt að fjölga líffæragjöfum en á Íslandi eru líffæragjafir fátíðari en á öðrum Norðurlöndum. Sextán ár eru síðan Íslendingar máttu gefa líffæri. Lög meinuðu það fram til 1991.

Segir Ágúst Ólafur að skráning þessara upplýsinga í ökuskírteini sé heppileg þar sem oft séu það látnir ökumenn sem komi til greina sem líffæragjafar.

Þetta mál verður ekki afgreitt á þessu þingi. Þinglok voru áætluð í gær og mörg mál í bið. - bþs

Rannsókn fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á lokastigi:

# Stórt hassmál til saksóknara

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á tilraun til innflutnings á 14 kílóum af hassi og 200 grömmum af kókaíni hingað til lands, er á lokastigi. Málið verður sent ríkissaksóknara til ákærumeðferðar á næstunni.

Efnin voru send hingað til lands með hraðsendingu frá Danmörku.

Lögreglan náði efnunum og Interpol lýsti eftir sendandanum erlendis. Fjórir einstaklingar sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins hér á landi en þeim hefur verið sleppt.

Það var svo 21. janúar sem Íslendingur var handtekinn í Bremen með fimm kíló af hassi og um 700 grömm af örvandi efni. Reyndist þar vera kominn sá sami og sent hafði stóru hass- og kókaínsendinguna hingað til lands í haust.

Söluandvirði fíkniefnanna sem Íslendingurinn var tekinn með í Bremen er talið nema um 4,5 milljónum íslenskra króna, að sögn Uwe Mikloweit, upplýsingafulltrúa lögreglunnar þar. Maðurinn, sem enn situr í fangelsi í Bremen, er tæplega þrítugur að aldri og íslenskur ríkisborgari. Hann hefur verið búsettur í Danmörku. Lögreglumenn frá Íslandi luku yfirheyrslum yfir honum í Þýskalandi í síðustu viku. Jafnframt hafa staðið yfir yfirheyrslur hér á landi vegna málsins á undanförnum dögum. - jss



**PÓSTURINN** Lögreglan náði stóru hass- og kókaínsendingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


MARBERT
24h Aqua Booster
THE ESSENTIAL... AÐALATRIÐIN
Gjöfin þín frá MARBERT
Þessi glæsilega taska er þín þegar þú kaupir vörur fyrir 4.200 kr. úr MARBERT línunni.*
Taskan inniheldur:
• Soft Cleansing 50 ml
• Peach & Honey Mask 30 ml
• Shimmering aftersun 50 ml
• Creamy Gloss 15 ml
*Gildir á meðan birgðir endast.
MARBERT
SOFT CLEANSING EMULSION
MARBERT
PEACH & HONEY MASK
with peach extract
MARBERT
ACTIVE AFTER SUN CARE
MARBERT dagar í snyrtivörudeildum Hagkaupa
dagana 15.- 21. mars
Líttu við og fáðu rakamælingu fyrir húðina þína svo sérfræðingur MARBERT geti valið rétta kremið fyrir þig.
Gildir til 21. mars eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**FYLGST MEÐ TÍMANUM** Enn er þráttað um auðlindirnar og stjórnarskrárfrumvarpið. Björgvin lítur á klukkuna, fer þetta ekki að verða búið?



**SPENNA Í LOFTINU** Sigríður Anna Þórðardóttir og Katrín Júlíusdóttir hlýða á umræður. Ekki næst að klára öll mál fyrir þinglok.

# Á síðustu metrunum

**Enn er þrætt og þrefað á þingi. Þinglok eru rétt handan við hornið en fyrst þarf að hreinsa af borðunum og klára ýmis erindi. Í gær voru áttatíu mál á dagskrá þingsins og ekki enn ljóst hvenær þinginu verður slitið.**

Þinginu átti að ljúka í gær samkvæmt starfsáætlun. Enn sér þó ekki fyrir endann á þeim umræðum sem klára þarf fyrir þinglok og óljóst er hvenær þinginu verður slitið.

Loftið í Alþingishúsinu er lævi blandið þessa síðustu daga fyrir þinglok. Það er ekki aðeins tekist á í pontu heldur er skrafað á göngunum og hvíslast á í hliðarherbergjum. Það minnkar ekki spennuna að kosningar eru á næsta leiti.

Þingmönnum liggur á að koma sínum hugðarefnum í gegn enda koma sumir þeirra ekki til með að setjast á þing aftur.

Stjórnarskrárfrumvarpið hefur verið rætt fram og aftur og í gær ræddu þingmenn um sauðfjársamninginn í fjórar klukkustundir. Áttatíu mál voru á dagskrá þingsins í gær. Ljóst er að mörgum fyrirspurnum næst ekki að svara og ekki gefst tími fyrir umræður um ýmis mál.

Þingmönnum liggur mikið á hjarta og það er kominn kosningaskjálfti í marga. Skoðanakannanir spá fyrir um gengi flokkanna og útlitið er ekki alltaf bjart. Menn reyna að koma sínum málum í gegn á síðustu metrunum. Lokaspretturinn tekur á og sumir eru kannski orðnir eilítið þreyttir.



**SAMFYLKINGARBRÆÐUR** Össur Skarphéðinsson og Björgvin G. Sigurðsson takast á við dyrnar. Það er margt sem þarf að ræða á lokasprettinum enda kosningar á næsta leiti.



**Í FELULEIK** Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, felur andlit sitt. Skyldi hann skammast sín fyrir að saka landbúnaðarráðherra og landbúnaðarnefnd um dugleysi og þvergirðingshátt? FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**RÖÐ OG REGLA** Forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, heldur uppi reglu í salnum. Þetta eru hennar síðustu dagar á þingi því hún gefur ekki kost á sér í kosningunum í vor.



**KLOFNING Í FRAMSÓKN?** Valgerður Sverrisdóttir fjarlægist Guðna Ágústsson sem lætur sér fátt um finnast og hlýðir af athygli á ræðumann í pontu. Sauðfjársamningurinn var ræddur á Alþingi í gær.



**HVÍSLAST Á** Ögmundur Jónasson og Guðjón Ólafur Jónsson stinga saman nefjum. Skyldu þeir vera að ræða um auðlindirnar? Stjórnarandstaðan bauðst til að lengja þinghaldið svo stjórnarskrárfrumvarpið fengi næga umfjöllun.



**HÆTTIR Á ÞINGI** Dagný Jónsdóttir stígur ekki mikið oftar í ræðustól Alþingis. Björgvin nagar neglurnar enda spennuþrungið loft í salnum.

# Ævintýraleg símatilboð

vodafone

Allir símar frá Vodafone afhendast forhlaðnir, forstilltir og með 2 ára ábyrgð.

Með Vodafone live! kemst þú á netið í símanum þínum og getur til dæmis skoðað hvað er í bíó, náð í brandara, skoðað stjörnuspána þína og halað niður hringitónum og skjámyndum.

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**










Sjónvarp í símann

Vodafone live!

## Nokia 6131

Þú getur horft á Sky News allan sólarhringinn, sótt og horft á fréttir Stöðvar 2 ásamt fleira spennandi efni.

Ævintýraverð

**26.900 kr.**

Vodafone live!

## Sharp GX-17

Mjög fjölhæfur á ótrúlegu verði. Með Bluetooth, myndavél, og er USB tengjanlegur.

Ævintýraverð

**9.900 kr.**

Vodafone live!

## Nokia 6234

Miklu meira en bara sími. Með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum og styður minniskort.

Ævintýraverð

**19.900 kr.**



Fíton / SÍA

# BT NÝTT KORTA

## TOSHIBA




PSL33E-02T026N5
TOSHIBA SATELLITE L30-106
Intel® Dual Core T2060
15,4" WXGA skjár 1.280 x 800
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
60GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Windows Vista Basic

**69.999**

Rugl VERÐ

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 7.084* | 3.881** | 2.872*** |

## TOSHIBA




PSAANE-03J008N5
TOSHIBA SATELLITE A100-067
Intel® Core Duo T2060
15.4" WXGA TrueBrite
Intel 945GM 128MB skjákort
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
60GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Harman Kardon® hátalarar
Windows Vista Basic

**99.999**

VAR AÐ LENDA

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 10.057* | 5.481** | 4.038*** |

## FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

Alvöru leikjaskjákort




CCN:ISL-110108-001
FSC AMILO XA AMD64 VISTA
AMD Turion64 X2 Dual Core TL56
17" WXGA+ TFT Crystal View
- Upplausn 1440 x 900
Nvidia GeForce Go 7600 skjástýring (256MB)
1 GB Vinnsluminni (1024MB 533MHz)
160 GB Harður Diskur (SATA)
DVD Skrifari - Dual Layer
Innbyggt Þrálaust netkort
1x IEEE 1394 - DV Ready
Windows Vista Premium

**129.999**

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 13.029* | 7.080** | 5.204*** |

## FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

Alvöru leikjaskjákort




CCN:ISL-110103-001
FSC AMILO PI CORE2 VISTA
Intel Core 2 Duo T5500
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Microsoft Windows Vista Premium

**139.999**

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 14.020* | 7.613** | 5.593*** |

## MEDION®



6363IS
MEDION V10 M2 VISTA
Intel® Celeron D 360 (3,46GHz)
nVidia GeForce 7300 SE - 256 MB TC
- TV out - D-SUB
160 GB 8MB 7200 rpm SATA
512 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Windows Vista Basic

**59.999**

10.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 6.094* | 3.348** | 2.483*** |

## MEDION®



6362IS
MEDION V12 M2 VISTA
Intel® Pentium 820 Dual Core
nVidia GeForce 7500LE – 256 MB TC
- TV out - DVI-I (+ D-SUB adapter)
250 GB 8MB 7200 rpm SATA
1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Windows Vista Basic

**89.999**

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 9.066* | 4.947** | 3.649*** |

# TÍMABIL




Alvöru leikjaskjákort

15,4"

## TOSHIBA



PSAARE-04J00KN5
TOSHIBA SATELLITE A100-886
Intel® Core 2 Duo T5200
15.4" WXGA TrueBrite
NVIDIA® GeForce™ Go 7300
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
80GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Harman Kardon® hátalarar
Windows® Vista Home Premium

119.999

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

BT 12.038* 12 mánaða | BT 6.547** 24 mánaða | BT 4.815*** 36 mánaða

17"

## TOSHIBA



PSPAAE-01D00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-356
Intel® Core 2 Duo T5200
17" WXGA HB TrueBrite 1440 x 900
Intel 945GM 128MB
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Harman Kardon® hátalarar
Microsoft® Windows® Vista Premium

129.999

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

BT 12.038* 12 mánaða | BT 6.547** 24 mánaða | BT 4.815*** 36 mánaða

Alvöru leikjaskjákort

15,4"

## TOSHIBA



PSAARE-03P00KN5
TOSHIBA SATELLITE A100-051
Intel® Core 2 Duo T7200
15.4" WXGA TrueBrite
NVIDIA® GeForce™ Go 7300
- up to 320MB Hypermemory
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
200GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Harman Kardon® hátalarar
Microsoft® Windows® Vista Premium

159.999

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

BT 16.001* 12 mánaða | BT 8.679** 24 mánaða | BT 6.371*** 36 mánaða

Alvöru leikjaskjákort

17"

## TOSHIBA



PSPADE-00M00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-454
Intel® Core 2 Duo T5500
17" WXGA HB TrueBrite
- Upplausn 1440 x 900
nVIDIA GeForce Go 7600 128MB
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Harman Kardon® hátalarar
Microsoft® Windows® Vista Premium

179.999

20.000 GJAFABRÉF •FYLGIR

BT LÁN™

BT 17.983* 12 mánaða | BT 9.745** 24 mánaða | BT 7.148*** 36 mánaða

Horfðu á sjónvarpið í tölvunni

## MEDION®



6365IS
MEDION V12 X-LINE 4300
Intel® Core 2 Duo 4300
ATI Radeon X1650SE - 256 MB
320 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
Sjónvarpskort og fjarstýring
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Windows Vista Premium

129.999

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

BT 13.029* 12 mánaða | BT 7.080** 24 mánaða | BT 5.204*** 36 mánaða

Horfðu á sjónvarpið í tölvunni

## MEDION®



6366IS
MEDION RAZOR VISTA
Intel® Core 2 Duo E6400
nVidia GeForce 7900GS - 256 MB
500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
2048 MB DDR2 vinnsluminni
LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Sjónvarpskort og Fjarstýring
Microsoft Windows Vista Premium

189.999

20.000 VERÐLÆKKUN

BT LÁN™

BT 18.278* 12 mánaða | BT 10.278** 24 mánaða | BT 7.537*** 36 mánaða

* meðalgreiðsla sem miðast við 12 mánaða raðgreiðslusamning ** meðalgreiðsla sem miðast við 24 mánaða raðgreiðslusamning
*** meðalgreiðsla sem miðast við 36 mánaða raðgreiðslusamning

## „ORÐRÉTT“

### Þjóðarstolt?

**„Ég held að íslenska þjóðin geti verið stolt af því að eiga þvílíkan stórsöngvara sem ég er.“**

EINAR ÖRN BENEDIKTSSON SKAMMAST SÍN EKKI FYRIR AÐ VERA FIMMTI VERSTI SÖNGVARI ALLRA TÍMA.

**Fréttablaðið 15. mars.**

### Þroskaröskun?

**„Bókmenntirnar hafa hagnast mikið á því að rithöfundar eru margir ekki eins og fólk er flest.“**

HALLDÓR GUÐMUNDSSON VELTIR ÞVÍ FYRIR SÉR HVORT SKAPANDI HUGSUN SÉ NÁÐARGÁFA EÐA FÖTLUN.

**Morgunblaðið 15. mars.**

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR FLUGFREYJA

# Ekki enn búin að velja kjólinn



„Ég gæti nú ekki haft það betra á þessari stundu. Við mamma erum í sumarbústað í Víðidal við Hvammstanga og búnar að vera þar frá því á mánudag í notalegheitum,“ segir Manúela Ósk Harðardóttir, sem kjörin var Ungfrú Ísland 2002 og starfar nú sem flugfreyja hjá Iceland Express. „Ég hef reyndar verið svolítið lasin eins og allir á landinu hafa verið að undanförnu. Þetta er samt búin að vera yndisleg ferð. Við höfum lesið, málað, farið í gönguferðir, legið í pottinum, verið í gufu og verslað sælgæti í kaupfélaginu á Hvammstanga.

Maður þarf stundum að eiga svona gæðastundir með móður sinni,“ segir Manúela en tekur fram að þótt stundirnar í bústaðnum hafi verið ánægjulegar þurfi þær mæðgur samt að fara huga að heimferð.

„Það er árshátíð hjá Iceland Express um helgina sem ég hlakka til að mæta á. Reyndar á ég eftir að finna mér kjólinn en er með einn í huga,“ segir Manúela sem vakið hefur athygli fyrir góðan smekk á kjólum í gegnum tíðina enda varð frægt þegar sjálfur Tyson gaf henni kjól fyrir fegurðarsamkeppni. „Það gengur vel að samræma móðurhlutverkið og flugfreyjustarfið. Maður fær góð frí inn á milli og svo er ég aldrei í stoppum heldur flýg alltaf beint aftur heim.“

## MARS:
### STRÍÐSGUÐ OG SÚKKULAÐI

Marsmánuður er þriðji mánuður ársins og dregur heiti sitt af rómverska stríðsguðnum Mars. Mars var guð hernaðar, sonur Júnóar og Júpíters. Mars var þekktur sem rauði guðinn og vegna rauðs litar síns er reikistjarnan Mars nefnd eftir stríðsguðinum. Hún er fjórða reikistjarna frá sólu. Hún er oft kölluð rauða plánetan og yfirborð hennar einkennist af stórum gljúfrum og miklum eldfjöllum. Stríðsguðinn og plánetan eru ekki ein um það að státa af Mars-nafninu. Súkkulaðið Mars þekkja flestir og samkvæmt þjóðskrá bera þrír íslenskir karlmenn eiginnafnið Mars.



## SJÓNARHÓLL
### HÚSLEIT Í FYRIRTÆKJUM



MAGNÚS ÓLAFSSON
leikari

### *Tíðkast víða erlendis*

Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins hafa nú gert húsleit hjá nokkrum fyrirtækjum með litlum eða engum fyrirvara og tekið gögn. Magnús Ólafsson, leikari og prentari, segir að sér finnist starfsmennirnir stundum ganga ansi hart fram þó að stjórnendur fyrirtækja myndu kannski gera einhverjar ráðstafanir ef þeir vissu af húsleitinni fyrirfram.

„Ég er sjálfur í prentbransanum og þar eru samkeppnisreglur brotnar hvað eftir annað. Mér finnst að það megi kanna betur þessi fyrirtæki með litlum fyrirvara. Spurningin er bara hvernig farið er að því. Ef menn vita fyrirfram af húsleitinni þá geta þeir gert ráðstafanir og þess vegna er þetta kannski rétta leiðin hjá Samkeppniseftirlitinu þegar maður fer að hugsa út í það,“ segir hann.

„Mér finnst líka að maður þurfi að fá að vita hvað kemur út úr þessum húsleitum og að Samkeppniseftirlitið þurfi að upplýsa almenning um árangurinn og leyfa öllum að fylgjast með. En svona húsleitir tíðkast ábyggilega víða erlendis. Þetta er bara eitthvað sem menn verða að sætta sig við.“

# Bílasölumaður í eyðimörkinni

**Íslenska fyrirtækið Arctic Trucks hefur nýlega gert tvo samninga um sölu á 59 sérútbúnum Land Cruiser jeppum til norska hersins. Örn Thomsen framkvæmdastjóri ferðast til Afganistans til að fylgja eftir sölunni og kenna Norðmönnum að keyra.**



Klemens Þrastarson
**SKRIFAR FRÁ AFGANISTAN**

„Það er sagt hér að sá sem eigi fleiri Hi-Lux jeppa, sé sá sem vinni stríðið,“ segir Örn Thomsen, framkvæmdastjóri Artic Trucks, sem nú er staddur í Afganistan til að afhenda sérútbúna Land Cruiser jeppa til norska hersins. Talíbanar í Afganistan keyri gjarnan um á Hi-Lux og Örn útskýrir að margir staðir hér séu ófærir venjulegum bílum. Að auki vinni náttúrulegar aðstæður saman til að granda þeim; hiti, sandur og snjór.

„Þetta er allt annar heimur hérna og mun erfiðari aðstæður en í Evrópu. Ending bílanna er ekki sambærileg. Upprunalegir demparar endast í svona 1.000 til 2.000 kílómetra á þessum vegum og í 40 til 55 stiga hita. Við komum með ákveðna lausn, svo þeir endist í allt að 7.000 kílómetra, en það er samt lítið, miðað við að í venjulegum akstri endast þeir í 100.000 kílómetra,“ segir Örn.

Fyrirtækið Arctic Trucks hefur sérútbúið jeppa í nærri átta ár í Noregi og opnaði nýverið útibú í Ríga í Lettlandi. Í bílana er bætt fjölmörgum aukabúnaði, svo að þeir geti ekið yfir fjöll og firnindi, líkt og á hálendi Íslands.

Áður en innrásin í Afganistan hófst árið 2001 höfðu útsendarar fyrirtækisins gert hosur sínar grænar fyrir norska hernum og boðið þeim bíla til kaups. Eftir innrásina kom berlega í ljós að landið og vegakerfi þess er of harðgert og frumstætt fyrir venjulega bíla. Í ár afhendir Arctic Trucks norska hernum eina 59 sérútbúna Toyota Land Cruiser jeppa. Verðmæti bílanna er minnst tvöfalt meira eftir umbreytingu.

Reynsla Íslendinga af utanvegaakstri og erfiðum aðstæðum kemur sér vel í Afganistan, segir Örn, sem er staddur í höfuðborginni Kabúl til að passa að rétt sé farið með tækin. „Við höfum reynslu af nýtingu þessara bíla og bakgrunninn í þetta. Við pössum okkur að ganga ekki of langt í breytingunum, heldur miðum við þarfir kaupandans. Óreyndir ökumenn verða að geta nýtt sér breytingarnar.“ Arctic Trucks stefnir á frekari landvinninga og Örn nefnir Rauða krossinn og Sameinuðu þjóðirnar með sína mörg þúsund bíla sem vænlega viðskiptavini framtíðarinnar.



**Á FLUGVALLARSVÆÐINU** Jeppi Arctic Trucks til afhendingar á flugvallarsvæði AISAF í Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS



**ÖRN THOMSEN** „Það er sagt hér að sá sem eigi fleiri Hi-Lux jeppa, sé sá sem vinni stríðið,“ segir Örn Thomsen, framkvæmdastjóri Arctic Trucks. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS







Bræðurnir frá Merkisteini hafa opnað búð á Eyrarbakka:

# Meira vöruúrval en áður

„Við opnuðum á sunnudagskvöldið og höfum fengið ljómandi góðar móttökur,“ segir Sævar Birgisson, sem rekur verslunina Merkistein á Eyrarbakka ásamt Rúnari bróður sínum. „Okkur fannst vanta almennilega matvöruverslun hér á Eyrarbakka. Í Olísskálanum var hægt að fá helstu nauðsynjar en það vantaði almennilega búð,“ segir Sævar en verslunin stendur þar sem söluskálinn Ásinn var áður. Honum hefur nú verið lokað og í stað Olísstöðvarinnar er komin ÓB bensínstöð sem þeir bræður hafa umsjón með.

„Við höfum breytt öllu í búðinni og höfum aukið vöruúrvalið verulega,“ segir Sævar og bætir því við að stefnan sé að vera með gott úrval af matvöru auk þess að halda áfram þjónustu með olíuvörur eins og var fyrir.

En hvaðan kemur nafnið Merkisteinn? „Við bræðurnir erum aldir upp hér á Eyrarbakka í húsi sem hét Merkisteinn. Nafnið kemur þaðan enda vildum við halda því á lofti,“ segir Sævar. Merkisteinn er opinn mánudaga til laugardaga frá kl. 9-22 en á sunnudögum frá kl. 10-22.

**- þo**



**STOLTIR BRÆÐUR** Sævar og Rúnar Birgissynir opnuðu verslunina sína á sunnudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/STOKKSEYRI.IS

Þú sparar 1.056 kr/kg

42% afsláttur




**1.459** kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingabringur




**2 fyrir 1**
Freschetta Calzone

Þú sparar 995 kr/kg

50% afsláttur



**995** kr/kg. áður 1.989 kr/kg.
Villikryddað lambalæri

30% afsláttur




**197** kr/stk. áður 281 kr/stk.
Emmess Lúxus Skafís




**69** kr/stk.
Pepsi Max 2 ltr.

H-N markaðssamskipti / SIA   Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 16. mars til 18. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

## Svona erum við

> Heildarafli íslenskra fiskiskipa í febrúar.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SIMBABVE

# *Verðbólga komin í 1.700 prósent*

Augu heimsins hafa beinst að Afríkuríkinu Simbabve síðustu daga eftir að yfirvöld leystu upp bænafund stjórnarandstöðu á ofbeldisfullan hátt. Einn lést og tugir voru fangelsaðir, þar á meðal leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins sem bar skýr merki barsmíða þegar hann birtist í réttarsal á þriðjudag.



**Hvernig er daglegt líf í Simbabve?**
Lífskjör á Simbabve eru slæm fyrir flesta. Margir atvinnurekendur hafa hætt starfsemi eftir því sem efnahagur landsins hefur farið úr öskunni í eldinn. Verð hækkar daglega og er verðbólgan sú hæsta í heiminum, 1.700 prósent. Flestir íbúar landsins reyna að rækta sína eigin fæðu en uppskera hefur brugðist vegna þurrka og hundruð þúsunda svelta.

**Hvað hefur valdið þessu ástandi?**
Stjórnarandstaðan sakar forseta landsins til 27 ára, Robert Mugabe, um að hafa eyðilagt það sem var eitt sinn þróaðasta ríki Afríku með aðgerðum sínum við að taka býli af hvítum íbúum landsins frá árinu 2000. Mugabe segir endurúthlutun býlanna hafa verið nauðsynlega til að gera eignarhald sanngjarnara í kjölfar nýlendutímans. Sakar hann vestræn öfl um að reyna að skaða efnahag Simbabve í því augnamiði að koma honum frá völdum.

**Hvað er fram undan?**
Mugabe sækist nú eftir því að breyta stjórnarskránni svo að hann geti setið tvö ár í viðbót við stjórn. Sumir telja að versnandi lífskjör geti valdið því að herinn, sem hefur verið undirstaða valdasetu Mugabe, geti hætt að framfylgja skipunum hans sem myndi efla stjórnarandstöðuna til muna.
Bandaríkin og Evrópusambandið hafa beitt Mugabe og næstráðendur refsiaðgerðum vegna umdeildra kosninga. Afríkuríki hafa hins vegar verið treg til að gagnrýna Mugabe sem er virtur fyrir baráttu sína gegn nýlendustjórninni. **Heimild: Fréttavefur BBC**

**SPURT & SVARAÐ**
**V-DAGURINN**

## *Nauðsynlegur dagur*



**GUNNAR SIGURÐSSON**
Framkvæmdastjóri V-dagsins

V-dagurinn er nú haldinn hátíðlegur víða um land. Í dag verður dagskrá á Egilsstöðum, á morgun á Ísafirði og á Selfossi á sunnudag. Gunnar Sigurðsson er framkvæmdastjóri V-dagssamtakanna á Íslandi.

**Hvað er V-dagurinn?**
Hann er baráttutæki V-dagssamtakanna víða um heim til þess að vekja athygli á því ofbeldi sem viðgengst gegn konum.

**Er þörf á svona degi?**
Það er ekki þörf heldur nauðsyn. Auðvitað er hundleiðinlegt og í sjálfu sér kjánalegt að þessi samtök séu til og að það sé þörf á þeim. Ofbeldi gegn konum ætti ekki að vera til en það er og við verðum að sameinast um að dúndra því í burtu.

**Hvert er öflugasta vopnið í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi?**
Í fyrsta lagi þurfum við að spjalla saman. Við verðum að vekja fólk upp af þessum blundi og viðurkenna að kynbundið ofbeldi þrífst í þjóðfélaginu. Það verður að vera samstaða um að takast á við vandann.

# Nútímavæðing stjórnkerfisins

**Hugmyndir um endurskipulagningu Stjórnarráðsins hafa komið fram frá forystumönnum allra stjórnmálaflokka að undanförnu. Viðurkennt er að ráðuneytaskipanin sem lögbundin er í stjórnarráðslögunum er löngu úrelt og endurspeglar í engu samfélag líðandi stundar. Hugmyndir um endurskoðun eru nálægt því að vera jafngamlar lögunum en hafa litlu skilað.**

Setning stjórnarráðslaganna árið 1969 markaði upphaf nýrra stjórnarhátta á Íslandi að ýmsu leyti. Með nýjum lögum var löggjafinn að bregðast við skipulagsleysi sem hafði einkennt Stjórnarráðið meðal annars í skjóli stjórnarskrárbundinna valdheimilda ríkisstjórna til að skipta sjálfar með sér verkum.

Fjölgun ráðuneyta á fimmta og sjötta áratug 20. aldar virðist þó hafa verið meginástæða þess að talið var nauðsynlegt að setja skýrari reglur um skipulag Stjórnarráðsins. Síðan lögin voru sett hafa hugmyndir um fækkun ráðuneyta verið ræddar í þaula en á þeim tíma er víðamesta breytingin stofnun umhverfisráðuneytisins árið 1990.

## HUGMYNDIR UM ENDURSKOÐUN LAGA UM STJÓRNARRÁÐIÐ

**1969:** Stjórnarráðslögin sett. Tóku gildi í ársbyrjun 1970.
**1975:** Hugmyndir um endurskipulagningu yfirstjórnar umhverfismála.
**1980:** Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Boðaðar almennar breytingar á Stjórnarráðinu. Skipa efnahagsráðuneyti.
**1983:** Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar boðar ný lög um Stjórnarráðið. Stjórnkerfisnefnd skipuð sem lagði til að fækka ráðuneytum úr 13 í 9. Tillaga um að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinist. Sérstakt iðnaðar- og verslunarráðuneyti; heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti sameinuð. Viðskiptaráðuneyti lagt niður. Nýtt ráðuneyti dóms- og innanríkismála.
**1986:** Frumvarp lagt fyrir Alþingi án róttækra hugmynda um fækkun ráðuneyta. Steingrímur Hermannsson lýsir hugmyndum um eitt atvinnumálaráðuneyti í stað fjögurra og sérstakt efnahags- og þróunarráðuneyti. Ekki útrætt og varð ekki að lögum.
**1987:** Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar kynnir í stefnuyfirlýsingu frumvarp að nýjum lögum og reglugerð um verkaskiptingu ráðuneyta.
**1988:** Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar leggur fram svipaðar áherslur og skipar stjórnsýslunefnd til heildarendurskoðunar laganna og byggði á starfi stjórnkerfisnefndar. Hugmyndir koma fram um fækkun í tíu ráðuneyti og umhverfisráðuneyti yrði komið á fót. Stefnt að sameiningu atvinnuráðuneyta. Heilbrigðis-, tryggingamála- og félagsmálaráðuneyti í eitt.
**1989**: Nefnd stofnuð til að fylgja eftir störfum stjórnkerfisnefndarinnar. Áþekkar tillögur og áður en frumvarp ekki lagt fyrir þingið.
**1991:** Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ekki stefnt að endurskoðun á skipulagi stjórnarráðsins í málefnasamningi.
**1999:** Boðuð endurskoðun laganna í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Heildarendurskoðun frestað.



**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS** Lög um stjórnarráðið voru sett árið 1969. Síðan hefur verið rætt um endurskoðun laganna, fækkun ráðuneyta og nývæðingu stjórnsýslunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Nýi og gamli tíminn

Það dylst engum að núverandi skipan Stjórnarráðsins endurspeglar ekki samfélagsaðstæður á neinn hátt. Við setningu laganna 1969 var lögð á það áhersla að nægilega mörg ráðuneyti væru til skiptanna við stjórnarmyndanir svo að auðveldara væri að finna ákjósanlegt jafnvægi milli væntanlegra stjórnarflokka. Minni áhersla var lögð á að hafa faglegan grundvöll að leiðarljósi. Einnig var það yfirlýst markmið laganna að hver höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, frumframleiðslugreinarnar sjávarútvegur, landbúnaður, og iðnaður, hefði sérstakt ráðuneyti og er ein skýrasta birtingarmynd þess hversu mikið dám lögin draga að áherslum fyrri tíðar.

Gömlu atvinnuvegirnir skipta sífellt minna máli en mikilvægi þeirra var gífurlegt áður fyrr. Ráðuneytin voru eftirsótt enda lögð áhersla að dreifa þeim á milli stjórnarflokka við stjórnarmyndanir. Oft er landbúnaðarráðuneytið tekið sem dæmi um afkáralega skiptingu ráðuneyta á milli einstakra málaflokka. Landbúnaður leggur til um 1,5 prósent landsframleiðslunnar en hefur sérráðuneyti, net stofnana og háskóla. Á sama tíma gefur hátækniiðnaður um fjögur prósent landsframleiðslunnar og ferðaþjónusta prósenti betur án þess að sérstaklega sé tekið á málefnum atvinnugreinanna.

### Hugmyndir á gömlum grunni

Forystumenn allra stjórnmálaflokka eru sammála um að endurskoða beri lög um Stjórnarráð Íslands. Samfylkingin hefur í tvígang lagt fram frumvarp á Alþingi og nýafstaðið flokksþing framsóknarmanna samþykkti afdráttarlausa ályktun um fækkun ráðuneyta.

Stjórnarráðsnefnd Framsóknarflokksins lagði einnig fram tillögu að drögum að nýju frumvarpi til laga um Stjórnarráðið. Hugmyndir flokkanna gera ráð fyrir fækkun ráðuneyta úr fjórtán í tíu eða níu og hugmyndir um stofnun eins atvinnuvegaráðuneytis. Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti einnig ályktun um sameiningu ráðuneyta á flokksþingi sínu 2005 svo dæmi sé tekið. Vinstri hreyfingin - grænt framboð hefur kynnt hugmyndir sínar á Alþingi til dæmis með tillögu um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála í mars 2005. Frjálslyndi flokkurinn vill einnig endurskoðun og leggur áherslu á eitt atvinnuvegaráðuneyti og að tryggingamál og heilbrigðismál verði hugsanlega aðskilin.

Allir flokkar eru sammála um að auka verði áherslu á umhverfismál og mennta- og menningarmál. Snertifletirnir eru því fjölmargir og ekkert eftir annað en að byggja á þverpólitískri sátt flokkanna.

### Gömul og ný saga

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið nýlega að helst sé tækifæri til að endurskoða lögin um Stjórnarráðið og verkaskiptingu ráðuneyta í kringum kosningar eða strax að loknum kosningum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, vill að breytingar verði gerðar á sumarþingi eftir kosningar og Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna telur að mögulegt sé að mynda stjórn utan um breytt skipulag strax eða manna gömlu ráðuneytin á meðan endurskipulagningin fer fram. Ályktun flokksþings Framsóknar gengur út á að flokkurinn taki ekki þátt í að mynda ríkisstjórn með fleiri ráðuneytum en tíu.

En staðan hefur verið þessi síðan lögin voru sett og hugmyndirnar sem nú eru ræddar hafa verið settar á oddinn hjá nokkrum ríkisstjórnum og fjölda nefnda og vinnuhópa frá árinu 1983, og jafnvel fyrr ef grannt er skoðað. Málið er því fjarri því að vera einfalt.

### Erfiðar breytingar

Þegar pólitískur vilji var til þess að hreyfa við þeirri lögfestu skipan sem komið var á árið 1970 reyndist það erfiðara verkefni en svo að þær ríkisstjórnir sem að þeim tilraunum stóðu gætu leitt þær hugmyndir til lykta. Í upphafi tíunda áratugarins fjaraði undan áhuga á endurskoðun, kannski vegna misheppnaðra tilrauna árin á undan. Þar endurspeglast kannski best áhrif laganna sjálfra því ráðuneytaskipanin er þar fyrirfram ákveðin og erfitt að hreyfa við því við myndun stjórnar að loknum kosningum.

Allir flokkar eru þó sammála um að þessar breytingar séu tímabærar og nauðsynlegar og því erfitt að sjá fyrir sér að stjórnmálamenn samtímans gangi ekki í það verk að nútímavæða stjórnkerfið í samhengi við breytingar samfélagsins.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is



# Tími til að mála!

Ekki hlaupa eftir gervitilboðum, „fyrri verðum“ eða „afsláttum“ – hjá okkur færðu alltaf hagstætt verð og mikil gæði.





Allir ljósir litir

DEKACRYL 7
Gljástig 7 — 10 lítrar
**Kr. 2.990,-**



MAKO
Plastyfirbreiðsla — 20 m²
**Kr. 215,-**



Allir ljósir litir

DEKAPRO 10
Gljástig 10 — 10 lítrar
**Kr. 3.150,-**



DEKAPRO 02
Loftamálning — 10 lítrar
**Kr. 2.970,-**

Allir ljósir litir



DEKAPRO 20
Gljástig 20 — 4 lítrar
**Kr. 2.695,-**



DALAPRO MEDIUM
Spartl — 3 lítrar
**Kr. 874,-**



SCALA MASTERLACK
40% gljái — 1 líter
**Kr. 868,-**



MÁLNINGARLÍMBAND
50 metrar — 25 mm
**Kr. 224,-**



MAKO SETT
Bakki, rúlla pensill, spartlspaði
**Kr. 570,-**



DEKA TAK
Olíugrunnur — 1 líter
**Kr. 650,-**



HORNAMÁLARI
**Kr. 585,-**



BOSTIK
Akrýlkítti — 300 ml
**Kr. 190,-**



TECH COLOR Litaspray
**Kr. 395,-**



DEKA TOPP EPOXY — 2,5 lítrar + 8 kg
**Kr. 8.964,-**

## Hjá okkur færðu aðeins gæðamálningu á góðu verði

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-15**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

## MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 7.264 **-0,91%** **Fjöldi viðskipta:** 503 **Velta:** 11.022 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| Atl. Petroleum | +2,98% |
| Eimskipafélagið | +0,30% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| Exista | -4,50% |
| Kaupþing | -1,28% |
| Flaga | -1,21% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,61 -0,28% ... Actavis 68,70 -0,29% ... Alfesca 4,70 +0,00% ... Atlantic Petroleum 623,00 +2,98% ... Atorka 6,53 -0,61% ... Bakkavör 62,50 -0,48% ... Eimskipafélagið 33,80 +0,30% ... FL Group 29,50 -0,34% ... Glitnir 26,00 -1,14% ... Kaupþing 1.000 -1,28% ... Landsbankinn 31,50 -0,63% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,60 -1,01% ... Össur 124,00 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn

### Hlutafé Exista fært í evrur

Þeim fyrirtækjum fjölgar nú hratt sem tilkynna að þau hyggist skrá hlutafé sitt í evrum í stað íslenskra króna. Actavis reið á vaðið með að bera þá ósk undir hluthafa sína í febrúar. Síðan hafa Marel og Straumur-Burðarás bæst í hópinn og víst að ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Á aðalfundi fjármálaþjónustufyrirtækisins Existu í gær var stjórn félagsins veitt heimild til að gefa út hlutafé í evrum í stað íslenskra króna telji stjórnin slíkt fýsilegt. Jafnframt var ákveðið að greiða 100 prósent arð af nafnvirði hlutafjár, sem svarar til rúmra 10,8 milljarða króna. Það nemur 29 prósentum af hagnaði félagsins í fyrra.



### Stjórnvöld hvött til dáða

Á aðalfundinum lagði Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, áherslu á sterka stöðu Existu á fjármála- og tryggingamarkaðnum í Norður-Evrópu í gegnum stöðu sína í Kaupþingi og hinu finnska Sampo Group sem Exista á 15,5 prósenta hlut í. Sagði hann að Sampo muni leika stórt hlutverk í endurskipulagningu á norræna fjármálamarkaðnum á næstu árum.

Lýður lýsti yfir ánægju sinni með ákvörðun íslenskra stjórnvalda að breyta skattalöggjöfinni til jafns við það sem best gerist á hinum Norðurlöndunum. Hvatti hann stjórnvöld til að stíga skrefið til fulls og gera Ísland að alþjóðlegri fjármálamiðstöð.

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Heildarafli íslenskra skipa í febrúar var 5,3 prósentum minni en í febrúar 2006 samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Það sem af er árinu er aflinn óbreyttur miðað við sama tímabil 2006, sé hann metinn á föstu verði.

Allar helstu hlutabréfavísitölur heims hækkuðu í gær eftir töluverðar lækkanir undanfarna tvo daga. Íslenska úrvalsvísitalan fylgdi þeirri þróun að lækkaði eftir að matsfyrirtækið Fitch Ratings lækkaði lánshæfismatseinkunn ríkisins.

Á fjórða ársfjórðungi 2006 nam tekjuafgangur hins opinbera 20 milljörðum króna samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Þar er nokkru betri afkoma en á fjórða ársfjórðungi 2005 er hún mældist 18,6 milljarðar króna.

# Teymi sækir fjóra milljarða á markað

### Tvær konur verða í næstu stjórn félagsins.

Stjórn Teymis hefur ákveðið að selja ný hlutabréf í félaginu fyrir fjóra milljarða króna að söluvirði til þess að styðja við frekari vöxt félagsins og nýta fjárfestingartækifæri sem kunna að myndast. Landsbankinn hefur sölutryggt útboðið að öllu leyti. Hluthöfum Teymis stendur til boða að skrá sig fyrir helming fjárhæðarinnar í samræmi við hlutafjáreign í lok gærdagsins. Hinn helmingurinn verður boðinn fagfjárfestum, í skilningi laga um verðbréfaviðskipti, til kaups.



**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI TEYMIS** Félagið ætlar að selja fjóra milljarða króna í nýju hlutafé til hluthafa og fagfjárfesta.

Útboðsgengi verður kynnt síðar en útboðið sjálft stendur frá 22.-23. mars.

Sjálfkjörið er til stjórnar Teymis á aðalfundi sem haldinn verður í næstu viku. Ásta Bjarnadóttir, Jón Þorsteinn Jónsson, Matthías Imsland, Þorsteinn M. Jónsson og Þórdís J. Sigurðardóttir, stjórnarformaður Teymis, hafa boðið sig fram. Tvær konur skipa því næstu stjórn, jafnmargar og í fráfarandi stjórn. - eþa

# Fitch lækkar lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs

### Matsfyrirtækið Fitch lækkaði lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs í gær. Lánshæfi bankanna er engu að síður óbreytt hjá fyrirtækinu sem gaf einnig út skýrslu um þá í gær.



**RÍKISSTJÓRNARFUNDUR** Í skýrslu Fitch er bent á að þungi aðlögunar í efnhagskerfinu hafi að mestu hvílt á herðum Seðlabankans og bent á skort á aðhaldi í ríkisfjármálum. Ráðherrarnir Jón Sigurðsson, Guðni Ágústsson, Geir H. Haarde og Árni Mathiesen sjást hér á ríkisstjórnarfundi fyrir nokkru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur lækkað lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs í erlendri og innlendri mynt úr AA- og AAA í A+ og AA+. Lækkunin nemur einu stigi og eru horfur sagðar stöðugar fyrir báðar einkunnir. Um leið var lánshæfiseinkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt lækkuð úr F1+ í F1 auk þess sem landseinkunnin (e. country ceiling) lækkar úr AA í AA-.

Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands, segir að miðað við að horfur hafi verið óstöðugar nokkuð lengi og mikill viðskiptahalli viðvarandi þurfi niðurstaða matsfyrirtækisins ekki að koma á óvart. „Ekki er heldur endilega víst að hún þurfi að hafa mikil áhrif á viðhorf markaða og annarra. Það fer eftir því að hve miklu leyti markaðir voru búnir að taka inn þær fréttir sem áður höfðu borist varðandi viðskiptahallann. Eins vissu menn að Fitch hafi haft horfur óstöðugar þetta lengi.“

Paul Rawkings, sérfræðingur Fitch Ratings í Lundúnum, segir lækkunina taka mið af nýjustu gögnum um greiðslujöfnuð og hreina erlenda stöðu þjóðarbúsins sem bendi til þess að staða Íslands gagnvart útlöndum hafi versnað verulega.

Þá segir í greinargerð Fitch að stórauknar vaxtagreiðslur til útlanda hafi átt sinn þátt í meiri viðskipahalla en áður hafi mælst.

Íslenska hagkerfið er að mati Fitch illa undirbúið undir aukna áhættufælni á alþjóðamörkuðum og hærra vaxtastig erlendis. Fitch telur auknar líkur á harðri lendingu í umhverfi þar sem aðlögunarbyrði þanins efnahagslífs hvíli að mestu á peningastefnu Seðlabankans sem skili sér í hærri vöxtum. Bent er á að efnahagsstefnan gefi aðhaldi í ríkisfjármálum lítinn gaum á kosningaári, afgangur hins opinbera muni minnka í 1,1 prósent af landsframleiðslu á árinu úr 5,3 prósentu árið 2006.

Um leið viðurkennir Fitch að Ísland búi yfir styrk á ákveðnum sviðum, svo sem að þjóðartekjur á mann séu háar, stjórnkerfið sé gott og stofnanaumhverfi gegnsætt. Þessir þættir eru sagðir munu styðja áfram við lánshæfismat ríkisins.

Davíð Oddsson segir gott að fyrirtækið bendi á þessa þætti, sem og sterka tekjustöðu ríkissjóðs. „En ekki er heldur hægt að gera lítið úr öðrum þáttum. Ójafnvægi í efnhagsmálum hefur auðvitað verið mikið og síðast þegar Seðlabankinn tjáði sig um þetta vöktum við athygli á að staðan væri viðkvæm og brothætt og spenna mikil. Mér hefur sýnst að aukist hafi heldur skilningur á því af hverju bankinn hóf ekki vaxtalækkanir sem ýmsir töldu kominn tíma á,“ segir hann, en kveður hins vegar engra sérstakra viðbragða að vænta nú frá bankanum. „Við erum að undirbúa næstu tilkynningar í lok mánaðarins,“ segir Davíð, en þá gefur bankinn út efnahagsrit sitt Peningamál um leið og tekin verður ákvörðun um stýrivexti. „Í þessari tilkynningu er reyndar vikið að því að aðlögunarþátturinn hvíli ekki síst á meðferð peningastefnunnar og að vanti upp á þá þætti annars staðar en hjá bankanum. Kastljósinu er því ekki beint að okkur hvað það varðar heldur frekar í aðrar áttir.“

Í skýrslu sinni um bankana segir Fitch þá hins vegar halda sjó á umrótatímum. Lánshæfiseinkunnir þeirra eru óbreyttar og horfur stöðugar. Þá tilkynnir matsfyrirtækið Moody's í dag um þætti sem lúta að mati þeirra á bönkunum, en matsfyrirtækið sætti nokkurri gagnrýni fyrir nýlegar breytingar þar sem lánshæfi banka var tengt ríkjum þeirra með meira afgerandi hætti en áður. Breytingarnar urðu til þess að lánshæfiseinkunnir bankanna hækkuðu.

Í kjölfar frétta af breyttu mati Fitch lækkaði gengi hlutabréfa hratt undir lok markaðar í gær. Úrvalsvísitalan lækkaði um 0,91 prósent innan dagsins og gengi krónunnar veiktist um rétt rúmt eitt prósent. olikr@frettabladid.is

# Refresco kaupir í Bretlandi

Drykkjarvörufyrirtækið Refresco, sem er í meirihlutaeigu FL Group, Vífilfells og Kaupþings, hefur keypt breska drykkjarvöruframleiðandann Histogram. Þetta er fyrsta fyrirtækið sem Refresco kaupir í Bretlandi. Kaupverð er ekki gefið upp.

Histogram var stofnað árið 1999 þegar þáverandi framkvæmdastjóri þess keypti fyrirtækið af gosdrykkjaframleiðandanum Coca Cola. Það er einkum þekkt fyrir framleiðslu á ávaxtasafa í fyrsta flokki. Velta fyrirtækisins nam jafnvirði 2,7 milljörðum króna á síðasta ári.

Refresco er að uppruna hollenskt fyrirtæki og framleiðir drykkjarvörur á 13 stöðum í Evrópu undir merkjum hinna ýmsu fyrirtækja.

Allt frá því hópur fjárfesta keypti það á síðasta ári hefur verið stefnt að því að stækka fyrirtækið hratt með kaupum, samrunum og yfirtökum. Kaupin á Histogram eru skref á þeirri leið en með þeim getur Refresco þjónað evrópskum viðskiptavinum á Bretlandi. - jab

FYRIR HEILSUNA




magimix
Safapressa
Með Magimix safapressunni má töfra fram girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.
Verð frá kr.: 23.500
GJAFABRÉF
EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is
Aðrir söluaðilar: Kokka, Laugavegi, Egg, Smáratorgi Villeroy & Boch, Kringlunni, Líf og list, Smáralind Maður lifandi, Borgartúni og Hæðarsmára

# Landsbankinn og Wachovia í samstarf

### Landsbankinn kominn í samstarf við fjórða stærsta banka Bandaríkjanna um að nýta dreifileiðir sínar.

Landsbankinn og Wachovia Capital Finance, sem er hluti af Wachovia-bankanum, fjórða stærsta banka Bandaríkjanna, hafa gert með sér samkomulag á sviði eignatengdra lána í Norður-Ameríku og Evrópu. Eignatengd lán eru notuð við yfirtökur og uppkaup stjórnenda á fyrirtækjum með veði í eignum. Hefur mikil auking orðið í lánum sem þessum.

Samningurinn felur það í sér að fyrirtækin nýta alþjóðlegar dreifileiðir hvort annars; Landsbankinn beinir viðskiptavinum sínum, sem hafa hug á eignatengdum lánum, til Wachovia sem beinir svo sínum viðskiptavinum til Landsbankans.

Haft er eftir Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, í fréttatilkynningu að samvinnan geri báðum fyrirtækjunum kleift að aðstoða betur viðskiptavini sína þegar þeir sækja inn á nýja markaði. „Sú þróun er allsráðandi að fyrirtæki og fjárfestingasjóðir geti veitt þjónustu og ráðgjöf sem víðast“ segir Sigurjón í tilkynningunni.

Wachovia-bankinn er partur af Wachovia Corporation, einu stærsta fjármálafyrirtæki Bandaríkjanna. Námu heildareignir samstæðunnar 50.760 milljörðum króna í árslok. - eþa



**FRÁ UNDIRRITUN SAMKOMULAGSINS** Landsbankinn er kominn í samstarf við Wachovia á sviði eignatengdra lána.



# Reynsla
## þekking og þjónusta

Í Húsasmiðjunni starfa 1.000 manns. Fólk á öllum aldri og með margvíslegan bakgrunn. Margir okkar starfsmanna eru með langan starfsaldur að baki, þar sem þekking og reynsla nýtist vel, og gerir það Húsasmiðjunni mögulegt að veita viðskiptavinum enn betri þjónustu.

Húsasmiðjan hefur vakið athygli fyrir það framtak að höfða til starfsfólks sem komið er á besta aldur. Það er ánægjuefni fyrir Húsasmiðjuna hve margir starfsmenn okkar koma úr röðum þessa fólks, sem eru góðir starfskraftar, og búa yfir mikilli reynslu og þekkingu.



**Einn þessara manna er Kristján Jón Ágústsson, sem fagnar nú í mars 2007, 50 ára starfsafmæli hjá Húsasmiðjunni.**

Kristján er í dag starfsmaður þjónustuvers og aðstoðar fjölda fólks á hverjum degi í gegnum símann okkar 525 3000.
Kristján er kvæntur Ástrúnu Jónsdóttur.
Kristján er einn þeirra fjölmörgu starfsmanna Húsasmiðjunnar sem er tilbúinn að aðstoða þig ef á þarf að halda.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# Deutsche Bank mælir með Next og M&S

Hjá Deutsche Bank eru menn bjartsýnir á gengi bresku verslanakeðjanna Next og Marks & Spencer og mæla með kaupum á hlutabréfum hvors félags.

Verðmatsgengi á Next hljóðar upp á 2.450 pens á hlut en markaðsgengi félagsins stóð í 2.044.

Bankinn setur verðmiðann 815 pens á Marks & Spencer, stærsta smásala á fatnaði í Bretlandi, á sama tíma og hluturinn stóð í 680 pensum í Kauphöllinni í Lundúnum. - eþa



**ÚR VERSLUN NEXT** Deutsche Bank mælir með kaupum í verslanakeðjunum Next og Marks & Spencer.

# Vodafone skrifar undir á Indlandi

Forsvarsmenn breska farsímarisans Vodafone undirrituðu í gær formlegan samning um kaup á 67 prósenta hlut í indverska fjarskiptafélaginu Hutchison Essar. Félagið er fjórða stærsta fjarskiptafélag Indlands og þykir hafa opnað Vodafone dyrnar á einn af mest vaxandi farsímamörkuðum í heimi.

Í samningnum er kveðið á um að félagið muni skipta um nafn og muni eftirleiðis heita Vodafone Essar og verða vörur og öll þjónusta félagsins auglýstar undir merki Vodafone.

Ravi Ruia, varastjórnarformaður Essar, sem fer með 33 prósenta hlut í félaginu, verður eini fulltrúi Essar í stjórn fjarskipafélagsins en hann verður stjórnarformaður Vodafone Essar. Þetta er þvert á væntingar Essar sem upphaflega fór fram á jafna skiptingu í stjórn Vodafone Essar.

Vodafone mun sömuleiðis hafa forkaupsrétt að öllum bréfum félagsins ákveði Essar að losa sig við þau. Fátt bendir hins vegar til þess að Vodafone kaupi Essar út úr félaginu en indversk hlutafélagalög meina erlendum aðilum að eiga meira en 74 prósent í innlendum fjarskiptafélögum.

Breska ríkisútvarpið segir Vodafone stefna að mikilli uppbyggingu á Indlandi og hafi eyrnamerkt tvo milljarða punda, jafnvirði tæpra 262 milljarða íslenskra króna, sérstaklega vegna þessa. - jab



**SAMSTARFIÐ INNSIGLAÐ** Arun Sarin, forstjóri Vodafone og Ravi Ruia, varaformaður stjórnar Essar, takast í hendur eftir að Vodafone skrifaði undir kaup á meirihlutaeign í fjórða stærsta farsímafélagi Indlands.

# Dunn hreinsuð af öllum ákærum

Patrica Dunn, fyrrverandi stjórnarformaður bandaríska tölvurisans Hewlett-Packard (HP), var sýknuð af öllum ákærum um þjófnað og svik á miðvikudag. Dunn lét njósna um nokkra stjórnarmenn og starfsmenn fyrirtækisins með það fyrir augum að uppræta leka af stjórnarfundum fyrirtækisins til fjölmiðla. Hún sagði af sér stjórnarformennsku þegar málið komst í hámæli í september í fyrra.



**PATRICIA DUNN**

Dunn, sem berst við krabbamein í legi, var ákærð vegna málsins ásamt þremur öðrum síðastliðið haust en stjórnin réð einkaspæjara til að komast yfir persónuupplýsingar nokkurra lykilmanna hjá fyrirtækinu. Þessar vafasömu aðferðir leiddu í ljós að upptök lekans voru hjá einum af stjórnarmönnum HP. Hann neitaði hins vegar að láta af störfum en fær ekki að sitja í stjórninni á nýjan leik.

Samfara því að Dunn var sýknuð af öllum ákærum hlutu fyrrverandi lögmaður HP og tveir einkaspæjarar sem stóðu að rannsókninni dóm fyrir minni háttar brot. Þeir verða að greiða skaðabætur til þeirra sem urðu fyrir barðinu á rannsókninni og verða auk þess að inna af hendi samfélagsþjónustu í 96 klukkustundir. - jab



**JEAN NOUVEL VIÐ LÍKAN AF ÚTIBÚI LOUVRE-SAFNSINS** Stjórnvöld í Frakklandi hafa gert samning við ráðamenn í Abu Dhabi sem felur í sér að útibú Louvre-safnsins í París verður reist á eyju í arabaríkinu. Markaðurinn/AFP

# Louvre-safnið opnar útibú

**Saadiyat-eyja í Abu Dhabi á von á reglulegum sendingum listmuna frá Louvre-safninu í París. Skrifað hefur verið undir samkomulag um opnun útibús Louvre þar.**

Stjórnvöld í Frakklandi og í furstadæminu Abu Dhabi gerðu samkomulag í byrjun síðustu viku sem felur í sér að útibú hins heimsfræga Louvre-safns í París verður opnað á Saadiyat-eyju í Abu Dhabi.

Í samningnum felst meðal annars að Louvre-safnið í París sendir listmuni til safnsins í Abu Dhabi og verða þeir þar til sýnis í tvö ár að hámarki. Gjörningurinn hefur sætt harðri gagnrýni í menningar- og listakreðsu Frakklands og segja menn að verið sé að senda frönsk menningarverðmæti úr landi. Franska blaðið Le Figaro bendir hins vegar á að hefðu Frakkar látið tækifærið sér úr greipum renna hefðu stjórnendur listasafna í Madríd, Vínarborg og jafnvel í Rússlandi gripið það.

Renaud Donnedieu de Vabres, menningarmálaráðherra Frakklands, er hins vegar hæstánægður með samninginn enda muna mun fleiri listunnendur geta virt fyrir sér franska list, sem aftur getur skilað sér í auknum áhuga á Frakklandi. Getur svo farið að ferðamönnum til landsins fjölgi vegna þessa.

Stjórnvöld í Abu Dhabi greiða 700 milljónir evra, jafnvirði rúmra 63 milljarða íslenskra króna, fyrir afnot af vörumerki menningar- og listasafnsins, sem er eitt hið frægasta í Evrópu. Gert er ráð fyrir að bygging safnsins muni kosta um 83 milljónir evra, jafnvirði 7,4 milljarða íslenskra króna. Fjármunirnir verða meðal annars notaðir til endurbóta og viðhalds á geymslum hinna ýmsu safna í París.

Hönnuður Louvre-útibúsins er franski arkitektinn Jean Nouvel en gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki eftir fimm ár.

Samningur sem þessi er fjarri því að vera nýlunda. Ráðamenn í Abu Dhabi horfa nefnilega til þess að Saadiyat-eyja, sem á íslensku getur þýtt Eyja hamingjunnar, verði miðstöð lista og menningarlífs á heimsmælikvarða. Með þetta fyrir augum hafa þeir meðal annars reist þar útibú Guggenheim-safnsins í New York í Bandaríkjunum en það mun fá listmuni til sýnis frá móðursafninu vestanhafs. jonab@frettabladid.is




# Hagvöxtur umfram spár

Hagvöxtur mældist 1,3 prósent á fjórða ársfjórðungi í Japan í fyrra. Þetta er 0,1 prósentustigi meira en í fjórðungnum á undan, samkvæmt útreikningum japönsku hagstofunnar. Hagvöxturinn mældist 5,5 prósent á ársgrundvelli í Japan í fyrra og hefur hann ekki verið meiri í þrjú ár. Þetta er nokkuð umfram það sem greinendur höfðu spáð fyrir um.

Stjórnmálamenn í Japan hafa þrýst á seðlabankann að halda að sér höndum og hækka ekki vexti í bráð því það geti dregið úr neyslu almennings og fyrirtækja.

Stýrivextir í Japan standa nú í 0,5 prósentum og hafa þeir ekki verið hærri í áratug. - jab



**BROSANDI JAPANAR** Hagvöxtur var meiri í Japan á síðasta ársfjórðungi í fyrra en greinendur höfðu spáð fyrir um.


Fermingargjafir sem vit er í
Þjóðsögur Jóns Árnasonar
Tilboð 17.990 kr. 35% afsláttur
ÍSLANDS SAGAN
Tilboð 12.980 kr. 30% afsláttur
Tilboð 8.990 kr. 35% afsláttur
Íslendingasögur I - III
ÍSLAND
PÁLL STEFÁNSSON
Tilboð 3.290 kr. 30% afsláttur
HÁLENDIÐ
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
Tilboð 3.790 kr. 30% afsláttur
LANDIÐ OKKAR
FUGLAR
Í NÁTTÚRU ÍSLANDS
Tilboðsverð 18.690 kr.
Íslensk fjöll
Tilboð 3.590 kr. 15% afsláttur
Tilboðsverð 18.690 kr.
Edda
edda.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Heilsubylgja undanfarinna ára hefur skilað meðvitaðri neytendum.

# Framleiðsla í sátt við náttúruna

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Undanfarin ár hefur orðið bylting í verslun með varning sem framleiddur er í sátt við náttúruna. Fyrst og fremst lífrænt ræktaða matvöru en einnig ýmsar aðrar vörur til heimilisins, svo sem hreinlætisvörur sem framleiddar eru með það að markmiði að valda lágmarksskaða á umhverfinu. Margar ástæður liggja að baki þessari tiltölulega hljóðlátu byltingu. Víðtæk heilsubylgja hefur átt sér stað með aukinni áherslu á alhliða heilbrigða lifnaðarhætti. Aukin hreyfing, meiri neysla á hollum mat og vaxandi virðing við náttúruna með aukinni meðvitund um meðferð á sorpi og mengun alls konar, er fylgifiskur hennar.

Ekki eru nema fá ár síðan lífrænt ræktuð matvæli fengust eingöngu í nokkrum litlum verslunum. Viðskiptavinahópurinn var tiltölulega þröngur, rétt nógu stór til að viðskiptin gætu þrifist. Útilokað var að fá lífrænt ræktaðan varning í stórmörkuðum, hvað þá lágvöruverðsverslunum.

Nú er öldin önnur. Litlu heilsuverslanirnar lifa nú góðu lífi niðri í bæ og útibú eru rekin víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Auk þess eru ört stækkandi deildir með lífrænan varning í stórmörkuðunum og lágvöruverðsverslanir eru jafnvel komnar með hillur með slíkum vörum. Þá er einnig hægt að fá lífrænt ræktað grænmeti í áskrift beint frá bændum.

*Ekki eru nema fá ár síðan lífrænt ræktuð matvæli fengust eingöngu í nokkrum litlum verslunum.*

Sá hópur er ört stækkandi sem kýs að kaupa lífrænt ræktaða matvöru þrátt fyrir að greiða þurfi eitthvað meira fyrir varninginn. Ástæðurnar eru margvíslegar en tvinnast líklega saman hjá flestum. Margir kjósa lífrænt til þess að komast hjá því að neyta alls kyns aukefna sem algeng eru í matvælum, meðal annars rotvarnarefni og litarefni. Þeir sem hafa komist upp á bragðið vita að til dæmis ávextir og grænmeti sem er lífrænt ræktað býr yfir allt öðrum bragðgæðum en það sem ræktað er með hjálp alls kyns vaxtarhvetjandi efna. Sumir kjósa líka að kaupa lífrænt ræktaðan varning vegna þess að í verslun með þær eru iðulega tryggð sanngjörn viðskipti („fair trade“) allt til bóndans sem sinnir frumframleiðslunni.

Fjölbreytni er til góðs og það er mikið framfaraspor að neytendur skuli nú eiga gott aðgengi að lífrænt ræktuðum matvælum og annars konar vistvænum vörum. Í mörgum tilvikum er þetta val hluti af lífsstíl sem æ fleiri kjósa sér og snýst um að fara vel með náttúruna og gæði hennar og að spilla ekki umhverfinu meira en við komumst af með. Sífellt fleiri flokka nú sorp sitt, að minnsta kosti að hluta, og vonandi kemur að því að við Íslendingar veljum okkur umhverfisvænni samgöngumáta.

Að minnsta kosti er full ástæða til þess að ætla að áhugi íslenskra neytenda á lífrænum og vistvænum vörum sé ekki tímabundinn heldur liður í þróun í átt til þess að umgangast jörðina sem við byggjum af meiri virðingu en við höfum gert undanfarna áratugi.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík • Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

AÐ VERA , EÐA SÝNAST



Hörður Bergmann rithöfundur, ræðir stjórnmálin með hliðsjón af nýlegri greiningu í bók sinni AÐ VERA EÐA SÝNAST – Gagnrýnin hugsun á tímum sjónarspilsins.

Fundarstjóri: Ásgeir Beinteinsson formaður SffR

Fundurinn verður á Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 11:00 og lýkur kl. 12:30.

*Kaffi og vínarbrauð.*

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík • Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hlátrasköll í Baugsmáli

Það var ekki laust við að samúðarsvipur sæist á bæði sækjanda og dómsformanni í Baugsmálinu undir lok dags í gær yfir örvæntingarfullum viðbrögðum Jakobs R. Möller, verjanda Tryggva Jónssonar. Jakob lýsti því yfir að hann gæfist upp á að reyna að fá stutt og skýr svör út úr Sveini Ingiberg Magnússyni lögreglufulltrúa eftir margar tilraunir. Hlátrasköllin glumdu í dómsalnum þegar dómsformaðurinn benti – við litla hrifningu Jakobs – á að þetta væri þekkt vandamál, þetta hafi sækjandinn til dæmis átt við að etja í fyrstu yfirheyrslunni, yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, sem gekk afar hægt eins og verjendur voru óþreytandi að benda á.



### Afsláttur í Baugsmáli

„Nú þarf einhver að taka við að blogga um Baugsmálið því ég er hætt því,“ sagði athafnakonan Jónína Ben á bloggi sínu í gær. Ástæðuna fyrir því að hún er hætt skrifunum segir hún vera: „En nú held ég að þeir láti mig vera. Ég var þæg og góð við þá í réttarsalnum veitti þeim afslátt í öllum málum og nú á ég inni grið strákar!“ Hvort heppilegt sé að gefa sakborningum afslátt í réttarsal skal ósvarað. Menn geta þó samglaðst Jónínu þegar hún segir: „Ég er full af orku og gleði yfir því að þessum kafla í lífinu er alfarið lokið.“

### Frómir Íslendingar

Á heimasíðu tímaritsins Mannlífs má jafnan lesa skondnar ábendingar. Ein þeirra furðulegri er að á stærstu vefleitarvél veraldar Google.com sé hægt að sjá hvaða lönd og borgir leita að tilteknu efni.

Þegar www.google.com/trends er slegið inn er hægt að setja inn leitarorð. Það sem vekur athygli Mannlífsmanna helst er að þegar „animal porn“ er sett sem leitarorð kemur fram að þeir sem mest leita að þessu efni eru íbúar Trínídad og Tóbagó og Íslendingar. Þetta þykja ótíðindi enda hafa Íslendingar reynt að marka sér sess sem fróm þjóð. Skemmst er að minnast þess þegar forráðamenn Bændahallarinnar á Hótel Sögu úthýstu klámframleiðendum.

**karen@frettabladid.is**

# Vistvæn stóriðja



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**
**Í DAG** | Umhverfismál

Þegar ferðamenn sigldu inn á Reykjavíkurhöfn fyrir seinna stríð, sáu þeir þykkan kolamökk liggja yfir borginni. Þetta breyttist, eftir að bæjarbúar tóku að dæla heitu vatni úr iðrum jarðar, leiða það í pípur um hús sín og hita þau þannig upp. Loftið yfir borginni varð skyndilega hreint. Íslendingar eru líka svo heppnir, að hér má vinna raforku með vatnsafli, svo að ekki þarf að brenna olíu eða kolum í því skyni. Það er við slíka brennslu annars staðar, sem koltvísýringur er losaður út í andrúmsloftið, en margir hafa af því áhyggjur, því að þeir telja með réttu eða röngu, að við það hlýni jörðin óhóflega.

Furðulegt er að ólmast gegn vatnsaflsvirkjunum í nafni náttúruverndar. Þær eru mengunarlausar ólíkt flestum öðrum orkugjöfum. Með þeim er líka notuð endurnýjanleg auðlind, en ekki gengið á snefilefni. Eini annmarkinn, sem kann að vera á slíkum virkjunum frá sjónarmiði náttúruverndarsinna, er, að talsvert land fer sums staðar undir vatn. En við höfum nóg af landi ólíkt orku. Það er meiri prýði að vötnum en grjóti. Raunar má nefna, að Elliðavatn er að mestu leyti uppistöðulón, og Þingvallavatn og Mývatn mynduðust bæði, þegar eldgos stífluðu ár.

Raforkan íslenska er að mestu leyti seld til ál- og járnblendiframleiðslu. Náttúruverndarsinnar ættu að fagna aukinni álframleiðslu af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er þessi málmur léttur, svo að flugvélar og önnur farartæki þurfa því minna eldsneyti sem stærri hluti þeirra er úr áli. Í þeim skilningi er ál vistvænt. Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóri, telur, að álið, sem framleitt er á Íslandi, hafi árið 2004 sparað losun á 1.628 þúsund tonnum af koltvísýringi og ígildi þess út í andrúmsloftið. Þar eð áliðnaður á Íslandi losaði sjálfur það ár 446 þúsund tonn út í andrúmsloftið, nam hreinn ávinningur af íslenskum álbræðslum frá þessu sjónarmiði séð 1.182 þúsund tonnum.

Í öðru lagi breytum við Íslendingar engu um eftirspurn eftir áli.

*Öfgafulla náttúruverndarsinna ætti ef til vill frekar að kalla náttúrudýrkendur, því að þeir hafna því boðorði fyrstu Mósebókar, að mennirnir eigi að gera náttúruna sér undirgefna, nýta sér fiska loftsins, fugla sjávarins og önnur gæði, þar á meðal auðvitað jarðvarma og vatnsafl.*

Ef það er ekki unnið með rafmagni úr íslenskum vatns- eða gufuaflsvirkjunum, þá er það framleitt erlendis með brennslu á eldsneyti, sem hefur í för með sér stórkostlega losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Talið er, að með því að framleiða álið hér sparist 3.474 þúsund tonn af koltvísýringi, sem ella hefði verið losað út í andrúmsloftið annars staðar í heiminum.

Við erum vitaskuld öll hlynnt náttúruvernd í þeim skilningi, að við viljum tryggja, að virkjanir óprýði ekki umhverfið og verksmiðjur óhreinki það sem minnst. Við viljum hreint loft og tært vatn. Það fáum við ekki með því að stöðva alla framþróun og hætta nýtingu náttúrunnar, eins og sumir krefjast, heldur með því að gera einkaaðila ábyrga fyrir slíkri nýtingu, svo að hún verði skynsamleg. Það tekst best með myndun einkaeignarréttar á einstökum náttúrugæðum, því að þá verðleggja menn þessi gæði. Þá taka þeir náttúruna með í reikninginn. Þetta er kjarninn í grænni frjálshyggju.

Náttúran er eins og auðurinn góður þjónn, en vondur húsbóndi. Öfgafulla náttúruverndarsinna ætti ef til vill frekar að kalla náttúrudýrkendur, því að þeir hafna því boðorði fyrstu Mósebókar, að mennirnir eigi að gera náttúruna sér undirgefna, nýta sér fiska loftsins, fugla sjávarins og önnur gæði, þar á meðal auðvitað jarðvarma og vatnsafl.

Stórvirkjanir stuðla ekki aðeins að náttúruvernd, heldur líka festu í atvinnumálum. Enginn fer með þær, en fjármagn má flytja milli landa með einu pennastriki. Einu frambærilegu rökin gegn því að virkja Neðri-Þjórsá og selja raforkuna til tveggja eða þriggja álvera eru, að það borgi sig ekki. Andstæðingar slíkrar virkjunar verða að sýna, að unnt sé að ávaxta það fé, sem lagt sé í hana, á hagkvæmari hátt. Það þarf að skoða fordómalaust. Hitt veit ég, að ákvarðanir um þetta verða ekki skynsamlegar, á meðan stjórnmálamenn ráða ferðinni og Landsvirkjun er ríkisfyrirtæki, hversu góðir sem stjórnendur þess eru. Ekki verður of oft á það minnt, að menn fara betur með eigið fé en annarra og að það, sem allir eiga, hirðir enginn um.

# Er syndandi fiskur gagnslaus?

**UMRÆÐAN**
Kvótakerfið



**LÝÐUR ÁRNASON**

Í aðdraganda kosninga sprettur nú upp lífleg umræða um sjávarútvegsmál og er það vel. Gott þingmannsefni Sjálfstæðisflokksins segir m.a. að syndandi fiskur í sjó sé gagnslaus, hann verði að nýta og til þess séu þeir bestir sem reynsluna hafa. Fljótt á litið spakmæli, hvorki viljum við arkitekta við skurðarborð né lækna við teikniborð. Það er því sjálfsagt að nýta þekkingarbrunn útgerðanna við veiðar og verkun í kringum landið.

En hvað gerist ef einhver deyr? Þá erfist nýtingarrétturinn eins og um eign sé að ræða, sonurinn er bílaáhugamaður og kaupir sér kappakstursbíl, dóttirin kvikmyndagerðarkona og vantar aura í næstu bíómynd. Söluandvirðið kemur sér auðvitað vel fyrir bæði en nýtist það upprunalegu atvinnugreininni? Og hvað með kaupandann sem ætlar að nýta veiðiréttinn sjálfur? Sá fær fyrirgreiðslu gegn veði í veiðiréttinum og skuldsetur sig verulega, hinn kaupandinn sem ætlar að leigja öðrum veiðiréttinn gerir það auðvitað í því augnmiði að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Í báðum tilvikum renna peningar út úr atvinnugreininni og veikja hennar stoðir.

Áður en fiskveiðar í kringum Ísland voru takmarkaðar mátti hver fiska að vild. Þó veiðitakmarkanir hafi ekki staðist væntingar hefðu óheftar veiðar vafalaust skilað þjóðinni uppurinni auðlind og mun verri stöðu en í dag. Þetta sýnir tvennt: Óveiddur fiskur í sjónum er ekki gagnslaus heldur forsenda og einnig hitt að yfirumsjón fiskimiðanna verður að vera í umboði þjóðarhagsmuna. Einkaframtak er jákvætt en óbeislað leiðir það oftar en ekki til skrumskælingar á sjálfu sér, nefni aðgang bankamanna að gömlu gengi í því sambandi.

Útgerðarmönnum er hins vegar nauðsynlegt að geta gengið að veiðiréttinum vísum, hann hafa þeir keypt og afraksturinn þeirra lífsafkoma. Fyrning hans gagnast því atvinnugreininni lítt. Eignarréttinn og erfðaréttinn þarf hinsvegar að endurskilgreina þannig að þjóðarhagsmunir verði ofan á. Þannig gætu þær útgerðir sem nýta veiðiréttinn sjálfar og eru með virka atvinnustarfsemi haldið því áfram óáreittar en annarskonar umsýsla leitað á önnur mið. Bollaleggingar ríkisstjórnarinnar í þessa veru hafa reyndar valdið illskiljanlegu uppnámi, ekki síst í ljósi útkomunnar sem bæði er óafgerandi og ótúlkandi. Afhverju það sé svona flókið að tryggja varanlegan eignarrétt þjóðar á auðlindum sínum vekur furðu en endurspeglar kannski ófrelsi þingmanna þegar til á að taka.

*Höfundur er heilbrigðisstarfsmaður.*

# ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!

**SÉR-TILBOÐ!**



Verð frá 32.900

## INNBYGGÐ WC

Innifalið í verði: Innbyggður WC kassi, WC skál með setu, sturtuspjald, affallsrör (beint eða bogið), barki fyrir vatnsinntak og festingar að ofan og neðan




Verð frá 23.900

## STURTUHORN í boga

Stærðir: 75 x 75 sm
80 x 80 sm
90 x 90 sm




Verð 56.900 stgr.

## BAÐINNRÉTTING 115x48 sm hvítt háglans

Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur, hár skápur og spegilskápur.



A002



A-001



A-105



A-163



A-155



B-C06



B14



SCC 004 30 x 30 sm



CAESAR



CINDYS

Verð frá 10.900

## HANDLAUGAR - mikið úrval



SCC-002 32 x 32 sm
SCC-003 26,5 x 26,5 sm



SCC-001 32 x 28,5 sm



TINA 40 sm

**Hannið ykkar baðherbergi - með vörum frá okkur**

**Mikið úrval blöndunartækja og innréttinga**

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# „Græn stóriðja“ á Húsavík raunhæfur möguleiki

**UMRÆÐAN**
Stóriðja

Fyrir skömmu var haldinn fundur á Húsavík vegna hugsanlegs álvers á Bakka norðan við bæinn. Þar flutti Þröstur Eysteinsson skógfræðingur, einkar áhugavert erindi um binding kolefnis með skógrækt og landgræðslu.

Aðstæður við Húsavík eru að mörgu leyti dálítið sérstakar ef álver við Húsavík er hugsað í stærra samhengi. Allir vita jú að nægjanleg orka í formi jarðvarma er í næsta nágrenni, þ.e.a.s. á Þeistareykjum og á Kröflusvæðinu. Annað sem skapar mikla sérstöðu er hve Þingeyrsýsla er stór að flatarmáli og gefur einstakt tækifæri vegna þess.


ANTON BENJAMÍNSSON

Rætt er um að fyrirhugað álver framleiði u.þ.b. 250.000 tonn/ári sem þýðir losun um 400.000 tonn/ári af koltvísýrlingi. Skv. erindi Þrastar Eysteinssonar þyrfti að gróðursetja skóg á 550 km² landsvæði (7,2 T CO2/ha/ár) til að vega á móti útblæstrinum. Það sem er áhugavert við þetta er að kostnaðurinn við þessa skógrækt er vel viðráðanlegur auk þess að skógurinn skapar tekjur síðar meir, verðmætara land og vinnu fyrir bændur í sýslunum. Hvað er þá í veginum? Ég tel að andstæðingar stóriðju megi kynna sér þennan kost áður en þeir fara að hamast af öllum mætti á móti þessari framkvæmd því þetta er raunhæfur möguleiki. Það er til lítils fyrir andstæðinga framkvæmdanna að slá um sig einn daginn og tala um gróðurhúsaáhrif sem hnattrænt vandamál, en næsta dag að hafna möguleika sem þessum. Hvað getum við betra gert fyrir þennan hnött en þetta fyrirhugaða álver með hreinni orku, og þar að auki að láta tré éta upp CO2 útblásturinn?

Mikið hefur verið rætt um vanda Vestfjarða upp á síðkastið, og það með réttu. Hinn ískaldi raunveruleiki er að Norðausturland er á nákvæmlega sömu leið og Vestfirðir ef ekkert verður að gert. Viljum við það? Vestfirðingar hafa ekki stóriðju en ætluða að efla atvinnulífið með „einhverju öðru“ eins og margir andstæðingar stóriðju segja að sé framtíðin! Þetta „eitthvað annað“ er bara svo fjári loftkennt og ótryggt. Stór meirihluti þeirra sem eru á móti stóriðju fær sín mánaðarlaun refjalaust frá ríki eða sveitarfélögum. Þeir eru ekki að lifa á þessu „einhverju öðru“ eins og þeir leggja til að almennir launþegar geri. Málið er hins vegar ekkert mikið flóknara en það að almennur launþegi vill einnig fá sín mánarlaun án refja og til þess þarf traust fyrirtæki, fjölbreytni í atvinnulífinu og öflugt samfélag.

Ég er umhverfissini og því styð ég álver á Húsavík. Tala nú ekki um ef við ræktum skóg því samfara til að nærast á útblæstrinum. Því eigum við að fylgja liði um þetta mál, bæði Norðausturlandi til góða sem og heiminum. Annars tel ég að við fáum „Vestfjarðafréttir“ af þessu svæði innan eins til tveggja ára.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Slippsins Akureyri ehf.*

# Er þjóðareign ríkiseign?

**UMRÆÐAN**
Auðlindaákvæði í stjórnarskrá


SKÚLI MAGNÚSSON

Hvort sem vér lítum til náttúrulegrar skynsemi [eða guðlegrar opinberunar] þá er fullljóst að Guð hefur […] gefið jörðina manna börnum, gefið hana mannkyni sameiginlega. […] (John Locke, Ritgerð um ríkisvald, Reykjavík 1986, bls. 66, upprunalega útg. 1689).

Það er alls ekki ný hugmynd að hvers konar gæði jarðar séu sameign mannkyns. Jafnvel má ganga svo langt og segja að ýmis óefnisleg gæði, t.d. hugvit og listræn sköpunarmáttur einstaklinga sé sameign í þessum skilningi. Í þessum skilningi eigum við Íslendingar landið okkar og allt sem á því er. Við eigum fjöllin, dalina og hafið umhverfis landið. Við eigum dýr merkurinnar og fiskinn í hafinu. Við eigum líka góð skáld, kvennalandslið í fótbolta, o.s.frv. Með orðinu „eign“ erum við hér einfaldlega að vísa til þess að við, sem tilheyrum íslensku samfélagi, höfum ríka sameiginlega hagsmuni af öllum framangreindum verðmætum.

Eitt virðist hafa farið á milli mála í þjóðmálaumræðu síðustu daga, en það er þetta: Framangreindar þjóðareignir, eða sameignir okkar, jafngilda ekki eignarrétti í lagalegri merkingu. Í fyrsta lagi samræmist það vel hugtakinu þjóðareign að einkaaðilar eigi eignarréttindi. Þjóðareign á auðlindum er ekki þjóðnýting á auðlindum. Það er t.d. ekkert skrýtið við það að jarðnæði á Íslandi sé þjóðareign, en jarðeigendur eigi jarðir sínar fullkomnum eignarrétti. Segja má að handhafar eignarréttar séu vörslumenn þjóðareignarinnar, svo notað sé orðalag heimspekingsins Jean-Jacques Rousseau. Í annan stað er það einfaldlega þannig að þau gæði sem falla undir þjóðareign eru misvel til þess fallin að vera andlag eignarréttar. Fiskurinn í sjónum getur t.d. verið þjóðareign þótt hann geti ekki verið lagaleg eign nokkurs án þess að hafa fyrst verið veiddur.

Auðvitað getur íslenska ríkið verið handhafi einkaeignarréttar eins og aðrir lögaðilar. Það er líka svo að íslenska ríkið á (í eignarréttarlegum skilningi), Þingvelli, þjóðlendurnar, hafsbotninn svo langt sem fullveldisréttur ríkisins nær, svo eitthvað sé nefnt. Hér er því í raun um ríkiseign að ræða en ekki þjóðareign í framangreindum skilningi.

*Eitt virðist hafa farið á milli mála í þjóðmálaumræðu síðustu daga, en það er þetta: Framangreindar þjóðareignir, eða sameignir okkar, jafngilda ekki eignarrétti í lagalegri merkingu.*

Nú er von að spurt sé: Hvað vilja þeir raunverulega sem telja að stjórnarskrárákvæði um „þjóðareign á náttúruauðlindum“ eigi að vera meira en skírskotun til sameiginlegra hagsmuna þjóðfélagsþegnanna? Vilja þeir ríkiseign á öllum auðlindum íslenskrar náttúru (að því marki sem þessar auðlindir geta verið andlag eignarréttar)? Vilja þeir einnig ríkiseign á hvers kyns nýtingarréttindum á auðlindum, t.d. fiskveiðiheimildum? Það er ekkert lagalega því til fyrirstöðu að koma þessum stefnumiðum í lagalegan búning. Þá þarf hins vegar að nota önnur og skýrari lagaleg hugtök en „þjóðareign“ eða „sameign þjóðarinnar“ á náttúruauðlindum.

*Höfundur er lögfræðingur.*

# Hvað má krónan kosta?

**UMRÆÐAN**
Íslenska krónan


BJARNI MÁR GYLFASON


ÓLAFUR DARRI ANDRASON

Mörg íslensk heimili og fyrirtæki eru að sligast undan háum vöxtum. Eðlilega velta margir fyrir sér hvort háir vextir á Íslandi séu náttúrulögmál. Verðum við einfaldlega að kyngja því að vextir séu alltaf miklu hærri hér en í öðrum Evrópulöndum, rétt eins og við þurfum að sætta okkur við óblíðara veðurfar?

Undanfarin ár hefur vaxtamunur við útlönd verið sérstaklega mikill. Stór hluti hans skýrist af miklum uppgangi og ójafnvægi í efnahagslífinu. Sú skýring dugar þó aðeins til að skýra hluta hans. Ekki er óvarlegt að áætla að um 3% stig þess vaxtamunar megi rekja áhættuálags í viðskiptum með krónuna vegna þess hve lítil og óstöðug hún er.

500 þúsund á hverja fjölskyldu

Einverjum kann að þykja 3% stig lítið en skoðum þá hvað krónan kostar okkur. Um síðustu áramót skulduðu heimilin í landinu 1.324 milljarða. Þar af voru 94% skuldanna í íslenskum krónum. Heimilin greiða því 37 milljarða í vaxtaálag vegna krónunnar. Það jafngildir um 500 þúsundum á hverja fjölskyldu!

Um áramótin skulduðu fyrirtækin rúmlega 1.100 milljarða í íslenskum krónum. Vaxtaálag vegna krónu kostar fyrirtækin því 35 milljarða króna á ári. Hluti þeirrar fjárhæðar fer út í verðlagið og endar hjá almenningi en hluti dregur úr hagnaði fyrirtækjanna. Samtals greiða íslensk heimili og fyrirtæki því um 72 milljarða á ári í sérstakt vaxtaálag vegna íslensku krónunnar. Þegar vaxtamunurinn er mikill, eins og um þessar mundir, er sú fjárhæð mun hærri.

Rétt er að taka fram að það er ekki hreinn kostnaður sem leggst á þjóðarbúið því að talsverðu leyti eru þetta lánakjör í viðskiptum milli Íslendinga. Vaxtagjöld sumra eru þannig vaxtatekjur annarra. Þetta skiptir auðvitað miklu máli fyrir tekjuskiptinguna í landinu. Krónan felur í sér tilfærslu tekna frá þeim sem skulda til þeirra sem lána.

Þessi mikli vaxtakostnaður leiðir til þess að æ fleiri taka lán erlendis á lægri vöxtum. Gallinn við erlendar lántökur er sá að þeim fylgir mikil gengisáhætta. Ef krónan fellur hækkar höfuðstóll lánsins í krónum. Það eru því helst fyrirtæki með tekjur í erlendum gjaldmiðlum, ríki, sveitarfélög og stærri fyrirtæki sem geta tekið lán erlendis og hafa bolmagn til að standa af sér gengissveiflur. Þess ber þó að geta að gengisáhættan kostar sitt. Metið hefur verið að kostnaður við gengisvarnir geti numið 0,5-3% af erlendum viðskiptum. Árið 2006 var verðmæti útfluttrar vöru og þjónustu 370 milljarðar en innfluttrar 570 milljarðar. Miðað við það gæti kostnaður við gengisvarnir numið 5-28 milljörðum krónum árlega.

Það eru einkum minni fyrirtæki og almenningur sem greiða háa innlenda vexti. Að undanförnu hafa smærri fyrirtæki og almenningur í vaxandi mæli tekið lán í erlendri mynt, þrátt fyrir gengisáhættuna. Því er ekki nema von að spurt sé: Er verið að verðleggja krónuna út af markaðinum?

Er evran lausnin?

Á það hefur verið bent að helstu kostir við upptöku evru séu stöðugleiki í efnahagsmálum, minni viðskiptakostnaður og lægri vextir. Með tilliti til hags launafólks er líklegt að áhrif þess að ganga í myntbandalag yrðu meiri sökum lækkunar viðskiptakostnaðar og almenns vöruverðs heldur en lækkunar vaxta. Því er eftir miklu að slægjast fyrir launafólk og fyrirtæki.

En er málið svo einfalt? Nei, ekki alveg. Evra verður ekki tekin upp án inngöngu í Evrópusambandið. Áður en af slíkri inngöngu verður þarf að gera grein fyrir ýmsum álitamálum. Upptaka evru þýðir einnig að við getum ekki lengur búið við sjálfstæða peningamálastefnu. Gagnrýnendur evru hafa bent á að upptaka hennar myndi takmarka svigrúm stjórnvalda til að takast á við hagsveiflur sem ekki eru í takti við hagsveiflur annarra Evrópuríkja. Þetta er réttmæt gagnrýni í sögulegu ljósi en hafa verður í huga að flest bendir til að ef við værum í myntsamstarfi með öðrum ríkjum hefðum við aukinn hag af því að færa viðskipti okkar enn frekar til þeirra landa. Þannig drægi sjálfkrafa úr líkum á að hagkerfi okkar væri úr takti við önnur Evrópuríki í þessu efni. Þörfin fyrir sjálfstæða peningamálastefnu yrði því ekki eins rík. Réttilega verður þó að benda á að reynsla undanfarinna ára sýnir að krónan er engin trygging fyrir því að við getum tekist á við ójafnvægið í hagkerfinu.

Ekkert eitt atriði getur haft jafnmikil áhrif á lífskjör almennings og starfsskilyrði fyrirtækja og upptaka evru. Það skiptir því miklu máli að hér á landi fari fram upplýst og fordómalaus umræða um kosti og galla evru. Þeir, sem hafna slíkri umræðu, hljóta að skulda okkur skýringar á afstöðu sinni í ljósi þess hve mikið er í húfi.

*Bjarni Már er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins og Ólafur Darri er hagfræðingur Alþýðusambands Íslands.*




Ertu á leið í Leifsstöð?
Komdu við í nýrri og glæsilegri verslun
OPTICAL STUDIO Í LEIFSSTÖÐ
15 MÍN. AFGREIÐSLA Á ÖLLUM ALGENGUSTU GLERAUGUM
SJÓNMÆLINGAR
LINSUR
SÓLGLERAUGU
Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ
Þjónustu- og ábyrgðaraðilar Optical Studio Smáralind og Keflavík.

## NÝ SKÓDEILD

Í Topshop í Smáralind hefur verið opnuð ný skódeild. Af því tilefni verður veittur 10 prósenta afsláttur af öllum skóm um helgina.



TILBOÐ 4

## BÓHEMBARINN

Eldhúsið á Barnum var opnað nýverið og er boðið upp á tólf spennandi rétti. Úrvalið spannar allt frá samlokum upp í heita pastarétti. Girnilegur matur og spennandi uppskriftir.



MATUR 2



## ALLT HITT

[ MATUR TILBOÐ ]

**Á** Heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði eru ræktaðar agúrkur með lífrænum aðferðum og lýsingu. Þær eru á borðum þar og þykja hið mesta lostæti. Einnig fer hluti framleiðslunnar á almennan markað. Heimild: Bændablaðið.

**Tösku** og hanskabúðin er meðal rótgrónustu verslana miðbæjarins og eflaust líta margir þar við þessa dagana og skoða úrvalið. Opið er til klukkan 16 á sunnudag.



**Hvítt** sex manna matarstell með gylltum brúnum og hömruðu mynstri á brúnunum er á tilboðsverði í Byko. Í því eru 39 stykki samtals og það kostar nú 5.990 en var á 8.990 áður.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 16. mars, 75. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.44 | 13.36 | 19.31 |
| Akureyri | 7.29 | 13.21 | 19.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



„Nú er það bara indverskt sem gildir," segir Áslaug Snorradóttir ljósmyndari. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kraftmiklar kryddblöndur

***Áslaug Snorradóttir ljósmyndari er nýkomin frá Indlandi og er undir sterkum áhrifum þaðan í sinni matargerð.***

„Í vetur hef ég verið sólgin í ýmiss konar feitmeti eins og gæsalifur og annað fínerí en ég var á Indlandi í síðustu viku og þar núllstilltist ég algerlega. Nú aðhyllist ég einkum kryddblöndur og konunglegt mjólkurbað. Ég er svo áhrifagjörn að í dag er það bara indverskt sem gildir, " segir Áslaug hlæjandi. Hún nefnir léttjógúrt og saltlausan ost sem dæmi um fæðutegundir sem hún heillaðist af í Indlandi, að ógleymdum höfugum kryddjurtum. „Það rifjaðist upp í ferðinni hvað indversku lækningafræðin eru frábær," heldur hún áfram. „Maður fær svo góða grænmetisrétti þar með öflugum kryddblöndum sem gera sitt fyrir kroppinn, bæði inn- og útvortis. Það sem er svo máttugt við ýmsar kryddjurtir er að þær eru svo hreinsandi og yngjandi. Túrmerik er til dæmis besti vinur húðarinnar," segir hún og sannfæringarkrafturinn er mikill.

Á síðu þrjú eru uppskriftir frá Áslaugu að yngingar-kryddblöndu sem hún blandar hreinsuðu smjöri og mælir með sé borðuð með eftirlætis grænmetisrétti, fiski eða korni. Einnig að saltlausum osti og lassa sem er frískandi morgunverðardrykkur.

*gun@frettabladid.is*



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
*Óteljandi möguleikar*
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is


**Hamborgarar** eru æði um helgar. Hvað er betra en að leyfa sér smá ruslfæði á föstudegi eftir vinnu yfir skemmtilegri bíómynd uppi í sófa?

veislutertur.is
Allar tertur á heildsöluverði

Frí heimsending
Stór-Reykjavíkursvæðinu
Sími 849 5004




FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Víngerð er okkar fag
Hjá okkur færðu:
- Allt til heimavíngerðar
- Góða þjónustu
- Faglega ráðgjöf
- Námskeið í heimavíngerð

Netverslun – Póstkrafa – Símapantanir
(Sendum hvert á land sem er)
áman
Áman ehf • Háteigsvegi 1 • 105 Reykjavík
Sími: 533 1020 • aman@aman.is • www.aman.is


Brokkolíbaka með salati og jógúrt-myntusósu.

# Bóhemabarinn á Laugavegi

***Fyrir þremur vikum var opnað eldhúsið á veitingahúsinu Barnum við Laugaveg 22, en staðurinn sjálfur var opnaður þann 20. maí í fyrra.***

Barinn, sem er á þremur hæðum, sameinar í senn bar, kaffihús og dansstað, en um helgar eru þar plötusnúðar sem halda fjörinu uppi fram á nótt. Kaffihúsið er hins vegar aðeins opið á daginn og eldhúsið er frá 11.30 til 21.00 á kvöldin.

Á matseðli Barsins eru tólf réttir og úrvalið spannar allt frá samlokum yfir í heita pastarétti. Þau heilsusömu geta pantað sér grænmetisböku, svanga fólkið á kost á hamborgara með frönskum eða heitum pastarétti og þau sem vilja bara eitthvað svolítið í gogginn geta til dæmis fengið sér djúpsteiktan camembert með ferskum ávöxtum og ristuðu brauði. Kaffið á Barnum er bragðmikið og gott, sérpantað frá Te og kaffi og kemur í ýmsum útfærslum.

Kokkur staðarins, Hermann Svendsen, er svo alvanur eldamennsku á kaffihúsum en hann hefur meðal annars starfað í eldhúsinu á Sólon og á veitingastaðnum Galileo. Stemningin á Barnum er frjálsleg og bóhemísk ef svo mætti kalla, en þangað koma margir ungir listunnendur af báðum kynjum. **-mhg**


Kjúklingasalat með engiferdressingu og tómat-rjómaosti.


Á Barnum er svolítið bóhemísk stemmning en þangað koma oft ungir listunnendur.


BBQ-kjúklingasamloka með skinku, beikoni og salati.


Djúpsteiktur Camembert með ferskum berjum og ristuðu brauði.



## Til hnífs og skeiðar
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# „Heitar“ skúffukökur

Bragðgóðar skúffukökur eins og þessar, með alvöru súkkulaði og óvæntum bitum af hnetum, engifer og chili, eru „inni“ þessa dagana. Þær eru jafngóðar með ískaldri mjólk við eldhúsborðið og með ilmandi glasi af góðu rauðvíni þegar kvöldar og hitna tekur í kolunum.

100 g smjör
150 g 50 -70 % súkkulaði
3 egg
2 dl púðursykur
2 dl hveiti
1 dl brasilíuhnetur
1 dl pekanhnetur
1 rauður chili
100 g sykraður engifer

**1.** Bræðið súkkulaði og smjör saman. Setjið sykur út í bráðina og hrærið vel í.
**2.** Saxið sykraða engiferinn og hneturnar nokkuð gróft. Fræhreinsið chilialdinið og skerið í litla bita. Þeytið eggin í skál og hellið súkkulaðibráðinni út í og blandið vel saman við eggin. Setjið næst hveitið, hökkuðu hneturnar, engiferið og chilibitana út í súkkulaðiblönduna. Hrærið nokkrum sinnum (ekki of oft) þar til blandan hefur jafnast vel.
**3.** Setjið bökunarpappír í djúpt ferkantað fat eða form (um 30x20cm) og hellið deiginu út á. Bakið við 160 gráður í um 30 mínútur. Takið formið þá út úr ofninum og kælið. Skerið skúffukökuna í ferninga.



# Nýr kóladrykkur

*Coca-Cola Zero er nýr sykurlaus kóladrykkur sem kominn er á markað.*

„Coke Zero drykkurinn er niðurstaða tilrauna Coca-Cola til að búa til drykk sem bragðast eins og venjulegt kók en er án sykurs. Hann er með meira afgerandi kólabragði en aðrir sykurlausir kókdrykkir á markaðnum,“ segir Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells sem framleiðir hinn nýja drykk hér á landi. Hann segir einnig æ fleiri vera meðvitaða um að heppilegt sé að draga úr sykurneyslu sinni og Coke Zero sé svar við því. Einkum sé drykknum ætlað að höfða til karlmanna því Coca-Cola light hafi náð mikilli hylli kvenna. „Merki um þessa áherslu eru umbúðirnar sem eru biksvartar og auglýsingaherferðin fyrir Coke Zero sem er talsvert beittari og meira ögrandi en fólk á almennt að venjast frá Coca-Cola,“ segir Árni.

Þess má geta að Laurie Mc Alister, forstjóri Coca-Cola í Skandinavíu, tekur þátt í að kynna drykkinn hér á landi, ásamt stórum hópi starfsmanna The Coca-Cola Company.






## Krydd, ostur og lassi

UPPSKRIFTIR ÁSLAUGAR SNORRADÓTTUR LJÓSMYNDARA

**YNGINGAR KRYDDBLANDA**
Borðuð með uppáhaldsgrænmeti, fiski eða korni
3 hlutar túrmerik
6 hlutar kóríander
6 hlutar fennelfræ
1 hluti svartur pipar
1 hluti fenugreek
snöggsteikið og kryddið í hreinsuðu smjöri.

**HREINSAÐ SMJÖR**
Íslenskt smjör (saltlaust, í grænum pakkningum) brætt í potti og látið malla á hellu í smástund eða þangað til það freyðir.
Froðan er veidd af og eftir er hreint smjör sem bragðast afar vel og þránar ekki í stofuhita.
Kryddsmjörið passar á allan mat svo sem gufusoðið grænmeti, hrísgrjón og fisk.

**INDVERSKUR SALTLAUS OSTUR**
Prótínríkur og góður í grænmetisrétti.
2 lítrar af mjólk eru hitaðir í potti og sítrónusafa eða ediki hellt út í til að hleypa mjólkina.
Vökvinn er síaður frá með því að hella úr pottinum gegnum hreinan klút. Klúturinn með massanum er settur í kalt vatn í 2 klukkustundir og eftir það er hann pressaður undir fargi.
Grillaður í stórum bitum eða hrærður smábrytjaður út í sósu.

**LASSI**
Yfirleitt með mangóbragði.
Jógúrt eða skyr þynnt með vatni og mangósafa.
Frábært er líka að mylja kóríanderfræ eða myntulauf út í.
Léttur og góður drykkur sem hafður er með sterkum grænmetisréttum og er mjög hressandi í morgunverð.

## Of mikið salt?

Of mikið salt getur eyðilagt bestu sósur. Ef þú hefur farið aðeins of geyst með saltbaukinn má reyna að skella kartöflu ofan í sósuna á meðan hún mallar. Kartaflan á víst að draga í sig mesta saltið.





allt heimili
Alla fimmtudaga

Er þetta ekki helgin til að dekra við sig og sína?


Smjörsteik að hætti Gallerí Kjöts

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -19 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 gallerikjot.is

**55%** Bónus hefur vinninginn í afslætti þessa viku með Egils 7up í tveggja lítra flöskum sem lækkar úr 169 í 78 krónur eða um 55%

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Allir á skauta
Skautaholl.is
Opið frá kl. 13 00 allar helgar

GREEN PEEL

ANDLITS LYFTING
Verð 12.200 kr
Tilboðsverð 9.900 kr
ef þú pantar í dag
Green peel andlitslyfting sem tekur einungis 4-5 daga.
Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk • 577 7007


HELGARTILBOÐ
KJÓLAR VIÐ BUXUR
ÁÐUR 5990
NÚ 2990
FLASH
Laugavegi 54, sími 552 5201

Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| BK beikon magnpakkning | 1.075 | 1.299 | 1.075 | 15 |
| BK helgarlamb m/sérvöldu kryddi | 1.289 | 1.722 | 1.289 | 25 |
| Haust hafrakex 250 g | 129 | 149 | 516 | 15 |
| Nescafé Red Cup 12x100 g | 239 | 299 | 2.390 | 20 |
| Nescafé Gull 6x200 g | 599 | 719 | 2.995 | 15 |
| Nescafé Gull 12x100 g | 329 | 399 | 3.290 | 20 |
| Nescafé Café Latte 12x140 g | 229 | 336 | 1.590 | 30 |
| Frón Kósí súkkulaðikex 200 g | 119 | 205 | 595 | 40 |
| Ora fiskbúðingur 1/2 dós 400 g | 179 | 239 | 448 | 25 |
| Hunts Sp. sósa Cheese& Garlic 751 g | 159 | 215 | 212 | 25 |
| Hunts Sp. sósa Garlic & Onion 751 g | 159 | 215 | 212 | 25 |
| Hunts Sp. sósa Ital. Saucage 751 g | 159 | 215 | 212 | 25 |
| Hunts Sp. sósa Four Cheese 751 g | 159 | 215 | 212 | 25 |

Tilboðin gilda til 21. mars

KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu krydduð lambasteik | 974 | 1.499 | 974 | 35 |
| Goða rauðvíns grísahnakki | 1.133 | 1.618 | 1.133 | 30 |
| Gríms salsa fiskur tortilla 280 g | 289 | 374 | 1.032 | 25 |
| Móa kjúklingalæri magnpk. | 365 | 609 | 365 | 40 |
| Móa kjúklingaleggir magnpk. | 365 | 609 | 365 | 40 |
| Goða súpukjöt lítill pk. | 374 | 499 | 374 | 25 |
| Kjörís heimaís vanilla/súkkulaði 2 l | 299 | 468 | 150 | 35 |
| Líf eplasafi | 53 | 79 | 53 | 35 |
| Frón María súkkulaði +20% 300 g | 123 | 145 | 410 | 15 |
| Frón Póló súkk.kex 20% meira 300 g | 161 | 189 | 537 | 15 |

Tilboðin gilda til 18. mars

NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nóatúns Bayoneskinka | 839 | 1.398 | 839 | 40 |
| Ítalskar nautahakkbollur tómat | 1.298 | 1.594 | 1.298 | 20 |
| Ungnautahamborgarar 120 g | 129 | 189 | 1.075 | 30 |
| Goða BBQ grísarif | 843 | 1.218 | 843 | 30 |
| Þykkvab. kartöflusal. m/sólþ.tóm&ólífum 400 g | 271 | 393 | 677 | 30 |
| Rana tortelli m/sveppum 250 g | 242 | 346 | 968 | 30 |
| Veronabrauð | 199 | 318 | 199 | 35 |
| VS lífrænt spelt spaghetti 284 g | 303 | 356 | 1.066 | 15 |
| Enrico´s lífræn marinara pasta 738 g | 239 | 281 | 324 | 15 |
| Brazzi appelsínusafi | 89 | 124 | 89 | 30 |

Tilboðin gilda til 18. mars

BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta ferskir kjúklingabitar | 298 | 447 | 294 | 35 |
| Móa grillaður heill kjúklingur | 489 | 675 | 489 | 30 |
| K.s lambahryggur frosinn | 999 | 1.298 | 999 | 25 |
| K.s lambafillet | 2.398 | 2.998 | 2.398 | 20 |
| K.s lambalundir | 2.398 | 2.998 | 2.398 | 20 |
| K.f lambalæri einiberja | 1.069 | 1.603 | 1.069 | 35 |
| Ferskt ungnautahakk innflutt | 779 | 1.168 | 779 | 35 |
| Bónus kornbrauð 1 kg | 89 | 129 | 89 | 30 |
| Freschetta ostapizza 780 g | 298 | 498 | 382 | 40 |
| K.f hrásalat 350 g | 98 | 159 | 98 | 40 |
| Egils 7up 2 l | 78 | 169 | 39 | 55 |

Tilboðin gilda til 18. mars

FK FJARÐARKAUP ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambahryggur úr kjötborði | 998 | 1.298 | 998 | 25 |
| FK Bayonneskinka | 1.030 | 1.408 | 1.030 | 25 |
| FK grill svínakótilettur | 1.098 | 1.730 | 1.098 | 35 |
| Blandað hakk frá Kjöthúsinu | 698 | 928 | 698 | 25 |
| Ferskur kjúklingur fra Matfugli 489 | 699 | 489 | 30 | |
| Humar skelbrot 450 g | 624 | 832 | 1.386 | 25 |
| Pepsi max 2 l | 89 | 149 | 45 | 40 |
| Pepsi max lime 2 l | 98 | 159 | 49 | 40 |
| Seven up 2 l | 98 | 159 | 49 | 40 |

Tilboðin gilda til 17. mars

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautalundir íslenskar úr kjötborði | 2.998 | 3.753 | 2.998 | 20 |
| Bláberjalegið lambasirloin úr kjötborði | 1.298 | 1.875 | 1.298 | 30 |
| Hamborgarar 4 stk. m/brauði | 349 | 498 | 87 | 30 |
| Nautahakk | 869 | 1.449 | 869 | 40 |
| Nautafile | 2.239 | 3.198 | 2.239 | 30 |
| Holta kjúklingabringur | 1.757 | 2.511 | 1.757 | 30 |
| Holta kjúklingalæri með legg | 393 | 605 | 393 | 35 |

Tilboðin gilda til 18. mars



Innréttingarnar í Fríformi eru danskar og heita Nettoline.

# Innréttingar í öll herbergi hússins

***Fríform að Askalind 3 í Kópavogi selur danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins á 20 prósenta afslætti.***

Innréttingar af gerðinni Nettoline eru á tilboði hjá Fríformi í Askalind 3. Þær eru seldar ósamsettar en fyrirtækið tekur að sér uppsetningu og fullnaðarfrágang ef óskað er. Innréttingarnar passa í anddyri, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús og eru í háum gæðaflokki. Fataskáparnir eru bæði með rennihurðum og þeim sem opnast út. Afslátturinn í Fríformi nemur 20 prósentum af upphaflegu verði og gildir til 20. mars. Á þeim tíma er líka veittur 20 prósenta afsláttur af Snaigé raftækjum þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu.

# Ný skódeild hjá Topshop

Topshop hefur opnað nýja skódeild í Smáralind. Í tilefni þess er 10 prósenta afsláttur af öllum skóm og geta viðskiptavinir hreppt skópar að eigin vali í skóleik Top Shop um helgina.

Top Shop hefur opnað nýja skódeild í Smáralind og fagnar með skóleik og tíu prósenta afslætti af öllum skóm um helgina. Heppnir þátttakendur í leik Top Shop fá að launum skó frá verslununni. Verslunin er opin á opnunartíma Smáralindar. www.smaralind.is



Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!
20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 20. mars.


Fríform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

# Lagersala í Tekk Company

***Fram á sunnudag er hægt að gera góð kaup á lagersölu Tekk Company. Afslátturinn er 50 til 80 prósent.***

Í lagerhúsnæði Tekk Company í Holtagörðum fer nú fram lagersala. Vörurnar sem eru til sölu eru sýnishorn úr verslun, útlitsgallaðar vörur og vörur sem eru að hætta í sölu. „Þetta er gott tækifæri til að gera góð kaup,“ segir Telma Birgisdóttir, eigandi verslunarinnar. „Þetta eru ýmsar vörur eins og borð, skápar, skenkir og sófaborð, eiginlega öll línan. Margar vörur enn í kassa og það detta inn nýjar vörur daglega.“

Afslátturinn á vörunum nemur 50 til 80 prósentum og er opið í dag frá 12 til 18, laugardag frá 10 til 16 og á sunnudag 12 til 16. *- tg*



Á lagersölum er hægt að gera góð kaup, og er þá oft gott að vera með þeim fyrstu.

# Veisluvörutilboð

***Lotus Professional pappírsvörur eru á tilboðsverði hjá Rekstrarvörum í mars.***



Rekstrarvörur eru með ýmis tilboð í hverjum mánuði og í mars eru það Lotus Professional pappírsvörurnar sem eru á tilboðsverði.

Hjá Rekstrarvörum má til dæmis fá Lotus Lin-Style servíettur og dúka úr hágæða pappír í ýmsum litum á veisluborðið og kosta fimmtíu servíettur í pakka 794 krónur í mars og dúkur á rúllu 2.631 krónu.

# Afsláttur í fjóra daga

***Afmælistilboð í golfversluninni Hole in One.***

Í tilefni af fimm ára afmæli Hole in One verða tilboð í versluninni næstu fjóra daga. Golfkerra úr stáli sem kostaði áður 3.600 kr. fæst nú á 1.630 kr. Foot-Joy Contour skór sem kostuðu áður 12.900 kr. eru nú á 9.675 kr. Topflite XL Distance golfkúlur, áður á 2.520 kr. eru nú á 1.386 kr. Þá er fátt upp talið. Hole in One er í Bæjarlind 1-3 í Kópavogi. Verslunin er höfð opin mánudaga til föstudaga frá kl. 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 10.00 til 16.00 og sunnudaga frá kl. 12.00 til 16.00. Nánar á holeinone.is.



Tilboðsdagar í Hole in One.





allt matur
Alla föstudaga



Helgartilboð!
Rauðspretta með rækjutopp
á aðeins
990 kr./Kg
Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir
Búðarkór 1/ Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

# sirkus

16. mars 2007

**Björgólfur Thor fertugur**

Býður vinum og vandamönnum í fimm daga óvissuferð í lok mánaðarins en eyðir afmælisdeginum með konu og barni.



**Bls. 2**

**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir**

Með heimatilbúinn hatt á árshátíð RÚV

**Bls. 4**



Arna Sif Þórsdóttir hefur barist við átröskun í sex ár og það er fyrst nú sem hún viðurkennir veikindi sín



SIRKUSMYND/PJETUR

# TEKST Á VIÐ TÓMLEIKANN
## sem sjúkdómurinn skilur eftir sig

VIÐTAL BLS. 6


**Hlaðnir gemsar**

Með Nokia og Sony-Ericsson símum frá Símabæ fylgir handbók á íslensku. Notendaviðmót er í öllum tilfellum íslenskt.




Símabær

Símabær - Síðumúli 31 - Reykjavík - 533-2700 - www.simabaer.is

# fréttir

## Heyrst hefur

### Saman á Galileó



Skötuhjúin **Halla Vilhjálmsdóttir** og **Kristján Ragnar Kristjánsson** virðast hafa fundið ástina á nýjan leik eftir að hafa hætt saman fyrir skömmu. Það sást til turtildúfnanna á ítalska veitingastaðnum Galileó á föstudagskvöldið eftir X Faktor-þáttinn þar sem þau snæddu saman og létu vel hvort að öðru. Ekki er langt síðan Halla sást á öðrum veitingastað í borginni með ekki ófrægari manni en Jude Law en hún virðist hafa kastað sér í faðm athafnamannsins Kristjáns á nýjan leik.



### Fór í splitt í hléinu



Og meira af **Höllu Vilhjálmsdóttur** því hún hefur verið gagnrýnd nokkuð fyrir frammistöðu sína sem kynnir í X Faktor-þáttunum. Hefur mörgum þótt hún vera fullstíf en slíkt var ekki uppi á teningnum síðastliðið föstudagskvöld. Þá lék hún á als oddi, sérstaklega í auglýsingahléunum og fór létt með að halda góðri stemningu meðal áhorfendanna í sal á meðan beðið var ásamt Eyþóri sviðsstjóra. Halla lét meðal annars undan stífri pressu áhorfenda og skellti sér í splitt í prinsessukjólnum sínum við mikinn fögnuð.

### Fjórir fara til London



Þeir fjórir keppendur sem komast áfram í X-Faktor í kvöld, föstudagskvöld, munu halda til London og dvelja þar um helgina. Það er því til mikils að vinna fyrir keppendurna enda ætti slík ferð að verða eftirminnileg. Ekki skemmir heldur fyrir að **Einar Bárðarson**, einn þriggja dómara keppninnar, hefur verið með annan fótinn í London undanfarin misseri og þekkir borgina eins og handarbakið á sér. Hann væri því örugglega fyrirtaks leiðsögumaður fyrir hópinn.



### Með sitt eigið lag fyrir hringingu

**Sveinn Rúnar Sigurðsson**, höfundur Eurovision-lagsins Ég les í lófa þínum sem verður framlag okkar Íslendinga þetta árið í Helsinki í maí, nýtir hvert tækifæri sem gefst til að kynna lagið. Boðið hefur verið upp á bút úr laginu sem hringitón fyrir farsíma og var Sveinn ekki lengi að hlaða bútnum niður þegar það bauðst. Lagið hljómar nú í hvert skipti sem sími Sveins Rúnars hringir og segir sagan að hann syngi með í hvert sinn.





**ENGINN ELTON** Ekki virðist líklegt að Björgólfur Thor feti í fótspor **Ólafs Ólafssonar** sem fékk sjálfan **Elton John** til að syngja fyrir sig í fimmtugsafmæli sínu í janúar. Fótspor bankamannsins **Ármanns Þorvaldssonar** í London verða heldur ekki fetuð en hann fékk **Duran Duran** til að spila í nýársveislu sinni.

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON VERÐUR FERTUGUR Á MÁNUDAG

# BÝÐUR VINUM OG VANDAMÖNNUM Í FIMM DAGA ÓVISSUFERÐ

Milljarðamæringurinn Björgólfur Thor Björgólfsson, sem er ríkasti maður Íslands og númer 249 á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir ríkustu menn heims, fagnar fertugsafmæli sínu næstkomandi mánudag, 19. mars.

Miðað við umfang þeirra veislna sem auðkýfingar landsins hafa haldið undanfarna mánuði hefði mátt búast við því að Björgólfur Thor myndi leigja Egilshöllina og fá Rolling Stones eða U2 til að spila í afmælinu en slík verður ekki raunin. Heimildir Sirkuss herma að Björgólfur Thor sé nú farinn í langþráð frí með unnustu sinni Kristínu Ólafsdóttur og barni þeirra og muni eyða afmælisdeginum með þeim fjarri Íslandi. Hann ætli sér síðan að bjóða vinum og vandamönnum í fimm daga óvissuferð í lok mánaðarins.

Þegar Sirkus hafði samband við Ásgeir Friðgeirsson, talsmann Björgólfs Thors, sagðist hann ekki vita mikið um fyrirhugaðan afmælisfagnað. „Mér er nú líka haldið í óvissu enda er þetta óvissuferð," segir Ásgeir og hlær. Hann gat þó staðfest að Björgólfur Thor myndi bjóða í óvissuferð út í heim.

Ásgeir gat hins vegar engan veginn sagt til um hversu margir væru boðnir í afmælisfagnaðinn. „Ég veit lítið en þetta hlýtur að skýrast eitthvað þegar nær dregur," segir Ásgeir.

Heimildir Sirkuss herma að þota muni fljúga gestum Björgólfs Thors frá Reykjavíkurflugvelli fimmtudaginn 29. mars næstkomandi og er áætluð heimkoma mánudaginn 2. apríl.

Allt ætlaði um koll að keyra í janúar þegar annar auðkýfingur, Ólafur Ólafsson, oftlega kenndur við Samskip, hélt upp á fimmtugsafmæli sitt. Ólafur gerði sér lítið fyrir og fékk sjálfan Elton John til að spila í afmælinu. Það uppátæki kostaði Ólaf um sjötíu milljónir og vakti töluverð viðbrögð í þjóðfélaginu. Ekki má heldur gleyma bankamanninum Ármanni Þorvaldssyni sem bauð vinum sínum og vandamönnum í óvissuferð í nýársveislu sinni í London.

*oskar@frettabladid.is*



**EKKI PLÁSS** Það er ólíklegt að Björgólfur Thor geti komið öllum gestunum fyrir í stórglæsilegri einkaflugvél sinni.



**MEÐ VINI OG VANDAMENN Í ÓVISSUFERÐ** Milljarðamæringurinn margfaldi **Björgólfur Thor Björgólfsson** býður vinum sínum og vandamönnum í óvissuferð í tilefni fertugsafmælis síns á mánudaginn næsta.

# „Við vorum slefandi yfir Jógvan"

„Ég held með Jógvan," segir Bríet Sunna Valdemarsdóttir en hún og Ína Valgerður Pétursdóttir mættu saman í Vetrargarðinn í Smáralind síðasta föstudag til að horfa á X-faktor. Stelpurnar kynntust í fyrra þegar þær tóku þátt í Idol-stjörnuleit og hafa verið vinkonur síðan. Bríet Sunna segir hinn færeyska Jógvan frábæran söngvara og alveg ægilega sætan. „Við vorum alveg slefandi yfir honum," segir hún hlæjandi og Ína tekur undir að Jógvan sé rosalega sætur. „Ég held samt ekki með neinum sérstökum nema þá helst Gís en Íris í Gís er vinkona mín. Kærastinn hennar er frá Húsavík og svo kynntumst við í Idolinu í fyrra en Íris komst í 35 manna hópinn."

Stelpurnar eru sammála um að þótt X-faktor sé skemmtileg keppni hefðu þær ekki viljað skipta sinni reynslu í Idolinu út fyrir þátttöku í X-faktor. „Þetta er allt öðruvísi þáttur," segir Bríet Sunna og Ína tekur undir. „Það er eiginlega ekki hægt að líkja þeim saman. Mér finnst þessi þáttur skemmtilegur en það er margt sem var sniðugra í Idolinu og svo öfugt." Aðspurðar hvern þær telji eiga eftir að standa uppi sem sigurvegara segja þær allt geta gerst. „Það er erfitt að keppa í söng og þetta er í rauninni bara vinsældakosning. Stundum eru úrslitin alveg út í hött alveg eins og í Idolinu. Þetta er svo lítið land og það er erfitt að segja hvernig þetta fer."

*indiana@frettabladid.is*



**VINKONUR** Idolstjörnurnar Bríet Sunna og Ína Valgerður skelltu sér í Vetrargarðinn og fylgdust með X-faktor. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR



**ÍNA HELDUR MEÐ GÍS** Íris, sú dökkhærða í GÍS, er vinkona Ínu Valgerðar. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR

**LANGSÆTASTUR** Ínu og Bríeti finnst hinn færeyski Jógvan langsætastur sem er kannski skiljanlegt þar sem hann er eini karlmaðurinn sem eftir er. SIRKUSMYND/SIGURJÓN RAGNAR

metasys

# SNILLDAREFNI MEÐ ALLRI HREYFINGU OG LÍKAMSRÆKT!

**Hér á landi er Metasys orðið gríðarlega vinsælt efni fyrir þá sem vilja grennast og auka orku og úthald.** Fjöldi fólks hefur vitnað um reynslu sína af Metasys og hægt er að kíkja inn á www.metasys.is og sjá brot af nokkrum reynslusögum. Í Belgíu er Metasys einnig mjög vinsælt og er eitt mest selda fæðubótaefnið hjá líkamsræktarstöðvum þarlendis enda er Metasys algjört snilldarefni með allri hreyfingu og líkamsrækt. Það er mjög orkugefandi, andoxunarríkt og brennsluaukandi. Nefna má að karlmönnum hentar ekki síður Metasys og eru oftar fljótari að ná af sér kílóum en konur og þeir sem hafa setið upp með þrjóska bumbu hafa náð undraverðum árangri. Okkur hefur áskotnast þrjár mjög spennandi árangurssögur frá sprækum körlum í Belgíu.

## Fabien Hauquier, vann keppnina Mr. Zeus of the World 2004

sem myndi útleggjast sem Guð alheimsins enda pilturinn ansi laglegur og rennilegur. Hér kemur stutt frásögn hans. “Eftir að ég vann keppnina fékk ég marga samninga sem fyrirsæta og urðu freistingar margar og fylgdi tittlinum mikið af veislum, partýum og fullmargir kokteilar. Það var ekki mjög spennandi að bera titilinn allur kominn úr lagi með skvap og bauga. Ég tók mig taki og fór í ræktina og var þá verið að kynna Metasys. Ég get hiklaust sagt að það sé undraefni. Ég tók 6 mánaða kúr þ.e. 4 hylki á dag ásamt líkamsræktinni og losnaði við 6 kg. og 4 sm um mittið. Ég er sem sagt komin í gott form og hef aldrei verið orkumeiri og betur á mig kominn. Ég skellti mér í keppnina “Herra heimur 2006-2008” og lenti í öðru sæti og í kjölfarið fékk ég stóran samning sem aðal módel fyrir Evrópsku keðjuna C&A. Tek áfram inn Metasys og þá minni skammt þar sem það gefur svo góða líðan. Ekki spurning Metasys virkar! “

Fabien Hauquier

PS! Fabien stefnir á að koma til Íslands snemma í vor eða sumar.



## Eric De Prins
## Eigandi líkamsræktastöðvar í Andverpen

Sem forsvarsmaður og eigandi líkamsræktarstöðvar hefur verið óþægilegt að mæta á svæðið með þó nokkur aukakíló og verandi oft hálf slappur, þrátt fyrir að vera duglegur að hreyfa mig. Var kynntur fyrir Metasys fyrir rúmum 3 árum og hef notað það reglulega síðan. Er komin fantaform, fullur af orku og hef losnað við 12 kg. og 6 sm. í mittið. Það sem mun merkilegra er að ég er haldinn mjög slæmum þarmas-júkdómi sem kallast Chron’s og hef þurft að nota stera til þess að halda sjúkdóminum niðri. Eftir að ég hóf að taka inn Metasys þá finn ég nánast ekkert fyrir meininu og þarf ekki lengur að nota stera. Mér finnst það kraftaverk og er öflugur talsmaður Metasys og sel það í minni líkamsræktarstöð og eru viðskiptavinir mínir ekki síður ánægðir. Eric De Prins



## Leo Van Der Elst, fyrrum landsliðleikmaður belgíska knattspyrnulandsliðsins og skoraði m.a. mark í heimsmeistarakeppninni í Mexico 1986

Ég hætti að spila knattspyrnu fyrr 10 árum og stofnaði mitt eigið fyrirtæki og vann langan vinnudag borðaði óreglulega og oft skyndibita, notaði oft áfengi til að ná mér niður eftir erfiðan dag og var hreyfing af skornum skammti. Á sl.ári ákvað ég að taka mig taki og breyta um lífstíl enda kominn með þokkalega bumbu og mjög slappur.

Var kynntur fyrir Metasys og strax og ég hóf inntöku fann ég fyrir frábærri orkubreytingu og er nú ég laus við bumbuna góðu eftir aðeins 6 mánaða inntöku. Margir gamlir félagar úr bollanum eiga við sama vandamál að stríða og er ég óspar á það að segja þeim frá Metasys. Topp vara, þróað prógramm og klíniskt rannsakað!

Leo Van Der Elst



## Hvað er Metasys?

Metasys er einstakt efni unnið úr kjarna telaufsins með einstakri meðhöndlun, svokallaðri vatnsmeðhöndlun sem tryggir að heilnæmu katekólin tapast síður eins og þegar telaufið er þurrkað. Katekól er virka efnið í græna telaufinu og hafa rannsóknir sýnt fram á að ýmsa heilsufarslega ávinninga við reglulega notkun. Metasys er þróað sem þyngdarstjórnunar áætlun, með hverjum pakka fylgir íslensk matardagbók ásamt upplýsingum um hreyfingu og mataræði. Ath! flestir sem hefja notkun á Metasys vitna oft fyrst um bót á ýmsum heilsufarlegum kvillum eins og bjúg, betri húð, orkubót, minni lið og vöðvaverki svo eitthvað sé nefnt og síðast um hversu mörg kíló hafa fokið. Hægt er að lesa nokkrar frásagnir inn á www.metasys.is




**Þyngdarstjórnun - orka - úthald - árangur**

Kíktu inn á www.metasys.is

Metasys er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum, Hagkaup og Fjarðarkaup.

# fréttir

## Forbes 4 SEM HEFÐU GETAÐ KOMIST Á LISTA YFIR RÍKUSTU MENN HEIMS



### Jón Ásgeir Jóhannesson

Stærsti eigandi Gaums sem á um 2/3 af heimsveldinu Baugur Group. Gleymdist hann?



### Ólafur Ólafsson

Verðmæti hlutar hans í Kaupþingi einu er um 80 milljarðar sem er töluvert meira en sá 1 milljarður dala sem þarf til að komast á lista Forbes yfir ríkustu menn heims.



### Ágúst og Lýður Guðmundssynir

Bakkabræður líða örugglega fyrir að vera saman. Eignir þeirra eru ógurlegar í fjárfestingafélaginu Exista og hlaupa á um 170 milljörðum. Hversu mikið af því er hrein eign er erfitt að dæma um en sennilega það stór hluti að þeir eru alveg á bjargbrúninni að komast inn á listann.

SÍÐASTA ÁRSHÁTÍÐ RÚV Í NÚVERANDI MYND HALDIN Á HÓTEL LOFTLEIÐUM

# Ragnhildur Steinunn með heimatilbúinn hatt

Þetta var alveg meiri háttar gaman. Það var ótrúlega góð stemning og sennilega spilar það eitthvað inn í að þetta var síðasta árshátíð fyrirtækisins í núverandi mynd," segir fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir en hún var veislustjóri á árshátíð RÚV sem haldin var um síðustu helgi á Hótel Loftleiðum. Jóhanna Vigdís segir að mætingin hafi verið frábær og um 350 manns hafi verið þegar mest var. Sniglabandið lék fyrir dansi og afar góður rómur var gerður að spilamennskunni.

Jóhanna Vigdís mætti til leiks í hvítum kjól og skóm í stíl. „Ég keypti kjólinn í Mondo á Laugaveginum fyrir fjórum eða fimm árum. Hún var þá aðalkjólabúðin," segir Jóhanna Vigdís við Sirkus. Töskuna segir hún vera gjöf frá manninum sínum. „Þetta er Fendi, ansi fín taska. Hann sá um að kaupa hana. Ég er með töskudellu á háu stigi," segir Jóhanna Vigdís.

Allar helstu stjörnur stofnunarinnar mættu á hátíðina og mátti þar meðal annars sjá Kastljósdrottninguna og Eurovision-kynninn Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur ásamt unnusta sínum Hauki Inga Guðnasyni fótboltakappa úr Fylki. Ragnhildur Steinunn var afar glæsileg í bleikum kjól og aðspurð sagði hún kjólinn vera frá Birtu Björns í Júníform.

„Ég var svo heppin að Birta hringdi í mig þegar ég var í klippingu og sagðist vera með kjól fyrir mig á árshátíðina. Ég þurfti ekki að hugsa mig um tvisvar," segir Ragnhildur Steinunn en er þó enn ánægðari með bleika hattinn sem hún bar á höfðinu. „Ég bjó þetta sjálf til og er greinilega með dulda listræna hæfileika. Ég held að ég hafi náð að spara mér tíu þúsund krónur með því. Sigmar, félagi minn í Kastljósinu, kallaði hann bleikan fuglaflensuhatt og það er kannski réttnefni," segir Ragnhildur Steinunn í samtali við Sirkus.

Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, var einnig mættur á svæðið ásamt sinn heittelskuðu, flugfreyjunni Brynju Nordqvist. Brynja var stórglæsileg í kjól frá Stellu McCartney og með Chanel-tösku. „Ég keypti kjólinn í London fyrir árshátíð Flugleiða," segir Brynja í samtali við Sirkus. Athygli vakti að Þórhallur var ekki með bindi líkt og flestir karlmenn á hátíðinni en Brynja segist vera sátt við hann þannig. „Það er ekki hægt að fá hann til að vera með bindi. Bolli vinur hans gaf honum einu sinni svart bindi en það endaði í einhverri söfnun. Hann setti það einu sinni upp á jólum en það var farið áður en gengið var frá borðum," segir Brynja og hlær.

Páll Magnússon útvarpsstjóri lét sig ekki vanta og var með eiginkonu sína Hildi Hilmarsdóttur flugfreyju upp á arminn. Líkt og ævinlega voru þau óaðfinnanlega klædd. Aðspurð um kjólinn sem hún klæddist segist Hildur hafa keypt hann í New York fyrir árshátíð Flugleiða. „Við komumst reyndar ekki á þá árshátíð þar sem Páll var veikur og því frumsýndi ég kjólinn núna," segir Hildur við Sirkus. Hún segist þó ekkert hafa haft um föt Páls að segja þar sem Sævar Karl velur öll föt á hann. „Sævar er mikill smekkmaður og Páll fer í það sem honum er sagt að fara í. Hann hefur enga skoðun. Ég vel gallabuxurnar á hann og Sævar Karl jakkafötin," segir Hildur. *oskar@frettabladid.is*



**SÆT Í BLEIKU** Kastljósdrottningin Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir var sérstaklega glæsileg í bleikum kjól þegar hún mætti á árshátíðina með unnusta sínum, Hauki Inga Guðnasyni. SIRKUSMYND/HRÖNN



**SÆVAR KARL VELUR FÖTIN** Útvarpsstjórinn Páll Magnússon og eiginkona hans, Hildur Hilmarsdóttir flugfreyja, voru í sínu fínasta pússi á Hótel Loftleiðum á laugardaginn. Páll notar aðeins það besta eins og frægt er orðið og valdi Sævar Karl fötin á æðsta prest útvarpsins. SIRKUSMYND/HRÖNN



**VEISLUSTJÓRINN MEÐ TÖSKUDELLU** Fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og eiginmaður hennar Guðmundur Magnússon voru elegant. Jóhanna Vigdís var veislustjóri og mætti til leiks í hvítum kjól og skóm í stíl. Hún var að sjálfsögðu með tösku enda þekkt fyrir töskudellu sína. SIRKUSMYND/HRÖNN



**ALDREI MEÐ BINDI** Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, og kona hans Brynja Nordqvist flugfreyja voru glæsileg á árshátíðinni. Þórhallur var ekki með bindi frekar en fyrri daginn. SIRKUSMYND/HRÖNN





Útsölustaðir MAX FACTOR
HAGKAUP – Smáralind, LYF og HEILSA – Kringlunni, LYF og HEILSA Austurveri, LYF og HEILSA – Gjánni, Kóp., LYF og HEILSA Glæsibær, LYF og HEILSA - Fjarðarkaup, Hf., RIMA Apótek – Grafavogi, LYFJAVAL/Bílaapótekið – Hæðarsmára, Snyrtivöruverslunin NANA – Hólagarði, ÁRBÆJAR Apótek, GARÐS Apótek. Landið: LYF og HEILSA – Hrísalundi, Akureyri, KS – Sauðárkróki, TÖFF - Húsavík


ER ÞETTA Í LAGI?
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA -8149
Um 50 þúsund Íslendingum finnst í lagi að keyra eftir að hafa fengið sér einn. Finnst þér það í lagi?
Ölvaður ökumaður er alltaf í órétti ef hann lendir í umferðarslysi.
BARA EINN ER EINUM OF MIKIÐ
VÍNBÚÐ
UMFERÐARSTOFA

FEÐGININ ARNA SIF ÞÓRSDÓTTIR OG ÞÓR TULINIUS STANDA ÞÉTT SAMAN

# Það er til leið út úr átrösk-

Arna Sif Þórsdóttir er nítján ára. Hún hefur barist við anorexíu/búlemíu í sex ár. Sjúkdómurinn hefur farið illa með hana en það er loksins nú sem hún eygir von um að ná fullum bata. Hún hefur viðurkennt sjúkdóminn og berst við hann á hverjum degi með hjálp aðstandenda og stúlknanna hjá Forma-samtökunum. Dagarnir eru misjafnir en faðir hennar Þór Tulinius segist sannfærður um að dóttir sín nái fullum bata. Sirkus ræddi við feðginin um þetta dauðans alvörumál – átröskun.

Þetta byrjaði þegar ég var 13 ára. Ég upplifði þetta fyrst sem leit að einhverri stjórn út af vanlíðan og óánægju með sjálfa mig. Þetta var eltingarleikur við ímyndir og staðla sem ég hélt að ég þyrfti að uppfylla. Ég byrjaði að minnka við mig matinn og fór ofsalega mikið í líkamsrækt. Þetta byrjaði bara í venjulegri megrun sem varð alltaf aggressívari og aggressívari. Það varð alltaf meira og meira stjórnleysi. Síðan komu uppköstin og þá fór ég að reyna að komast í gegnum daginn án þess að borða. Á einhverjum tímapunkti breyttist allt og ég hætti bara að borða. Þá breyttist þetta hjá mér úr lotugræðgi (búlemíu) í átröskun."

Svona lýsir Arna Sif Þórsdóttir því hvernig líf hennar breyttist á örfáum mánuðum og hún fór frá því að vera heilbrigð ung stúlka í það að vera fársjúk manneskja sem var næstum búin að ganga af sjálfri sér dauðri á innan við tveimur árum.

### „Ég var bara sjúkdómur"

Það vildi henni sennilega til happs að hún var lögð inn til níu mánaða dvalar á barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL) en þangað komst hún ekki fyrr en hún var orðin helsjúk. Þá var hún orðin 39 kíló, langt undir sinni eðlilegu þyngd, og í raun bara skugginn af sjálfri sér.

„Fyrstu tvö árin voru þau erfiðustu. Það er staðreynd að flestir sem deyja vegna átröskunar fremja sjálfsmorð og það er mjög algengt. Hafi ég einhvern tíma verið í slíkri hættu þá var það þá en á sama tíma fékk ég nei frá kerfinu.

Ég var ekki nógu grönn, kastaði ekki nógu mikið upp eða notaði ekki nógu mikið af lyfjum. Það var ekki fyrr en ég var komin langt undir venjulega þyngd, ofboðslega mikið veik og heltekin sem ég komst inn.

Ég var ekki til. Arna var ekki til. Ég var bara sjúkdómur," segir Arna Sif og bætir við að hún hefði örugglega ekki þolað þrjá mánuði í viðbót ef hún hefði ekki fengið hjálp. „Ég var að líða út af á hverjum degi og þarna inni þyngdist ég töluvert þótt ég hafi misst flest kílóin aftur þegar ég kom út."

Arna Sif og faðir hennar Þór eru sammála um að vistin á geðdeildinni hafi gert henni gott þótt Þór sé þess fullviss að pottur sé brotinn í starfi þessarar ágætu deildar.

### Það þarf meiri pening

„Mitt mat er að þegar Arna dvaldi á BUGL þá var þar fullt af fólki sem vildi vel. Bæði læknar og sálfræðingar sem voru allir af vilja gerðir til að hjálpa henni. Þau voru hins vegar svo útjöskuð af vinnu að þau höndluðu þetta ekki. Það getur vel verið að þau geti svarað fyrir það og sagt þetta sé eitthvert kerfi og einhver aðferð en ég held að það sé staðreynd að BUGL er of lítil og of langir biðlistar. Hún þurfti öryggi, ró og markvissa vinnu en það var svo mikið að gera þarna að þegar við komum á fjölskyldufundi þá var óróleiki á staðnum vegna þess að það var svo mikið að gera. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram því að yfirvöld þurfa að leggja í mjög markvissa vinnu við að skilgreina þennan sjúkdóm og gera sérfræðingum úr heilbrigðisstéttinni kleift að vinna vel og við góðar aðstæður til að stemma stigu við þessu sívaxandi vandamáli. Hjá öðrum þjóðum er þetta komið eitthvað áleiðis og það er hægt að læra af þeim. Þar eru sérstakar meðferðarstofnanir fyrir þetta. Það verður að leggja meiri pening í þetta."

### Fengu mig til að trúa

Þór segir það þó deginum ljósara að enginn bati verði fyrr en sjúklingurinn sjálfur viðurkenni sjúkdóminn.

Eftir sex ára baráttu við lotugræðgi oglystarstol er loksins ljós í enda ganganna hjá Örnu Sif. Stúlkan sem byrjaði að minnka við sig matinn þegar hún var þrettán ára gömul og endaði síðan í níu mánaða innlögn á BUGL tveimur árum síðar, hefur viðurkennt sjúkdóminn og vinnur nú að því að endurheimta líf sitt til baka með hjálp stúlknanna Eddu Ýrar og Ölmu Geirdal hjá Forma-samtökunum og ekki síst foreldra sinna. Arna Sif tekur einn dag fyrir í einu en faðir hennar er þess fullviss að hún nái fullum bata.

„Ég var tilbúin til að gefast upp og lifa með sjúkdómnum til æviloka. Stelpurnar í Forma hafa komið mér á þann stað sem ég er í dag. Þær gáfu mér von, gáfu mér vilja og miðla mér af eigin reynslu. Ég áttaði mig á því að ég er ekki ein og áttaði mig á því að þetta væri hægt. Ég var búin að sætta mig við að lifa svona til æviloka sem sjúklingur en þær breyttu hugarfari mínu. Þær fengu mig til að trúa því að einhvern daginn gæti ég orðið heilbrigð og að einhvern daginn gæti ég eignast börn. Þær gáfu mér þetta allt og þær eiga alla viðurkenningu skilda," segir Arna Sif sem hóf hið nýja líf sitt og leiðina út úr vítahring átröskunar nú í janúar.

„Ég byrjaði ekki fyrr en í janúar. Þetta er mikið átak og ég sé ekki endilega framtíðina. Ég reyni frekar að taka einn dag fyrir í einu. Suma daga finnst mér þetta alveg ótrúlega vonlaust. Aðra daga get ég alveg séð mig fyrir mér heilbrigða. Ég vona bara að ég eigi eftir að geta borðað allan mat án þess að þurfa að stjórna því hvaða innihald er í honum, geta eiginlega borðað hugsunarlaust. Ég vona líka að alls konar hlutir sem koma í kjölfar sjúkdómsins, til dæmis í sambandi við barneignir, beinþynningu og tennur, verði í lagi. Í dag þarf ég að einbeita mér að því að þyngja mig sem er ekki auðvelt fyrir mig. Suma daga líður mér þannig að hver einasta skeið af súpu er hryllingur," segir Arna Sif.



NÁIN Feðginin Arna Sif og Þór eru saman á hverjum degi, fara í gönguferðir og spjalla saman. Þór trúir því að Arna Sif eigi eftir að vinna sigur í baráttunni gegn átröskun. SIRKUSMYND/PJETUR

„STELPURNAR Í FORMA HAFA KOMIÐ MÉR Á ÞANN STAÐ SEM ÉG ER Í DAG. ÞÆR GÁFU MÉR VON, GÁFU MÉR VILJA OG MIÐLA MÉR AF EIGIN REYNSLU."

### Upplifir tómleika

Aðspurð um hvað hún sé þung í dag segist hún ekki hafa farið á vigt lengi. „Ég hef ekki áhuga á því en ég myndi halda að ég væri 45 kíló í dag. Það sem er erfiðast fyrir utan það að takast á við matinn er það að ég upplifi gríðarlegan tómleika eftir að hafa lifað og hrærst í þessum sjúkdómi undanfarin sex ár. Ég verð að vera á fullu allan daginn til að fylla upp í tómarúmið þar sem sjúkdómurinn minn var. Ég átti engin áhugamál fyrir utan sjúkdóminn. Ég lifði og hrærðist í sjúkdómnum."

Hún neitar því þó ekki að þessi sex ár með sjúkdómnum hafa tekið sinn toll.

„Ég er með beinþynningu og hef ekki verið á blæðingum í fjögur ár. Það gefur mér þó von að margar stelpur sem hafa verið á svipuðum stað og ég hafa getað eignast börn."

Líf Örnu Sifjar hefur gjörbreyst eftir að hún horfðist í augu við sjúkdóminn. „Áður fyrr vaknaði ég klukkan sjö til að taka hægðalosandi lyf og fór síðan í vinnuna klukkan átta. Eftir að hafa verið með króníska losun allan daginn var farið heim eftir vinnu og borðað og ælt fram á kvöld. Svona var þetta dag eftir dag eftir dag. Þetta var bara lífsstíll. Ég var með endalausar hjartsláttartruflanir.

Í dag vöknum við, ég og pabbi, klukkan níu. Suma morgna er ég í viðtölum uppi á spítala en annars eyðum við morgnunum saman. Við förum í göngutúra og spjöllum saman. Síðan borðum við hádegismat. Eftir hádegið fer ég og hitti Eddu í Forma og eyði með henni nokkrum tímum. Á þriðjudagskvöldum fer ég á fundi hjá ákveðnum samtökum hér í bæ þannig að þetta er í raun og veru full vinna," segir Arna Sif sem vinnur náið með föður sínum í þessu ferli. Meðal þess sem Þór hefur gert til að geta stutt dóttur sína betur í gegnum þessi erfiðu veikindi er að draga úr vinnu sinni í leikhúsinu.

### Þetta er að koma

„Við erum að gera þetta saman. Ég hef auðvitað verið að lesa mér til um þetta í gegnum tíðina en á meðan hún hefur ekki verið með í leiknum að finna bataleiðina þá hefur það ekki haft neitt að segja. En um leið og hún er með þá fræðumst alveg rosalega mikið um þetta. Hún er að gefa ofboðslega mikið af sjálfri sér og er að koma til baka, það er að segja hún sjálf. Ég er alveg viss um að við erum á réttri leið og er sannfærður um það að það er hægt að komast út úr þessu. Konurnar ungu í Forma hafa sjálfar reynslu af þessu og þær geta miðlað af sinni reynslu. Þær eru kraftaverkakonur.

Ég er með það á hreinu að þetta er að koma hjá henni Örnu. Það er oft sagt að það taki jafnlangan tíma að koma til baka og það tekur að þróa sjúkdóminn en ég held ekki endilega að það sé satt. Ef fólk er tilbúið til að gefast upp og sleppa þá er útgönguleið. Það er þannig með þennan sjúkdóm eins og aðra fíknisjúkdóma að það þarf stöðugt að vera á varðbergi, það sem eftir er ævinnar. Það að láta undan sjúkdómnum er lausn á vanlíðan sem átröskunarsjúklingarnir þekkja og kunna og þess vegna geta þeir alltaf dottið í þennan pytt. En með viljann að vopni erum við að fræðast um þetta og læra nýjan lífsstíl. Þetta er dauðans alvara en það er til leið út," segir Þór og horfir til dóttur sinnar.

oskar@frettabladid.is

Fleiri greinar um átröskun á síðu 8

## Hringdi í Björk

**Þór hefur látið til sín taka á þessum vettvangi og kemur meðal annars að skipulagningu styrktartónleika Forma sem verða á NASA 1. apríl næstkomandi. Meðal þeirra sem þar koma fram er Björk Guðmundsdóttir. Þór sagðist hafa hringt í hana og hún hafi verið boðin og búin að leggja þessu málefni lið.**

**„Það eru allir ofboðslega jákvæðir og vilja styðja við bakið á okkur," segir Þór.**

**Auk Bjarkar munu meðal annars KK, Mugison, Magga Stína, Lay Low og Pétur Ben flytja tónlist en síðan munu Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra, Vilhjálmur Vilhjálmsson borgarstjóri, Matthías Halldórsson landlæknir og alþingiskonurnar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kolbrún Halldórsdóttir lesa upp úr dagbókum anorexíusjúklinga.**



KLÁR Í BÁTANA Þór Tulinius segir að það hafi verið létt verk að fá Björk Guðmundsdóttur til að koma og syngja á styrktartónleikum Forma.

# MAX

*Frábær tækjakaup*

## Landsins mesta úrval raftækja á lágMAXverði

**149.999 kr.**

Fullt verð ~~169.999~~

32 tommur

**Philips 32PFL7332**
- 32" LCD Pixel Plus 2 HD
- HD Ready breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Natural Motion og Progressive Scan
- Skerpa: 4.000:1
- Ljósskynjari og Active Control
- 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- USB tengi og textavarp

**199.999 kr.**

Fullt verð ~~249.999~~

37 tommur

**Samsung LE32S71**
- 37" LCD veggsjónvarp
- HD Ready
- DNIe stafræn myndvinnsla
- Upplausn: 1366 x 768
- Mynd í mynd (1 tuner)
- HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
- Game mode

**29.999 kr.**

Fullt verð ~~44.999~~

17 tommur

**Enox LTV7417HD**
- 17" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280x1024 punktar
- Progressive Scan
- 12w Nicam Stereo hljóðkerfi
- Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi

**199.999 kr.**

Fullt verð ~~299.999~~

42 tommur

**Philips 42PF5421**
- 42" LCD breiðtjaldssjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Ljósskynjari og Active Control
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi

**19.899 kr.**

Fullt verð ~~34.999~~

21 tomma

DVD VIDEO

Spilar DVD, VCD og SVCD – Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3

**United TVD5038**
- Sambyggt sjónvarp og DVD
- 21" Black Matrix myndlampi
- Fjölkerfa DVD spilari
- Steró hljóðkerfi
- Textavarp
- Scart tengi

Tilboð gilda til 19. mars eða meðan birgðir endast.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

*Við erum beint á móti IKEA*

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Mikil afneitun í kringum átröskun

„Við vorum heppin með listamenn enda er þetta mikilvægt málefni sem nauðsynlegt er að vekja athygli á," segir Alma Geirdal, formaður Forma, samtaka átröskunarsjúklinga, en samtökin standa fyrir styrktartónleikum þann 1. apríl á Nasa. Á meðal listamanna sem koma fram á tónleikunum eru Björk Guðmundsdóttir, Lay Low, Pétur Ben og Mugison. Ráðamenn sem koma fram eru meðal annars heilbrigðisráðherra, borgarstjóri og landlæknir. Þau munu lesa upp úr dagbókum sjúklinga.


**ALMA GEIRDAL** Alma segist vilja vekja fólk til umhugsunar um sjúkdóminn.

Samtökin Forma, sem stofnuð voru af Ölmu og Eddu Ýrr Einarsdóttur, hafa verið dugleg að vekja athygli á málaflokknum en Alma segir meiri vakningu nauðsynlega í þjóðfélaginu. „Við viljum vekja fólk til umhugsunar og sérstaklega ráðamenn þessa lands. Átröskun er enn þá nokkurs konar tabú og við verðum að bæta stöðu þessara einstaklinga sem þjást af sjúkdómnum," segir Alma og bætir við að þær tvær standi ekki lengur undir rekstri samtakanna. „Við viljum halda starfsemi okkar áfram og auk þess opna meðferðarheimili svo það verði aðgengilegra fyrir alla að fá hjálp. Átröskun er annar erfiðasti geðsjúkdómurinn og það ríkir mikil afneitun í kringum hann. Ekki bara hjá sjúklingunum heldur líka í samfélaginu. Það er ekki fyrr en einstaklingar eru orðnir fársjúkir að fólk rankar loks við sér," segir Alma og bætir við að átröskun fari ekki í manngreinarálit. „Yngsti sjúklingurinn sem lagður hefur verið á geðdeild með sjúkdóminn hér á landi var aðeins 8 ára og svo erum við með sjúklinga allt upp í sjötugt."

Alma segir að lítið sé til af rannsóknum um sjúkdóminn hér á landi en vonast eftir breytingum þar á. „Fjölgunin í hópi sjúklinga er mikil og þessi útlitsdýrkun sem ríkir í samfélaginu er hættuleg. Í dag er enginn maður með mönnum nema vera í megrun og megrun er stór áhættuþáttur."

Tónleikarnir eru 1. apríl á Nasa. Húsið opnar klukkan 19 en tónleikarnir hefjast klukkan 20. Miðasala fer í gang á Midi.is og í verslunum Skífunnar og BT.

indiana@frettabladid.is

## Leiðbeiningar fyrir aðstandendur

1. Lærðu eins mikið og mögulegt er um sjúkdóminn.
2. Vertu virkur þátttakandi í stuðningshópi aðstandenda.
3. Talaðu beint og opinskátt við sjúklinginn um áhyggjur þínar er lúta að hegðun hennar/hans og því sem þú hefur tekið eftir í daglegu fari hennar/hans sem betur má fara.
4. Bjóddu sjúklingnum allar þær upplýsingar sem þú hefur komist yfir eða veist um er varða átröskun og meðferðarmöguleika.
5. Láttu í ljós tilfinningar þínar en vertu ákveðin(n).
6. Reyndu að vera markviss, róleg(ur) og vingjarnleg(ur) í umfjöllun um hegðun sjúklings er þig varðar.
7. Reyndu að halda heimilissiðum og venjum óbreyttum eða eins heilbrigðum og mögulegt er.
8. Reyndu eftir fremsta megni að forðast rösku í daglegu lífi hvort heldur það er í formi rifrildis, hótana eða ásakana er snúa að átröskuninni.
9. Hvettu sjúklinginn til að vera virkur þátttakandi í umræðunni um meðferð og endurhæfingu ásamt þeim ákvörðunum er að henni/honum lúta.
10. Sýndu þolinmæði í samskiptum við sjúkling.
11. Hafðu það hugfast að það er engin ein orsök fyrir átröskunarsjúkdómum.
12. Ekki gleyma að hugsa um sjálfa(n) þig, það er að segja hugarró og tilfinningar þínar.
13. Ekki láta sjúklinginn stjórna gerðum þínum einungis vegna vorkunnsemi þinnar gagnvart henni/honum.

Heimild:www.spegillinn.is

# Lést eftir baráttu við átröskun

Árný Hildur Árnadóttir lést þann 26. febrúar síðastliðinn eftir áralanga baráttu við átröskun. Árný var aðeins 31 árs og hafði barist við sjúkdóminn frá árinu 1997 eða í tíu ár. Árný hafði haldið úti heimasíðu þar sem hún lýsti baráttu sinni við anorexíuna á opinskáan hátt.

Í viðtali við DV í júlí 2004 sagðist Árný Hildur oft hafa reynt að svipta sig lífi, slík væri skömmin sem fylgdi sjúkdómnum. Árný ólst upp í Keflavík og gekk í Myllubakkaskóla og Holtaskóla. Hún var mikið í íþróttum sem barn og á heimasíðu hennar kemur fram að aðaláhugamál hennar hafi verið fótbolti og körfubolti auk vinnunnar.

Árný lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja en eftir að hafa reynt fyrir sér í Háskóla Íslands færði hún sig yfir í Fjölbrautaskólann við Ármúla á læknaritarabraut. Þrátt fyrir veikindin útskrifaðist hún sem læknaritari 2004 og starfaði sem læknaritari þar til hún lést. Á heimasíðu hennar kemur fram að Árnýju líkaði starfið mjög vel og gekk hún jafnvel svo langt að segja að vinnan héldi í henni lífinu.

Árný var 52 kg áður en hún veiktist en þegar viðtalið birtist, fyrir þremur árum, var hún 35 kg og fannst hún feit. Þá sagðist hún stefna á 32 kg þrátt fyrir að finna fyrir orkuleysi þegar hún yrði svo létt. Þegar Árný greindist með sjúkdóminn var hún lögð inn á geðdeild og átti eftir að dvelja þar mikið til ársins 2000. Þegar hún gekk út af deildinni hafði hún gert veðmál við næturvörðinn því hún ætlaði sér ekki að koma aftur. Innan þriggja ára var hún aftur lögð inn.

Árný starfaði á myndgreiningasviði LSH til æviloka. Hún lést á heimili sínu í Keflavík.


**ÁRNÝ HILDUR ÁRNADÓTTIR** Árný lést eftir tíu ára baráttu við átröskun.

### Minningargrein móður

Elsku hjartans dóttir mín, mikið á eftir að vera tómt hjá mér. Ég vonaði alltaf að þú mundir sigrast á sjúkdómnum. Ég veit að þér líður vel þar sem þú ert komin til pabba þíns.

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum í trú
á að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljós
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni.
Þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

*(Bubbi Morthens.)*

Guð geymi þig.
Þín
mamma.

*Birt með leyfi móður Árnýjar, Matthildar Óskarsdóttur.*



# kópavogur

FÖSTUDAGUR 16. MARS 2007




## Norðlensku flatkökurnar slá í gegn

**Kópavogsbúum líkar vel flatkökurnar frá Kökuhorninu**

BLS. 6



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


### Auglýsing um skipulag í Kópavogi og Garðabæ

## Kjóavellir-Hesthúsabyggð. Breytt skipulag.

**Breyting á svæðisskipulagi.**
Í tillögu að breyttu aðalskipulagi á Kjóavöllum felst að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir "Kópavog austur". Breytingin nær til nýrra byggðasvæða á Kjóavöllum (svæði 16) Í tillögunni felst að tölur um stærð atvinnuhúsnæðis þ.m.t sérhæfðar byggingar í Kópavogi og Garðabæ eins og þær eru birtar í töflu 3.2 á bls. 48 í greinargerð Svæðisskipulagsins breytast, þannig að heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Kópavogi ( svæði 16) stækkar úr 175.000 $m^2$ í 350.500 $m^2$ árið 2024. Á svæði 17a í Garðabæ stækkar heildarstærð atvinnuhúsnæðis úr 359.000 $m^2$ í 405.000 $m^2$. Tillagan er sett fram á uppdráttum, töflum og greinargerð dags. 17. október 2006. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

**Breyting á uppdrættinum „Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu."**
Í tillögunni felst að vatnstöku verður hætt í landi Garðabæjar og brunnsvæði við Dýjakróka lagt af. Við breytinguna mun hluti svæðis sem nú er flokkað sem grannsvæði Dýjakróka verða fjarsvæði annarra brunnsvæða. Umrætt svæði liggur innan lögsögu Garðabæjar og Kópavogsbæjar og nær að áhrifasvæði Kaldárbotna í landi Hafnarfjarðar. Í Vatnsendakrikum stækkar brunnsvæði um 23.9 ha til vestur á kostnað grannsvæðis.

**Skipulagsstjóri Garðabæjar.**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Kópavogsbær



Sófus pakkar páskaeggjum í kassa sem senda á til Íslendinga í útlöndum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lakkrís og harðfiskur vinsælast

Starfsmenn Nammi.is í Smáralind eru í óða önn að pakka páskaeggjum í kassa þegar Fréttablaðið ber að garði. Í Smáralindinni heldur Nammi.is úti lítilli sjoppu en á bak við hefur fyrirtækið komið sér upp lager. Stærsti hluti starfsemi nammi.is er nefnilega útflutningur á íslensku sælgæti.

„Við erum að pakka hátt í tvö þúsund páskaeggjum sem fara til Íslendinga erlendis. Við þurfum að vanda pakkningarnar enda um brothætta vöru að ræða,“ segir Sófus Gústavsson, eigandi Nammi.is.

Margir Íslendingar erlendis nýta sér þjónustu Nammi.is. „Við erum með um 4.000 aðila skráða á netinu hjá okkur og erum með góðan fastan kúnnahóp sem er með fastar pantanir nánast í hverjum mánuði,“ segir Sófus og bætir við að margar ömmur og afar versli hjá sér og sendi barnabörnunum sem eru í námi erlendis.

En hvað er það sem fólk er helst sólgið í? „Það er lakkrís og harðfiskur en síðan er það árstíðabundin vara eins og malt og appelsín á jólum og auðvitað páskaeggin um páska,“ svarar Sófus og bætir við að brennivínið sé vinsælt um þorrann. „Sælgætið frá Nóa Síríusi er líka skuggalega vinsælt, sérstaklega konfektið og páskaeggin.“

Sófus segir miserfitt að senda matvörur milli landa. Erfiðast sé það til Bandaríkjanna þar sem þarf mörg mismunandi leyfi. „Svo eru sum lönd alveg bönnuð eins og Mexíkó og lönd í Afríku.“

Fyrir utan útflutning á sælgæti rekur Sófus verslunina Nammi.is í Smáralind. „Sælgætisverslunin hefur þróast mikið. Í upphafi seldum við aðeins bland í poka en vinsældir þess hafa dalað og samkeppnin orðin meiri. Í dag er verslunin meira eins og söluturn með pylsum og lottómiðum,“ segir Sófus en fyrst í stað var ætlunin að selja eingöngu íslenskt sælgæti. Nýverið var þó tekið inn týpískt bandarískt nammi. „Baby Ruth, Three Musketeers og Wrigleys-tyggjóin gömlu hafa verið mjög vinsæl,“ segir Sófus og bætir við að blöðrurnar séu líka sívinsælar en um hundrað slíkar renna út í hverri viku.

# Metnaðarfullt verkefni

**Afreksskóli Breiðabliks var stofnaður í upphafi þessa árs. Hann hefur það að markmiði að gera efnilegasta íþróttafólk félagsins að afreksfólki í framtíðinni.**



Arnar Bill Gunnarsson er yfirþjálfari yngri flokka hjá knattspyrnudeild Breiðabliks auk þess sem hann er aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla. Jón Sævar Þórðarson er yfirþjálfari eldri flokks hjá frjálsíþróttadeild félagsins. Saman stýra þeir Afreksskóla Breiðabliks.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alls eru um 40 krakkar á aldrinum 14-20 ára sem sækja starf Afreksskóla Breiðabliks nú í upphafi. Um er að ræða unga íþróttamenn frá öllum deildum Breiðabliks að dansinum undanskildum. Knattspyrnu-, körfubolta-, frjálsíþrótta-, sund-, karate- og skíðadeildin eiga öll sína fulltrúa í skólanum þrátt fyrir að afar ströng inngönguskilyrði séu fyrir hendi.

„Þetta er geysilega metnaðarfullt verkefni sem Breiðablik hefur lagt í og ég veit ekki til þess að önnur félög séu að gera eitthvað í líkingu við þetta,“ segir Arnar Bill Gunnarsson, annar tveggja skólastjóra, en við hlið hans situr Jón Sævar Þórðarson. Þeim til halds og trausts er svokallað fagráð, sem í sitja valinkunnir einstaklingar frá mismunandi deildum Breiðabliks.

Arnar segir að áherslan í starfi skólans sé fyrst og fremst að bæta umgjörð hinna ungu íþróttamanna frekar en á líkamlegar æfingar, eins og einhverjir kynnu að halda.

„Í skólanum fá krakkarnir fyrirlestra og persónuleg viðtöl við sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum sem við koma íþróttinni. Þau hafa sótt fyrirlestra í sálfræði og næringarfræði og þau fá persónulega ráðgjöf hvað varðar mataræði. Þau fá meðferð hjá færustu sjúkraþjálfurum þar sem liðleiki er skoðaður, göngugreining fer fram og síðan gerðar tillögur að því sem betur má fara. Allt miðar þetta að því að bæta árangur íþróttamannsins,“ segir Arnar.

Undirbúningur við verkefnið hefur staðið yfir frá því í haust og hefur hugmyndin blundað hjá félaginu í nokkurn tíma, að því er Arnar segir. Hann og Jón Sævar hafi síðan verið fengnir til að þróa hugmyndina. Flestir af þeim 40 íþróttamönnum sem eru í skólanum um þessar mundir koma frá knattspyrnudeildinni, eða alls 16 – þar af 11 stelpur.

„Markmið skólans er einfalt og skýrt, að taka efnilegasta fólkið í félaginu og gera það að afreksfólki. Það er reyndar mjög erfitt að skilgreina afreksfólk og mismunandi eftir því hvaða íþróttagrein á í hlut. En svo knattspyrnan sé tekin sem dæmi þá sjáum við atvinnumennsku fyrir okkur sem æðsta takmarkið. En almennt viljum við einfaldlega skapa sem flesta afburðaíþróttamenn og að sjálfsögðu mun það koma félaginu til góða,“ sagði Gunnar að lokum.

## Inntökuskilyrðin í Afreksskólann

**REGLUR FYRIR EINSTAKLINGSÍÞRÓTTIR**

Miðað skal við að iðkandinn hafi unnið til verðlauna á Íslandsmóti eða öðrum sambærilegum mótum í sínum aldursflokki.

**REGLUR FYRIR HÓPÍÞRÓTTIR**

Knattspyrna: Miðað skal við að iðkandinn sé í byrjunarliði í landsliði í sínum aldursflokki.

Körfuknattleikur: Miðað skal við að iðkandinn sé í landsliðsúrtaki eða elítuhóp KKÍ í sínum aldursflokki.

Iðkendahópur Afreksskóla Breiðabliks verður endurskoðaður ársfjórðungslega þar sem metin verður frammistaða iðkendanna. Þá verður kannað hvort fleiri uppfylli skilyrðin hér að ofan og viðkomandi er þá boðinn þátttaka í skólanum.



VORIÐ 2007

# Vandaðar fermingargjafir

## Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER DCS-353**
**5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI**

Kraftmikill 360W RMS magnari · HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið · USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
· Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX

3ja ára ábyrgð!
PIONEER-ORMSSON



**Kr. 49.900**

## Nintendo



**Nintendo DS Lite**
**LEIKJATÖLVA**

**BARA GAMAN!**
**BARA FLOTT!**

Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Frábært leikjasafn.

**Kr. 16.900**

## Nintendo Wii

**LEIKJATÖLVA**

**NÝ UPPLIFUN!**

Nær 5 milljón Nintendo Wii leikjatölvur seldar á 3 mánuðum um allan heim.



**Kr. 29.900**

## SHARP XL-MP2H

· Geislaspilari, útvarp og kassettutæki · Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða · Magnari: 2 x 5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS · Vekjaraklukka · Tónjafnari · Einföld og þægileg fjarstýring



**Kr. 12.900**

## SHARP XL-UH220H

· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS
· USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring



**Kr. 35.900**

## Jamo i-200

· Stereo hljómtæki fyrir iPod · Innbyggð iPod vagga · Fyrirferðarlítil og skemmtileg hönnun · Fáanleg hvít eða svört · Vandaðir og kraftmiklir hátalarar · Sub-woofer pre-out - Möguleiki á að bæta við bassaboxi
· Skemmtileg þráðlaus fjarstýring fylgir til að stýra iPod-inum og hljóðstyrknum · Aux-inngangur fyrir MP3 spilara o.fl.



**Kr. 22.900**

## OLYMPUS FE-210

· 7,1 milljón pixlar · 3x aðdráttarlinsa (38-114mm)
· Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 15 handhægar tökustillingar
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð



**Kr. 15.900**

## OLYMPUS Mju-760

· 7,1 milljón pixlar · Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 3x aðdráttarlinsa (37-111 mm) · Nett og veðurvarið málmhús · Dual hristivörn - fljótandi myndflaga og aukin ljósnæmni · BrightCapture tækni eykur myndgæði við litla birtu · Videoupptaka með hljóði · 23 handhægar tökustillingar
· Hleðslutæki og Lithium-Lon rafhlaða fylgja



**Kr. 29.900**

## Jamo S250 HCS 21



· Hágæða hljómtækjastæða og DVD spilara með 2 hátölurum og bassaboxi
· FM/AM útvarp með RDS · Styður PAL/NTSC Progressive Scan · Styður Dolby Digital, DTS, ProLogic o.fl. · USB tengi og Aux-inngangur f. MP3 og ljósmyndir · Magnari: 2 x 65W rated · Kraftmikið bassabox með innb. 200W magnara

**Kr. 54.900**

KVIKA

## OLYMPUS SJÓNAUKAR

Gott úrval sjónauka af ýmsum stærðum.



**Frá kr. 5.990**

## SAMSUNG YP-Z5F



Frábærir MP3 spilarar – flottir, vandaðir og öflugir.
· 43 klst. rafhlöðuending
· Lita skjár
· 4 litir - svartur, hvítur, silfur, bleikur
· 1 GB = 14.900 kr.
· 2 GB = 19.900 kr.
· 4 GB = 27.900 kr.

**Frá kr. 14.990**

## SAMSUNG LE19R71B/W

· 19" LCD-sjónvarp
· Upplausn: 1440 x 900
· Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
· Fáanlegt svart eða hvítt
· Svartími: 8 ms
· Contrast: 500:1
· Mynd-í-mynd (1 tuner)
· Hægt að nota bæði sem tölvuskjá og sjónvarp
· Tengingar: DVI, SCART, PC (VGA D-sub), AV, S-Video



**Kr. 74.990**

VELKOMIN Í **ORMSSON SMÁRALIND** – FRÆG FYRIR FRUMLEGT VÖRUÚRVAL!

# ORMSSON




ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

# Leikfélag Kópavogs býður í kaffi

**Leikfélag Kópavogs stendur fyrir sýningum á verkinu Allt & ekkert sem verður að teljast afar óhefðbundið leikverk.**



Sérstök stemning myndaðist í Félagsheimili Kópavogs þegar Leikfélag Kópavogs sýndi þar sitt nýjasta verk um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Segja má að nafn verksins, Allt & ekkert, segi mikið til um innihald þess. Að sögn Fannars Víðis Haraldssonar, gjaldkera Leikfélags Kópavogs, hafði verkið í fyrstu vinnuheitið „Ekkert“, enda hafði leikhópurinn bókstaflega ekkert í höndunum – ekki svo mikið sem drög að handriti. „Sýningin er í raun spuni frá upphafi til enda. Við köllum þetta ekki beint leiksýningu heldur miklu frekar kaffiboð þar sem við leikararnir segjum sögur. Áhorfendur sitja síðan með okkur á sviðinu og er frjálst að deila sínum sögum með okkur. Allt þarna á milli er síðan spunnið,“ segir Fannar og bætir við að útkoman hafi verið stórskemmtileg, en sjálfur er hann í hlutverki gestgjafa kaffiboðsins.

Verkið var á dagskrá þrívegis um síðustu helgi í Félagsheimili Kópavogs. „Þetta tókst vel upp, við fengum fullt af fólki til að taka þátt í þessu með okkur og úr varð mjög skemmtilegt andrúmsloft,“ segir Fannar en næstu sýningar verða 16., 18., 24. og 25. mars og byrja allar sýningarnar klukkan 20.00.

Þann 5. janúar síðastliðinn fagnaði Leikfélag Kópavogs því að 50 ár væru liðin frá stofnun þess. Af því tilefni var efnt til afmælisdagskrár í Félagsheimili Kópavogs þar sem brugðið var upp ýmsum atriðum úr sögu leikfélagsins, ásamt ýmsum öðrum uppákomum. Leikfélagið var stofnað 5. janúar 1957 þegar 46 áhugamenn komu saman í barnaskólanum, Kópavogsskóla, gagngert til þess að stofna leikfélag. Ekkert húsnæði var til undir slíka starfsemi og var því aðstaða til leiksýninga mjög erfið. Leikfélagið fékk þó inni hjá barnaskólanum í bænum og starfaði þar við mjög bágbornar aðstæður. Eftir árið 1959 hefur starfsemi Leikfélags Kópavogs verið í Félagsheimili Kópavogs eða í hjáleigunni, Höfuðbóli, sem var innréttað sem bíó við hlið félagsheimilisins, en hýsir nú starfsemi Leikfélags Kópavogs.

Á 50 ára afmælinu ætlar leikfélagið að standa fyrir ýmsum listrænum viðburðum og afmælisdagskráin mun ná hámarki í maí þegar haldið verður veglega upp á 50 ára afmælið með heljarstórri afmælishátíð sem standa mun yfir í nokkra daga. Að auki verður gefið út veglegt afmælisrit í tilefni af afmælinu.

Næsta fyrirhugaða verkefni leikfélagsins er uppfærsla á leikritinu Bingó, en um er að ræða samstarfsverkefni með leikhópnum Hugleik. Bingó er samið af Hrefnu Friðriksdóttur og er í leikstjórn Ágústu Skúladóttur, en áætlað er að frumsýna verkið um miðjan apríl. Að sögn Fannars eru æfingar komnar vel á veg. „Þetta lofar mjög góðu og ég held að ég geti lofað að útkoman verður mjög skemmtileg.“ Í leikritinu sameinast fimm manneskjur við þá þekktu dægradvöl að spila bingó með afar áhugaverðum eftirmálum – svo ekki sé meira sagt.


**Nokkrar góðar ástæður**
til að heimsækja **Kópavog**

Kópavogur
Menning og listir



Salurinn,
Tónlistarhús
Kópavogs

Sími: 570 0400
www.salurinn.is

Bókasafn
Kópavogs

Sími: 570 0450
www.bokasafnkopavogs.is





Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Sími: 570 0430
www.natkop.is

Sundlaug
Kópavogs

Sími: 570 0470





Listasafn
Kópavogs,
Gerðarsafn

Sími: 570 0440
www.gerdarsafn.is

Kópavogskirkja

Sími: 554 1898




... þar sem flísarnar fást ...
VÍDD EHF
FLÍSAVERZLUN
Bæjarlind 4 – 201 Kópavogur - S:554 6800 * Njarðarnes 9 – 603 Akureyri - S:466 3600
www.vidd.is



Gustsfélagar eru virkir í félagslífinu.

## Margt á döfinni hjá hestamönnum

Hestamenn í Kópavogi sitja ekki auðum höndum frekar en vanalega. Dagskrá vetrarins er þéttskipuð og fjöldamargar áhugaverðar uppákomur fram undan.

Nú á laugardaginn 17. mars verður farinn reiðtúr á vegum Ármanna í Heiðmörk. Gustskórinn þenur raddböndin á stórskemmtun í Reiðhöllinni laugardagskvöldið 24. mars. Páskabingó verður haldið fyrir unga fólkið 28. mars og þann 31. mars er Kvennatöltið sem hefur áunnið sér mikilla vinsælda í gegnum tíðina.

Í apríl heldur fjörið svo áfram, fyrst með Dymbilvikusýningu þann 4. apríl og svo með fjölbreyttu mótahaldi og skemmtunum fram eftir vori.

Nánar á www.gustarar.is.

# Norðlensku flatkökurnar slá í gegn

**Flatkökurnar frá Kökuhorninu í Bæjarlind njóta sívaxandi vinsælda meðal Kópavogsbúa og annarra landsmanna.**




Gunnar Hólm Stefánsson, eigandi Kökuhornsins í Bæjarlind, bakar um 150 til 200 flatkökur á hverjum morgni og þær rjúka oftast út eins og heitar lummur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnar Hólm Stefánsson er eigandi Kökuhornsins og á heiðurinn af flatkökunum ásamt bróður sínum Einari Hólm sem vann hjá honum um tíma. Gunnar segir að uppskriftin komi að norðan, en þar eru þeir bræður uppaldir.

„Við viljum því ekki eigna okkur þessa uppskrift, en við próuðum hana aðeins áfram eftir okkar höfði. Þetta eru ekta flatkökur að norðan og virðast fara vel ofan í maga höfuðborgarbúa,“ sagði Gunnar og hló þegar Fréttablaðið leitaði upplýsinga um flatkökurnar. Þær hafa verið í sölu hjá Kökuhorninu allt frá því að það hóf starfsemi sína árið 1999. Frá þeim tíma hefur hróður þeirra aukist smátt og smátt og er nú svo komið að flatkökurnar eru ómissandi hluti af helgarmorgnum fólks á öllum aldri.

„Þetta er að miklu leyti sama fólkið sem kemur hér reglulega og kaupir sinn skammt. Þetta er fólk sem kemur hvaðanæva af landinu og þeir sem koma lengra frá fá sér helst ágætis birgðir og setja í frystinn. Mér finnst samt alltaf jafn spaugilegt þegar Norðlendingar koma til okkar og kaupa norðlenskar flatkökur í Kópavogi,“ segir Gunnar en auk þess er talsvert um að fólk panti stóra skammta af flatkökunum til að fá undir hangikjötið í veislum.

Flatkökurnar í Kökuhorninu eru fjarri því að bragðast eins og þær sem hægt er að fá í flestum matvöruverslunum landsins. Þær eru til að mynda mun þykkari og einnig sætari. „Sumum finnst bragðið of sætt og líkar alls ekki við það. Þannig finnst mér smekkur fólks vera; annaðhvort líkar því við þetta bragð eða það fussar yfir því. Það er eiginlega ekkert þar á milli.“

Aðspurður um leyndarmálið á bak við flatkökurnar er fátt um svör hjá Gunnari. Hjá bökurum eru dýrmætustu uppskriftirnar flokkaðar undir hernaðarleyndarmál, og eru norðlensku flatkökurnar þar engin undantekning.






# Stuttur byggingartími

## – er meðal kosta forsteyptra eininga

LOFT ORKA
BORGARNESI EHF

Loftorka Borgarnesi ehf er alhliða verktakafyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar og sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum hlutum úr steinsteypu í mannvirki og steinrör í holræsi.

Loftorka Borgarnesi ehf    Engjaás 1    310 Borgarnes    Sími 433 9000    www.Loftorka.is

Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU®

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is



Ekkert viðhald

Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is

# Farið yfir öryggisatriði með eldri borgurum

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Kópavogsbær hafa gert með sér samstarfssamning sem kveður á um öryggisheimsóknir til eldri borgara í bænum. Um er að ræða heimsóknir sem öllum borgurum eldri en 75 ára verður boðið upp á, en alls telur sá hópur um 1.600 einstaklinga.

Þeir sem þiggja munu þjónustuna fá heimsókn frá fulltrúa Landsbjargar og mun hann hafa meðferðis reykskynjara, eldvarnartæki, rafhlöður, handföng t.d. við baðker og inn í sturtur, stamar mottur í baðbotna, gúmmídúka undir mottur og fleira sem viðkomandi heimili gæti haft not fyrir. Fulltrúinn mun síðan fara yfir öll þessi öryggisatriði.

Auk þess munu allir þeir sem þiggja þjónustuna fá afhenta möppu frá Kópavogsbæ þar sem þjónusta bæjarins og annarra aðila sem vinna með öldruðum er kynnt.



Félagar frá Landsbjörg munu heimsækja eldri borgara og kynna fyrir þeim öryggisatriði á heimilinu.

# Tónleikar í Salnum

Tónleikahald í Salnum er afar fjölbreytt, allt frá einleikstónleikum til kórtónleika með innlendum og erlendum tónlistarmönnum. Þar er ávallt mikið um að vera og engin undantekning er á því í mars.



Valgerður Andrésdóttir píanóleikari.

Þriðjudaginn 20. mars mun Valgerður Andrésdóttir halda píanótónleika í Salnum. Á efnisskrá er að finna verk höfunda á borð við Vasks frá Lettlandi og Takemitsu frá Japan auk sónötu eftir Franz Mixa sem á árunum eftir 1930 starfaði mjög að tónlistarmálum á Íslandi og markaði spor í tónlistarsögu okkar.

Valgerður Andrésdóttir lauk einleikaraprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1985. Hún stundaði framhaldsnám við Listaháskólann og lauk burtfararprófi árið 1992. Hún bjó um tíma í Kaupmannahöfn þar sem hún starfaði sem undirleikari og píanókennari. Valgerður hefur haldið fjölmarga tónleika innanlands og erlendis, unnið með söngvurum og í kammermúsík. Hún starfar nú við tónlistarskólann í Hafnarfirði.



Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona

Fimmtudaginn 22. mars verða haldnir styrktartónleikar fyrir Krabbameinsfélag Íslands. Lionsklúbburinn Engey heldur tónleikana til styrktar kaupum á brjóstaómtæki fyrir röntgendeild Krabbameinsfélagsins.

Efnisskráin verður fjölbreytt, tónlist úr óperum, söngleikjum, dægurtónlist og jass. Fjölmargir listamenn munu koma fram og leggja þessu verðuga verkefni lið. Ágúst Ólafsson barítón, Anna Sigríður Helgadóttir messósópran, Áslaug Hálfdánardóttir sópran, Davíð Ólafsson bassi, Guðrún og Soffía Karlsdætur, Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, Oddný Sigurðardóttir messósópran, Sigrún Hjálmtýsdóttir / Diddú, sópran, Sólveig Samúelsdóttir messósópran, Stefán Stefánsson tenór, Stórsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, stjórnandi Stefán Ómar Jakobsson, Hljómsveitin Strackovsky Horo, Píanóleikarar: John Gear og Sólveig Anna Jónsdóttir.




Fermingargjöf frá okkur:
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.
RB RÚM

Svíf þú inn í svefninn



Úrval fylgihluta:
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.

Eftir þínu höfði:
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.
RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM Stofnað 1943




PIPAR • SÍA • 70542



Nemandi á starfskynningarbraut eys súpu í skál fyrir kennarana.



„Ég heyrði því fleygt að skólinn noti jafnmikið rafmagn og Hvammstangi, enda erum við með mikið af eldavélum, tólum og tækjum.“

# Mikil eftirspurn eftir fólki úr hótel- og matvælagreinum

**Um 250 nemendur leggja stund á nám í hótel- og matvælagreinum í Menntaskólanum í Kópavogi.**

Kennsla í matreiðslu er í fullum gangi þegar Fréttablaðið ber að garði í Menntaskólanum í Kópavogi. Kaldur diskur er verkefni dagsins hjá kokkanemunum en nemendur í kjötiðn huga að pylsum sem þeir ætla að bjóða upp á næsta dag, á æfingu sem ber nafnið „Kjöt, brauð og vín“. Þar stilla saman strengi sína bakaranemar, nemendur í kjötiðn og í framreiðslu.

Í matsal kennara bera nemendur á starfskynningarbraut kræsingar í kennarana sem gæða sér á listilega tilreiddum vatnafiski frá Víetnam.

Baldur Sæmundsson er áfangastjóri hótel- og matvælagreina hjá Menntaskólanum í Kópavogi. „Deildin okkar skiptist í fernt: bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu,“ fræðir Baldur okkur um. Hann bætir við að einnig sé boðið upp á starfskynningarbraut fyrir nýútskrifaða nemendur úr tíunda bekk sem viti ekki enn hvað af þessu þá langi til að læra. „Starfskynningarbrautin er ein önn en eftir það reynum við að hjálpa þeim að komast á samning,“ segir Baldur. Langflestir nemendur í hótel- og matvælagreinum eru með starfssamninga enda fer stór hluti námsins fram utan skólans.

Um 1.200 nemendur stunda nám í Menntaskólanum í Kópavogi, þar af eru um 250 í hótel- og matvælagreinum en þó misjafnt eftir önnum. „Matreiðslan er alltaf vinsæl og við höfum haldið nokkuð svipuðum fjölda þar síðustu tíu árin. Við erum að útskrifa að meðaltali um 24 matreiðslumenn á ári, um 13 framreiðslumenn en verulega færri í bakstri og kjötiðn,“ segir Baldur og tekur fram að stundum hafi heilar annir liðið án þess að nokkur hafi verið útskrifaður úr þeim greinum.

„Það er mikil vöntun á fólki í öllum þessum greinum og með auknum ferðamannastraumi eykst eftirspurnin eftir lærðum kokkum og framreiðslumönnum. Það segir sig sjálft að 24 kokkar á ári og 12 þjónar duga lítið til að anna þörfinni,“ segir Baldur og vill meina að ásókn í hótel- og matvælagreinarnar fari mikið eftir efnahagssveiflum landsins. „Í góðæri fer fólk frekar í bóknám og vinnur svo þessar greinar oft í aukastarfi,“ segir Baldur og áréttar að næga vinnu sé að fá og störfin séu oft vel launuð.



„Hér þarf enginn kennari að fara út að borða.“ Kennarar Menntaskólans í Kópavogi fá oft að smakka framandi mat líkt og þennan Pangus-fisk sem er vatnafiskur frá Víetnam.



Matreiðsla getur verið nákvæmnisverk.



Nemendur í matreiðslu fylgjast grannt með í kennslustund en þennan dag átti að útbúa kaldan disk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



NEW CONCEPTS
Hönnun: Lodovico Acerbis, 1999

ACERBIS

# NÝ HUGSUN



PIPAR • SÍA • 70480



feguðin býr
í smáatriðunum

Þú upplifir sönn nútímaþægindi með NEW CONCEPTS línunni frá Acerbis.
Í baki skápanna er 10 sm breið rauf með innbyggðri lýsingu sem skapar
notalega stemningu auk þess að fela allar tilheyrandi snúrur.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

## ● NOKKRAR STAÐREYNDIR UM HÁHÝSIÐ VIÐ SMÁRATORG

- Húsið verður alls 20 hæðir og verður 77,6 metra hæða hátt. Það gerir húsið að hæstu byggingu landsins, um fjórum metrum hærra en Hallgrímskirkjuturn.
- Undir húsinu verður 10 þúsund fermetra stór bílageymsla.
- Útveggir hússins verða allir úr gleri, náttúruleg loftræsting verður um opnanlega glugga sem stýrast af veðurstöð á þaki hússins.
- Fjórar háhraða lyftur verða í húsinu og verður ein þeirra sérhönnuð fyrir slökkvilið.
- Á jarðhæð og 1. hæð byggingarinnar verða verslanir, skrifstofur á 2. - 19. hæð og á efstu hæðinni verður veitingastaður.
- Aðaleigendur byggingarinnar eru hjónin Erika Lómstein Jacobsen og Jákup á Dul Jacobsen, oft kennd við Rúmfatalagerinn.
- Háhýsið verður alls 20 þúsund fermetrar. Verslunarrýmin á jarðhæð og 1. hæð verða um 6 þúsund fermetrar en turninn samtals 14 þúsund fermetrar að stærð
- Aðalhönnuðir byggingarinnar eru þeir Aðalsteinn Snorrason, Björn Guðbrandsson Egill Guðmundsson og Gísli Gíslason. Allir eru þeir arkitektar hjá Arkís.
- Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, tók fyrstu skóflustunguna að háhýsinu þann 24. febrúar á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að húsið verði klárt að utan og tilbúið til innréttingar þann 1. október á þessu ári. Heildartími framkvæmda er því áætlaður um 19 mánuðir.



**Þrettán daga tekur að fullklára eina hæð í háhýsinu. Nú er verið að leggja lokahönd á þá sjöundu og á því eftir að byggja þrettán hæðir til viðbótar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Háhýsið rís á ógnarhraða

**Varla hefur farið fram hjá nokkrum manni sem keyrir Reykjanesbrautina til eða frá höfuðborginni að nú standa yfir miklar framkvæmdir við Smáratorg í Kópavogi. Þar rís brátt hæsta hús landsins.**

„Verkið er nokkurn veginn á áætlun. Það hafa orðið nokkrir plúsar og mínusar við framkvæmdirnar en upphaflegt markmið stendur enn, það er að segja að afhenda húsið fullbúið að utan, tilbúið til leigutaka, þann 1. október næstkomandi,“ segir Ólafur Hermannsson hjá ráðgjafarfyrirtækinu VSÓ, en hann hefur yfirumsjón með framkvæmdunum við Smáratorg.

Um 120 manns vinna nú baki brotnu á hverjum degi við framkvæmdirnar og segir Ólafur að þeim eigi líklega eftir að fjölga eftir því sem nær dregur áætluðum verklokum. „Hver hæð tekur þrettán daga í vinnslu og nú er verið að leggja lokahönd á 7. hæð. Það eru því 13 hæðir ennþá eftir,“ segir Ólafur. Þess má geta að um 85 prósent mannaflans eru af erlendu bergi brotin og segir Ólafur þann fjölda líklega einsdæmi í jafnumfangsmiklu verki.



**Háhýsið við Smáratorg verður alls 20 hæðir og 77,6 metra hátt. Áætluð verklok eru 1. október á þessu ári.**






# Á TRAUSTUM GRUNNI

## BYGGJUM VIÐ TIL FRAMTÍÐAR!

KS verktakar hf hafa yfir 20 ára reynslu í byggingariðnaði og með tímanum skapað sér sess sem traustur og áreiðanlegur verktaki. KS verktakar hf hafa t.d. byggt grunnskóla, leikskóla, gistiheimili, stúdentagarða, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og íbúðarhúsnæði í ýmsum stærðum og gerðum.

**www.ksverktakar.is**



Nokkrar íbúðir óseldar!!!

KS VERKTAKAR HF

ÁSAKÓR, 203 KÓPAVOGI Í SÖLU HJÁ **KJÖREIGN**

Að Ásakór 10 - 14 í Kópavogi eru KS verktakar hf að reisa fjölbýlishús á þremur hæðum auk bílageymslu og bílskúra á jarðhæð. Staðsetning hússins er sérlega góð, stendur rétt við enda golfvallarins í Garðabæ. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá fasteignasölunni **Kjöreign** , Ármúla 21 sími: 533 4040.

# Afmælistónleikar Kvennakórsins

Kvennakór Kópavogs heldur afmælistónleika sunnudaginn 25. mars í Salnum. Kórinn var stofnaður í janúar 2002 af Natalíu Chow Hewlett. Strax á stofnfundinum nefndi Natalía að vorið 2007, á 5 ára starfsafmæli kórsins, yrði kórakeppnin Musica Mundi í Búdapest sem gaman væri að taka þátt í. Síðan hefur verið stefnt að því leynt og ljóst og er nú komið að því. Í byrjun apríl fer kórinn til Búdapest og tekur þar þátt í umræddri keppni.

En fyrst mun hann syngja á skemmtilegum tónleikum ásamt góðum gestum.

Regína Ósk Óskarsdóttir syngur einsöng með kórnum og Englakórinn, sem er fyrsti smábarnakórinn á landinu ætlaður börnum á aldrinum 3 til 7 ára, syngur nokkur lög.

Natalia Chow Hewlett fæddist í Kanton í Kína en ólst upp í Hong Kong og hóf snemma tónlistarnám. Hún hefur stofnað fjóra kóra og koma tveir af þeim fram á þessum tónleikum.

Undirleikari kórsins er Julian Hewlett.



**Ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélagsins lýkur á sunnudaginn.**

# Myndir ársins í Gerðarsafni

Árlegri ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands lýkur á sunnudaginn.

Sýning Blaðaljósmyndarafélagsins hefur verið með vinsælustu sýningum landsins undanfarin ár. Á neðri hæð safnsins er samsýning nokkurra ljósmyndara með myndum frá Kárahnjúkum. Þessir ljósmyndarar eru þeir Ragnar Axelsson, Páll Stefánsson, Þorvaldur Örn Kristmundsson, Kristinn Ingvarsson, Brynjar Gauti Sveinsson og Vilhelm Gunnarsson. www.pressphoto.is









Mörg falleg hús standa á gróðursælum reitum við Elliðavatn.



Á Vatnsenda standa húsin í nálægð við óspilla náttúru.



Flöt þök eru áberandi í hinni nýju byggð.



Hróplegt ósamræmi er milli þessa nýja einbýlishúss í fúnkisstíl og gamla lúna kofans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Byggð í nálægð náttúruperlu

**Við Elliðavatn standa nýbyggingar innan um gömul og misvirðuleg hús.**

Á Vatnsendahæð við Elliðavatn hefur risið mikil byggð. Gamlir sveitabæir, sumarhús og kofar standa nú innan um steinsteypt einbýlishús í bland við raðhús og fjölbýli. Þeir sem gaman hafa af útivist og fallegri náttúru eiga vel heima í hinni nýju byggð enda skartar Elliðavatn og umhverfi þess fjölbreyttu gróður- og dýralífi. Yndislegt er að ganga í kringum vatnið sem er 1,8 ferkílómetrar. Vatnsendasvæðið tengist Heiðmörkinni og Elliðaárdalnum og er fjölsótt útivistarsvæði hestamanna, veiðimanna, göngu- og hjólreiðafólks, enda um einstaka náttúruperlu að ræða. *- sg*



Háhýsin rísa hratt í Kórahverfinu.



Hestamenn hafa ekki farið varhluta af hinni nýju byggð. Íþróttahöll rís hér við hlið hestahverfisins Heimsenda.




Sumarbústaðir eru allnokkrir við Elliðavatn. Nú eru þeir komnir í byggð.












# Náttúrufræðistofa Kópavogs

• Sýningarsalir • Fræðsla • Rannsóknir • Ráðgjöf

Sýningarsalir opnir:
Mánudaga – fimmtudaga kl. 10–20
Föstudaga kl. 11–17
Laugardaga og sunnudaga kl. 13–17

Hópum veitt leiðsögn eftir samkomulagi
Pantanir í síma 570 0430
Ókeypis aðgangur

**Náttúrufræðistofa Kópavogs**
Natural History Museum of Kópavogur
Hamraborg 6 A · Kópavogi · Sími 570 0430 · Fax 570 0431 · www.natkop.is



# *Nútímaleg og klassísk teppi í miklu úrvali*

**20%** *afsláttur*

*Ný sending af Ziegler*

STÖK TEPPI OG MOTTUR

SÉRVALIN HANDHNÝTT AUSTURLENSK TEPPI

VÖNDUÐ VÉLOFIN ULLARTEPPI OG HÁGÆÐA SILKITEPPI





TEPPI FRÁ ÍRAN, AFGANISTAN, PAKISTAN, INDLAND, NEPAL OG KÍNA.

*Persía*
TEPPAGALLERÍ
Bæjarlind 16, Sími: 568 6999

OPIÐ :
MÁN – FÖS
KL. 10 – 18
LAUGARDAGA
KL. 11 – 16

ATMO



# ný lína frá ifö

sameinar fegurð
og notagildi

Ifö



## SALERNI

### Ifö Sign

Traust, einföld og hljóðlát, hærri en venjuleg salerni og taka minna pláss en þig grunar. Vatnskassi í heilu lagi er staðall á öllum Ifö Sign salernum. Það gerir salernið fallegra og auðveldara að þrífa. Engin samskeyti sem óhreinindi safnast fyrir í og kassinn laus við raka. Möguleiki á hæglokandi setu.



## INNRÉTTINGAR

### Ifö Sense Art

Nýtískulegar innréttingar fyrir þá sem gera kröfur. Hagkvæmar skúffur og rúmgóðir skápar. Innréttingarnar koma tilbúnar til uppsetningar. Smekkleg hönnun og skemmtilegar lausnir, margar stærðir og gerðir.



## HANDLAUGAR

### Ifö Sign

Nýju handlaugarnar frá Ifö koma í öllum stærðum og gerðum, frístandandi eða sem hluti innréttingar. Eitt einkenni þeirra er stórt og mikið yfirborð sem gefur handlaugunum áberandi stíl og eykur notagildi þeirra.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Ifö fékk hinn þekkta danska arkitekt, Knud Holscher til að hanna nýja heildarlínu. Útkoman er glæsileg hönnun, allt frá innréttingum, salernum og handlaugum til spegla og tilheyrandi.

Ifö sameinar þægindi, fegurð og notagildi.

Komdu, upplifðu úrvalið og sjáðu nýjar lausnir fyrir baðherbergið þitt.

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**

Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is
Baldursnes 6 Akureyri Sími 414 1050 Fax 414 1051

# Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette






- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart

KORTER.IS

# 25%

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

FÆÐING BARNS ER GLEÐILEGUR ATBURÐUR. ÞEGAR UNGAR STÚLKUR VERÐA ÓFRÍSKAR VERÐA TILFINNINGARNAR ÞÓ OFT BLENDNAR. SIRKUS SPJALLAÐI VIÐ ÞRJÁR MÆÐUR SEM EIGA ÞAÐ SAMEIGINLEGT AÐ HAFA EIGNAST BARN Á UNGLINGSALDRI.

# EIGNUÐUST BARN Á UNGLINGSALDRI




**MAMMA 13 ÁRA** Agnes Anna Sigurðardóttir ásamt Þorsteini frumburðinum og Svavari Óla yngri syni sínum.

## Sonurinn er besti vinur minn

Þetta var ofsalegt áfall en foreldrar mínir tóku mig undir sinn verndarvæng og studdu mig og hafa alltaf gert,“ segir Agnes Anna Sigurðardóttir en Agnes var aðeins 13 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn. Agnes segir foreldra sína hafa hjálpað sér mikið. Hún hafi fengið frí úr skólanum í nokkrar vikur eftir fæðinguna en þegar hún hafi mætt aftur hafi mamma hennar tekið vögguna inn til sín á næturnar svo að hún gæti fengið nægan svefn fyrir skólann. „Ég fékk samt skýr skilaboð um hver væri mamman og hver væri amman en þau hjálpuðu mér mikið og algjörlega fjárhagslega. Auðvitað þurfti ég alveg að hafa fyrir hlutunum en ef barnið vantaði eitthvað sáu þau um að það yrði keypt.“ Agnes var aðeins tólf ára þegar hún varð ófrísk. Henni var boðið að gangast undir fóstureyðingu sem hún neitaði. „Ég var engan veginn með þroska til að ákveða þetta en ég sé ekki eftir þessu í dag,“ segir Agnes sem ekki er orðin amma. „Ég og elsti sonurinn erum ofboðslega náin og höfum alltaf verið frekar eins og systkini. Hann er besti vinur minn og þegar maðurinn minn var úti á sjó og hann var lítill sátum við saman á kvöldin og horfðum á sjónvarpið því ég var svo myrkfælin,“ segir Agnes hlæjandi og bætir við að hún muni varla eftir sér nema með soninn við hlið sér.

Agnes hefur alltaf búið á Árskógsströnd við Eyjafjörð og hún segir samfélagið hafa tekið sér vel þótt hún væri svona ung orðin mamma. „Eldra fólkið var sérstaklega almennilegt við mig en ég held að margir foreldrar vina minna hafi óttast að þetta gæti verið smitandi. Ég óska ekki mínum börnum að feta þessa slóð því þetta var ákveðinn missir líka og ég fór til dæmis ekki í frekara nám eftir barnaskólann,“ segir Agnes. Hún hefur þó nóg að gera en hún og eiginmaðurinn, Ólafur, reka Bruggsmiðjuna á Árskógssandi. „Ég læt skort á skólagöngu ekkert stoppa mig og er á fullu að brugga,“ segir Agnes hress í bragði.

## Sátt og ánægð með barnið

Ég þakka fjölskyldunni hversu vel þetta tókst,“ segir Bergljót Snorradóttir á Dalvík sem eignaðist barn aðeins 15 ára gömul. Bergljót segir að það hefði líklega ekki skipt máli hvar á landinu hún hefði búið svo lengi sem hún hefði fjölskylduna þétt við bakið á sér. Aðspurð segir hún að lífsreynslan hafi ekki sett mikið strik í reikninginn hjá sér þótt margt hafi breyst við að verða móðir. „Ég hef alltaf tekið hlutunum eins og þeir eru án þess að velta þeim mikið fyrir mér. Þetta gerðist og við því var ekkert að gera,“ segir Bergljót sem á fimm börn. Það elsta, sonur, er að verða 26 ára, næst kemur 17 ára stelpa, þá 15 ára strákur, 11 ára stelpa og yngsta stelpan er að verða 5 ára. „Ég tók 21 ár í þetta,“ segir Bergljót sem varð amma 37 ára.

Bergljót segir stuðning fjölskyldunnar hafa skipt höfuðmáli. Hún hefði aldrei plummað sig ein með barn á þessum aldri. „Hann fæddist ári eftir ferminguna mína. Skólastjórinn ráðlagði mér að hætta í skólanum þar sem ég var komin svo langt og þau voru hrædd um að ég yrði fyrir hnjaski. Það tóku allir vel í þetta og ég held að þetta hafi ekki þótt jafnmikið mál og það gerir í dag.“ Aðspurð hvort hún myndi velja þessa braut fyrir barn hennar segist hún ekki stjórna lífi barnanna sinna. „En ef þessi staða kæmi upp þá myndi ég vera til staðar fyrir barnið mitt í þeirri ákvörðun að eiga barnið. Ég myndi ekki vilja vera í stöðu margra stelpna sem neyddar hafa verið í fóstureyðingar og þurfa að líða fyrir það sálarlega,“ segir hún og bætir við að hún hafi ekki misst af mörgu sem vinkonurnar voru að bralla þótt hún væri með lítið barn. „Ég var heppin því foreldrar mínir hjálpuðu mér og hvöttu mig til að gera hitt og þetta svo ég missti ekki af miklu. Ég er sátt og ánægð með mitt barn enda hefur hann staðið sig vel í lífinu.“




**15 ÁRA MAMMA** Bergljót þakkar fjölskyldunni sinni fyrir að hafa tekið vel á málunum þegar hún varð ófrísk. MYND/HEIÐA.IS



**ÁNÆGÐ OG SÁTT** „Ég er sátt og ánægð með mitt barn enda hefur hann staðið sig vel í lífinu,“ segir Bergljót.




**UNG MAMMA** Rósa María óskar börnunum sínum ekki að verða svo ung foreldri. MYND/ANTON BRINK

## Samúðin minni í dag

Ég varð lítið vör við að fólk væri hneykslað en sjálfsagt hafa einhverjir haft sínar skoðanir þótt þeir væru ekki að segja það í mín eyru,“ segir Rósa María Sigurðardóttir sem eignaðist sitt fyrsta barn 16 ára. Rósa María flutti strax úr heimahúsum í Svarfaðardal til Akureyrar ásamt barninu og barnsföður sínum. „Ég var elsta barnið og held að ég hafi verið sæmilega þroskuð og ábyrgðarfull miðað við aldur. En ef ég hugsa til baka sé ég að ég var óttalegt barn,“ segir Rósa María og bætir við að það hafi verið talsvert áfall þegar hún hafi komist að því að hún væri ófrísk. „Ég pældi samt ekkert mikið í þessu. Ég vissi ekkert hvað ég vildi gera með líf mitt á þessum tíma og fannst þess vegna alveg eins gott að eyða þessum árum í barnauppeldi eins og hvað annað“ segir Rósa María sem er í dag að klára stúdentinn. En þegar barnið var komið í heiminn og frá leið, þá fannst mér ég stundum verða eftir þegar ég horfði á vinina halda áfram í skóla.

„Ég myndi því alls ekki vilja að barnið mitt yrði foreldri svona ungt og ég legg ríka áherslu á það við mína syni að þeir átti sig á því hvað þeir vilja í lífinu áður en þeir fara að binda sig og hrúga niður börnum.“

Rósa María, sem á þrjá syni, segist að sjálfsögðu aldrei hafa séð eftir að hafa átt elsta soninn og að hún hafi verið heppin með að eiga góða að. Aðspurð segist hún telja að horft sé öðrum augum á ungar mæður í dag, að samúðin sé minni núna en þegar hún var að eignast sitt fyrsta barn. „Ég átti foreldra sem bjuggu í sveit og gátu haft barnið ef þurfti. Í dag eru aðstæðurnar aðrar og fólk hefur nóg með sjálft sig. Krakkar eiga svo margra kosta völ í dag og því um að gera að njóta þess því það er nægur tími til barneigna seinna. Ég fann sjálf hvað ég var miklu tilbúnari þegar ég eignaðist mitt annað barn þótt ég væri ekki nema 22 ára. Þá hafði ég reynsluna og naut þessa tíma miklu betur.“

*indiana@frettabladid.is*



**MEÐ BÖRNUNUM** Rósa María var 16 ára þegar hún eignaðist sitt fyrsta barn.


E L M D E S I G N
Laugarvegur 1 sími 511 0991

**Hollywood Hanna**

## Herra Magoo að verða pabbi



Við fengum að vita í síðustu viku að hin gullfallega Salma Hayek ætti von á barni. Unnustinn heitir Francois-Henri Pinault og er franskur viðskiptamaður. Margir hafa strítt herra Pinault því hann minnir óneitanlega mikið á Herra Magoo. Hvað finnst ykkur?



**HERRA OG FRÚ MAGGOO** Salma Hayek ásamt unnusta sínum og tilvonandi barnsföður, Francois-Henri Pinault. Hann er svolítið líkur Herra Magoo.

# Tomkat-hjónin að drepast úr leiðindum

Katie Holmes og Tom Cruise eru æðislega dugleg að fara á íþróttaleiki sonar Toms. Þau fara að minnsta kosti einu sinni í viku. Það getur verið leiðinlegt á svona atburðum, en gátu þau ekki leynt hvað þeim leiddist rosalega? Það er eins og þau séu í helvíti. Eins og Tom getur nú verið úber-hress þá hefur hann aldrei sést með þennan svip.





**MYGLUÐ** Katie Holmes gæti ekki verið meira sama um þennan körfuboltaleik og Tom er á barmi taugaáfalls. Suri er hins vegar hin hressasta.



**TVÍFARAR** Þau eru afar lík Halle Berry og Sanjaya.

# Tvífarar vikunnar

Já, Halle Berry á sér tvífara og er það enginn annar en hinn brosmildi Sanjaya úr American Idol. Hann er ekki aðeins þekktur fyrir þetta stóra bros heldur er hann óhræddur við að nota sléttujárnið. Sanjaya og Halle—sama brosið og sama hárið.








**KRYDDPÍURNAR** Posh var sú alvarlega í hópnum eins og sést á myndinni.



**ÁSTFANGIN** Svona hegðuðu þau sér áður en þau urðu að heimsveldi.



**HOLLYWOOD-GELLA** Victoria á eftir að fíla sig í botn í Hollywood.

# Úr smáborgara í Hollywood-plastdúkku

Frú Victoria Beckham hefur heldur betur tekið stakkaskiptum síðan hún kom fyrst fram í dagsljósið sem Fína kryddið í Kryddpíunum. Á sínum tíma brosti Victoria litla þrátt fyrir að vera sú alvarlega í hópnum. Síðan kynntist hún efnilegum fótboltamanni og varð yfir sig ástfangin. Í þá daga voru skötuhjúin ósköp eðlileg, syndu alúð fyrir framan alþjóð og hlógu hvort að öðru. Í dag eru hlutirnir aðeins öðruvísi. Eftir þrjú börn hefur Vicky heldur betur lagst undir hnífinn. Það ætti ekki að fara fram hjá neinum. Hún verður með hverjum deginum óraunverulegri, ekki endilega líkamlega, heldur frekar hvernig hún hagar sér. Hún sýnir mjög sjaldan tilfinningar og maður spyr sig hvort hún finni fyrir nokkru. En vissulega höfum við séð hana hlæja og gantast í sjónvarpsupptökum, en er það hin raunverulega Victoria? Núna er daman að flytja til Los Angeles. Hún er nú þegar komin með ljósa hárið. Hvernig verður hún eftir fimm ár í borginni þar sem ekkert er í alvöru?



**BLONDÍNA** Victoria er orðin ljóshærð í stíl við allar hinar bomburnar í Hollywood.



# Angelina í Tsjad

Hún Angelina Jolie má eiga það að hún sinnir sínu hjálparstarfi með miklum sóma og mættu fleiri stjörnur taka hana sér til fyrirmyndar. Newsweek fór með leikkonunni til Tsjad í Afríku þar sem þau heimsóttu flóttamannabúðir og þessar myndir voru teknar.



**EINBEITT** Í Tsjad að heimsækja flóttamenn frá Darfur.



**ROSALEG STUND** Angelina heldur utan um ungan dreng í Tsjad.



**HÖRMUNGAR** Angelina átti erfitt með að fylgjast með í Tsjad.



**HLÁTUR** Það var brosað breitt á þessari stundu.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

# ÞAÐ ER SKEMMTILEGRA AÐ VERA ÁSKRIFANDI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 |  | X-FACTOR | 55,2% |
| 2 |  | GREY'S ANATOMY | 44,3% |
| 3 |  | PRISON BREAK | 42,1% |
| 4 | | SPAUGSTOFAN | 41,9% |
| 5 |  | AMERICAN IDOL | 41,3% |
| 6 | | SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS | 36,2% |
| 7 |  | NIP TUCK | 35,5% |
| 8 |  | KOMPÁS | 33,9% |
| 9 |  | COLD CASE | 33,7% |
| 10 |  | PUNK'D | 33,2% |

*Capacent könnun febrúar 2007. Áskrifendur 12-49 ára

skemmtilegri

**10 vinsælustu þættir hjá áskrifendum Stöðvar 2 samkvæmt nýjustu könnun Capacent***

# helgin

## Við mælum með



„Ég mæli með veitingastaðnum Domo sem er að mínu mati sá heitasti í dag. Maturinn er alveg fyrsta flokks, gerist ekki betri. Svo er flott hvernig maturinn er borinn fram og ekki skemmir flott hönnun og skemmtilegt andrúmsloft fyrir.“

**Helga Lind Björgvinsdóttir fyrirsæta**

„Saltfélagið í gamla Alliance-húsinu, þar sem Ellingsen var, er góður griðastaður í borginni. Þar er kaffihús, bókabúð og flottasta húsgagnaverslun landsins. Húsið er skemmtilega uppgert og maður gengur endurnærður út eftir góðan kaffibolla í skemmtilegu umhverfi. Og þá er tilvalið að ganga út á bryggjurnar og skoða skipin.“



**Gísli Marteinn Baldursson**

„Ég mæli með ökuferð til Sandgerðis á sýninguna Aðdráttarafl heimskautanna. Sýningin er um ævi og störf heimskautafarans Jean-Baptiste Charcot. Þar má sjá margt fallegt og fróðlegt og sýningin er skemmtilega uppbyggð. Í leiðinni má svo keyra að Garðskagavita sem er alltaf jafn sjarmerandi.“



**Ásgerður Júníusdóttir söngkona**

„Ég mæli með leikritinu Killer Joe sem sýnt er á litla sviði Borgarleikhússins. Leikritið er ekki fyrir viðkvæm augu en ég hafði rosalega gaman af þessu og fannst leikararnir standa sig ofsalega vel.“

**Margrét Eir Hjartardóttir leikkona**



## Hvað á að gera um helgina?



„Fram undan er prýðis helgi. Á föstudagkvöld er okkur hjónaleysum boðið til snæðings hjá Sindra Sindrasyni, þeim mæta fyrrum fréttamanni. Um helgina ætlum við mæðginin svo að bruna upp í Hvalfjörð til fundar við afa og gott ef við bregðum okkur ekki í Hafnarfjörðinn líka að hitta Golfskála-Brynju. Svo hef ég líka einsett mér að klára nýjustu bókina hans Fukuyamas, After the Neocon.“

**Þóra Arnórsdóttir fréttamaður**



„Ég verð að greiða nokkrum gellum á laugardaginn og ég læt þær um tjúttið að þessu sinni. Á sunnudaginn ætla ég að skella mér í menningargírinn og sjá verk Íslenska dansflokksins Í okkar nafni og um kvöldið hlakka ég mikið til að knúsa dóttur mína sem varð þriggja ára í mánuðinum.“

**Ásgeir Hjartarson hárgreiðslumaður á Supernova**

Ég ætla á frumsýningu Draumalandsins í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Laugardagarnir byrjar jafnan í Haukahúsinu þar sem yngstu börnin skemmta sér og fá útrás í leikjaskólanum. Um kvöldið fylgi ég síðan eiginmanninum á árshátíð Kaupþings, þar sem hann starfar. Sunnudagssíðdeginu ver ég hins vegar í hópi frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins til alþingiskosninganna í Suðvesturkjördæmi.“

**Rósa Guðbjartsdóttir**



„Á laugardaginn ætla ég að halda fjörugt Spiderman-afmælispartí fyrir Tuma minn sem verður 5 ára. Ætli mamman verði ekki eins og undin tuska eftir allt krakkafjörið og skelli sér í pottinn um kvöldið. Á sunnudaginn ætla ég svo bara að njóta þess að vera með molanum mínum, fara í sund, elda kjúklingabringur og hver veit nema maður endi helgina í bíó eða á kaffihúsi.“



**Sigríður Elín Ásmundsdóttir blaðamaður**

HANDBOLTAKAPPINN ALEXANDER PETERSSON VAR VALINN KYNÞOKKAFYLLSTI MAÐUR LANDSINS AF HLUSTENDUM LÉTT BYLGJUNNAR. ALEXANDER ER ÁNÆGÐUR MEÐ TITILINN EN SEGIR SKEMMTILEGAST AÐ SIGRA GUÐJÓN VAL ÞAR SEM HANN SIGRI VANALEGA Í ÖLLU.

# ALEXANDER KYNÞOKKAFYLLSTUR



**ALEXANDER PETERSSON** **Alexander kippir sér lítið upp við titilinn og vildi heldur vera valinn besti handboltamaðurinn.**

Já, já, ég er ánægður með þennan titil,“ segir Alexander Petersson handboltakappi sem var í vikunni valinn kynþokkafyllsti karlmaður landsins af hlustendum Létt Bylgjunnar. Forráðamenn útvarpsstöðvarinnar tilnefndu tíu flotta karlmenn en hlustendur völdu sigurvegarann og úrslitin voru kunngerð á konukvöldi Létt Bylgjunnar í Smáralind á miðvikudagskvöldið.

Þegar Sirkus náði af Alexander var hann staddur heima hjá sér í Þýskalandi en hann, sambýliskona og barn búa nálægt Frankfurt þar sem Alexander starfar sem atvinnumaður í handbolta. Aðspurður tekur Alexander undir að það sé gaman að hafa sigrað svona flottan hóp en meðal tilnefndra voru Jónsi í Í svörtum fötum, Björgólfsfeðgar, Eiríkur Hauksson og Hreiðar Már Sigurðsson. „Þetta eru alvöru menn og það er gaman að hafa sigrað þá,“ segir Alexander sem var eini handboltamaðurinn í hópnum. „Ég er samt ekkert að kippa mér upp við þetta og vildi frekar vera valinn besti handboltamaðurinn. Þetta er líklega gert fyrir stelpurnar,“ segir hann og bætir aðspurður við að hann lendi stundum í því að stelpur stoppi hann á djamminu hérna heima.

Alexander segir sætasta sigurinn þann að sigra Guðjón Val Sigurðsson. „Útvarpsstöðin FM 957 tilnefndi mig líka kynþokkafyllsta manninn en þá var Guðjón Valur í öðru sæti. Það var gaman að vinna hann enda vinnur hann alltaf allt,“ segir Alexander sem er 26 ára. Hvort hann hafi fengið tilboð um að sitja fyrir segir hann ekki svo vera. „Ég hef lítinn áhuga á því en það er aldrei að vita hvað maður gerir þegar handboltanum lýkur.“

*indiana@frettabladid.is*



*„Hann er flottur og greinilega í fantaformi strákurinn. En hann fær þó ekki stimpilinn kynþokkafyllstur í mínum bókum. Hann virkar samt voða góðlegur.“*
**Ágústa Johnson Hreyfingu**



*„Alex er dálítið suðrænn í útliti og vinkonur mínar eru vitlausar í hann.“*
**Brynja Björk Garðarsdóttir blaðamaður**



*„Alex er flottur með smá bringuhár og tveggja daga skeggrót.“*
**Elísabet Thorlacius fyrirsæta**



*„Gæti alveg séð hann fyrir mér í Armani-fötum á sýningarpalli – flott týpa.“*
**Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri fegurðarsamkeppni Íslands**

**sirkus**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristin Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is



MÚSÍKTILRAUNIR 2007
TÓNLISTARHÁTÍÐ 19.-31. MARS
UNDANKVÖLD 19. 20. 21. 22. og 23. mars
í Loftkastalanum - Verð kr. 700,-
ÚRSLITAKVÖLD 31. mars - Verð kr. 1.000,-
Aðgangspassar 2500 kr. - gildir sem forkaupsréttur
á miðum fyrir úrslitakvöld.
ICELANDAIR
ÍTR
TÓNABÆR
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
RÁS 2




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

PÍTAN

**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf á grilli. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur. Umsóknir á www.pitan.is**

AMERICAN STYLE

**American Style í Kópavogi**
**Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Þá er American style í Kópavogi málið. ?**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**

SUBWAY

**Kvöld og helgarvinna**
**Óskum eftir fólki í vaktavinnu, breytilegar vaktir á Subway Ártúnshöfða. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Aldurstakmark 17 ár. Nánari upplýsingar veitir Hildur í síma 696-7061.**

**Pökkunarstarf**
**Snæfiskur hf sem er heildsala með frystivörur fyrir veitingahús og verslanir óskar eftir duglegum starfskrafti í pökkun. Þægileg vinna í litlu fyrirtæki. Vinnutími frá kl. 9:00 til 16.00. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl. í s. 894 3155 (Jón) eða sendið tölvupóst á jon@snaefiskur.is**

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423 eða netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Óska eftir hárgreiðslusveini í stólaleigu eða fullt starf. Upplýsingar í síma 861 3434.

Óska eftir mönnum til byggingarvinnu í Færeyjum. Uppl. í s. 899 8916.

**Bónusvideo-Laugalæk**
Óskum eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Einnig starfsfólk frá kl 14 virka daga. Aðeins hörkuduglegt og skemmtilegt fólk kemur til greina, 18 ára og eldri. Uppl. í s. 845 3363, Jenný.

Óska eftir vönum gröfumanni m/meirapróf. S. 867 9279.

Óska eftir starfskrafti í skrifstofuvinnu ca. 10 klst. á viku. Uppl. í s. 824 6464.

## Atvinna óskast

Óska eftir starfi við ræstingar á kvöldin, er enskumælandi. Uppl. í s. 893 9581.

Flísari tekur að sér aukavinnu, er vandvirkur með margra ára reynslu, 894 2908.

23 ára pólsk stúlka, talar ensku og svolítið í íslensku, óskar eftir dagvinnu. Reyklaus, stundvís og með góða framkomu. Uppl. í s. 554 5907 e. kl. 16.

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál




Settu eignina þína í réttar hendur
Bráðvantar 4 herbergja íbúð á skrá

RE/MAX Senter

brb mediadesign

# Er með kaupendur af 4 herb. íbúð í Grafarholti. Bílskúr þarf að fylgja með.



Kittý Johansen
Sölufulltrúi
**695 4161**
kitty@remax.is

Valdimar Jóhannesson
Löggiltur Fasteigna-, fyrirtækja og skipasali.



FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR***

FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

STÓRBORG fasteignasala
www.storborg.is

**Sími 534 8300 • Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • www.storborg.is • storborg@storborg.is**

**FLYÐRUGRANDI - GLÆSILEG SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR**

Frum





Vorum að fá í sölu glæsilega og algjörlega endurnýjaða 132 fm. íbúð á 1.hæð (2.hæð frá garði) í eftirsóttu fjölbýlishúsi. Íbúðin hefur öll verið standsett frá grunni m.a. parket, hurðar, innréttingar, eldhús, baðherbergi, tæki og fl. Íbúðinni fylgir u.þ.b. 25 fm. bílskúr í lengju (endi rétt við íbúð). Glæsileg eign með beinu aðgengi og sérinngangi frá götu en með stórum svölum út af stofu. Sérverönd með hellum er einnig út af hjónaherbergi. Fallegt eikarparket á gólfum, glæsilegt eldhús með stáltækjum og háfi. Mjög stór og björt stofa. Þrjú svefnherbergi. Góð sameign með gufubaði og fl. Sjón er sögu ríkari. Íbúðin er laus strax. **Verð 42,9 millj.**



Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali



Skúli Örn Sigurðsson
Sölufulltrúi
897 0798
skuli@remax.is

RE/MAX Lind

# Glæsilegt atvinnutækifæri

# Ólíkt öllu öðru!









Nú er sóknarfæri til að hagnast á síauknum ferðamannastraumi til Reykjavíkur.

Opnaðu þinn draumarekstur:
Veitingahús, listagallerý, kaffihús, skemmtistað eða allt á einum stað.

Glæsilegt útsýni með stórum gluggum.
Staðurinn tekur um 170 manns í sæti.

Gerðu drauminn að veruleika og nýttu þér þá miklu sérstöðu sem þetta tækifæri býður þér.

**-Engin fasteignagjöld-**
**Þú greiðir aðeins um 40.000 kr. í hafnargjöld á mánuði.**

**Í skipinu eru:**
- 3 hæðir
- 4 salir
- 3 baðherbergi
- 2 barir
- Eldhús
- Svefnpláss fyrir 5 manns
- Mikið geymslurými

**Í skipinu má einnig finna:**
- Karíókí
- DVD spilara
- Flatskjá
- Heimabíó

**Skemmtilega öðruvísi!**
Skipið er fast við landið og ruggar því ekki
Skipið þarf ekki að fara í slipp
Borð og stólar fylgja kaupum
Ýmsir samstarfsmöguleikar í boði

Það er ekki á hverjum degi sem stórir draumar fást fyrir lítið.

Þetta er frábært tækifæri m.a. með tilkomu nýja tónlistarhússins.

Verð 40.000.000.kr.-

Nánari upplýsingar í síma **897 0798**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX LIND • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500 • Fax: 520 9509

Sýslumaðurinn í Reykjavík

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna Alþingiskosninganna 12. maí nk. hefst við embætti sýslumannsins í Reykjavík þann 17. mars nk. og er opin á skrifstofutíma á milli 9-15:30 virka daga. Um helgar og á öðrum frídögum er opið frá kl. 12-14 en lokað á föstudaginn langa og á páskadag.

Frá og með 16. apríl fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöllinni og þá verður opið alla daga frá kl. 10-22.

LOFT ORKA

## Fyrrum starfsmenn Loftorku Reykjavík!

Það verður heitt á könnunni á milli kl. 13 og 15, laugardaginn 17. mars í Loftorkuhúsi, Miðhrauni 10, Garðabæ.

**Hittumst hress og rifjum upp gömul kynni!**

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Breyting á fiskeldi í sjókvíum Sæsilfurs hf. í Mjóafirði, Fjarðabyggð.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **14. apríl 2007.**

**Skipulagsstofnun**

FASTEIGNIR


www.arnarnes.is

Þökkum frábærar viðtökur

AÐEINS 3 ÍBÚÐIR EFTIR

Verðdæmi:
3ja herb. 104 m²
24,9 mkr
4ja herb. 146 m²
32,9 mkr






Síðasta suðurhlíðin
á höfuðborgarsvæðinu

arnarnes.is

Nýjar gerðir íbúða, ný verð

Við kynnum nýjar íbúðagerðir og ný verð á Arnarneshæðinni. Nánasta umhverfi húsanna er því sem næst fullfrágengið. Hverfið er í suðurhlíð og horfir á móti hækkandi sól. Umhverfið er yndislegt, skjólsælt með afbrigðum þar sem byggðin er lágreist og hlýleg. Enginn gegnumakstur er í hverfinu, gönguleiðir eru fjölmargar og stutt í alla þjónustu.

Frábærar viðtökur

Sunnudaginn 11. mars sl. hófum við að selja íbúðir í Hallakri 1-3 og fengum einstaklega góðar viðtökur. Af 10 íbúðum seldust 7 íbúðir strax og fjöldi fyrirspurna hefur borist vegna þeirra sem eftir standa.

Áhugasamir þurfa þó ekki að örvænta. Innan tíðar verða íbúðir í Haustakri teknar til sölu. Rétt eins og í Hallakri verða íbúðirnar að Haustakri einstaklega fallegar og vel útbúnar á alla lund. Þeir sem vilja tryggja sér íbúð í nýju byggingunum eru hvattir til þess að hafa samband við sölumenn okkar í síma 530-1500.

ÍBÚÐIRNAR

*Raðhús og lítil fjölbýlishús // Íbúðir fyrir alla aldurshópa // Stórar svalir á móti sól // Viðhaldsfrí hús // Glæsilegt útsýni // Allt að 90% fjármögnun*

UMHVERFIÐ

*Glæsilegt hverfi á besta stað í Garðabæ // Bjart og opið hverfi // Skjólsælar suðurhlíðar // Lágreist byggð // Græn svæði og göngustígar // Engin gegnumakstur í hverfinu // Stutt í verslun og þjónustu // Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskóli innan hverfis*

auglýsingastofan gr?nn / íslensk almannatengsl

HÚSAKAUP

Sími 530 1500 // Suðurlandsbraut 52 // við Faxafen // www.husakaup.is


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um nýjar deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýjum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

### Hlíðarfótur í Vatnsmýri

Tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði fyrir Háskólann í Reykjavík við Hlíðarfót í Vatnsmýri sem nær frá Nauthólsvík í suðri, Hótel Loftleiðum í norðri og til austurs og vesturs að Öskjuhlíð og flugvallarsvæði.

Markmið deiliskipulagsins er að vera leiðbeinandi um uppbyggingu á landi ætluðu Háskólanum í Reykjavík og tengdum byggingum. Brýnt er að uppbygging taki mið af náttúru og umhverfi og lögð er áhersla á að svæðið sé aðlaðandi og opið gagnvart umhverfi og flétti saman útivistarsvæði og aðliggjandi byggð.

Endanlegt skipulag skal endurspegla byggingarlist og umhverfi og vera dæmi um metnaðarfulla og framsækna uppbyggingu á einstökum stað í miðborg Reykjavíkur. Um er að ræða lágreista byggð og er nýtingarhlutfall allt að 1,0.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Njálsgötureitur 2

Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.190.2, Njálsgötureit, sem afmarkast af Frakkastíg, Bergþórugötu, Vitastíg og Njálsgötu.

Tillagan gerir ráð fyrir að á reitnum verði áfram íbúðarsvæði. Á hluta reitsins eru hús sem standa við Njálsgötu, Frakkastíg 17 og 19 ásamt Vitastíg 18 og hefur Minjavernd lagt til að þau njóti verndunar byggðaamynsturs og svo syðri hluti reits sem eru hús við Bergþórugötu sem eru steinsteypt íbúðarhús.

Heimilt er að lagfæra og gera minniháttar breytingar á húsum, s.s. setja svalir, kvisti og skyggni án þess að koma þurfi til breytingar á deiliskipulagi enda séu breytingar í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, þróunaráætlunar miðborgar Reykjavíkur og meðfylgjandi greinargerðar og skilmála

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 16. mars 2007 til og með 30. apríl 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en **30. apríl 2007**.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 16. mars 2007
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# Greiðsluáskorun

## Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2007, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2007 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2007, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2007.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is



**DREKAVELLIR - HF. – 4RA HERB.**
Í einkasölu mjög glæsileg smekklega innréttuð 132,8 fm 4ra herb endaíbúð vel staðsett í Vallarhverfi í Hfj. Um er að ræða glæsilega fullbúna íbúð á 2 hæð í fallegu litlu fjölbýli við Drekavelli 24b. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, gang, baðherbergi, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, þvottahús og geymslu. Gólfefni eru hnotuparket og flísar. Gólfhiti er í íbúðinni. Hjóla og vagnageymsla í kjallara. Glæsileg eign í sérflokki. Falleg fullbúin lóð og gott leiksvæði á sameignarlóð. Örstutt í skóla og leikskóla. **Myndir á mbl.is.**
**Upplýsingar veitir**
**Þorbjörn Helgi sölumaður Gsm 896 0058**



**KRÍUÁS - HF. – 3JA HERB.**
Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsilega vel skipulagða 104,7 fermetra íbúð á frábærum útsýnisstað í fjögra íbúða húsi við Kríuás númer 3 í Áslandshverfi í Hafnarfirði. Íbúðin er með sér inngang og er smekklega innréttuð með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Eignin skiptist í forstofu, gang, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpshol, barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi og þvottahús/geymslu. Parket og flísar. Gólfhiti á baði og í forstofu. Fallegur afgirtur sólpallur. Glæsileg eign. **Verð 27,4 millj.**
**Upplýsingar veitir**
**Þorbjörn Helgi sölumaður Gsm 896 0058**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

Frum

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
## Sími 513 4300

| | |
|---|---|
| **Vilhjálmur Bjarnason** | **lögg. fast.sali** |
| **Helgi H. Jónsson** | **lögg. fast.sali** |
| **Guðný Guðmundsdóttir** | **sölumaður** |
| **Gunnar Magnússon** | **sölumaður** |
| **Hrafnhildur Helgadóttir** | **sölumaður** |
| **Kolbeinn Sigurðsson** | **sölumaður** |
| **Kristinn Erlendsson** | **sölumaður** |
| **Ólafur H. Haraldsson** | **sölumaður** |
| **Ólafur M. Sævarsson** | **sölumaður** |
| **Vilborg G. Hansen** | **sölumaður** |
| **Heimir H. Eðvarðsson** | **sölumaður** |
| **Sigrún Þorvarðardóttir** | **sölumaður** |
| **Vignir Daðason** | **sölumaður** |
| **Yngvi Laxdal** | **sölumaður** |
| **Rannveig Sveinsdóttir** | **móttaka** |
| **Erla R. Guðmundsdóttir** | **bókari** |
| **Ómar Haraldsson** | **tölvuumsjón/frágangur** |
| **Ingvaldur Mar Ingvaldsson** | **framkv.stjóri** |

Frum

**Stærri íb. og sérhæðir — Kríuhólar - Rvk**



Rúmgóð og björt endaíbúð á 6 hæð í lyftuhúsi. Húsið klætt að utan á snyrtilegan máta. Stutt í verslun, apótek, skóla, leikskóla, sund og aðra íþróttastarfsemi. Íbúðin er 116,1 fm ásamt 25,4 fm sérstæðum bílskúr. 3 Svefnherbergi, 2 stofur, svalir, hol, eldhús og baðherbergi. **Verð 24,9 millj.**

**2ja herbergja — Asparfell - Fyrstu kaup**



Góð 2ja herbergja íbúð á þriðju hæð í fjölbýli með lyftu. Húsið er nýlega klætt að utan með álklæðningu og eins er búið að skipta um glugga og gler. Nýleg eldhús innrétting, eldavél og vifta. Fín sem fyrsta íbúð þar sem viðhald verður í lágmarki næstu árin. Stutt í alla helstu þjónustu. **Verð 13,9 millj.**

**Stærri íb. og sérh. — Þingholsbraut - Kóp**



Mjög stór og rúmgóð 161,4 fm, sjö herbergja efri sérhæð í snyrtilegu og klæddu þríbýlishúsi með glæsilegu útsýni og aukaherbergi í kjallara ásamt 26,1 fm sérbyggðum bílskúr á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs. Eignin skiptist í 4 svefnherb., stóra stofu og arinstofu, góða borðstofu sem mætti loka og nota sem herbergi ásamt aukaherb. í kjallara. Stutt í gönguleiðir meðfram ströndinni, í sundlaugina og skóla ásamt verslun og þjónustu í Hamraborg. **Verð 39,9 millj.**

**Sumarhús — Gröf í Bláskógarbyggð**



Höfum fengið í sölu Árbæ, sem er vandað og fallegt 53,7 fm sumarhús með 18 fm millilofti og gömlum 7,2 fm geymsluskúr og nýju ca 10 fm húsi, bústaðurinn er á 5,000 fm eignarlóð á fallegum stað í skógi vöxnum trjálund rétt við litla á og snýr eignin sérlega vel með tilliti til kvöldsólar. Nýlegur og flottur fimm manna heitur pottur á sérbyggðum palli og einnig er veiðiréttur í Grafará og kvíslum hennar sem liggja við lóðarmörkin. Stutt er í alla þjónustu á Laugarvatni. **Verð 15,8 millj.**

**3 herbergja — Kristnibraut - Rvk**



Mjög björt og falleg 83,7 fm 3ja herbergja íbúð í lyftuhúsi. Sérinngangur inn í íbúð af svölum. Eldhús með viðarinnréttingu og parketi á gólfi. Borðstofa og stofa með parketi á gólfi og útgang á svalir. Baðherbergi með flísum á gólfi og við baðkar. Svefnherbergin eru tvö og bæði með parketi á gólfi og skápum. Þvottahús innan íbúðar með flísum á gólfi. **Verð 20,4 millj.**

**Sumarhús — Bláskógarbyggð**



Mjög vandaður, vel byggður og fallegur um 28 fm sumarbústaður í landi Austureyjar í Bláskógarbyggð við Apavatn, merkt á skilti sem Austurey ásamt góðum ca 35 fm trésólpalli fyrir framan húsið. Tekur um 60 mín. að keyra frá Reykjavík en um 100 km eru á staðinn. Ekið er sem leið liggur austur fyrir Ingólfsfjall og þar upp til vinstri næstum því alveg að Laugarvatni og ekið þar til hægri, afleggjari sem er merktur Útey og Austurey og farið þann veg alveg á enda að Apavatni og sést húsið þegar komið er að vatninu. **Verð 7 millj.**

**Einbýli — Keilufell - Rvk**



Gott einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr á fallegri lóð í efra Breiðholti. 4 Svefnherbergi, 2 baðherbergi, rúmgóð stofa og gott eldhús. Stærð 185,2 fm. Stór sólpallur og góð hellulögð verönd ásamt lóð í góðri rækt. Stutt er í helstu þjónustu, Eign sem vel er þess virði að skoða. **Verð 36,9 millj.**

**3 herbergja — Austurströnd -Rvk**



- Nýlegt parket
- Þvottahús á hæðinni
- Lyftuhúsnæði
- Bílskýli
- **Verð 24,9 millj.**

**Jörð — Tjarnarhólsmýri**



10,4 ha lóð undir hestabúgarð í heilsársbyggð sem rísa á skammt frá Svínavatni. Á lóðinni er 84 fm hesthús, sem þarfnast lagfæringa, og leyfi er til að byggja 250 fm einbýlishús ásamt 30 fm gestahúsi, eða samtals 280 fm. Vatn og rafmagn er komið að lóðarmörkum. Þetta er upplagt tækifæri fyrir hestaáhugamanninn að setjast að í sveitarsælunni. **Verð 15 millj.**

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# Láttu okkur selja fyrir þig

RE/MAX Borg

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

bib mediadesign

## Hvað gerum við fyrir þig...

- Verðmetum eignina þína þér að kostnaðarlausu og án allra skuldbindinga.
  ath. söluverðmat
- Notum fagljósmyndara sem taka myndir af eigninni.
- Útbúum eignamöppu með upplýsingum um eignina.
- Auglýsum eignina þína með mjög áberandi hætti.
- Höldum opið hús og sýnum eignina sjálf.
- Erum í sambandi við þig og væntanlega kaupendur af eigninni.



**Sigurpáll**
Sölufulltrúi
**897 7744**
sigurpall@remax.is

**Þórunn Þórðardóttir**
Löggiltur fasteigna-
Fyrirtækja og skipasali

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR***

FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

RE/MAX LIND

# Markmið okkar er að selja eignina þína á 30 dögum



Helgi Eysteinsson > Básendi 11



Rakel Húnfjörð > Rauðagerði 52



Bryndís og Örn > Melhæð 5



María Hlinadóttir > Safamýri 29



Elín Dóra og Vilhjálmur > Heiðargerði 88



Vaka Dóra og Ari Heimisson > Furugrund 50



Ingibjörg Sveinsdóttir > Flétturimi 36



Jón Gunnar og Harpa > Vallartröð 4



> Völuteigur 11



**Hannes Steindórsson**
Sölufulltrúi
Sími 699 5008
hannes@remax.is



**Gylfi Gylfason**
Sölufulltrúi
Sími 693 4085
gylfi@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur
fasteignasali

## LÁTTU OKKUR SELJA!
## hringdu strax í síma:
## 699 5008 eða 693 4085

RE/MAX

Remax Lind / Bæjarlind 14-16

# SJÓNARHORN




Hugað að húsum bæjarins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VISSIR ÞÚ ...

... að bandaríski flugkappinn Richard Byrd flaug fyrstur allra yfir Suðurpólinn 29. nóvember 1929? Ferðalagið til og frá leiðangursbúðunum á Ross-íshellunni tók 19 klukkustundir.

... að musteri Artemisar (Díönu) var reist um 350 f. Kr. í Efesus, Tyrklandi, en Gotar lögðu það í rúst 262 e. Kr?

... að þyngsta bláber heims sem kom úr garði Brians Carlick í Aldenburgh, Suffolk í Englandi, í september 2005, vó 7 g?

... að Ronaldo er markahæsti leikmaður allra tíma á HM? Þessi brasilíski framherji hefur 15 sinnum komið boltanum í net andstæðinganna í úrslitakeppni HM á árunum 1994-2006.

... að mestur leir sem hefur verið notaður við kvikmyndagerð var við framleiðslu Wallace & Gromit: Curse of the Were-Rabbit? Þá voru 2.844 kg af leir notuð til að móta sögupersónurnar og stýra þeim.

... að það tók kvikmyndafyrirtækið Aardman Animation´s fimm ár að framleiða Wallace & Gromit: Curse of the Were-Rabbit? Hún var frumsýnd í Ástralíu 4. september 2005.

... að 60.000 manna kór söng einraddað í lokaatriði kóramóts í Breslau, Þýskalandi, 2. ágúst 1937? 160.000 söngvarar voru á mótinu.

... að bandaríski ruðningskappinn Neil Rackers hefur skorað flest vallarmörk á leiktíð? Hann skoraði hvorki fleiri né færri en 40 vallarmörk á NFL-leiktíðinni 2005.

... að Rackers hefur líka skorað af 50 m færi flesta leiki í röð, því á sömu leiktíð spilaði hann fjóra slíka leiki. Auk þess er hann sá leikmaður sem hefur skorað að minnsta kosti tvö vallarmörk í flestum leikjum í röð, alls ellefu talsins. Vitaskuld á 2005-leiktíðinni.







# Fermingar-gjafir

## í miklu úrvali

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri.
Takmarkað úrval í öðrum verslunum



99.990kr
Verð áður 109.990,-

### Asus fartölva
A3HF5A017P
- 15" TFT XGA skjár (1024x768) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Celeron M 420 1.6GHz örgjörvi
- Intel 940GML Express skjákort
- 512MB DDRII 533MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 80GB 4200rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD dual layer brennari
- 4 USB 2.0, PCMCIA II, parallel og VGA út tengi
- Line in, mic og heyrnartólstengi
- Styður SIR-115.2Kbps
- Windows XP Pro stýrikerfi
- Norton Antivirus 2005 og Nero Express 6.0 fylgja
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 8 cells rafhlaða sem endist í allt að 3 tíma
- Þyngd: 2,8kg



21.990kr
Verð áður 24.990,-

### Philips heimabíó
HTS3100
- 200w RMS (4x25w og 2x50w) digital magnari
- Fjölkerfa DVD spilari
- 5 litlir hátalarar og bassabox
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby digital, DTS og dolby pro-logic II
- FM útvarp með 20 stöðvaminnum
- Scart (með RGB), s-video og RCA tengi



19.990kr
GOTT VERÐ

### JVC hljómtækjasamstæða
UXN1W
- 20w magnari með Hyper Bass Pro
- RDS útvarp með stöðvaminnum
- Geislaspilari með MP3
- Spilar CD-R/RW
- Klukka
- Aux inngangur að framan
- Fjarstýring



17.990kr
Verð áður 19.990,-

### United 21" sjónvarp
UTV4121
- 21" flatur Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49



17.990kr
Verð áður 19.990,-

### Olympus myndavél
FE190
- 6 megapixel • 3x optical zoom og 4x digital zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár • Hreyfimyndataka með hljóði (hámarksupplausn 320x240) • Þrjár myndstærðir
- Auto flass, red eye reduction og tímarofi • USB tenging við tölvu • Tekur xD kort • 22MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja

### Philips DVD spilari
DVP3040
- Fjölkerfa DVD DivX spilari - silfurlitaður • Spilar öll kerfi
- Progressive scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby digital • Scart (með RGB), component, SVHS og CVBS tengi • Digital coaxial tengi
- Fjarstýring

8.490kr
GOTT VERÐ



### Philips rakvél
HQ6710
- Blá Cool Skin með Nivea kremi eða geli sem tryggir mýkri rakstur og hentar vel fyrir viðkvæma húð
- Cool skin hnífar
- 45 mín hleðsla og tekur 8 klst. að hlaða
- Vatnsheld - má nota í sturtu og auðvelt að þrífa undir krana



11.990kr
GOTT VERÐ



9.990kr
GOTT VERÐ

### Sandisk MP3 spilari
C240FM
- 1GB Sansa c240 MP3 spilari
- Innbyggt FM útvarp
- microSD kortalesari
- Auðveldur í notkun
- Spilar MP3 og WMA
- Sýnir ljósmyndir
- Innbyggður diktafónn
- Endist í allt að 15 klukkutíma á einni hleðslu
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Heyrnartól, rafhlaða, USB kapall og hugbúnaður fylgja

### Sarotech margmiðlunarspilari
DVP370A
- Tekur 3,5" IDE harða diska
- Spilar DivX (3.x/4.x/5.x), XViD, DAT, MPG, VOB, ISO og IFO
- Spilar MP3, WMA, OGG og WAV
- Sýnir JPEG ljósmyndir
- Styður SMI, SRT og SUB texta
- Component (480i/480p, 720p/1080i), SVHS og CVBS útgangur
- Stereó útgangur
- Digital coaxal og optical útgangur
- Styður FAT32 og NTFS skjalakerfið
- USB 2.0 háhraða tenging
- Styður Windows 98/98SE/ME/2000/XP, MAC OS 9.0 eða nýrra og Linux 2.4 eða nýrra
- Stærð í cm (bxhxd): 20,6x5,5x14 og þyngd: 770g (án disks)



14.990kr
Verð áður 17.990,-

Gildir til 22. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Stöðvum stækkun álversins

UMRÆÐAN
Álverið í Straumsvík


ERLA SIGURÐARDÓTTIR

Undanfarið hef ég lesið greinar frá starfsfólki Alcan á Íslandi þar sem það lofar og dásamar vinnustaðinn sinn og notar það sem rök fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Hvernig mega það vera réttmæt rök fyrir þrefaldri stækkun á álbræðslunni að vinnustaðurinn sé góður? Ætla ég ekki efast um ÍSAL sem vinnustað, þeir fylgja lögbundinni jafnréttisstefnu og gera án efa vel við sitt fólk eins og nútímafyrirtækjum er von og vísa. Sem betur fer, þannig á það að vera. Það hins vegar réttlætir alls ekki stækkun álversins að hafa ánægt starfsfólk innanborðs. Málið getur ekki snúist um það hvort það sé gott eða slæmt að vinna hjá Alcan eða að þeir hafi alltaf gert vel við starfsfólk sitt. Ef eitthvað er, hefur þetta álver því miður verið hættulegri vinnustaður en margir aðrir.

Rök hagsmunasamtaka sem eru fylgjandi álversstækkun fara virkilega yfir strikið í umræðunni undanfarið með auglýsingabirtingum sínum. „Þetta er vinnan mín“ segja þau og vonast til að snerta viðkvæmar taugar. Að þeir dirfist að spila með samvisku fólks á þann hátt að ef álbræðslan stækki ekki muni fullt af fólki missa vinnuna sína. Það eru hrein og bein rangmæli því það mun enginn missa vinnuna sína verði ekki af stækkun álvers. Álverið mun ekki hætta starfsemi sinni næstu árin ef ekki verður af stækkun eins og þeir sjálfir hafa ítrekað sagt. Samviskuleg rök sem þessi virka sem öfugmæli í huga þeirra sem betur vita.

Fylgjendur álvers hafa einnig bent á hagræn rök máli sínu til stuðnings og tengja það við lífsgæði. Að bærinn muni sakna peninganna sem álverið greiðir í sjóðinn og að bæjarbúar muni finna fyrir því í þeim lífsgæðum sem við búum við hér. Staðreyndin er sú að frá álverinu í dag koma aðeins 1-2 prósent af tekjum bæjarins á ársgrundvelli. Og við lifum í blóma! Peningar geta ekki verið rök sem við hlustum á. Börnin okkar munu áfram stunda niðurgreiddar íþróttir þótt álverið stækki ekki og ljóst er að til eru fleiri stórfyrirtæki sem leggja listunum lið. Annars konar og minna mengandi starfsemi á þessu svæði mun einnig greiða sín gjöld og skapa veglegan virðisauka fyrir bæinn. Lífsgæði felast í því að búa í heilsusamlegum bæ þar sem hugsað er um framtíðina á heilbrigðan hátt en ekki í mengandi álpeningum. Tökum ekki hagræn rök fram yfir heilsu.

Við gætum endalaust rökrætt peninga fram og tilbaka í álversumræðunni en græðgi er orðið að lykilorði í þessari umræðu yfir það sem fylgjendur stækkun álvers kalla „hagrænan ávinning“. Græðgi er einn af löstum manneskjunnar og við verðum einhvers staðar að setja mörkin. Eigum við alltaf að segja já ef okkur eru boðin gull og grænir skógar bara ef við leggjum prinsippin okkar, heilsu, framtíð, siðfræðileg sjónarmið og hjartans mál til hliðar. Það er græðgi ef Hafnfirðingar vilja sjá fyrir sér að sleppa við að greiða fasteignagjöld eða annars konar eðlilega gjaldtöku með tilkomu þrefalt stærra álvers og græðgi að hálfu álversmanna að vilja menga bæinn okkar enn frekar. Við skulum ekki leyfa okkur að sakna peninga sem við höfum aldrei átt.

Ljóst er að ef af stækkun álvers verður mun mengun stóraukast. Gæði lofts í Hafnarfirði myndu stórlega minnka og losun flestra mengandi efna frá álverinu meira en tvöfaldast og það þrátt fyrir fullkomnari hreinsibúnað sem Alcan upphefur við hvert tækifæri. Losun svifryks og gróðurhúsalofttegunda mun 2,5 faldast og losun brennisteinstvíoxíðs eykst einnig um 40 prósent. Eftir stækkun verður losun gróðurhúsalofttegunda frá Alcan meiri heldur en frá öllum samgöngum á Íslandi! Þessi mengun skiptir heilsu Hafnfirðinga miklu máli þar sem vindáttin dreifir menguninni yfir bæinn í um 50 daga á ári.

Sjónmengun verður einnig veruleg í fallegu hrauninu, en verði af stækkun verður þetta stærsta álver í Evrópu. Íslendingar þurfa þá að búa við það hafa risastóran álklump við inngang höfuðborgar sinnar, ekki sérlega smart í „hreinu náttúrunni“ og með hreina vatnið. Fulltrúi frá Alcan lýsti því yfir á dögunum að ef ekki væri nú þegar álver í Straumsvík kæmi þessi staðsetning ekki til greina fyrir nýtt álver sökum nálægðar við byggð. Því vil ég ekki trúa því að við samþykkjum að fá stærsta álver í Evrópu inn á dyramottuna til okkar. Að staðsetja svona risaálver bókstaflega inn í bæinn og borgina, og alveg við framtíðarbyggingarland Hafnarfjarðar, er algjörlega úr takt við heilbrigða þróun bæði hvað varðar nútímalegt byggðaskipulag, umhverfismál og heilsufarleg mál. Hvað þá hjartans mál!

Segjum NEI við stækkun álvers 31. mars nk.

*Höfundur er verkefnisstjóri og Hafnfirðingur.*

RENAULT
ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
Hagkvæmari rekstareining
Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu.
Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.
Ný sending komin!

Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfelgum, þokuljósum og hliðarglugga.
Kr. 21.194
á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*
Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
Verð frá kr. 1.341.365 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.
Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.
Kr.1.341.365 kr. án VSK.
Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.
* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.
www.renault.is
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

# Röng vinnubrögð og skrítnar ályktanir

UMRÆÐAN
Þróunarsamvinnustofnun Íslands


HAUKUR MÁR HARALDSSON

Nýlega var lögð fram á Alþingi „skýrsla utanríkisráðherra um fyrirkomulag þróunarsamvinnu Íslands“. Hún hefur vakið nokkurt umtal, ekki síst vegna gagnrýni framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), Sighvats Björgvinssonar, á vinnubrögðin við kynningu hennar.

Skýrsla þessi er um margt happafengur; þar er saman kominn talsverður fróðleikur um þróunarsamvinnu Íslendinga í áranna rás. Skýrsluhöfundur, Þorsteinn Ingólfsson sendiherra, hefur þar unnið gott starf og þarft. Þar kemur einnig fram að „skýrsla þessi [sé] innlegg í umræðu sem mikilvægt er að fari fram og leiði til farsællar niðurstöðu sem sátt geti ríkt um“. Slík umræða er nauðsyn og það er til að stuðla að henni að þessi grein er fram komin.

Ég er sammála Sighvati þegar kemur að vinnubrögðunum við framlagningu skýrslunnar, auk þess sem mér sýnist að skýrsluhöfundur dragi ályktanir sem fara þvert á það sem ætla mætti út frá því sem segir í skýrslunni. Auk þess eru í skýrslunni staðhæfingar sem láta undarlega í eyrum stjórnarmanns ÞSSÍ.

Þarna liggur ástæða þess að mér finnst ástæða til að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við að leggja skýrsluna fram. Eðlilegt hefði verið að kynna efni hennar fyrst fyrir starfsmönnum og stjórn ÞSSÍ. Í fyrsta lagi hefði það getað komið í veg fyrir þann óróa sem um sig greip meðal starfsfólks ÞSSÍ, ekki síst erlendis, þegar það frétti af skýrslunni og þeirri túlkun að leggja ætti stofnunina niður og í öðru lagi hefði mátt leiðrétta þar atriði sem ekki virðast byggja á staðreyndum.

*Hætt er við að algjör samstaða stjórnmálaflokka um þróunarsamvinnu myndi bresta og málefnið yrði partur af flokkspólitísku dægurþrasi ef þessar breytingar yrðu ofan á.*

Fram kemur í skýrslunni að „starfsmenn ÞSSÍ skila merkilegu framlagi til alþjóðasamstarfs Íslendinga, oft við erfiðar aðstæður. Íslendingar geta með stolti litið til þeirra verka og enginn þarf að velkjast í vafa um að framlag okkar skiptir máli.“ Og þar segir einnig: „ÞSSÍ starfar samkvæmt skýrum verklagsreglum sem byggjast á alþjóðlegum viðmiðum. Í reglunum felst m.a. að öll verkefni stofnunarinnar eru metin reglulega og óháðar úttektir eru gerðar á öllum verkefnum hennar áður en þeim lýkur. Þetta verklag er til fyrirmyndar.“

Þrátt fyrir þessa skoðun skýrsluhöfundar (sem ég er sammála) dregur hann ályktanir sem mér finnst ekki að passi við hana. Þar finnst mér að hann (og utanríkisráðherra) sé að láta undan þrýstingi nokkurra starfsmanna utanríkisráðuneytisins sem hafa viljað fá starfsemi ÞSSÍ í ráðuneytið.

Skýrsluhöfundur bendir á tvær leiðir í framtíðarskipulagi þróunarsamvinnu Íslendinga;annars vegar fullan samruna ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins, hins vegar að ÞSSÍ starfi sem sjálfstæð undirstofnun með skilgreint verksvið, en í nánari tengslum við ráðuneytið en nú er.

Höfundur bendir á kosti og galla beggja leiða og tekur síðan þá afstöðu að mæla með fyrri leiðinni. Þegar hann ræðir kosti fyrri leiðarinnar nefnir hann átta atriði en fjögur atriði þegar kemur að göllunum. Og það eru einmitt fjögur grundvallaratriði sem ég tel að vegi mun þyngra en þau átta jákvæðu (sem ég er ekki að öllu leyti sammála): Gallarnir fjórir eru þessir, að mati skýrsluhöfundar:

a) Ákvarðanataka vegna tvíhliða verkefna gæti orðið seinvirkari en nú er.
b) Erfiðara gæti reynst að viðhalda fagþekkingu í þróunarsamvinnu vegna flutningsskyldu starfsmanna utanríkisráðuneytisins.
c) Hætta á að áherslur og verkefna val þróunarsamvinnunnar taki tíðari breytingum vegna reglulegra breytinga á yfirstjórn ráðuneytisins.
d) Auknar líkur á að skammtímasjónarmið, sem taka mið af afstöðu alþjóðastjórnmála, ráði ferðinni í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í stað faglegra sjónarmiða.

Tveir seinni liðirnir þýða að þróunarsamvinna Íslendinga kynni að verða komin undir geðþóttaákvörðunum sitjandi ráðherra hverju sinni. Þróunarsamvinna er hins vegar langtímaverkefni sem ekki má vera komin undir tilviljanakenndum dyntum einstaklinga sem gegna ráðherraembættum tímabundið.

Þrátt fyrir þessa laukréttu niðurstöðu leggur skýrsluhöfundur til að þessi leið verði valin.

Hér má bæta fimmta atriðinu við gallalistann: Hætt er við að algjör samstaða stjórnmálaflokka um þróunarsamvinnu myndi bresta og málefnið yrði partur af flokkspólitísku dægurþrasi ef þessar breytingar yrðu ofan á.

Það er ljóst að engin lög eru hafin yfir breytingar og lagfæringar; sama gildir um stofnanir á borð við ÞSSÍ. Ljóst er að með rýmkun á lagaheimildum mætti gera henni auðveldara um samstarf við utanaðkomandi aðila. Sama gildir um starfsreglur stofnunarinnar. Núverandi skipulag hennar og vinnbrögð gera það hins vegar að verkum að starf ÞSSÍ er mjög skilvirkt og traust. Samstarfsaðilar í þróunarlöndum hafa lýst sérstakri ánægju með áreiðanleika hennar í samstarfi. Þess vegna þykir mér rétt að vara við breytingum á skipulagi ÞSSÍ í þá veru sem skýrsla utanríkisráðherra gerir ráð fyrir og hún hefur gert að sinni skoðun.

*Höfundur er framhaldsskólakennari og stjórnarmaður í Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem er sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# 7% VSK

## Nú gerum við enn betur og lækkum virðisaukaskatt á húsgögnum úr 24.5% í 7%



ÞÚ SPARAR 95.864kr

**MEÐ 7% VSK**
**174.036kr**
Tilboðsverð ~~202.500,-~~
Listaverð 269.900,-

**Hægindasófi**
- fæst með 2 eða 4 hallandi stólum
- fáanlegur með leður eða tau áklæði

**Leður hægindasófi** 2322 (með 4 hallandi stólum)



ÞÚ SPARAR 49.659kr

**MEÐ 7% VSK**
**90.241kr**
Tilboðsverð 105.000,-
Listaverð 139.900,-

**Leðursófi** m/tungu 2213T



Gott verð
3.990kr

**Púðar**

### 40% AFSLÁTTUR AF GRAND DUPEN

| Rúmstærð | Listaverð | Tilboðsverð | 7% VSK | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|---|
| 90X200 | 68.900kr | ~~41.340kr~~ | 35.529kr | **33.370kr** |
| 150X200 | 98.280kr | ~~58.900kr~~ | 50.654kr | **47.626kr** |
| 180X200 | 119.880kr | ~~71.900kr~~ | 61.834kr | **58.046kr** |




AFSLÁTTUR 40%

**Grand Dupen**





## VERÐDÆMI

| | verð áður | verð með 7% VSK |
|---|---|---|
| Borðstofuborð | ~~59.990kr~~ | 51.480kr |
| Borðstofustólar | ~~14.900kr~~ | 12.806kr |
| Sófaborð | ~~29.900kr~~ | 25.697kr |
| Rúm 180x180 | ~~71.900kr~~ | 61.794kr |

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 22. mars eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Nú er kennslukonu allri lokið

**UMRÆÐAN**
Kjör kennara

Síðasta föstudag las ég á mbl.is að vísitala launa á almennum vinnumarkaði hefði hækkað um 10,3% milli áranna 2005 og 2006 og á sama tíma hefði launavísitala opinberra starfsmanna hækkað um 10,4%. Þetta kom mér nú vægast sagt verulega á óvart þar sem mín laun höfðu aðeins hækkað um 2,5% á þessu sama tímabili. Ég hélt svo áfram að lesa næstu frétt þar sem greint var frá því að Félag grunnskólakennara og Launanefnd sveitarfélaga hefðu komist að samkomulagi um hina umtöluðu grein 16.1 í kjarasamningum kennara. Í greininni umtöluðu segir að aðilar samningsins eigi að fara yfir efnahags- og kjaraþróun frá 2004-2006 og meta til hvaða aðgerða eigi að grípa. Ég hóf lesturinn full bjartsýni (í ljósi fréttar-innar á undan). Allir geta því ímyndað sér vonbrigðin að lestri loknum. Eftir margra mánaða fundahöld komust menn að samkomulagi um að hæfilegar aðgerðir væru: 30.000 króna eingreiðsla 1. maí 2007; 3% hækkun launa 1. janúar 2008; 3% hækkun launa 1. mars 2008.



HJÁLMFRÍÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR

Í staðinn fyrir þessar rausnarlegu launabætur ætla grunnskólakennarar að framlengja samning sinn við sveitarfélögin til 31. maí 2008 og bjarga þannig skólastarfi næsta vetrar. Einnig segir í samkomulaginu að stefnt sé að því að nýr samningur verði tilbúinn 1. júní 2008 (sem er nú ekki mjög trúverðugt, í ljósi þess hvernig til hefur tekist undanfarin ár).

Meti nú hver fyrir sig hvort þetta séu hæfilegar aðgerðir en fyrir mig er þetta bæði alltof lítið og kemur alltof seint. 3% launahækkun í janúar á næsta ári og önnur 3% tveimur mánuðum síðar er ekki alveg í takt við mínar væntingar. Auðvitað hækka laun okkar kennara um heil 6% við þetta en höfum í huga að það gerist ekki fyrr en eftir tæpt ár og dettur einhverjum heilvita manni í hug að laun annarra stétta standi í stað þangað til? Hvað þá verðbólgan? Því á ég að minnsta kosti afar erfitt með að trúa.

Eingreiðsluna get ég ekki einu sinni minnst á ógrátandi, hún er svo skammarlega lág. Heilar þrjátíu þúsund krónur, sem þýðir 18.000 krónur í vasann, svona gróflega reiknað. Ég tók að vísu ekki stærðfræði sem valfag í Kennaraháskólanum en þykist þó vera fær um að reikna út að þessi upphæð er í engu samræmi við verðlags- og launahækkanir undanfarinna missera. Mér er því algjörlega fyrirmunað að sjá eða skilja hvernig þetta samkomulag á að jafna kjör kennara við aðrar stéttir og þróun verðlags.

Ég viðurkenni fúslega að ég bjóst við meiru. Til dæmis 3% afturvirkri prósentuhækkun núna strax en ekki eftir tæpt ár. Ég bjóst að minnsta kosti aldrei við að einhverjum dytti í hug að 30.000 krónur (hvernig sem sú töfratala er fundin) nægðu til að bæta kennurum þá kjararýrnun sem þeir hafa orðið fyrir. Það getur vel verið að einhverjum finnist væntingar mínar bæði hafa verið barnalegar og óraunhæfar en þá verður bara svo að vera.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, hefur lýst þeirri skoðun sinni í fjölmiðlum að samkomulagið hafi verið skásti kosturinn í vondri stöðu. Ég get ekki annað en tekið undir að staðan var vond og það má rétt vera að þetta hafi verið skásti kosturinn fyrir félagið í heild en mér er allri lokið og sé ekkert annað í stöðunni en að hætta störfum og trúi því að mörgum kennurum sé eins farið.

*Höfundur er grunnskólakennari í Reykjavík.*

# Af hverju Waldorf skóli?

**UMRÆÐAN**
Menntamál

Eftir að við fluttum heim til Íslands eftir að hafa búið í Danmörku voru miklar vangaveltur í fjölskyldunni um hvaða skóla barnið nú ætti að fara í. Við höfðum nefnilega kynnst Waldorf-hugmyndafræðinni í gegnum leikskóla dóttur okkar í Kaupmannahöfn. Eftir að hafa prófað hverfisskólann í eitt ár stigum við svo skrefið til fulls og fluttum dömuna í Waldorfskólann í Lækjarbotnum. Það er óhætt að segja að við sjáum ekki eftir því. Barnið sem við fáum heim að skóla loknum er jafnan rautt í kinnum og iðandi af lífsgleði og fjöri. Hún er hjálpsöm heima við, hefur frá heilmiklu að segja og virðist hafa nóg af krafti og einbeitingu eftir annars ágætis vinnudag.

En hvað er það þá sem er svona spennandi og sérstakt við þennan skóla? Það sem er augljósast er kannski náttúran, en skólinn er staðsettur í litlum dal og börnin klífa fjöll, hoppa yfir Litla læk, leika sér í Drekadal og safna steinum og trjágreinum í vasana sem seinna eru notaðir í hina ýmsu leiki. Um daginn sá ég strákana í 5. bekk gera heljarinnar stíflu í vatnselgnum sem var mikill þá.

Allt sem unnið er í Waldorfskóla er unnið út frá heildinni. Í staðinn fyrir að spyrja börnin hvað hvað 13 mínus 3 eða 7 plús 3 sé, þá eru þau kannski spurð: „Hvað er 10?“. Ég kom einu sinni í stofu dóttur minnar þegar þau voru í reikningi og þá voru þau einmitt að kljást við þessa spurningu. Þau höfðu litla steina sem þau færðu til og leituðu að svörum. Þau komust að því að 10 er heilmargt, t.d.: 13 mínus 3, 7 plús 3, 20 deilt með 2, 2 sinnum 5, o.s.frv. Reikningsaðferðirnar eru ekki aðskildar og settar upp á þurran hátt heldur haldið saman og sýna mismunandi hliðar á sama hlutnum. Barnið fær að nota sköpunargáfu sína til þess sjálft að finna út svör, möguleika og lifandi munstur stærðfræðinnar. Og hjálpartækið voru steinar og fingur. En stærðfræðin byrjar einmitt þar hjá litlum börnum, í skynjuninni. Hún byrjar í fingurgómunum og fer svo þaðan upp í kollinn. Hrynjandinn er líka mikilvægur. Nemendur fara í stærðfræðileiki þar sem hrynjandi, snerting og munstur gefa tóninn.



INGIBJÖRG ÓSK GUÐJÓNSDÓTTIR

Börnin í skólanum í Lækjarbotnum vinna mjög oft með þemu og í lengri lotum en tíðkast í almenna kerfinu. Því ef maður ætlar að sökkva sér ofan í eitthvað og skilja til botns er mjög gott að hafa lengri tíma í einu til að vinna með. Nemendur læra handverk og aðra líkamlega vinnu, listir og bókleg fög til jafns, sem veldur góðu jafnvægi. Við höfum öll hugsun, tilfinningar og vilja og það verður að vera jafnvægi á milli þessara þátta, hjá hinni verðandi fullorðnu manneskju. Handverk og önnur líkamleg vinna sýna okkur að við fáum ýmsu áorkað ef við notum krafta okkar til að framkvæma. Listir þroska tilfinningar okkar og sköpunargáfu og vitsmunalegur lærdómur eflir hugsun okkar og vit.

Annar eiginleiki sem heillaði okkur foreldrana við uppeldisfræðina er sú viðleitni kennarans að reyna að kveikja eld áhugans í brjóstum nemenda sinna. Hlutverk kennarans er ekki að hella nemandann fullan af vitneskju um allt mögulegt heldur að sinna kennslu sinni af þvílíkri kostgæfni að hann hrífi nemendur sína með sér. Ef kennslan er lifandi, skemmtileg, fræðandi og byggir á því að barnið sé virkur þátttakandi í eigin námi, þá og ekki fyrr en þá, er hægt að segja að raunverulegt og lifandi nám fari fram. Því barnið hefur ekkert að gera með dauða, kalda vitneskju. Dóttir mín kom heim einu sinni og sýndi okkur stafinn sem hún hafði lært þann daginn, stafinn K. Hún var upprifin yfir lærdómnum og sögunni sem þeim hafði verið sögð í tengslum við stafinn. Við þurftum þarna á miðju stofugólfinu og stillti sér allt í einu upp þannig að líkami hennar myndaði bókstafinn K og hún sagðist vera karlson með sverðið sitt. Hún fékk að upplifa stafinn K eins nálægt sér og hægt er. Hún bókstaflega var hann.

Mannspeki Rúdolfs Steiners er hornsteinn allra Waldorfskóla og út frá henni vinna allir Waldorfkennarar. Kennarinn hefur opinn hug og hjarta fyrir öllum þeim eiginleikum, hæfni, karakter og möguleikum sem blunda í brjósti hvers og eins. Öllum finnst börnin í sín einstök og sérstök og þau eru það líka, því allir hafa eitthvað sérstakt og einstakt sem enginn annar hefur til að bjóða samfélaginu. Það er því svo dýrmætt að finna skóla þar sem maður finnur að starfsfólk deilir þessu viðhorfi með manni og vinnur samkvæmt því.

Næstkomandi laugardag, þann 17. mars, verður opið hús í Waldorfskólanum og leikskólanum Yl, Lækjarbotnum. Húsið verður opið frá kl. 14.00 til 16.00

Sýnishorn af vinnu nemenda verða lögð fram, tónlistaratriði, varðeldur ef veður leyfir, kaffisala o.fl.

*Höfundur er kennara- og myndlistarmenntaður og starfar sem fóstra.*

# *Hvað eru full yfirráð?*

**UMRÆÐAN**
Ísland og Evrópusambandið

Ef Ísland gengi í Evrópusambandið myndu yfirráðin yfir Íslandsmiðum færast til sambandsins. Í þessu felst að stór hluti þeirra reglna, sem gilda myndu um sjávarútveg hér á landi, myndi koma frá Brussel. Þar yrði ákveðið hvaða tegundir mætti veiða hér við land og hversu mikið og þar yrðu teknar allar veigameiri ákvaðanir um það hvaða umhverfi íslenzkum sjávarútvegi yrði búið í framtíðinni. Þessar ákvarðanir yrðu eftir það ekki teknar af Íslendingum heldur fyrst og fremst af embættismönnum Evrópusambandsins í Brussel og fulltrúum annarra aðildarríkja sambandsins. Þá einkum og sér í lagi þeim stærri.



HJÖRTUR J. GUÐMUNDSSON

Íslenzkir Evrópusambandssinnar hafa lýst sig reiðubúna til að fallast á þetta. Og það sem meira er þá er ljóst af ítrekuðum yfirlýsingum þeirra að þeir eru fyllilega sáttir við þetta fyrirkomulag. Það er næg forsenda í þeirra huga fyrir Evrópusambandsaðild að okkur Íslendingum yrði sennilega úthlutað stærstum hluta veiðiheimilda við Ísland kæmi til aðildar. Það skiptir þá hins vegar engu máli að engin trygging sé fyrir því að þessu yrði ekki breytt eftir að Ísland gengi í sambandið. Staðreyndin er nefnilega sú að það væri hvenær sem er hægt á auðveldan hátt án samþykkis okkar.

Það lýsir einkennilegum metnaði fyrir hönd Íslands að vera reiðubúnir að framselja yfirráðin yfir íslenzkum sjávarútvegi til Evrópusambandsins og geta sætt sig við það í framhaldinu að sambandið skammtaði okkur Íslendingum kvóta hér við land eftir því sem embættismönnum þess og öðrum aðildarríkjum hugnaðist. Hvað ef Evrópusambandið ákveddi einn daginn að banna eða draga úr veiðum á stórum svæðum við Ísland vegna þess að stjórn þess á fiskveiðum við landið hefði leitt til ofveiði? Líkt og t.a.m. hefur gerzt í Norðursjó og víðar í sameiginlegri lögsögu Evrópusambandsins (sem miðin í kringum Ísland myndu tilheyra kæmi til íslenzkrar Evrópusambandsaðildar)?

Það er því kannski ekki að undra að maður velti fyrir sér hvað full yfirráð yfir auðlind Íslandsmiða þýði í orðabók íslenzkra Evrópusambandssinna? Full yfirráð yfir þeim ákvörðunum og reglum sem gilda um sjávarútveg hér við land, þ.m.t. hversu mikið megi veiða á ári hverju og úr hvaða stofnum, eða kalla þeir það full yfirráð að afsala sér yfirráðunum yfir Íslandsmiðum til Evrópusambandsins sem síðan myndi skammta okkur kvóta á okkar eigin miðum (sem notabene yrðu ekki okkar eigin mið lengur ef til aðildar að sambandinu kæmi)? Sennilega geta flestir sammælzt um að fráleitt sé að kalla það síðarnefnda full yfirráð eða yfirráð yfirhöfuð.

Að lokum vil ég vekja athygli á áhugaverðum umræðufundi sem fram fer í sal Norræna hússins í dag, fimmtudaginn 15. marz, frá 12.10-13.30 undir yfirskriftinni „Sjávarútvegurinn og ESB“. Framsögu munu hafa Kristján Þórarinsson stofnvistfræðingur, og Kolbeinn Árnason, lögmaður og fyrrverandi skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins og fulltrúi ráðuneytisins í fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu.

*Höfundur er sagnfræðinemi.*

Samfylkingin



„Við viljum afnema stimpilgjöldin. Þau eru ósanngjarn skattur á fólk og fyrirtæki.“

Jóhanna Sigurðardóttir / www.xs.is

xS

# SPRENGJA



FRÁ *4.204 KR Á MÁNUÐI

TILBOÐ

NÚ ER ALLT AÐ VERÐA VITLAUST, GEGGJUÐ SPRENGJU TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI Í TÖLVULISTANUM. OPIÐ ALLA HELGINA. ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

SJÁUMST

| ACE | SPRENGJUTILBOÐ 1 |
|---|---|
| Örgjörvi | 2.4GHz Intel Core 2 Duo E6600<br>4MB cache, EIST, XD, VT, EM64T |
| Móðurborð | MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo<br>PCI-Express 16x, SATA2, 4xDDR2 667 |
| Minni | 2GB DUAL DDR 667MHz Corsair<br>Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | 320GB WD Caviar SE16 - SATA II<br>SATA II 300MB, 7200RPM og 16MB buffer |
| Skjákort | 256MB MSI Geforce7 NX7600GT<br>1.4GHz DDR3 - PCI-E 16X - Viftulaust |
| Skjár | 19" LCD Acer AL1916FS<br>700:1, 2ms, silfurlitur skjár |
| Skrifari | 18xDVD±/8xDL skrifari<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Hljóðkort | 7.1 Dolby Digital HD 24-bit EAX2<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | 5.1 Creative SBS580 hátalarakerfi<br>5 öflugir hátalarar og bassabox |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Hraðvirkt gigabit netkort |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öflugra og öruggara |

VERÐ 149.900



| ACER | 5102WLMi |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.6GHz AMD Mobile TurionT TL50<br>1MB flýtiminni, 200MHz FSB+HT |
| Minni | 1GB DDR2 533MHz Corsair<br>Einfalt að stækka minnið |
| Harðdiskur | 120GB 5400RPM diskur<br>5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | 8xDVD±RW skrifari<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Skjár | 15.4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X1100<br>Samnýtt minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hlóðnemi |
| Netkort | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11b/g með loftneti í skjá |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öflugra og öruggara |

FRÁ *2.241 KR Á MÁNUÐI

VERÐ 79.900

Verð og tilboð gilda dagana 15. Mars. til 18. Mars 2007 eða á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin á TL láni er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

## TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nóatúni | 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Glerárgötu | 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Hafnargötu | 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Miðvangi | 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

| OPNUNARTÍMAR | |
|---|---|
| 16. MARS | 9-19 |
| 17. MARS | 10-18 |
| 18. MARS | 13-17 |



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Kristinsdóttir**

Heiðargerði 3, Vogum, Vatnsleysuströnd,

lést á heimili sínu sunnudaginn 11. mars. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 21. mars kl.15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigrún Wiencke Þór Ingi Árdal**
**Þórdís Wiencke Axel P. Örlygsson**
**Georg, Halli, Einar Þór, Pétur, Karen Björk og Alex.**



*Ástkær faðir okkar tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Sæmundur Kristjánsson**

frá Melstað í Grindavík,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 6. mars verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju laugardaginn 17. mars kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Elís Jón Sæmundsson Sólveig Árnadóttir**
**Kristín Þóra Sæmundsdóttir**
**Sigurveig Agnes Sæmundsdóttir**
**Jón Eyjólfur Sæmundsson Unnur G. Haraldsdóttir**
**Ólafur Guðjón Sæmundsson Hjördís Óskarsdóttir**
**Helgi Vilberg Sæmundsson Guðrún Atladóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar I. Siggeirsson**

dr.rer.hort.

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 16. mars kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Kristín Friðriksdóttir**
**Gylfi Magnús Einarsson Katrín Jónína Björgvinsdóttir**
**Valgarð Einarsson Linda María Stefánsdóttir**
**Margrét Ástrún Einarsdóttir Þórir Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,*

**Margrét Ragnarsdóttir**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 1. mars. sl. Útför hinnar látnu hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks G-2, Hrafnistu Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýju.

**Gunnhildur Snorradóttir Hörður Finnur Magnússon**
**Axel Snorrason Kristrún Kristjánsdóttir**
**Nikulás Snorrason Katrín Þórisdóttir**
**Snorri Snorrason**
**Hilmar Snorrason Guðrún Strange**
**Svanfríður Snorradóttir Hjalti Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Jóns Tryggvasonar**

Ártúnum,

sem lést 7. mars síðastliðinn, verður gerð frá Blönduóskirkju laugardaginn 17. mars kl.13.30. Jarðsett verður í Bólstaðarhlíðarkirkjugarði.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Ingi Heiðmar Jónsson Harpa Ólafsdóttir**
**Tryggvi Þór Jónsson Jóhanna Magnúsdóttir**
**Guðrún Þóranna Jónsdóttir Guðmundur Guðmundsson**
**Klara Sólveig Jónsdóttir Sigurður Friðriksson**
**Margrét Jónsdóttir**
**Ólöf Una Jónsdóttir Þórarinn Ólafsson**
**Ásgeir Jónsson Elín Fjóla Þórarinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Hjartans þakkir til allra er vottuðu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jósefs Tryggvasonar**

bónda, Þrastarhóli,

sem jarðsunginn var frá Möðruvallarkirkju laugardaginn 24. febrúar sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar á Akureyri, Karlakórs Akureyrar - Geysis og séra Solveigar Láru Guðmundsdóttur. Guð blessi ykkur öll.

**Vilborg Pedersen**
**Hreinn Pálsson Sigríður Bjarkadóttir**
**Salvör Jósefsdóttir Árni Ómar Jósteinsson**
**Ingibjörg V. Jósefsdóttir Sigurður Svan Gestsson**
**Óskar Jósefsson Ingibjörg Sverrisdóttir**
**Haraldur Jósefsson**
**Sigrún Jósefsdóttir Friðbjörn Hilmar Kristjánsson**
**Hildur Jósefsdóttir Guðmundur Örn Helgason**
**Níels Jósefsson Anna Jóna Vigfúsdóttir**
**Heiða Björk Jósefsdóttir Ingi Rúnar Jónsson**
**Sigríður Hrefna Jósefsdóttir S. Ricky Carl Sørensen**
**Ólöf Harpa Jósefsdóttir Axel Grettisson**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Arngrímur Magnússon**

Sæbergi, Borgarfirði eystri,

lést á gjörgæslu Landsspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 14. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Elsa Guðbjörg Jónsdóttir**
**Ásgeir Arngrímsson Jóhanna Borgfjörð**
**Helgi Magnús Arngrímsson Bryndís Snjólfsdóttir**
**Jón Ingi Arngrímsson Arna S. D. Christiansen**
**Sigrún Halldóra Arngrímsdóttir Ólafur Arnar Hallgrímsson**
**Jóhanna Guðný Arngrímsdóttir Jóhann Rúnar Magnússon**
**Ásgrímur Ingi Arngrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma og langalangalangamma,*

**Guðrún Kristmannsdóttir**

Hólagötu 4, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, miðvikudaginn 14. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sæmundur Kr. Klemensson Soffía Ólafsdóttir**
**Þórður Klemensson**
**Kristmann Klemensson Þóranna Þórarinsdóttir**
**Elís Björn Klemensson Valgerður Auðbjörg Bergsdóttir**
**Egill H. Klemensson**
**Brynjar Klemensson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona, dóttir og systir,*

**Sigríður Stefánsdóttir**

Skólagerði 20, Kópavogi,

er látin. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ísleifur Arnarsson**
**Jóhanna Stefánsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Davíð Stefánsson**
**Stefán Stefánsson**
**Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, stjúpmóður, ömmu og langömmu,*

**Hrefnu Svövu Þorsteinsdóttur**

Sóleyjarrima 1, Reykjavík.

**Eyjólfur Arthúrsson**
**Unnur Úlfarsdóttir Gísli Árnason**
**Þorsteinn Úlfarsson**
**stjúpbörn og ömmubörn.**

**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON ER 37 ÁRA Í DAG.**

*„Ef það kemur logn, þá bý ég til storm.“*

***Tónlistarmaðurinn vill hafa nóg fyrir stafni.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

UNGFRÚ VESTURLAND: BESTU VINKONUR Í EF

## Njóta stuðningsi

Fegurðarsamkeppnin Ungfrú Vesturland fór fram á Akranesi um síðustu helgi. Svo skemmtilega vildi til að stúlkurnar sem lentu í þremur efstu sætunum eru bestu vinkonur til margra ára. Agla Harðardóttir hreppti titilinn, Helena Rúnarsdóttir lenti í öðru sæti og það þriðja hlaut Fríða Ásgeirsdóttir. „Ég og Helena fluttum upp á Skaga árið 2000, þegar við vorum í sjöunda bekk,“ útskýrði Agla. Þar kynntust þær Fríðu, og ekki leið á löngu þangað til að stelpurnar smullu saman. „Við urðum bestu vinkonur í áttunda bekk,“ sagði Agla. Vináttu-



**Á ÁRUM ÁÐUR** Þær Helena, Agla og Fríða urðu bestu vinkonur í áttunda bekk. FRÉTTABLAÐIÐ/SKESSUHORN/MM



*Móðir okkar og amma,*

**Sigurrós Lárusdóttir**

húsmóðir, Vesturgötu 50A,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi 7. mars. Útförin fer fram frá Grafarholtskirkju mánudaginn 19. mars klukkan 13.00.

**Þorsteinn Viðar Antonsson**
**Sigríður Eygló Antonsdóttir**
**Kolbrún Lilja Antonsdóttir**
**Grétar Örn Antonsson**
**Atli Viðar Þorsteinsson**
**Katrín Edda Þorsteinsdóttir**
**Helga Björk Stefánsdóttir**
**Valdís Ösp Ingvadóttir**
**Lúcinda Árnadóttir**
**Eyrún Rós Árnadóttir**
**Vera Grétarsdóttir**
**Anton Ívarsson**
**Benedikt Ívarsson**
**og Anna Birna Ívarsdóttir**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnars Hámundar Valdimarssonar**

fyrrverandi aðalvarðstjóra lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Garðvangi, Garði og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Guð blessi ykkur öll.

**Gunnar Björn Gunnarsson Sigríður Birna Björnsdóttir**
**Valdimar Ragnar Gunnarsson Sjöfn Bjarghildur Eysteinsdóttir**
**Kolbrún Gunnarsdóttir Birgir Bjarnason**
**Jóna Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST: 16. MARS 1987**

# *Aldo Moro numinn á brott í Róm*

Þennan dag árið 1978 námu mannræningjar á brott Aldo Moro, þingmann kristilegra demókrata og fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu. Atburðurinn átti sér stað í bítið í Róm þar sem tólf mannræningjar vopnaðir byssum gripu þingmanninn úr bíl og drápu fimm lögreglumenn sem fylgdu honum. Moro var á leiðinni í þinghúsið. Lögregla setti upp tugi vegatálma og hafði gætur á útgönguleiðum úr borginni. Þyrlur lögreglu sveimuðu yfir og sérsveitir lögreglu til höfuðs hryðjuverkamönnum voru sendar á flugvöllinn. Öfgafullir vinstrisinnar í Rauðu herdeildinni lýstu ráninu á hendur sér.




Eftir ránið réðist lögregla til leitar á fleiri hundruð stöðum í Róm, Mílanó, Tórínó og víðar í leit sinni að forsætisráðherranum fyrrverandi. Í tvo mánuði hélt Rauða herdeildin Moro á leyndum stað í Róm og leyfði honum að senda bréf til fjölskyldu sinnar og til stjórnmálamanna þar sem hann sárbað yfirvöld um að semja við mannræningjana um lausn hans.

Stjórnvöld í Ítalíu á þessum tíma vísuðu á bug öllum beiðnum fjölskyldunnar, vina Moros og Páls VI páfa um að láta að nokkrum kröfum mannræningjanna. Átta vikum eftir ránið fannst lík Moros alsett skotsárum í skotti bíls á Via Caetani í miðborg Rómar.

Rauða herdeildin var vinstrisinnaður hópur hryðjuverkamanna sem settur var á stofn árið 1970 með það að markmiði að koma kapítalískum stjórnvöldum frá völdum á Ítalíu. Um miðjan níunda áratuginn var búið að handsama og fangelsa flesta leiðtoga hreyfingarinnar.

# Sungið í alla nótt

Kór Kvennaskólans í Reykjavík mun syngja í alla nótt til að safna fé fyrir fyrirhugaða kórferð til Spánar í júní. „Það eru ekki allir sem vilja kaupa klósettpappír, svo við ákváðum að breyta svolítið til," sagði Ester Ösp Sigurðardóttir, formaður kórnefndar. Niðurstaðan varð því að halda söngmaraþon frá klukkan 21 í kvöld til 15 á morgun.

Kór Kvennaskólans er skipaður þrjátíu stelpum, sem hafa undanfarið safnað áheitum fyrir maraþonið. Ester segir kórstarfið vera í mikilli uppsveiflu. „Þegar við, þessar elstu, byrjuðum í skólanum vissi fólk ekki að það væri kór í Kvennó. Við erum búnar að vera duglegar að láta vita af okkur." Maraþonið fer fram í húsnæði Kvennaskólans. Söngelskir gestir eru velkomnir til klukkan 23 í kvöld, og aftur frá 8.30 til 15 á morgun. **- sun**



**KÓRFÉLAGAR Í UPPSVEIFLU** Kór Kvennaskólans lagði leið sína til London í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ELVA BJÖRT PÁLSDÓTTIR

FSTU SÆTUM

# ns

böndin hafa ekki slitnað með árunum heldur. „Vinkonur fjarlægjast nú samt oft aðeins við að byrja í samböndum," sagði Agla.

Ákvörðunin um að taka þátt í keppninni var þó ekki tekin í sameiningu. „Nei, það hittist bara einhvern veginn þannig á, sem var náttúrlega frábært," sagði Agla. Henni þótti ekki erfiðara að keppa á móti vinkonum sínum en öðrum í hópnum, og sagði engum ríg hafa verið fyrir að fara. „Nei, alls ekki," sagði hún og hló við. „Hópurinn var allur rosalega góður," bætti hún við.

Stúlkurnar sem lenda í efstu sætunum þremur keppa í Ungfrú Ísland 2007 síðar í vor. Agla kveðst mjög ánægð með að fá að undirbúa sig í félagsskap vinkvenna sinna, og njóta stuðnings þeirra. „Við erum rosalega ánægðar með að fá að fara í keppnina saman," sagði hún. **sunna@frettabladid.is**

## MERKISATBURÐIR

**1521** Portúgalski sæfarinn Ferdinand Magellan kemur til Filippseyja, þar sem innfæddir drepa hann nokkrum vikum síðar.

**1657** Miklir jarðskjálftar skekja Suðurland og þá sérstaklega Fljótshlíðina þar sem mörg hús hrundu.

**1850** Skáldsaga Nathaniels Hawthorne, The Scarlet Letter, kemur út í Bandaríkjunum.

**1926** Fyrsta eldflaugin, knúin með fljótandi eldsneyti, tekst á loft í Bandaríkjunum og flýgur í tvær og hálfa sekúndu.

**1976** Harold Wilson, forsætisráðherra Bretlands, segir skyndilega af sér eftir næstum átta ára setu.

**1991** Bandaríska blaðamanninum Terry Anderson er rænt í Beirút af liðsmönnum Hezbollahsamtakanna. Honum var sleppt 2.455 dögum síðar.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**JOSEF MENGELE** 1911



**PAT NIXON** 1912



**JERRY LEWIS** 1926



**ISABELLE HUPPERT** 1953





Megináherslan er lögð á veislur og veislumat; veisluföng, borðskreytingar og uppskriftir að góðgæti sem hæfir í fermingarveisluna, brúðkaupið, útskriftarveisluna eða bara matarboðið um páskana. Í tilefni af Frönskum dögum gerum við franskri matarmenningu sérstök skil. Frönsk veisla, franskir eftirréttir, forréttir á frönskum nótum og ekta brasserí-matur.

Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í veislublaði Gestgjafans því að það er yfirfullt af spennandi efni fyrir hvaða veislu sem er!

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555**, á **www.birtingur.is** eða sendu okkur póst á **askrift@birtingur.is**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG




## STUÐ MILLI STRÍÐA Þekktu sjálfan þig

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ER VISS UM AÐ HÚN HAFI HÆFILEIKA



Fyrir stuttu síðan tilkynnti sonur minn mér að hann væri bestur í að teikna. Til að forðast allan misskilning útskýrði hann svo skýrt og skilmerkilega fyrir mér að hann væri ekki að meina að hann væri bestur af öllum í að teikna heldur að af því sem hann væri góður í sjálfur væri teikning hans sterkasta svið.

Ég verð að viðurkenna að ég fylltist hálfgerðri lotningu við þessa yfirlýsingu hans þar sem ég áttaði mig á því að með þessari uppgötvun hefði hann tæplega sex ára gamall náð áfanga í þroska og sjálfsmyndarsköpun sem margir ná seint eða aldrei.

Það að þekkja hæfileika sína er nefnilega ótrúlega mikilvægt. Ég þekki margt mjög hæfileikaríkt fólk, jafnvel á mörgum sviðum, sem er hálfstefnulaust þar sem það hefur enn ekki áttað sig á hæfileikum sínum og þar af leiðandi ekki fylgt þeim eftir.

Sjálf veit ég að ég hef fullt af hæfileikum en í staðinn fyrir að finna út í hverju ég er best og gera eitthvað með það hef ég einhvernveginn frekar verið að eyða orku í að reyna að bæta mig í því sem ég er ekki góð í. Auðvitað er það ágætt líka, en ef maður hefur ekki hugmynd um hvert er manns sterkasta svið og gerir þar af leiðandi ekkert með það, nær maður aldrei neinum framúrskarandi árangri og verður alltaf meðaljón.

Ég hef því ákveðið að leggjast í sjálfskoðun, finna minn sterkasta hæfileika og elta hann. Enn sem komið er veit ég ekki alveg hver hann er en samkvæmt því sem sonur minn hefur sagt mér, og alltof mörgum öðrum, er hann að minnsta kosti ekki að elda. Ég sé því enga ástæðu til þess að halda áfram að eyða alltof miklu af dýrmætum tíma í eldhúsinu við að reyna að bæta mig í einhverju sem ég verð hvort sem er aldrei virkilega góð í og ætla heldur aðð nota hann í eitthvað annað og skemmtilegra.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 1. FLOKKS FERMINGARGJAFIR





**CASIO** DSP HRISTIVÖRN

EXILIM ZOOM

**Casio EXZ60**
Örsmá Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2,5" LCD skjá, 3x Opitcal Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, Anti Shake DSP hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3Mb minni og rauf fyrir SD kort. **Rafhlaða endist í 180 myndir.**

ÖRÞUNN STAFRÆN VÉL

**TILBOÐ 19.995**

FULLT VERÐ **29.995**



**PHILIPS** Spilar CD-R/RW

**Philips MC145**
8w MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara, segulbandi og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, 2-way hátölurum, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 9.995**

FULLT VERÐ **11.995**



**PHILIPS** Spilar DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX – CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

MEÐ DVD SPILARA

DVD DIVX VIDEO

**Philips MCD295**
2x30w HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA með fjölkerfa DVD SPILARA, Dolby Digital, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, kassettutæki, SVHS og CVBS tengi, Aux inn- og útgangur, Digital Coaxal og Subwoofer útgangur og fjarstýringu.

**TILBOÐ 23.995**

FULLT VERÐ **27.995**



**PHILIPS** DVD VIDEO

**Philips PET706**
Glæsilegur fjölkerfa DVD FERÐASPILARI með 7" LCD breiðtjaldsskjá, hristivörn, Dolby Digital, AV inn/út og 2 heyrnartólstengjum,Digital Coaxal útgangi, hleðslurafhlöðu, spenni fyrir 110-240V - 50/60Hz, tengi í bíl og fjarstýringu.

DVD FERÐASPILARI

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD – CD, CD-R/RW, MP3, JPEG

**VERÐ 24.995**

FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS** DIVX VIDEO

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra – Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

**Philips HTS3115**
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðja, 2 litlir bakhátalarar og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART (með RGB) og HDMI tengi, Aux inn og fjarstýringu.

**TILBOÐ 34.995**

FULLT VERÐ **39.995**




SJÓNVARP OG TÖLVUSKJÁR

12V og 220V

**Enox LTV7315HD**
15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fFjarstýringu.

**VERÐ 34.995**

FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

**Philips HP4642**
Vandað SLÉTTUJÁRN með keramik húð og Professional styling temperature. Hitnar á 30 sek. 6 hitastillingar.

**TILBOÐ 4.995**

FULLT VERÐ **5.995**

**PHILIPS**

**Philips HQ6710**
**PHILISHAVE** Cool Skin Basic **RAKVÉL** með NIVEA geli fyrir mýkri rakstur, Cool skin hnífum, bartskera og 45 mín. hleðslu. Vatnsheld - má nota í sturtu.

COOL SKIN

**TILBOÐ 9.995**

FULLT VERÐ **14.995**



**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
| --- | --- | --- | --- |
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

**!** **Kl. 23.00**
*Hljómsveitin Spaðar heldur sitt árlega ball á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Sveitin leikur lög af nýjum diski auk kunnuglegra slagara úr smiðju félaganna.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Tengsl ritsnilldar og Asperger

Halldór Guðmundsson rithöfundur heldur erindi í fyrirlestrarröðinni „Listir, menning og fötlun“ á vegum Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum í dag.
Erindið ber yfirskriftina „Er ritsnilld þroskaröskun? Um skrifsýki, Aspergerheilkenni og fleira“. Í nýrri bók sinni um Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson, Skáldalíf, varpaði Halldór fram þeirri tilgátu að Þórbergur hefði hugsanlega verið með Aspergerheilkenni. Hann studdist þar meðal annars við sjálfslýsingar Þórbergs, dagbækur hans og nýlega bók þar sem rædd eru tengsl ritsnilldar og Aspergerheilkennis. Í fyrirlestrinum verður reynt að skoða þetta nánar, því velt upp hvernig fólk sem samkvæmt sálfræðikenningum væri staðsett á einhverfurófinu eða talið haldið áráttuhegðun getur búið yfir óvenjulegum gáfum á sviði ritlistar og hvaða ályktanir megi hugsanlega draga af því.
Fyrirlestraröðin er jafnframt liður í menningarhátíð fatlaðra, List án landamæra.
Fyrirlesturinn verður í Norræna húsinu og er öllum opinn.


**HALLDÓR GUÐMUNDSSON** Ræðir um tengsl ritsnilli og áráttuhegðunar með hliðsjón af Þórbergi Þórðarsyni.



**> Ekki missa af …**

skemmtilegum fjölskyldusýningum á fjölunum.

Í Hafnarfjarðarleikhúsinu er boðið upp á söngleikinn **Abbababb** eftir Dr. Gunna í leikstjórn **Maríu Reyndal**. **Möguleikhúsið** sýnir leikrit um sjálfan **Sæmund fróða** í húsakynnum sínum við Hlemm.
Í **Þjóðleikhúsinu** má sjá brúðuleiksýninguna **Pétur og úlfinn** sem **Bernd Ogrodnik** töfrar fram með tónlist Prokofievs.

# Næsta fullkomin

Von er á breska leikhópnum Cheek by Jowl hingað til lands en sá virti félagskapur mun setja upp leikritið Cymbeline, Simli konung, eftir Shakespeare í Þjóðleikhúsinu í maí. Hópurinn frumsýndi verkið í París í febrúar og ferðast nú með það um Evrópu en dómar um uppfærsluna eru afar lofsamlegir.
Í umsögnum um sýninguna eru leikararnir sagðir sýna snilldarleik og „ná að galdra fram þvílíka orku að áhorfendur sitji agndofa eftir“. Aðrir hafa sagt að sýningin jaðri við fullkomnun, þó söguþráðurinn sé flókinn sé hann settur fram á svo skýran hátt að áhorfendur geti ekki annað en fyllst aðdáun.
Verkið hefur aldrei fyrr verið sett á svið hér á landi. Þó þarna sé á ferð eitt af minna þekktum verkum Shakespeares er það að margra mati eitt af merkustu verkum eins mesta leikritaskálds allra tíma og skrifað þegar hann var á hátindi síns listræna ferils.
Cheek by Jowl hefur átt stóran þátt í að breyta ásýnd bresks leikhúss undanfarin ár en vinna forsprakkaans, leikstjórans Declan Donnelan og Nicks Ormerod með sígild leikverk hefur vakið athygli úti um allan heim.
Alls verða fjórar sýningar hér en hópurinn kemur hingað beint frá BAM-leiklistarhátíðinni í New York, en héðan fer hópurinn svo til London, þar sem sýningin verður frumflutt í Barbican leikhúsinu 24. maí. **-khh**


**SIMLIR KONUNGUR** Af mörgum álitið eitt sérstæðasta leikverk Shakeaspeares og verður sýnt á Listahátíð í vor en erlendir fjölmiðlar ausa nú lofi yfir sýningu leikhópsins Cheek by Jowl. MYND/CHEEK BY JOWL



EILÍF HAMINGJA
Fyrsta íslenska millistjórnendadramað
SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU
★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið
TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.
GLITNIR
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI


# Rætur verða að einum stofni

**Það ilmaði af nýrri málningu á Laugavegi 12b þegar blaðamaður leit þar inn í vikunni. Á morgun verður þar opnað nýtt gallerí, STARTART, en þar sameina sjö listamenn krafta sína og auðga enn frekar listaflóru miðbæjarins.**



**AUÐLESANLEG OG LEIÐBEINANDI** Merki STARTART er í líki umferðarskiltis en þau þekkja flestir. Myndlist samtímans þykir á hinn bóginn oft torlesin en með galleríinu vilja listamennirnir vera leiðbeinandi fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér, skoða eða kaupa metnaðarfulla myndlist. MYND /STARTART

Listamennirnir Anna Eyjólfsdóttir, Ása Ólafsdóttir, GaGa Skorrdal, Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Þuríður Sigurðardóttir fara með lyklavöldin í nýja galleríinu en þær hafa staðið í ströngu á undanförnum vikum. Húsnæðið hýsti áður verslunarrekstur af ýmsu tagi, þar var einn sinn hægt að kaupa bæði kvenhatta og konfekt en nú er búið að brjóta niður veggi og sameina litlu verslanirnar tvær en í annarri þeirra seldi ein kvennanna, GaGa Skorrdal, hönnun sína nú síðast. Brátt verður þar að finna enn meiri list, veggverk, skúlptúra, grafík, innsetningar og fleira en rýmið býður upp á fjölbreytta möguleika til sýningahalds auk þess sem efri hæðin fær einnig yfirhalningu en þar verður aðstaða fyrir vinnustofur.

### Úr ólíkum áttum

Listakonurnar eru afar ólíkar og hafa þekkst mislengi en þær hafa allar skapað sér nafn á listasviðinu. „Við erum allar starfandi myndlistarmenn og þannig liggja leiðir saman – ýmist í gegnum vinnustofur eða sýningarhald,“ útskýrir Þuríður. Anna bendir síðan á að þær hafi allar rætt um það innbyrðis að gaman væri að hafa einhvers konar vettvang til að kynna þeirra eigin list því nálgunin væri önnur þegar verk eru sett á sölu hjá öðrum. „Þetta er ákveðin yfirlýsing,“ segir Anna og áréttar að oft átti fólk sig ekki á því að verk á sýningum séu til sölu, einkum stór þrívíð verk, umhverfis- og rýmisverk. „Það skiptir ekki máli á hvaða formi listin er. Það er von allra myndlistarmanna að geta lifað af þessu starfi. Við sem stöndum að STARTART erum allar langskólagengnar í myndlist og hér viljum við að fólk geti gengið að okkur. Það sem við gerum á vinnustofunni á að koma beint hingað og hér verður því alltaf að finna nýja list,“ segir Anna.

### Listamannamaurar

Framtakið nú er spennandi áskorun eins og Þórdís Alda útskýrir því nú vinni þær jafnt og þétt fyrir galleríið í stað þess að taka vinnutarnir fyrir sýningar í stærri sölum. „Hér erum við líka án allra milliliða og getum haldið okkar listræna frelsi,“ bætir Þuríður við.
Verkefni þetta hefur reynt nokkuð á því listamennirnir eru jú allir vanir að vera einráðir einyrkjar. Anna segir brosandi að þær hafi nú bara ætlað að drífa þetta í gegn og koma galleríinu í stand á viku, tíu dögum en þær séu reyndar mánuði á eftir áætlun. „Það sýnir bara hvað við erum bjartsýnar,“ útskýrir Þórdís. „Og metnaðarfullar,“ bætir Ragnhildur við og segir að fyrirkomulagið sé einkar lýðræðislegt, hér sé engin einn kafteinn í brúnni. „Reyndar verða fundir sem upphaflega eiga að vara í klukkustund yfirleitt svona þrír tímar,“ segir Þórdís sposk. „En margar rætur verða að einum stofni,“ heyrist frá hönnuðinum GaGa.
Á undanförnum árum hefur sýningarstöðum myndlistarmanna fjölgað töluvert, ekki síst vegna framtakssemi þeirra sjálfra og lítil gallerí og sýningarstaðir hafa dúkkað upp á ólíklegustu stöðum. Þórdís segir að þær stöllur hefðu vart ráðist í þessa framkvæmd ef þær hefðu fundið fyrir doða í þjóðfélaginu. „Það er frábært að nú séu að opnast fleiri sýningarstaðir, það gefur myndlistarmönnum byr undir báða vængi,“ segir Þórdís og áréttar að almennt sé myndlistaráhugi að aukast hér á landi. Anna bætir við að framtakssemi listamannanna sjálfra skýrist einnig af því að það sýningarrými sem er til staðar sé ekki allra en listamenn séu alltaf að. „Listamenn eru eins og maurar,“ segir hún, „þeir eru alltaf í vinnunni, líka þegar þeir eru bara að horfa og hugsa.“

### Persónulegri nálgun

Sjömenningarnir munu allar sýna verk sín á staðnum og skipta með sér vöktunum þar. „Við teljum hag af því að vera sjálfar á staðnum,“ segir Þuríður, „að listneytendur viti að við sem erum hér séum starfandi myndlistarmenn en það er önnur nálgun en flestir eiga að venjast.“ Þórdís bætir við hlæjandi að þær ætli sér þó síst að breytast í uppáþrengjandi sölumenn.
Fyrirkomulagið er samt ekki niðurnjörvað heldur vilja listamennirnir að starfsemin fái að þróast. „Við horfum líka lengra,“ segir Anna og vísar til þess að framtíðarsýnin takmarkist ekki við landið og miðin auk þess sem möguleikinn á frekara samstarfi við aðra listamenn sé ávallt til staðar. „En til að byrja með hugsum við þetta meira út frá okkur – við um okkur frá okkur til okkar,“ segir Ragnhildur hæversklega.
Hús þetta á sér mikla sögu en fyrst veggirnir geta lítið talað hvetja listamennirnir þá sem búið hafa eða starfað í nágrenninu til þess að kíkja í heimsókn. „Við fundum tvo gamla tuttugu og fimmeyringa þegar við vorum að breyta. Við teljum það vera lukkumerki – en vonumst til að það komi kannski eitthvað aðeins meira,“ segir Þórdís bjartsýn.
Opnunin verður milli 13-16 á morgun en áhugasömum er einnig bent á heimasíðuna www.startart.is


**ENGIN VETTLINGATÖK** Það þurfti að rífa út gámafylli af gömlu klambri á Laugaveginum en bak við galleríið er port sem verður hægt að nýta til sýninga í framtíðinni. MYND/STARTART

**kristrun@frettabladid.is**


Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is
DYNAMO REYKJAVIK

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**Frumsýning mið. 21. mars kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS**
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
GLITNIR
**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Leg
**Stóra sviðið kl. 20:00**
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 18/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, aukasýning kl. 17.00 **örfá sæti laus**, sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** aukasýning kl. 17:00, sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, aukasýning kl. 17:00, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**. **Sýningum lýkur í apríl!**
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
6. sýn. í kvöld fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **örfá sæti laus, mið. 28/3, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3,** lau. 31/3 **örfá sæti laus,** fös. 13/4 **örfá sæti laus, lau. 14/4, fös. 20/4, lau. 21/4.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**
**ÍMYNDUNARVEIKIN** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3 nokkur sæti laus.
**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**
**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 31/3 uppselt, sun. 1/4 örfá sæti laus, fös. 13/4.
**Kúlan**
**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 17/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **uppselt**. Aukasýningar lau. 24/3 kl. 13:30 og kl. 15:00, sun. 25/3 kl. 13:30 og kl. 15:00. Allra sýðustu sýningar!
**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR
**SÍÐAN SKEIN SÓL**
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900
**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 17/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20
**MEIN KAMPF**
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Allra síðasta sýning
**HÖRÐUR TORFA**
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100
**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20
Sun 1/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20
**LADDI 6-TUGUR**
Í kvöld kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS.
Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS. Lau 31/3 kl14 UPPS.
Þri 3/4 kl. 20 Mið 4/4kl.20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 Fim 5/4 kl.20 UPPS.
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 25/3 kl. 20 Síðasta sýning
**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Lau 17/3 kl. 20 UPPS. Fim 22/3 kl.20 UPPS.
Fös 23/3 kl. 20 UPPS. Fim 29/3 kl. 20 UPPS.
Fös 30/3 kl. 20 UPPS. Lau 31/3 kl. 20
**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS.
Sun 25/3 kl. 20 UPPS. Mið 18/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Fim 26/4 kl. 20
**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14
Síðustu sýningar
**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 22/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Lau 24/3 kl. 20 Fim 29/3 kl. 20
**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Þri 20/3 kl. 20 UPPS. Mið 28/3 kl. 20 AUKAS.
**MEZZOFORTE**
Þri 27/3 kl. 21 Miðaverð 2.500
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

13 14 15 **16** 17 18 19

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

21.00 Hljómsveitirnar **Rhondda & The Runestones**, **Who Knew** og **Appólónia** leika á **Bar 11.**

22.00 Hljómsveitirnar **Atómstöðin** og **Wulfgang** spila á **Dillon** en báðar þessar hljómsveitir eru með plötur í burðarliðnum og munu spila efni af þeim. Aðgangur er ókeypis.

22.00 **Kristín og Co** spila á **Barnum** á Laugavegi 22 og flytja frumsamið efni eftir Kristínu Bergsdóttur. Hljómsveitina skipa Ari Bragi Kárason, trompet, Daníel Friðrik Böðvarsson, gítar, Guðmundur Óskar Guðmundsson, bassa, Magnús Trygvason Elíassen, trommur og Kristín Bergsdóttir, hljómborð og söngur.

### SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveitin **Spaðar** heldur sitt árlega ball á skemmtistaðnum **Nasa** við **Austurvöll**. Sveitin leikur lög af nýjum diski auk kunnuglegra slagara úr smiðju félaganna.

23.00 Hljómsveitin **Pitch Fork Rebellion** leikur á **Klassik Rock**.

### SÝNINGAR

11.00 Nýlega var opnuð í **Hafnarborg**, menningar- og listastofnun **Hafnarfjarðar**, sýning á 20 olíumálverkum og 17 vatnslitamyndum færeyska listamannsins **Zacharias Heinesen**.

11.00 Yfirlitssýning á verkum myndlistakonunnar **Rúrí** stendur yfir í **Gerðubergi**. Sýningin **Tími-Afstæði-Gildi** er opin virka daga frá 11-17 og milli 13-16 um helgar. Sýningin stendur til 15. apríl.

12.00 Á ljósmyndasýningunni **Sund & gufa** í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** sýnir franski listamaðurinn **Damien Peyret** Polaroid-myndir af fólki í **Sundlaug Kópavogs** ásamt stuttmyndinni A Taxi for Reykjavik frá árinu 2001.

13.00 **Guðrún Kristjánsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Yfirskrift sýningarinnar er **Veðurfar** en hana er að finna í Ásmundarsal og Gryfju. Guðrún vinnur jöfnum höndum í þrykk, myndbönd og flytur verkið beint á vegg eða rúðu, með málningu eða útskorinni fólíu.

14.00 **Hlynur Hallsson** sýnir í **galleriBOXi** á Akureyri. Á sýningunni **LJÓS LICHT LIGHT** er verk sem samanstendur af borði og sætum sem gerð eru á afar einfaldan hátt úr froðuplastplötum og gæruskinni.

14.00 Myndlistarmaðurinn **Ragnar Kjartansson** sýnir í **gallerí i8** við **Klapparstíg**. Á sýningunni **Samviskubit** er myndbandsverk og málverk.

16.00 Myndlistakonan **Dröfn Guðmundsdóttir** sýnir glerverk og ljósmyndainnsetningu í **Grafíksafni Íslands**-sal íslenskrar grafíkur, Tryggvagötu 17, hafnarmegin.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

13.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina **Kárahnjúkar**. Sýningunni lýkur 18. mars.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

### LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn söngkonu einnar á menningarsíðu Fréttablaðsins síðastliðinn miðvikudag. Söngkonan Hörn Hrafnsdóttir tekur þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar og Óperukórs Hafnarfjarðar á Cavalleria Rusticana í vor en ekki Hrönn Hrafnsdóttir eins og prentað var í blaðinu. Biðjum við lesendur afsökunar á mistökunum.

KRINGLU KRÁIN
Rokksveit Rúnars Júlíussonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

**SÆMUNDUR FRÓÐI**
frumsýning mið. 14. mars kl. 20:00 **uppselt**
2. sýn. sun 18. mars kl. 14:00 **laus sæti**
3. sýn. fim. 22. mars kl. 12:15 **uppselt**
4. sýn sun. 25. mars kl. 14:00 **laus sæti**
5. sýn. þri. 27. mars kl. 10:00 **uppselt**
6. sýn. þri. 27. mars kl. 12:30 **uppselt**
**LANGAFI PRAKKARI**
lau. 17. mars kl. 13:00 **uppselt**
sun. 18. mars kl. 16:00 **laus sæti**
þri. 20. mars kl. 9:30 og 13:00 **uppselt**
fim. 22. mars kl. 10:00 **uppselt**
fös. 23. mars kl. 10:00 **uppselt**
Miðapantanir í s. 562 5060 - Möguleikhúsið
möguleikhúsið

„Glens og grín Bjarna Hauks um pabbahlutverkið er ein besta skemmtun sem í boði er í Reykjavík um þessar mundir“
FJÓRAR STJÖRNUR
Jón Viðar, ÍSAFOLD
Pabbinn
BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í FRÁBÆRRI GAMANSÝNINGU
MARS
17/3 **UPPSELT**, Kl.20.00
18/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, Kl.20.00
22/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, Kl.20.00
23/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, Kl.20.00
24/3 **UPPSELT**, Kl.20.00
30/3 LAUS SÆTI, Kl.20.00
31/3 LAUS SÆTI, ATH kl. 19.00
31/3 kl. 22 LAUS SÆTI. ATH. Kl. 22.00
APRÍL
4/4 LAUS SÆTI Kl. 20.00
13/4 LAUS SÆTI Kl. 20.00
14/4 LAUS SÆTI Kl. 20.00
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!
Miðasalan í Iðnó er opin 11 - 16 virka daga.
Sími miðasölu er 562 9700.
TP THORSSON PRODUCTIONS
midi.is
IÐNÓ
pabbinn.is
PIPAR • SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## NÝ TÓNLIST

Útgáfan 12 Tónar gefur út fyrstu plötu Kammersveitarinnar Ísafoldar. Á plötunni eru að finna verk eftir Toru Takemitsu, Arnold Schönberg, danska tónskáldið Bent Sörensen og Hauk Tómasson, verðlaunahafa tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2004. Síðastnefnda verkið var samið sérstaklega fyrir sveitina. Þrjú verkanna hafa aldrei áður verið tekin upp á plötu og því er um einstaka útgáfu að ræða. Kammersveitin Ísafold hefur vakið mikla athygli á síðustu árum og hlotið einróma lof gagnrýnenda fyrir heillandi túlkun og vandaðan flutning á klassík og samtímatónlist. Meðlimir Ísafoldar eru allir reyndir tónlistarmenn þrátt fyrir ungan aldur og hafa hlotið fjölda viðurkenningahérlendis sem erlendis. Platan fæst í 12 Tónum og í öllum betri tónlistarverslunum landsins. Umslag plötunnar hannaði Ingibjörg Birgisdóttir, Michael Silberhorn stjórnaði upptökum og Helgi Jónsson ritaði bækling og veitti faglega ráðgjöf. Nánari upplýsingar um hljómsveitina og meðlimi hennar má finna á vefsíðu sveitarinnar: www.isafold.net



Út er komin hjá 12 Tónum geisladiskurinn Leg en þar er að finna alla tónlistina úr söngleik Hugleiks Dagssonar og Flís. Heyrst hefur á betri bæjum að stórlega sé efast um að hægt sé að finna hressari og skemmtilegri geisladisk þessa stundina og það sama má segja um glæsilega leiksýningu sem tónlistin prýðir og sýnd er á stóra sviði Þjóðleikhússins þessa dagana. Örmyndasögur Hugleiks Dagssonar hafa vakið gífurlega athygli innanlands sem utan, en í þeim fæst hann á frumlegan og bráðfyndinn hátt við ýmsar meinsemdir í nútímasamfélagi. Tríóið Flís samdi alla tónlistina í verkinu sem er ákaflega litrík og fjölbreytt en Hugleikur samdi alla texta sem eru einnig afar litríkir og skemmtilegir fram úr hófi.



Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*
**Frumsýning**
**í kvöld föstudag kl. 20:00**
**22.mars fimmtud. 2.sýn kl. 20:00**
**23.mars föstud. 3.sýn kl. 20:00**
**24.mars laugard. 4.sýn kl. 20:00**
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Unaðslegar stundir
með spennandi fjögurra rétta kvöldverði á aðeins 3.900.- allar helgar í janúar, febrúar og mars
rauða húsið restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330
Rauða Húsið · Sími: 483-3330
Búðarstíg 4 · 820 Eyrarbakkka
www.raudahusid.is

## NÝJAR BÆKUR

Hjá Máli og menningu er komin út Gyllti áttavitinn eftir Philip Pullman í þýðingu Önnu Heiðu Pálsdóttur.




Sagan er upphaf þríleiks Pullmans um myrku öflin en hin tvö bindin, Lúmski hnífurinn og Skuggasjónaukinn, eru einnig væntanleg í kilju-útgáfum. Lýra elst upp í fullkomnu öryggi innan um fræðimennina í Jórdanarskóla á Englandi. Þar til einn daginn að börn fara að hverfa, þar á meðal Roger, besti vinur Lýru. Lýra einsetur sér að finna vin sinn og sú leit leiðir hana þangað sem norðurljósin prýða himininn, brynjubirnir eru konungar íssins og nornir kljúfa loftið. Þar stunda vísindamenn líka skelfilegri tilraunir en nokkur getur ímyndað sér. Gyllti áttavitinn er fyrsta bók margverðlaunaðs þríleiks Philips Pullmans um stúlkuna Lýru og ævintýri á mörkum margra heima sem þykir með því magnaðasta og frumlegasta sem skrifað hefur verið á enska tungu.

Hjá Máli og menningu er komin út í kilju skáldsagan Módelið eftir norska metsölu- og verðlaunahöfundinn Lars Saabye Christensen í þýðingu Sigrúnar Kr. Magnúsdóttur. Í Módelinu segir frá Peter Wihl listmálara sem er að verða fimmtugur og undirbýr afmælissýningu á nýjum verkum þegar hann verður skyndilega fyrir því áfalli að missa sjónina.




Tímabundið að vísu, en svo gerist það aftur og aftur. Óttinn nær tökum á honum, því hvernig getur blindur listmálari lifað áfram? Örvæntingin fleytir Peter inn á ókunnar slóðir þar sem allt er falt fyrir peninga og tilgangurinn helgar meðalið. Að síðustu stendur hann frammi fyrir þeirri knýjandi spurningu hvort listamanni sé hægara að lifa við siðferðisblindu en ónýt augu.

Hjá Máli og menningu er komin út bókin Myndir ársins 2006. Bókin er gefin út í samstarfi við Blaðaljósmyndarafélag Íslands og eru í henni ljósmyndir af samnefndri sýningu í Gerðarsafni í Kópavogi. Blaðaljósmyndarafélag Íslands hefur um langa hríð skipað hvert ár sérstaka dómnefnd sem velur athyglisverðustu fréttaljósmyndir ársins og hafa sýningar með myndunum vakið mikla athygli og fengið metaðsókn. Í Myndum ársins 2006 er að finna eftirminnileg augnablik úr fréttum síðasta árs jafnt sem persónulega skrásetningu ljósmyndaranna á lífsháttum, atburðum, upplifunum og landslagi hér heima og erlendis.





GERÐUBERG
www.gerduberg.is


RÚRÍ
Tími - Afstæði - Gildi
Sýning frá glæstum listferli
Sjá www.ruri.is


Óður til íslenskrar náttúru
Guðlaug I. Sveinsdóttir sýnir málverk og vefnað


Vissir þú af...
góðri aðstöðu fyrir námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningar opnar virka daga kl. 11 - 17
og um helgar kl. 13 - 16 • sími 575 7700


# Hví ekki Afríka?

Tvær ljósmyndasýningar verða opnaðar í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu á morgun. Annars vegar er sýning á verkum Katrínar Elvarsdóttur sem hún kallar „Sporlaust“ og hins vegar sýning á ljósmyndum eftir frönsku listakonuna Dominique Darbois og á afrískum skúlptúrum. Sýningin ber yfirskriftina „Hví ekki Afríka?“ Síðarnefnda sýningin er sett upp í tengslum við frönsku menningarkynninguna Pourquoi pas?

Á sunnudaginn verður síðan haldið málþing í Þjóðminjasafninu í tengslum við sýningu Darbois þar sem fjórir fyrirlesarar fjalla um sýninguna og inntak hennar.

Opnanirnar á morgun hefjast kl. 15.



**SÝNISHORN AF AFRÍKU** Á sýningunni í Þjóðminjasafninu má sjá ólíka þætti afrískrar listsköpunar.








*Hafnarfjarðarleikhúsið frumsýnir í kvöld*

Draumalandið

*Leikverk byggt á metsölubók Andra Snæs Magnasonar*



Við hvað erum við hrædd?

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is


ANDREW BIRD


JOSS STONE

## > Í SPILARANUM

**Andrew Bird** - Armchair Apocrypha
**Modes Mouse** - We Were Dead Before The Ship Even Sank
**Neil Young** - Live at Massey Hall
**Blonde Redhead** - 23
**Joss Stone** - Introducing Joss Stone

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ampop á iTunes

Hljómsveitin Ampop hefur gert samning við iTunes um að þar verði fáanlegar þrjár síðustu plötur sveitarinnar. „Við vorum að reyna þetta fyrir ári. Þá þurftum við að hafa samning við plötufyrirtæki en við komumst einhvern veginn inn núna. Það er væntanlega vegna þess að við erum komnir með útgáfusamning í Frakklandi og höfum verið sýnilegir í Bandaríkjunum,“ segir Birgir Hilmarsson, söngvari Ampop. „Það eru virkilega góð tíðindi að þeir höfðu áhuga á þessu.“


**AMPOP** Þrjár síðustu plötur Ampop eru fáanlegar á iTunes.

Ampop spilaði á dögunum á tónleikum í Los Angeles og New York. „Það gekk feikivel og það er verið að skoða ákveðin tilboð í augnablikinu,“ segir Birgir. Ampop hefur einnig fengið góðar viðtökur í Frakklandi og var My Delusions það smáskífulag sem var mest sótt á netinu þar í landi á síðasta ári. Að sögn Birgis vonast þeir félagar til að fara þangað í tónleikaferð til að fylgja eftir vinsældum sínum. Fyrst er þó stefnan sett á Bandaríkjamarkað auk þess sem Bretland er vel inni í myndinni.

Ampop átti nýverið lag í þættinum I´m From Rolling Stone á tónlistarstöðinni MTV sem er sýndur víðs vegar um heiminn. Um var að ræða lagið Don´t Let Me Down af plötunni My Delusions. „Þetta er fyrsta alþjóðlega sjónvarpskynningin sem við fáum. Þetta voru mjög hressandi og uppörvandi fréttir fyrir okkur,“ segir Birgir. **- fb**



## > Plata vikunnar

Air - Pocket Symphony

★★★★

„Air heldur áfram á sömu braut og áður með Pocket Symphony. Enn ein frábær plata frá einni merkilegustu hljómsveit Frakka.“
BÖS



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Suicide-æði í uppsiglingu?*

Mér finnst eins og hin goðsagnakennda og stórfenglega hljómsveit Suicide sé að ganga í gegnum endurnýjun lífdaga. Af hverju dettur mér slíkt í hug? Er ég kannski í einhverju nostalgíuskapi og innst inni dreymir mig um uppreisn æru Suicide. Jú, vissulega er það rétt en það býr meira að baki og ýmis teikn eru á lofti um að tónlist Suicide, ekki síður en þeir sem hljómsveitina skipuðu, sé á leið aftur í tísku.

Hljómsveitin var skipuð þeim Alan Vega og Martin Rev og saman mynduðu þeir einn sérstæðasta og ekki síður sérstakasta anga pönkbylgjunnar. Frumburður og meistaraverk sveitarinnar, samnefndur sveitinni, frá 1977 er þannig ekki pönk í sinni hreinustu mynd heldur blasa við argandi trommuheilar og rjúkandi rokkabillí-söngur. Atferlið, útlitið og viðmótið var hins vegar pönk eins og það gerist hvað svalast. Áhrif Suicide, á til dæmis post-pönkið og nú nýlega á elektroclash stefnuna, má þannig líkja við áhrif Velvet Underground á seinni tíma sveitir. Sveitin var hins vegar ekki mjög langlíf og samstarfið milli Alans og Martins brösugt með eindæmum.

En aftur að endurnýjun lífdaganna. Fyrsta kurrið sem ég tók eftir var þegar norska poppdívan Annie smellti hinu stórbrotna lagi Jukebox Baby með Alan Vega (tekið af fyrstu sólóplötu hans frá 1981) á mixplötuna sína DJ-Kicks sem kom út í lok árs 2005. Það sem hins vegar vakti almennilega athygli mína var tvennt sem ég sá í íslenskum fjölmiðlum á síðustu vikum. Fyrst sá ég grein í blaðinu Verðanda, blað gefið út af menntaskólanemum, um þessa ágætu sveit. Fín grein þó að margt hafi verið ábótavant í greininni og nokkuð frjálslega farið með ýmsar staðreyndir. Gleðilegt samt að sjá svona metnaðarfulla grein um svo merka hljómsveit sem hefur ekki verið sett á þann háa stall sem hún ætti að vera á en það er vonandi að breytast. Annað atriði sem ýtti undir þessa hugdettu mína var að finna á tískusíðum Fréttablaðsins en í síðustu viku er sérstaklega mælt með sólgleraugum à la Suicide. Kannski ekki skrítið því svalari tónlistarstjörnur eru vandfundnar. Kannski er ég reyndar að gera úlfalda úr mýflugu en Suicide á svo sannarlega skilið að vera úlfaldi, með tveimur hnúðum, ekki einum.








# Stuðlögmál Murphys

**Það eru margir búnir að bíða spenntir eftir annarri plötu bandaríska dans-rokk risans LCD Soundsystem. Sú bið er nú á enda. Trausti Júlíusson hlustaði á nýju plötuna, Sound of Silver, sem kom út á mánudaginn.**


**JAMES MURPHY** „LCD getur þýtt hvað sem er, til dæmis Last Crazy Dance eða Lonely Cool Dude...“

Fyrsta plata LCD Soundsystem sem bar nafn sveitarinnar og kom út í ársbyrjun 2005 er eitt af best heppnuðu dæmunum um samruna rokks og danstónlistar. Á henni voru smáskífulög eins og Losing My Edge, Movement og Daft Punk Is Playing in My House sem gerðu allt vitlaust hjá dansþystrum rokkunnendum út um allan heim.

### Fékk dansbakteríuna 29 ára

Það er bara einn maður á bak við LCD Soundsystem plöturnar þó að sveitin sé fjölmennari á tónleikum. Sá maður heitir James Murphy og er önnur aðalsprauta DFA-útgáfunnar í Brooklyn. James er fæddur og uppalinn í Princetown Junction í New Jersey. Hann er búinn að vera í hljómsveitum síðan hann var 12 ára gamall. Í upphafi tíunda áratugarins flutti hann til New York til að fara í háskóla, en hætti þegar hljómsveitin sem hann var í þá, Pony, fór í tónleikaferð. „Leiðinda 90's indí-rokk. Enn eitt óþarfa bandið,“ segir James um þá sveit í dag. Hann gafst upp á indí-rokkinu og fór að vinna sem hljóðmaður. 1999 hitti hann Bretann Tim Goldsworthy og saman stofnuðu þeir DFA-útgáfuna. Hugmyndin kviknaði þegar James tók E-pillu í fyrsta sinn 29 ára gamall og uppgötvaði að hann hafði gaman af því að dansa.

### Dans-rokk bylgjan

James stundaði klúbbana stíft, en sá fyrir sér að það gæti verið flott að blanda til dæmis Loose við The Stooges saman við teknóið sem hljómaði á dansgólfinu. Fyrsta smáskífan sem DFA-útgáfan gaf út var The House of Jealous Lovers með The Rapture. Klikkað lag sem kom af stað nýrri bylgju af dansrokki. DFA rak sinn eigin klúbb í Williamsburg í Brooklyn, en á milli þess að spila þar, endurhljóðblanda og stjórna upptökum fyrir aðra listamenn byrjaði James að búa til sína eigin tónlist sem LCD Soundsystem.

Fyrsta smáskífan Losing My Edge kom út árið 2002 og fyrsta stóra platan 2005 eins og áður segir. Á henni voru áhrif frá postpönki áberandi, frá sveitum eins og The Fall og Gang of Four. Þessi áhrif eru enn til staðar á nýju plötunni, en nú eru það líka Talking Heads, The B-52's, David Bowie, New Order, Human League og Defunkt. Eins og á fyrri plötunni tekur James þessi áhrif og setur þau í stuðvél og útkoman er tónlist sem er útilokað að sitja kyrr undir.

### Norður-amerískt úrhrak

„Það er rétt, textarnir fjalla margir um tónlist,“ segir James Murphy í nýlegu viðtali og hann bætir við: „Það væri gaman að tala um eitthvað annað, til dæmis geimskip og geimverur, en það er ekki árið 1975 núna.“ Reyndar eru textar James margir frábærir. Fyrsta smáskífulagið af Sound of Silver heitir North American Scum og er eiginlega viðbrögð James við því að margir halda að hann sé enskur. Þrátt fyrir nafn lagsins er hann mjög stoltur af upprunanum. Í dag er James 37 ára gamall, giftur, með hund og æfir jiujitsu. Hann veit ekki hvað hann heldur lengi áfram að búa til tónlist: „Mér finnst eins og það eigi að koma einhver 23 ára gaur með eitthvað mikið flottara en það sem við erum að gera,“ segir hann, „en af einhverjum ástæðum er það ekki að gerast.“ Og á meðan heldur hann áfram. Feginn er ég. Sound of Silver er besta plata ársins 2007 hingað til. Og samt byrjar árið stórvel...

## BRENNSLAN GUÐMUNDUR ÓSKAR

„Ég reyni að hafa listann fjölbreyttan en þó með rauðum þræði. Tvö gömul og góð, nokkur nýleg og tvö glæný. Þetta er ekki partílisti,“ segir Guðmundur Óskar Guðmundsson, bassaleikari Hjaltalín, um brennsluna sína.

**1. Ísland - Spilverk þjóðanna**
„Magnað lag af samnefndri plötu þessarar einnar allra bestu íslensku hljómsveitar frá upphafi.“

**2. Circle of Wood - Skakkamanage**
„Uppbyggingin er mjög vel útfærð, fyrst með innkomu bassatrommunnar á 2:15 og skyndilegri breytingu úr dúr í moll á 3:28.“

**3. Ocean of Noise - Arcade Fire**
„Það er líkt og lagið hafi verið hljóðritað neðansjávar. Hljóðfærin hljóma öll blaut og hljómurinn er drungalegur.“

**4. Jacksonville - Sufjan Stevens**
„Lagið er keyrt á grúvi í ryþmasveit og brassi með flottri strengjaútsetningu, en ekki kassagítar og/eða flautum.“

**5. Við og við - Ólöf Arnalds**
„Fallegur texti sunginn með einstaklega þýðri rödd Ólafar sem minnir mig eilítið á Ingibjörgu Þorbergs.“

**6. The Purple Bottle - Animal Collective**
„Hróp og köll og óreglulegur trommu- og gítarleikur skapa sérstakan hljóm hlómsveitarinnar.“

**7. A Sentence of Sorts In Kongsvinger - Of Montreal**
„Ætlaði að setja Gronlandic Edit, en þetta stendur betur eitt og sér. Og já, það er sumarfílingur í því.“



**8. Time After Time - Chet Baker**
„Mitt uppáhalds Chet Baker-lag. Röddin, sólóið, textinn. Ég get hlustað á það aftur og aftur.“

**9. We Are the Sleepyheads - Belle & Sebastian**
„Ótrúlega skemmtilegt lag. Helst ber að nefna virkilega skemmtilegan „keðjusöng“ Söruh Martin og stutt en hetjulegt gítarsóló Stevie Jacksons.“

**10. Abbastúfur - Benni Hemm Hemm**
„Frábært lag við fallegan texta Örvars í múm. Fer líka vel sem endalag.“

ALÞJÓÐLEGAR METSÖLUBÆKUR OG HIN ÍSLENSKA TRAINSPOTTING

# SPENNA!

SPENNANDI KILJUR Á 1.690 KR. TILBOÐSVERÐI




EIN MEST SELDA SKÁLDSAGA ÁRSINS 2006

## SÉR GREFUR GRÖF

„Býr yfir öllu sem góð morðgáta þarf að hafa.“
– Þórarinn Þórarinsson, Fréttablaðinu.

★★★★ – Óttar M. Norðfjörð, DV

**Seld um víða veröld**




SPENNUSAGA ÚR ÍSLENSKUM SAMTÍMA

## SKULDADAGAR

★★★ „samtímasaga í húð og hár.“
– Bergsteinn Sigurðsson, Fréttablaðinu.

„Spennandi afþreying þar sem hraðinn er í fyrirrúmi.“
– Þórunn Hrefna, Víðsjá.




METSÖLUHÖFUNDURINN

## DAN BROWN

**Óumdeildur meistari hinnar úthugsuðu spennusögu.**

„Heimurinn sem bókin lýsir er raunverulegri en við myndum nokkurn tímann þora að viðurkenna.“
— MacDonnel Ulsch, forstjóri Öryggisráðs Bandaríkjanna.




ALÞJÓÐLEG METSÖLUBÓK

## ÓSÝNILEGIR GLÆPIR

„Blanda af lævísum morðum og hreinni stærðfræði ... unaðsleg hugarleikfimi.“
– Daily Mail

**Nýjar kiljur á kynningarverði í bókaverslunum M&M og Eymundsson: 1.690 kr.**

Eymundsson
Bóksali frá 1872

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR

Veröld

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK




FRJÁLSAR HENDUR TRYGGVI GUNNARSSON VORKENNIR KYNBRÆÐRUM SÍNUM

# Typparexía klámstjarnanna

Klám er ekkert grín, sérstaklega í sinni verstu og myrkustu mynd. Við viljum ekki fólk til landsins sem stendur fyrir slíku og þess vegna bönnuðum við hópi af framleiðendum í klámbransanum að koma til landsins. Gott og vel, þetta voru hvort eð er allt dónakarlar með yfirvararskegg.

Í kjölfarið var mikið rætt um skuggahliðar klámsins. Kvenskörungar hrópuðu á götuhornum kynsystrum sínum til varnar að nú væri nóg komið. Kúgunin væri orðin svo yfirgengileg og karlpungarnir gætu ekki haldið áfram að misþyrma stúlkum á meðan þjóðfélagið horfði á, þegjandi og hljóðalaust. Gott hjá þeim, en málið er mun flóknara en svo.

Í klámi eru karlarnir líka kúgaðir. Þeir þurfa að standa á typpinu fyrir framan fullt af fólki og þúsund ljóskastara. Þeir þurfa að vera grannir og vöðvastæltir, geta hamast nógu hratt og vera með nógu stórt typpi. Þeim finnst allir vera að meta hversu stórt er undir þeim, enda eru allir að gera það og það ýtir bara undir typparexíuna. Eftir að hafa prófað allar typpastækkunarpillurnar á netinu sem eiga stundum að virka í 100% tilvika, fara þeir í aðgerð og láta vefja fitu af rassinum utanum litla hermanninn og draga hann út um nokkra sentímetra!

Þegar á hólminn er komið þurfa þeir svo að stinga nýlagaða typpinu í göt sem náttúran gerði ekki ráð fyrir að neitt færi inn um, aðeins út.

Til að standast pressuna og halda dampi, (því eins og allir vita er tími peningar og það þarf að borga hljóðmanninum), dæla þeir í sig Viagra og halda aftur af fullnægingunni eins lengi og þeir geta, eða alveg þar til þeir fá hjartaáfall. Fyrir þetta fá þeir svo mun minna borgað en konurnar.

Hvar er jafnréttið í því? Hvar er Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra þegar leiðrétta þarf kynjabundið misrétti þessara manna? Eru einhver samtök fyrir þessa menn? Vegamót?



Það er engu minni niðurlæging fólgin í klámi fyrir karlmenn en kvenmenn. Það þarf ekki að berjast fyrir því að karlmenn hætti að búa til klám, það þarf að berjast fyrir því að það séu engin saklaus fórnarlömb þegar kemur að klámi, sama af hvaða kyni þau eru.



**SLAGSMÁL** Til óeirða kom þegar lífverðir reyndu að aftra ljósmyndurum frá því að komast nálægt stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Stjórnvöld vernda Leonardo DiCaprio

Ísraelsk stjórnvöld hafa blandað sér í fjölmiðlafárið sem ríkt hefur í kringum dvöl Leonardo DiCaprio og unnustu hans, hinnar ísraelsku fyrirsætu Bar Raphali. Stjórnvöld hafa biðlað til paparazzi-ljósmyndaranna um að reyna að halda „eðlilegri“ fjarlægð frá skötuhjúunum. Kemur þetta í kjölfar þess að til ryskinga kom milli lífvarða leikarans og ljósmyndara en í kjölfarið voru tveir starfsmenn stjórnunnar handteknir.

DiCaprio og Raphaeli hafa heimsótt flesta vinsæla ferðamannastaði í Ísrael, þar á meðal safn tileinkað minningu þeirra sem létust í helförinni og grátmúrinn.

Allt hefur verið á öðrum endanum í Ísrael síðan DiCaprio og Raphaeli lentu á mánudagsmorgun eftir stutta dvöl í Jökulsárlóni og Frankfurt. Helsta ástæðan fyrir öllum þessum æsingi er talin vera að fjölmiðlar þar í landi eru orðnir langþreyttir á hvers kyns blóðsúthellingum sem hafa einkennt mannlífið í Ísrael og eru fegnir að fá að fjalla um eitthvað annað en vígamenn og sjálfsmorðssprengingar.






# Kvennafans á konukvöldi

**Árlegt konukvöld Létt Bylgjunnar var haldið í Smáralindinni á miðvikudagskvöldið.**

Skemmtilegar uppákomur krydduðu kvöldið og Smáralindin iðaði af lífi. 600 konur voru svo heppnar að vinna miða á sérstaka skemmtun í Vetrargarðinum þar sem fjöldi tónlistarmanna og skemmtikrafta steig á svið. Jafnframt var kynþokkafyllsti maður Íslands 2007, að mati hlustenda Létt Bylgjunnar, kynntur til leiks, en þann eftirsótta titil hlaut handboltamaðurinn Alexander Petterson að þessu sinni.



**TÍSKUSÝNING** Fjöldi verslana í Smáralind tók þátt í tískusýningu á konukvöldinu við góðar undirtektir hjá kvennafansinum.



**KÁNTRÍSTEMNING** Jóhann Örn Ólafsson fór fyrir fríðum flokki dansara frá Danssmiðjunni þar sem þau sýndu listir sínar í línudansi.



**SNYRT OG SNURFUSAÐ** Heiðar Jónsson snyrtir fór fimum fingrum um þær sem vildu kynna sér nýjungar í snyrtivörum.



**MÆÐGUR Á GÓÐRI STUND** Mæðgurnar Ruth og Lilja voru á meðal 600 gesta á skemmtuninni í Vetrargarðinum.



**ORKUVEITA** Herdís Björnsdóttir hjá Gjöfum jarðar kynnti konurnar fyrir orkusteinum og árulestri.



**Í GRÆNUM SKUGGA** Jónsi vakti mikla lukku hjá áhorfendum, en hann var einn þeirra úrvalsskemmtikrafta sem stigu á svið.



**VEL TEKIÐ** Samspil Stebba og Eyfa féll vel í kramið hjá konunum sem samankomnar voru í Vetrargarðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Bubbi sleginn úr hringnum

Fyrstu óvæntu úrslitin eru fyrirliggjandi í Meistaranum. Kempan Sigurður G. Tómasson útvarpsmaður – gjarnan kallaður Bubbi – var sleginn úr keppni af Birni Guðbrandi Jónssyni líffræðingi: 26 gegn 20 stigum Bubba.

Ekki að Björn Guðbrandur sé einhver kettlingur þegar spurningar og svör eru annars vegar. En líklega kemur þetta útvarpshlustendum Sögu algerlega í opna skjöldu því þeir og fleiri vita að sjaldan eða aldrei er komið að tómum kofanum hjá Bubba þegar hina margvíslegu þætti þjóðlífsins ber á góma. En keppnin varð strax mjög jöfn. Börðust þeir Björn og Bubbi um að berja á bjölluna og höfðu svör á reiðum höndum. Björn náði þó yfirhöndinni einkum vegna ívið betri viðbragðsflýtis en í töluspurningunum náði Bubbi að snúa stöðunni sér í hag. Var þá með 25 stig gegn 21 stigi Björns. Gríðarleg spenna var þegar Björn átti eina spurning eftir, lagði fimm stig undir og hafði svarið. Björn þar með kominn einu stigi yfir en síðustu spurninguna átti Bubbi. Lagði fimm stig undir en spurningin reyndist hinum fróða Sigurði G. ofviða og því fór sem fór.

Stigatölur eru þó með því hæsta sem sést hafa í Meistaranum og ljóst að þarna voru tveir sterkir keppendur sem áttust við. Bubbi kveður því með þeim hætti að geta borið höfuðið hátt og telst eftir sem áður með fróðari mönnum.

- jbg



**SIGURÐUR G. TÓMASSON** Kveður Meistarann með sóma og sann og getur nú snúið sér einbeittur að veiðum í Þingvallavatni.

# PS3

## Í FORSÖLU

# Í SKÍFUNNI

## AFHENT 23. MARS




**67.999**

**3.763** RAÐGREIÐSLUR Í 24 MÁNUÐI

**4.771** RAÐGREIÐSLUR Í 18 MÁNUÐI

**6.765** RAÐGREIÐSLUR Í 12 MÁNUÐI

CASINO ROYAL FYLGIR

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

Með hverri PS3 tölvum sem er keypt í forsölu fylgir: Casino Royale Blu-ray, PS3 diskahulstur, PS3 glas, 6 orkur og 3 pokar af Lays

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**



**LILY ALLEN** Finnst undarlegt að heyra kjaftasögur um að hún sé lesbía.

## Segist ekki vera lesbía

Breska poppstjarnan Lily Allen veldur þó nokkrum samkynhneigðum aðdáendum sínum vonbrigðum í nýlegu viðtali. Þar þverneitar hún sögusögnum þess efnis að hún sé lesbía og segir umræðu um slíkt vera „undarlega“. Lily er nú á föstu með plötusnúðnum Seb Chew. „Þetta er undarlegasti orðrómur sem ég hef heyrt um mig,“ segir Lily Allen.



**GLÆSILEG** Reese Witherspoon þótti ótrúlega glæsileg á Golden Globe-hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Ánægð með nýja stílinn

Leikkonan Reese Witherspoon er ánægð með að vera skilgreind sem tískutákn eftir skilnað sinn við Ryan Phillippe á síðasta ári. Reese vakti mikla athygli í gulum kjól og með nýja hárgreiðslu á Golden Globe-verðlaunahátíðinni í janúar. „Mér finnst ég líta allt öðruvísi út en ég hef áður gert. Og er ánægð með það,“ segir Reese sem á nýtt útlit sitt hönnuðinum Olivier Theyskens hjá Ninu Ricci að þakka. „Ég hef áður verið með stílista en þessa dagana geri ég allt sem Olivier vill.“



**JÓHANN ÁGÚST MEÐ KAUPANDANN Í EYRANU** Eigandinn, sem enn er á huldu hver er, keypti verkið ekki til að loka það inni um aldur og ævi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Kúbíski Kjarvalinn í danska forvörslu fyrir heimkomu

**Kjarvalsverkið, sem slegið var fyrir metupphæð á uppboði í Kaupmannahöfn í síðasta mánuði, er ekki komið til landsins. Að sögn Jóhanns Ágústs Hansen listaverkasala fara danskir forverðir um það höndum og verið er að velja ramma við hæfi. Nafn hins raunverulega kaupanda verður gefið upp í fyllingu tímans.**

„Nei, verkið er ekki komið til landsins. Og ekki alveg víst hvenær það verður. Það er verið að ganga frá því að hún verði hreinsuð og rannsökuð. Að hún verði í góðu ástandi þegar ég afhendi hana,“ segir Jóhann Ágúst Hansen, listmunasali hjá Galleríi Fold.

Fréttablaðið fylgdist grannt með því þegar mikið verk, áður óuppgötvað, eftir Jóhannes S. Kjarval, Hvítasunnudagur, var slegið fyrir metupphæð á uppboði í Kaupmannahöfn 27. febrúar. Enda talið einstakt og lýsa kúbísku skeiði í list Kjarvals. Jóhann Ágúst hreppti myndina eftir mikinn og æsispennandi slag og bauð í hana sem nemur rúmum 15 milljónum íslenskra króna. Eru þá ótaldar milljónir í sölulaun og gjöld.

Enn er ekki vitað hvenær verkið mikla kemur til landsins en það verður líklega einhvern tíma með vorinu. Eftir að danskir forverðir hafa farið um hana höndum.

Jóhann Ágúst var með eigandann í eyranu allt uppboðið og segist hafa verið kominn vel yfir þá upphæð sem þeir höfðu ákveðið sín á milli að væri þakið. En Jóhann telur þó sinn mann hafa verið reiðubúinn að fara enn hærra.

„Ég veit ekki hversu hátt hefði verið farið. En við höfum orðið vör við áhuga úti í bæ fyrir því að greiða enn hærra verð fyrir myndina. Þannig að það eru greinilega fleiri en við sem höfðum tök á þessu eins og sást greinilega. Við vorum ekki bara tveir að bjóða í hana. Fimm í það heila sem fóru yfir milljón danskar,“ segir Jóhann Ágúst.

Listmunasalinn segir að gefið verði upp í fyllingu tímans hver hinn raunverulegi kaupandi verksins er. Enn sem komið er sé það nafn aðeins milli Jóhanns og kaupandans.

Jóhann Ágúst lét þess svo getið í samtali við blaðamann Fréttablaðsins úti í Kaupmannahöfn strax eftir uppboðið að almenningur á Íslandi fengi að njóta myndarinnar og Jóhann segir það standa. Þótt hún fari á einkasafn mun eigandinn ekki loka hana inni.

„Ef beðið verður um myndina á sýningu safna er ekki útilokað að það verði leyft. En það er alfarið hans ákvörðun. Þegar að því kemur. Söfnin hafa mikinn áhuga á þessari mynd. Hafa lýst því yfir og ég geri ráð fyrir að þau vilji sýna hana. Hún var ekki keypt í þeim tilgangi að fela hana. Það er samfélagsleg skylda allra sem eiga fræg listaverk að sýna þau einhvern tíma. Það ætti að vera krafa á alla listaverkasala að mínu mati.“

Jóhann Ágúst hefur gert upp árið 2006 hvað varðar listaverkasölu og þar má greina hækkun listaverkavísitölu um 18 prósent. Sem er minni hækkun en var milli áranna 2004 og 2005 – þá hækkun um 124 prósent. „Verðmæti seldra verka árið 2006 er kr. 105.533.627 á verðlagi ársins 2005 sem er aukning upp á 21% frá fyrra ári.“

jakob@frettabladid.is



**STIPE OG SMITH** Michael Stipe og Patti Smith syngja við athöfnina í New York. Keith Richards er í bakgrunninum.

## Berry aftur með REM

Bill Berry, fyrrverandi trommari REM, spilaði með sínum gömlu félögum er þeir voru vígðir inn í Frægðarhöll rokksins í New York. Berry, sem hætti í hljómsveitinni árið 1997, spilaði með þeim Michael Stipe, Mike Mills og Peter Buck gömul REM-lög.

Eddie Vedder, söngvari Pearl Jam, veitti REM viðurkenninguna. Sagði hann sveitina hafa haft mikil áhrif á tónlistarheiminn og bætti því við að rödd Stipe hafi snert við sér þó að hann hafi ekki skilið orð af því sem hann söng.

Hljómsveitirnar Van Halen, Grandmaster Flash og The Ronettes voru einnig heiðraðar ásamt söngkonunni Patti Smith, sem spilaði á Íslandi árið 2005.



**BRAD DELP** Fyrrverandi söngvari Boston framdi sjálfsvíg á heimili sínu.

## Framdi sjálfvíg

Úrskurðað hefur verið að Brad Delp, söngvari bandarísku hljómsveitarinnar Boston, hafi framið sjálfsvíg. Delp, sem var 55 ára, eitraði fyrir sjálfum sér á heimili sínu í bænum Atkinson í New Hampshire. „Það er gott að vita að hann geti loksins farið í friði,“ sagði í yfirlýsingu fjölskyldu hans. „Hann var maður sem gaf mikið af sér til allra í kringum sig, hvort sem það var fjölskyldan, vinir eða ókunnugir. Hann gerði það sem hann gat en hann var orðinn mjög þreyttur.“ Á heimasíðu Boston mátti sjá yfirlýsinguna: „Við höfum misst geðþekkasta náungann í rokkinu.“




## Frumstæður og skemmtilegur Jamie

Jamie T er einn af þeim bresku nýliðum sem spáð var mikilli velgengni á árinu 2007 í byrjun árs. Þessi tvítugi strákur frá Wimbledon á það sameiginlegt með Mike Skinner í The Streets og Lily Allen að hann gæti ekki verið frá neinu öðru landi en Englandi. Það gera bæði textarnir og framburðurinn.

Jamie Treays hóf ferilinn með því að koma fram á pöbbum og syngja lögin sín við eigin undirleik á fjögurra strengja órafmagnaðan kassabassa sem hann hafði mjög takmarkað vald yfir. Fyrsta lagið á Panic Prevention, Brand New Bass Guitar, fjallar einmitt um þetta forláta hljóðfæri. Hann gerði samning við Virgin árið 2005 og vakti í fyrra athygli fyrir smáskífurnar Sheila og If You Got The Money.

Jamie T er ekki rappari. Hann syngur eða sönglar lögin sín. Tónlistin er grípandi popp, en með mjög hráum og frumstæðum „lo-fi“ hljómi og mjög svo alþýðulegum söngstíl. Maður heyrir greinilega áhrif frá listamönnum eins og Elvis Costello, John-Cooper Clarke, Jonathan Richman, The Clash og The Specials, en sterkust eru áhrifin frá þeim gróflega vanmetna snillingi Ian Dury. Eins og textar Dury fjalla textar Jamie T á húmorískan hátt um breskan hversdagsleika.



**TÓNLIST**

**Panic Prevention**

Jamie T

★★★

Bestu lögin á Panic Prevention eru á meðal þess skemmtilegasta sem hefur komið út á árinu. Hrátt, frumstætt, en grípandi popp.

Það eru nokkur frábær lög á Panic Prevention. Smáskífurnar Sheila, Calm Down Dearest og lög eins og Salvador og Alicia Quays eru á meðal þess skemmtilegasta sem maður hefur heyrt á árinu, en slakari lög draga heildina niður.

**Trausti Júlíusson**



**TAKE THAT** Strákasveitin Take That er að gera allt vitlaust í Bretlandi.

# Shine enn á toppnum

Lagið Shine með strákasveitinni Take That hefur setið í tvær vikur á breska vinsældarlistanum og er um leið tíunda lag sveitarinnar til að fara á toppinn þar í landi.

Take That hefur átt frábæra endurkomu síðan sveitin kom aftur saman á síðasta ári. Þá gáfu þeir félagar út plötuna Beautiful World eftir ellefu ára hlé og hefur hún selst í tveimur milljónum eintaka. Shine er annað smáskífulag plötunnar en fyrsta lagið, Patience, fór einnig beint á toppinn. Myndbandið við það lag var tekið upp hér á landi á síðasta ári í séríslenskri náttúrunni.



**CANNIBAL CORPSE** Þungarokkssveitin bandaríska er á leiðinni til Íslands.

# Fimm sveitir hita upp

Hljómsveitirnar Mínus og Changer hita upp á fyrri tónleikum bandarísku þungarokkssveitarinnar Cannibal Corpse á Nasa hinn 30. júní. Forgarður Helvítis, Momentum og Severed Crotch hita upp á síðari tónleikunum, sem verða kvöldið eftir.

Mínus tók nýverið upp plötu í Los Angeles sem kemur út á næstunni. Ekki er langt síðan sveitin hitaði upp fyrir Incubus á tónleikum í Laugardalshöllinni.

Miðaverð á hvora tónleikana er 2.500 krónur og hefst miðasala á fimmtudaginn klukkan 11.00. Tuttugu ára aldurstakmark er á fyrri tónleikunum en ekkert á þeim síðari.



**CLIFF RICHARDS** Sir Cliff kemur til Íslands í lok þessa mánaðar.

# Cliff Richards á leiðinni

Nú styttist óðum í tónleika Sir Cliffs Richards í Laugardalshöll 28. mars næstkomandi. „Hann verður hérna í tvo til þrjá daga. Þetta eru síðustu tónleikarnir hjá honum í tónleikaferðinni,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson, tónleikahaldari.

Richards mun ásamt stórri hljómsveit, taka flest sín þekktustu lög á tónleikunum, þar á meðal Summer Holiday, Batchelor Boy, The Young Ones og We Don´t Talk Any More. Engu verður til sparað til að gera þessa tónleika sem glæsilegasta og verða m.a. risaskjáir settir upp sinn til hvorrar hliðar við sviðið. Það seldist upp í stúkuna á innan við tuttugu mínútum en enn eru til miðar í stæði. Miðasala fer fram á midi.is og í Skífunni og BT.

# Vetrargarðurinn titrar af spenningi

Fimm atriði standa eftir í X-factor Stöðvar 2. Í síðustu viku fékk Akureyringurinn Gylfi reisupassann en Einar Bárðarson ákvað að gefa stúlknadúettinum Gís eitt tækifæri til viðbótar. Þær stúlkur verða að herða róðurinn ef ekki á illa að fara en ljóst má vera að ef Gís verður meðal tveggja neðstu verði þær látnar fara. Hvaða ása Páll Óskar hefur uppi í erminni kemur í ljós í kvöld en væntanlega mun slysið frá því fyrir tveimur vikum ekki endurtaka sig þegar dúettinn Hara þurfti að treysta á góðvild Ellýar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Einar sjálfur nokkuð taugaóstyrkur vegna Ingu Sæland. Frammistaða hennar hefur vakið verðskuldaða athygli og frami hennar í þáttunum er meiri en margur þorði að vona. Umboðsmaður Íslands lá lengi yfir lagavalinu og nýtur Inga aðstoðar frá meðlimum Gospelkórs Reykjavíkur.

Einar þarf hins vegar minni áhyggjur að hafa af Jógvan en svo virðist sem Færeyingurinn hafi unnið hug og hjörtu þjóðarinnar.

Ellý verður hálfeinmana í kvöld en Guðbjörg stendur ein eftir úr hennar hópi. Guðbjörg hefur ekki síður en Inga komið á óvart enda er hún yngst allra keppenda, aðeins sextán ára. Söngkonan unga á þó ekki að þurfa kvíða neinu því hún hefur aldrei verið í hættu.



**JÓGVAN** I Don't Wanna Be
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: GAVIN DEGRAW
HÓPUR: EINAR / SÍMANÚMER: 900 9001



**GUÐBJÖRG** Bridge over troubled Water
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: SIMON AND GARFUNKEL
HÓPUR: ELLÝ / SÍMANÚMER: 900 9002



**GÍS** Lady Marmelade
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: ÚTGÁFAN ÚR MOULIN ROUGE /HÓPUR: PALLI / SÍMANÚMER: 900 9005



**HARA** I wish I was a Punk Rocker
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: SANDY THOM
HÓPUR: PALLI / SÍMANÚMER: 900 9003



**INGA** The Rose
UPPHAFLEGUR FLYTJANDI: BETTE MIDLER
HÓPUR: EINAR / SÍMANÚMER: 900 9004

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is









**MOTION BOYS** Hljómsveitin Motion Boys hefur fengið góðan liðsauka.

# Fjölgun hjá Motion Boys

Viddi, hljómborðsleikari Trabant, Bjössi, trommuleikari Mínus, og Tobbi úr Jeff Who? hafa gengið til liðs við hljómsveitina Motion Boys.

Sveitin gaf nýverið út stuttskífu með lögunum Hold Me Closer to Your Heart og Waiting to Happen og hyggur á útgáfu sinnar fyrstu plötu síðar á árinu.

Hingað til hafa meðlimir Motion Boys verið tveir, eða þeir Birgir Ísleifur Gunnarsson, sem var áður í Byltunni, og Árni Rúnar, sem er einnig í Hairdoctor. Að sögn Birgis Ísleifs hefur stefnan verið sett á fyrstu tónleikana í sögu sveitarinnar í vor. „Við erum ekki innilokaðir í neinum stíl og erum ekki hræddir við að prófa nýja hluti," segir Birgir um tónlist Motion Boys. **- fb**

# Guðfeður diskópönksenunnar

**Hljómsveitin !!! sendi frá sér sína þriðju breiðskífu í síðustu viku. Steinþór Helgi Arnsteinsson heyrði í hluta af sveitinni af því tilefni.**

Hljómsveitin !!! (oftast borið fram chk chk chk en táknar í raun hvaða samhljóða sem er. Oft nefnd sú hljómsveit sem erfiðast er að gúggla) hefur verið starfandi í rúman áratug en meðlimir sveitarinnar, átta talsins, hafa flestallir einnig starfað í öðrum hljómsveitum, þekktust þeirra er án efa Out Hud. Vegna þessa hefur kannski virkni sveitarinnar alltaf verið í hámarki. !!! var stofnuð af nokkrum vinum frá Sacramento og segir Allan Wilson, horn-, ásláttar og hljómborðsleikari sveitarinnar, að ætlunin hafi í byrjun eingöngu verið að semja dansvæna stuðtónlist, Nic Offer, söngvari !!!, segir tónlistina hins vegar vera funkystrange (skrýtin og fönkskotin). „Ef hún er til dæmis of lengi í bílnum hjá mömmu, þá mun mamma slökkva á henni."

!!! má vel kalla guðföður diskópönk senunnar og er sveitin oft nefnd í sömu anddrá og til dæmis The Rapture og Radio 4. Staðreyndin er samt sú að !!! hafði spilað tónlist í þessum dúr löngu áður en fyrrnefndar sveitir komu til sögunnar. Mér fannst því áhugavert að vita hvort þetta færi ekkert í taugarnar á !!!-liðum. „Við erum allt öðruvísi hljómsveit. Mér finnst okkar tónlist vera frjálsari og við höfum ekki eins augljósar tengingar við aðrar eldri hljómsveitir. Ég held líka að við sækjum okkar áhrif frá fleiri stöðum," útskýrir Allan en bætir við að auðvitað vilji !!! ekki eigna sér tilurð þessarar tónlistarstefnu.

Umfjöllunarefni texta !!! eru oftar en ekki æði skrautleg en notkun eiturlyfja kemur þar oft við sögu. Sjálfur viðurkennir Allan að meðlimir sveitarinnar hafi líklegast prófað öll þau eiturlyf sem völ er á, fyrir utan heróín. „Ég myndi aldrei segja einhverjum að hann ætti ekki að nota eiturlyf en sá sem velur þau á annað borð á að nota þau skynsamlega."

Eiturlyf eru þó á engan hátt tengd nafni nýju plötunnar, Myth Takes. Nic útskýrir nafnið á plötunni: „Platan er nefnd eftir lagi á plötunni sem segir frá krökkum sem flytja til New York til þess að eltast við rokkdraumagoðsögnina og hvernig þeir verða fyrir barðinu á þeirri goðsögn. Þannig að þetta er í raun um það hvernig goðsögn getur tekið eitthvað frá þér." Plötuna unnu piltarnir í samstarfi við Justin van der Volgen eins og svo oft áður en Nic segir að það sé afar ánægjulegt að vinna með honum. En telur hann ekki eðlilegt að róa þurfi á ný mið og vinna með öðrum upptökustjórum? „Jú, kannski. Ef við finnum einhvern sem við teljum að geti ýtt okkur í aðrar áttir og skorað okkur á hólm, þá auðvitað. En ef við ættum að fara í upptökuverið á morgun myndi ég velja hann [Justin]. Við erum samt orðnir betri í að vinna plötur og að framkvæma það sem við viljum framkvæma."

Framkvæmdagleðin sést best á nýju plötunni og sýnir og sannar hversu vel hljómsveitin kann á hið brothætta form framsækinnar dansrokk-tónlistar.



**SVALIR** !!! er hljómsveit sem nýtur ómældrar virðingar innan tónlistarheimsins.






# Jolie ættleiðir í Víetnam

Ættleiðing leikkonunnar Angelinu Jolie á þriggja ára dreng frá Víetnam er gengin í gegn. Jolie sótti drenginn á munaðarleysingjahælið þar sem hann bjó og fylgdust fjölmiðlar með hverju fótmáli hennar. Með henni í för var fimm ára sonur hennar Maddox.

Tuttugu börn tóku á móti þeim á hælinu klædd víetnömskum þjóðbúningum. Að sögn forstöðumanns hælisins var stundin þegar Jolie náði í drenginn afar tilfinningarík. „Þau reyndu að vingast við víetnamska drenginn, sem grét þegar hann sá þau vegna þess að þau eru ókunnugt fólk í hans augum," sagði forstöðumaður hælisins. „Jolie gat varla haldið aftur af tilfinningum sínum. Þau reyndu bæði að hugreysta þennan litla dreng."

Jolie og Pitt heimsóttu munaðarleysingjahælið í Víetnam í nóvember síðastliðnum þar sem þau komu auga á drenginn. Hafði hann verið yfirgefinn fljótlega eftir að hann fæddist og hafði búið á munaðarleysingjahælinu allar götur síðan.




**JOLIE** Angelina Jolie yfirgefur munaðarleysingjahælið í Víetnam. Hún hefur nú ættleitt sitt þriðja barn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að víetnömsk yfirvöld hafi fengið beiðnina um ættleiðinguna í byrjun mars og því er ljóst að leikaraparið fræga fékk sannkallaða flýtimeðferð þar í landi. Venjan er að ættleiðingar taki allt að hálft ár en ef bakgrunnur þeirra sem óska eftir ættleiðingunni er í lagi og góð fjárhagsstaða er til staðar, er hægt að flýta ferlinu. Jolie sótti um ættleiðinguna sem einstæð móðir vegna þess að hún hefur enn ekki gengið í hjónaband með Brad Pitt.

Jolie, sem er 31 árs, hefur áður ættleitt tvö börn, annað frá Kambódíu og hitt frá Eþíópíu, þau Maddox og Zahöru. Á síðasta ári eignaðist hún síðan dótturina Shiloh Nouvel Jolie-Pitt með kærasta sínum, leikaranum Brad Pitt. Jolie og Pitt eiga nú fjögur börn og spurningin er hvort þeim eigi eftir að fjölga eitthvað eða hvort þau ætli nú að láta staðar numið.




**TINNI** Teiknimyndahetjan Tinni er á leiðinni á hvíta tjaldið.

# Mynd um Tinna

Kvikmyndaframleiðandinn Dreamworks, sem er m.a. í eigu Stevens Spielberg, ætlar að gera að minnsta kosti eina kvikmynd um belgísku teiknimyndahetjuna Tinna. Er fyrsta myndin væntanleg í kvikmyndahús eftir um það bil tvö ár.

Ekki er vitað á hvaða bók um Tinna myndin verður byggð en þær eru alls 24 talsins. „Ef fyrsta myndin gengur vel munum við halda áfram með verkefnið," sagði Nick Rodwell hjá Herge Studios.

Lengi hefur verið beðið eftir kvikmynd um blaðasnápinn Tinna sem hjálpar fólki og kemur glæpamönnum á bak við lás og slá með aðstoð hundsins Tobba og fleiri vina.






Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 300. | kl. 6:30 - 9 - 11:30 | B.i.16 | HORS DE PRIX | |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 8 | B.i.12 | TRAVAUX | kl.17:45 |
| LETTERS FROM IWO ... | kl. 5:30 | B.i.16 | LA CÉRÉMONIE | kl.20:00 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 10:15 | B.i.16 | LES AMANTS REGULIERS | kl.22:15 |
| TELL NO ONE | kl 17:40 | | | |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 9:15 - 10:30 | B.i.16 | BREAKING AND ENTERING | kl. 5:50 | B.i.12 |
| 300. VIP UPPSELT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 4 - 6:10 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | VEFURINN HE... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| SMOKIN ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:10 -10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | DIGITAL |
| BRIDGE TO TE... M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 300 UPPSELT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| LAST KING OF S... | kl. 10 | B.i. 16 |
| BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 6 | Leyfð |
| NUMBER 23 | kl. 8 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 300 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl 10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Spears skiptir um mann

**Grannt er fylgst með Britney Spears af gulu pressunni í Bandaríkjunum. Nýjasta nýtt úr meðferð söngkonunnar er að hún sé komin með nýjan mann sér við hlið.**



**SPEARS** Er ástfangin á ný og nú er það rokkari sem hefur unnið hug og hjarta söngkonunnar.

Sá heitir Jason Filyaw og er gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Riva sem ekki hefur náð miklum frama í tónlistarbransanum. Filyaw hefur stutt dyggilega við bakið á Spears og greinir slúðurblaðið National Enquirer frá því að þau hafi hist á AA-fundi. Þá telur blaðið sig hafa heimildir fyrir því að Spears dýrki og dái gítarleikarann sem er átta árum eldri en hún og hafi jafnvel í hyggju að flytjast inn til hans þegar meðferðinni á Promises er lokið. Ef marka má frétt blaðsins hefur Filyaw verið kletturinn í lífi Spears og haldið henni við efnið.

Miklu máli skiptir fyrir Spears að Filyaw er sjálfur alkóhólisti og hefur því getað miðlað af visku sinni til Spears og veit þar af leiðandi líka í gegnum hvers slags helvíti Spears hefur þurft að ganga.

Enquirer heldur því fram að Spears og Filyaw hringist á daglega og hefur hann kallað poppprinsessuna meðal annars Sugar, Kitten og My Lady. Spears lætur hins vegar viðurnefnin Mr. Secret, Underground Guy og J-Sun nægja. Filyaw vildi ekkert tjá sig um málið þegar Enquirer innti hann eftir svörum. Slúðurvefurinn tmz.com náði hins vegar tali af rokkaranum og þar lýsti Filyaw því yfir að hann elskaði Britney af öllu hjarta og myndi styðja hana heils hugar.

Bandarískir fjölmiðlar höfðu spáð því að Spears myndi taka saman við Kevin Federline á nýjan leik en hann sást fara inn á meðferðarheimili hennar og hefur að sögn heimildarmanna reynst eiginkonunninni fyrrverandi betri en enginn. Frétt Enquirer bendir hins vegar til þess að Spears ætli sér að hefja nýtt líf með nýjum manni þegar hún losnar af heimilinu. Jafnframt hafa borist fregnir af skapofsavandamáli Britneys og hún sögð þamba 24 kókdósir á dag. „Hún getur brjálast af minnsta tilefni og krefst þess að fá að ráða þernu sér til aðstoðar enda nennir hún ekki að þrífa eftir sig,“ sagði starfsmaður meðferðarheimilisins við götublaðið Star.

# Bítlarnir á netinu

Netfyrirtækið Wippit býður nú dyggum aðdáendum Bítlanna að hlaða niður sjaldséðum myndum af hljómsveitinni og einstökum hljóðupptökum með viðtölum við hljómsveitarmeðlimina fjóra. Þá verður einnig hægt að hlaða niður sjónvarpsfréttum af Bítlaæðinu sem greip heimsbyggðina í kringum 1964, brúðkaupi Pauls og Lindu McCartney og rúmlegu John Lennon og Yoko Ono. Jafnframt fá netverjar að sjá þegar fjórmenningarnir frá Liverpool mæta á hvers kyns verðlaunahátíðir, félagana á tökustað myndarinnar Help! og fundum sínum með hefðarfólki.



**BÍTLARNIR** Njóta enn mikilla vinsælda og bíða margir eftir því að geta hlaðið niður lögum sveitarinnar.

Enn sem komið er verður þó ekki hægt að hlaða niður lögum Bítlanna þar sem hljómsveitarmeðlimirnir og EMI Records þráast við að gefa leyfi. Wippit birti frétt þess efnis að hægt yrði að kaupa lög hljómsveitarinnar en fulltrúar útgáfufyrirtækisins heimtuðu að sú frétt yrði tekin út af síðu Wippit. Fastlega er þó gert ráð fyrir að það verði hægt á næstunni og má þá búast við því að annað og ögn tæknivæddara Bítlaæði gangi yfir hina netvæddu heimsbyggð.

# Naflaskoðun á grafarbakka

Maurice og Ian eru leikarar sem mega muna fífil sinn fegurri. Áður fylktu áhorfendur liði í leikhúsið til að berja þá augum en nú er liðið á ævikvöldið og hlutverkin ekki upp á marga fiska; Maurice fær stöku sinnum að geispa golunni í kvikmyndum en Ian hefur enn vott af sjálfsvirðingu og tekur ekki í mál að leika lík. Fyrir utan hvorn annan eiga þeir félagsskap í fáum og lifa nánast sem hjón, graðga í sig pillum saman á morgnana, klippa táneglurnar hvor á öðrum og lesa minningargreinar um fallna kollega.

Þegar ung frænka Ians flytur inn á frænda sinn hugsar hann sér gott til glóðarinnar og býst við að það verði stjanað við sig til æviloka. Frænkan reynist hins vegar forhertur vandræðaunglingur sem hefur annað í huga en að hjúkra gamalmennum. Kvennaflagarinn Maurice býðst þá til að taka stúlkuna upp á sína arma, lóðsa hana um London og kúltívera en lætur þess ógetið hvað hangir á spýtunni.

Rithöfundurinn Hanif Kureishi á heiðurinn af handritinu sem er býsna sterkt; myndin er allt í senn bráðfyndin og harmræn. Samskipti Ians og Maurice eru til dæmis kostuleg en það er stutt í tregann og sagan sveiflast listilega þarna á milli. Það er mikið haust í sögunni og hrörnun leikur stórt hlutverk, stundum í kómísku ljósi, en heildarmyndin sem dregin er upp af hlutskipti eldri borgara er raunsæislega ófögur. Hér er þó líka hlýja því Venus er öðrum þræði þroskasaga og minnir óneitanlega á aðra slíka þótt ólíkar séu, þá er Harold og Maude eftir Hal Asby.

Ekkert hefur verið ýkt um frammistöðu Peters O'Toole í aðalhlutverkinu, hann er hreint út sagt frábær í hlutverki Maurice, manns sem hefur lifað lífinu á eigin forsendum og látið aðra sitja á hakanum, jafnvel konu sína og börn. Eftir því sem á líður verður honum æ betur ljóst að tilraun hans til að seilast eftir æskuþrótti Jessie er andvana fædd og á grafarbakkanum stendur hann frammi fyrir þeirri staðreynd að hann er einn og yfirgefinn og hefur ekki hugmynd um hver hann er.



**KVIKMYNDIR**

**Venus**

Leikstjóri: Roger Mitchell

Aðalhlutverk: Peter O'Toole, Jodie Whittaker, Leslie Phillips.

★★★★

Niðurstaða: Gott handrit, frábær leikur og eftirminnileg mynd.

Leslie Phillips gefur O'Toole lítið eftir í hlutverki taugahrúgunnar Ians; Vanessa Redgrave er traust að vanda og nýliðinn Jodie Whittaker, sem leikur vandræðagemsann Jessie, lofar afar góðu.

**Bergsteinn Sigurðsson**





TILBOÐ 2 FYRIR 1

Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

Gildir til og með 16. mars

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð

GLITNIR

### > Þorsteinn Rafn fékk áminningu

Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, fékk áminningu vegna hegðunar á fundi aganefndar HSÍ á þriðjudag. Framkvæmdastjóri HSÍ skaut málinu inn á borð aganefndar eftir að hafa lesið frétt á þessum stað í Fréttablaðinu eftir leik Stjörnunnar og Fram í DHL-deildinni. Þá reif Þorsteinn reikninginn frá dómurum leiksins fyrir framan blaðamann Fréttablaðsins og sagði ekki koma til greina að greiða hann og það fengi HSÍ að vita. Þorsteinn greiddi reikninginn engu að síður strax á mánudeginum.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HÖSKULDUR EIRÍKSSON: SPENNTUR FYRIR ÞVÍ AÐ VERÐA LÁNAÐUR TIL VIKINGS Í NOREGI**

# *Ekki í vafa um að ég geti bætt liðið*



Víkingurinn Höskuldur Eiríksson gæti verið á leið í norsku úrvalsdeildina í knattspyrnu. Hann var til reynslu hjá Viking í Stafangri í síðustu viku og leist forráðamönnum liðsins vel á hann. Egil Östenstad, yfirmaður íþróttamála hjá félaginu, hefur sett sig í samband við Róbert Agnarsson, formann knattspyrnudeildar Víkings, með það fyrir augum að fá Höskuld lánaðan út þetta tímabil í Noregi.

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu enda líst mér afskaplega vel á félagið. Það er allt til fyrirmyndar hjá því og er ég ekki í nokkrum vafa um að ég gæti bætt þetta lið," sagði Höskuldur. „Mér skilst að félögin ætla að ræða betur saman á næstu dögum og hugsa ég að Víkingar myndu ekki standa í vegi fyrir mér ef allt annað er í lagi."

Hann sér fyrir sér að bæði félögin myndu hagnast á þessu fyrirkomulagi. „Ef illa gengur get ég komið heim í haust án allra skuldbindinga, reynslunni ríkari og vonandi betri leikmaður eftir að hafa æft við toppaðstæður og vonandi eitthvað spilað í norsku úrvalsdeildinni. Ef Viking vill halda mér fær Víkingur bæði tekjur af leigunni á meðan tímabilinu stendur sem og sölunni í kjölfarið," sagði Höskuldur.

„Og mér líst einnig mjög vel á að prófa að fara út í stuttan tíma í stað þess að skuldbinda mig í mörg ár við félagið."

Höskuldur lék einn æfingaleik með Viking og fékk hann góð viðbrögð þjálfara liðsins í kjölfarið. „Mér finnst ég samt eiga heilmikið inni. Ég átti ekki eitt einasta framhjáhlaup upp í hornið eða fyrirgjöf inn í teiginn sem ég hef mikið gert með Víkingum á undirbúningstímabilinu. Það var eitthvert orkuleysi í mér og náði ég ekki að beita mér af fullum krafti. En vonandi fæst niðurstaða í þetta mál á allra næstu dögum."

Höskuldur er nýbakaður faðir og þurfti að fara frá dóttur sinni aðeins nokkrum dögum eftir að hún kom í heiminn er hann fór til Noregs fyrr í mánuðinum. „Þetta var ekki auðvelt en ég hafði þetta af. Nú vil ég varla sleppa litlu prinsessunni úr fanginu," sagði hann í léttum dúr.



**ÚR LEIK** Theirry Henry spilar ekki meira með á þessu tímabili.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Landsliðsþjálfari Frakka:

## Búinn að fá nóg af Wenger

**FÓTBOLTI** Raymond Domenech, landsliðsþjálfari Frakka í fótbolta, er búinn að fá sig fullsaddan af gagnrýni landa síns, Arsene Wenger, stjóra Arsenal. Wenger kenndi leikjaálagi franska landsliðsins um slæma frammistöðu Thierry Henry á þessu tímabili.

„Ég er orðinn virkilega leiður á herra Wenger. Hann veit ekki allt og hefur ekki einkaleyfi á að fá sitt fram í fótboltaumhverfinu. Wenger er að kenna leikjum í ágúst um meiðsli í mars," sagði Domenech en Henry verður ekkert meira með á tímabilinu eftir að hann reif maga- og náravöðva í tapleiknum á móti PSV í Meistaradeildinni á dögunum.

Wenger talaði um að Henry sé búinn að missa af fjölmörgum leikjum með Arsenal í vetur en hafi hins vegar leikið alla landsleiki, frá upphafi til enda, frá 16. ágúst. - óój



**GUÐJÓN BALDVINSSON** Stjörnumenn setja háan verðmiða á Guðjón.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Víkingar fá ekki Guðjón:

## Guðjón of dýr

**FÓTBOLTI Guðjón Baldvinsson er ekki á leið til Víkings en Fréttablaðið skýrði frá því að félagið ætti ásamt Fylki í viðræðum við Stjörnuna um kaup á Guðjóni Baldvinssyni. Heimildir Fréttablaðsins herma að Guðjón sé á leið til Fylkis en það vildu hvorki Eysteinn Haraldsson hjá Stjörnunni né Hörður Antonsson hjá Fylki staðfesta.**

**Heimildir Fréttablaðsins herma að Fylkir sé tilbúið að greiða allt að 4 milljónum króna fyrir Guðjón. Víkingar voru til í að greiða allt að þrem milljónum fyrir leikmanninn en án árangurs. Þegar Magnús Gylfason, þjálfari Víkings, heyrði í hvað kaupverðið stefndi sagði hann sínum mönnum að draga í land þar sem hinn ungi og óreyndi Guðjón væri ekki virði slíkrar fjárhæðar.** - esá / hbg

# Niðurstaðan er vanvirðing

**ÍBV hefur kært Guðmund Kr. Erlendsson, formann dómaranefndar HSÍ, til dómstóls HSÍ eftir að aganefnd HSÍ sá ekki ástæðu til að taka á meintri hegðun Guðmundar við þjálfara ÍBV. Guðmundur kærði þjálfara ÍBV á móti.**

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild ÍBV hefur ákveðið að kæra Guðmund Kr. Erlendsson, formann dómaranefndar HSÍ, til dómstóls HSÍ vegna meintrar hegðunar hans í garð Einars Jónssonar, þjálfara ÍBV, eftir leik Eyjamanna og HK í síðustu viku.

ÍBV kærði Guðmund upphaflega til aganefndar en aganefnd sá ekki ástæðu til að aðhafast í málinu. Formaður handknattleiksdeildar ÍBV, Hlynur Sigmarsson, segist ætla með málið alla leið fyrir ÍSÍ ef á þurfi að halda.

„Þessi niðurstaða kemur mér ekki á óvart. Ef eitthvert mál snertir HSÍ þá er því sópað undir teppið. Einhver starfsmaður HK sá ekkert athugavert við atvikið og það er eina vitnið sem aganefndin talar við en við höfðum bent á nokkur vitni okkar máli til stuðnings," sagði Hlynur sem er langt frá því að vera ánægður með þessi vinnubrögð sem og HSÍ.

„Við erum að kæra þetta núna til dómstóls HSÍ enda finnst okkur þessi niðurstaða vanvirðing. Dómarar og HSÍ eru að kenna okkur hvernig skuli haga sér á leikjum og svo ganga þeir fram með þessum hætti og það er í góðu lagi. Þess vegna ætlum við með þetta alla leið í íþróttadómstólakerfinu. Það á jafnt yfir alla að ganga. Annars er mjög áhugavert að það er alveg sama hvað við kærum, við vinnum aldrei. Ég veit ekki hvað ég hef kært mörg mál til HSÍ, ég hef aldrei unnið. Ekki eitt einasta mál. Þetta er hætt að vera fyndið. Ætla menn að segja mér að öll þessi mál hafi verið byggð á vondum og veikum grunni?" sagði Hlynur hundfúll.

Einar Jónsson, þjálfari ÍBV, fékk rautt spjald í leiknum sem um ræðir og hann furðar sig á því að hafa aðeins fengið einn leik í bann þar sem dómararnir hafi skrifað á skýrsluna að hann hafi haft í frammi grófa og óíþróttamannslega framkomu að því er hann segir.

„Ég held að ástæðan fyrir þessum væga dómi sé sú að fá mig til að hætta að tuða. Ég veit það samt ekki en mig grunar það. Ég spurði marga dómara út í málið og þeir sögðu allir að ég ætti að fá tvo leiki vegna þess sem var skrifað á skýrsluna," sagði Einar.

Það var ekki bara ÍBV sem kærði Guðmund heldur kærði hann Einar Jónsson á móti fyrir sína meintu hegðun. Aganefnd sá heldur ekki ástæðu til að aðhafast í því máli en athygli vekur að aganefnd taki kæru Guðmundar fyrir en hann var ekki starfsmaður á leiknum heldur áhorfandi.

Fréttablaðið hafði samband við Guðmund í gær en hann gat ekki tjáð sig um málið þar sem hann var upptekinn á fundi.

henry@frettabladid.is



**HASAR** Guðmundur Kr. Erlendsson, formaður dómaranefndar HSÍ, sést hér rífast við Alfreð Finnsson, þjálfara Gróttu, í bikarúrslitaleik kvenna um síðustu helgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HLYNUR SIGMARSSON** Hefur tapað öllum kærumálum sínum hjá HSÍ.



**195 STOÐSENDINGAR** Helena Sverrisdótt ir gaf 195 stosðendingar í 20 deildarleikjum Hauka í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helena Sverrisdóttir:

## Þreföld tvenna af bekknum

**KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir, fyrirliði Hauka, var með þrefalda tvennu í naumum 81-79 sigri liðsins í Keflavík en Helena kom inn af bekknum í leiknum.**

**Helena var með 17 stig, 14 fráköst og 13 stoðsendingar í leiknum en þetta er í þriðja sinn í deildinni sem hún nær þrefaldri tvennu. Aðeins tveir aðrir leikmenn náðu þrefaldri tvennu í deildinni í vetur, Margrét Kara Sturludóttir úr Keflavík og Anne Flesland leikmaður Hamars.** - óój

Brasilíumaður hjá Aalesund:

## Ennþá í jólafríi

**FÓTBOLTI** Brasilíumaðurinn Dedé Anderson er liðsfélagi Haraldar Guðmundssonar í norska úrvalsdeildarliðinu Aalesund og var markahæsti leikmaður liðsins á síðasta tímabili með 14 mörk.

Dedé fór heim til Brasilíu eftir tímabilið og átti að snúa til baka í janúar en enn hefur ekkert til hans spurst. Fyrst sagðist hann þurfa að vera hjá veikum föður sínum en nú eftir tveggja mánaða bið hefur félagið endanlega misst þolinmæðina.

Málið er á leiðinni til FIFA og félagið hefur stoppað launagreiðslur til kappans. Hann er þó hvergi laus sinna mála og félagið mun ekki hleypa honum til annars liðs. Aalesund tilkynnti það líka í gær að Dedé myndi ekki spila meira með a-liðinu og verður að dúsa í varaliðinu þar til samningur hans rennur út. - óój

Guðmundur Kr. Erlendsson, formaður dómaranefndar HSÍ, ekki vinsæll hjá þjálfurum:

# Vilja Guðmund úr stóli formanns dómaranefndar

**HANDBOLTI** Það hefur gustað um Guðmund Kr. Erlendsson, formann dómaranefndar HSÍ, síðustu daga en eins og lesa má hér að ofan hefur ÍBV ákveðið að kæra meinta hegðun hans til dómstóls HSÍ og er til í að fara með málið lengra verði niðurstaða þess dómstóls ekki sú sem ÍBV væntir.

Fréttablaðið hefur heyrt í fjölmörgum þjálfurum síðustu daga sem hafa gefið sig fram eftir að ÍBV kærði Guðmund og rætt við þá um samskipti sín við formanninn.

Enginn þeirra ber Guðmundi vel söguna og allir hafa svipaða sögu að segja um hegðun Guðmundar – að hann sé kjaftfor og hrokafullur líkt og Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið á dögunum. Þeir eru á einu máli um að nauðsynlegt sé að skipta Guðmundi út sem formanni dómaranefndar. Fréttablaðið hefur einnig rætt við fyrrum dómara sem eru á sama máli.

Þeir Kristinn Guðmundsson og Erlingur Richardsson, sem voru með ÍBV-liðið í fyrra, eru á meðal þeirra sem hafa tjáð Fréttablaðinu sögur af samskiptum sínum við Guðmund. Haddur Stefánsson, fyrrum þjálfari KA/Þórs, og Karl Erlingsson, aðstoðarmaður kvennaliðs Vals, hafa líka tjáð sig.

Þeir hafa borið vitni um óeðlileg afskipti Guðmundar af dómurum og þjálfurum eftir leiki þar sem hann hefur meðal annars verið viðstaddur skýrslugerð dómara þótt hann hafi eingöngu verið áhorfandi á viðkomandi leikjum. Hann hafi í sumum tilvikum lent í orðaskaki við þjálfara fyrir utan búningsklefa áður en hann hvarf inn í klefa með dómurum.

Eyjaþjálfararnir fyrrverandi vilja síðan meina að Guðmundur hafi gengið allt of langt í leik ÍR og ÍBV í fyrra er hann hrinti Erlingi harkalega á aðstoðarmann sinn.

Guðmundur sagðist vera upptekinn á fundi fram á kvöld þegar Fréttablaðið heyrði í honum um tvöleytið í gær. Hann gæti þar af leiðandi ekki tjáð sig. - hbg



**GUÐMUNDUR KRISTINN ERLENDSSON** Umdeildur formaður dómaranefndar sem margir þjálfarar vilja sjá stíga úr stóli formanns.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


FRUMSÝND 16. MARS
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
IN HELL
BÍÓMIÐI
SENDU SMS JA 300 Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA
SAMBÍÓIN
Coca-Cola zero
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Iceland Express deild karla*

| SNÆFELL-KEFLAVÍK | 84-67 |
|---|---|

**Stig Snæfells:** Hlynur Bæringsson 19, Jón Ólafur Jónsson 16, Justin Shouse 15, Magni Hafsteinsson 15, Sigurður Þorvaldsson 8, Martin Thuesen 7, Árni Ásgeirsson 2, Helg Reynir Guðmundsson 2.
**Stig Keflavíkur:** Sebastian Hermenier 14, Magnús Gunnarsson 12, Jón Nordal Hafsteinsson 11, Sverrir Þór Sverrisson 9, Tony Harris 9, Þröstur Jóhannsson 7, Halldór Halldórsson 3, Sigurður Þorsteinsson 2.

| KR-ÍR | 65-73 |
|---|---|

**Stig KR**: Jeremiah Sola 27, Tyson Patterson 11, Brynjar Björnsson 8, Fannar Ólafsson 8, Pálmi Freyr Sigurgerisson 6, Edmond Azemi 3, Darri Hilmarsson 2.
**Stig ÍR**: Steinar Arason 20, Nate Brown 17, Keith Vassell 16, Eiríkur Önundarson 7, Hreggviður Magnússon 6, Ómar Sævarsson 5, Fannar Freyr Helgason 2.

### *UEFA-bikarkeppnin*

**FJÓRÐUNGSÚRSLIT**

| SHAKTAR DONETSK-SEVILLA | 2-3 |
|---|---|

Eftir framlengingu. Sevilla komst áfram, 5-4 samanlagt.

| AZ ALKMAAR-NEWCASTLE | 2-0 |
|---|---|

1-0 Shota Arveladze, 2-0 Danny Koevemans (56.).
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ sem komst áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

### *Meistaradeild Evrópu*

| LOTTOMATICA ROMA-TAU CERAMICA | 72-77 |
|---|---|

Jón Arnór Stefánsson skoraði eitt stig fyrir Roma og lék í 22 mínútur.



**HETJAN** Danny Koevermans skoraði markið sem fleytti AZ Alkmaar áfram í keppninni. Hér er hann ásamt Titusi Bramble, leikmanni Newcastle. NORDIC PHOTOS/AFP

UEFA-bikarkeppnin:

# AZ sló Newcastle úr leik

**FÓTBOLTI** Grétar Rafn Steinsson og félagar í hollenska úrvalsdeildarliðinu AZ Alkmaar slógu út lið Newcastle í 16-liða úrslitum UEFA-bikarkeppninnar. Leikar fóru 2-0 og hafði því AZ betur með fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

Newcastle komst í 4-1 forystu strax í fyrri hálfleik liðanna í Englandi í fyrri viðureigninni. Leikmenn AZ gáfu hins vegar aldrei eftir og unnu á endanum dýrmætan sigur.

Grétar Rafn lék allan leikinn fyrir AZ Alkmaar. - esá



**STEBBI OG EYFI** Gerðu allt vitlaust í Hólminum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stemning í Hólminum:

# Stebbi og Eyfi tróðu upp

**KÖRFUBOLTI Það var gríðarleg stemning í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í gær og öll umgjörð heimamönnum til mikils sóma.**

**Það var fullt út úr dyrum nokkru fyrir leik og allir áhorfendur staðráðnir í að skemmta sér vel. Allt ætlaði síðan um koll að keyra þegar Stebbi og Eyfi tróðu upp rétt fyrir leik og að sjálfsögðu hljómaði Nína.** - hbg

Bikarmeistarar ÍR unnu óvæntan sigur á KR í Frostaskjólinu í fyrsta leik liðanna í úrslitakeppninni:

# Steinar og Keith Vassell kláruðu KR-inga

**KÖRFUBOLTI** Þrautsegja Breiðhyltina, reynsla Keiths Vassell og gríðarlega mikilvægar þriggja stiga körfur Steinars Arasonar tryggðu ÍR-ingum sigur á KR í fyrsta leik liðanna í fjórðungsúrslitum Iceland Express deildar karla.

Fyrri hálfleikur var hraður og skemmtilegur en mikil barátta einkenndi þann síðari. ÍR virtist baráttuglaðara á vellinum og náði á endanum sigri, 73-65.

KR byrjaði betur og komst í 5-1 forystu. ÍR-ingar léku þó vel og náðu fljótt að jafna leikinn og komast í forystu. Keith Vassell og Eiríkur Önundarson héldu um taumana og skoruðu góðar körfur.

Hægt og rólega sigu þó KR-ingar aftur fram úr og náðu fjögurra stiga forystu í lok fyrsta leikhluta, 19-15.

KR skoraði fyrstu körfu annars leikhluta en þá tók Steinar Arason til sinna mála og setti niður tvo þrista í röð og jafnaði þar með leikinn, 21-21.

Til að bæta gráu á svart fékk einn besti varnarmaður KR, Edmund Azemi, sína þriðju villu um miðjan annan leikhluta og var tekinn beint út af í kjölfarið. Hann kom lítið við sögu eftir það en tókst samt að næla sér í fimm villur.

Jeremiah Sola tókst að halda sínum mönnum á floti með frábærum sóknarleik og var því forysta ÍR í leikhléi aðeins eitt stig, 40-39.

Sama baráttan einkenndi leikinn í upphafi þriðja leikhluta en leikmönnum tókst illa að safna stigum. Það var ekki fyrr en vel var liðið á leikhlutann að Sola setti niður þriggja stiga körfu og kom KR yfir að hann kveikti í sínum mönnum. Önnur karfa fylgdi í kjölfarið og ÍR-ingar, sem höfðu staðnað eftir frábæran fyrri hálfleik, tóku leikhlé.

KR hélt áfram á sömu braut og komust í sjö stiga forystu, 53-46. Samtals skoruðu þeir tólf stig gegn engu hjá ÍR á þessum leikkafla.

ÍR skoraði aðeins tólf stig í þriðja leikhluta og samtals leiddi KR með fimm stigum fyrir lokasprettinn.

Keith Vassell hafði hægt um sig í þriðja leikhluta skoraði þó fyrstu körfu þess fjórða. Nate Brown skoraði svo mikilvæga þriggja stiga körfu er hann jafnaði leikinn í stöðunni 56-56. Steinar fylgdi svo eftir með sinni þriðja þristi í leiknum. Hann bætti við þeim fjórða og svo fimmta skömmu síðar og kom ÍR í sjö stiga forystu.

Sá munur reyndist einfaldlega of mikill fyrir heimamenn á þeim skamma tíma sem var til leiksloka. - esá



**BARÁTTA** Ómar Örn Sævarsson hefur hér betur í frákastsrimmu við KR-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Seiglusigur Snæfellinga

**Snæfell vann öruggan og sanngjarnan sigur á Keflavík í gær, 84-67. Snæfellingar réðu ferðinni nánast allan leikinn og hleyptu Keflavík aldrei of nærri sér.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar eru komnir með bakið upp við vegg eftir tap gegn Snæfelli í Stykkishólmi í gær. Heimamenn sýndi mikla seiglu og andlegan styrk með því að tapa aldrei hausnum og á seiglunni sigldu þeir til sigurs fyrir fullu húsi Hólmara þar sem ekki sást einn einasti Keflvíkingur.

Það voru gestirnir frá Keflavík sem mættu mun grimmari til leiks, spiluðu hörkuvörn og ákveðna sókn. Þeir voru fljótir að byggja upp gott forskot og leiddu með með sjö stigum, 4-11. Heimamenn voru fljótir að hrista af sér sviðsskrekkinn fyrir framan fullt hús áhorfenda og söxuðu smám saman á forskotið og gerðu gott betur með því að leiða eftir fyrsta leikhluta, 19-17.

Annar leikhluti var meira og minna eign heimamanna. Þeir bætti sífellt við forskot sitt og á sama hélt áfram að síga á ógæfuhliðina hjá Keflvíkingum. Þeir misstu Hermenier og Gunnar Einarsson fljótlega af velli vegna villuvandræða og Magnús Gunnarsson var einnig kominn í villuvandræði undir lok hálfleiksins.

Þess utan hittu Keflvíkingar ákaflega illa úr skotum sínum. Þeir náðu þó að rétta út kútnum undir lok hálfleiksins og munurinn aðeins sjö stig í leikhléi, 43-36.

Þriðji leikhluti var lítt spennandi því Snæfell yfirspilaði gestina sem urðu verulega pirraðir fyrir vikið og gerðu lítið annað en að safna villum sem og tæknivillum. Mestur varð munurinn sextán stig, 58-42, í leikhlutanum en munurinn var fjórtán stig eftir þriðja leikhlutann, 61-47.

Keflvíkingar fengu flugstart í þriðja leikhlutanum er Magnús Gunnarsson hitti úr þrem þriggja stiga skotum í röð og kveikti smá vonarneista hjá gestunum. Snæfellingar létu Magnús ekki slá sig út af laginu, heldur réttu strax út kútnum og eftir það var leiðin greið. Keflavík náði aldrei að ógna þeim af viti og Snæfell innbyrti öruggan og sanngjarnan sigur, 84-67.

„Það er mikill vilji í mannskapnum núna. Við höfum margir hverjir verið nálægt því að fara alla leið og því vantar ekki viljann núna,“ sagði Hlynur Bæringsson í léttu spjalli í áhaldageymslunni en hann átti frábæran leik. „Mér fannst við líka sterkir andlega og var aðallega ánægður með það.“

Hlynur segir það vera skrítna tilfinningu að mæta Keflavík í átta liða úrslitum eftir að hafa barist við þá áður í úrslitum. „Ef róðurinn á að þyngjast eftir þetta þá veit ég ekki hvað bíður okkar,“ sagði Hlynur sem kvíður ekki næsta leik. „Við höfum oft tapað í Keflavík og hluti af því er sú staðreynd að þeir voru betri en við en við erum betri núna.“

Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, var þokkalega sáttur við sína menn í leikslok en sagði að leikstjórnanda hefði vantað hjá þeim. Hann var einnig hundfúll með að Keflvíkingar létu ekki sjá sig á leiknum.

„Það er sorglegt að koma í stemninguna hingað og uppgötva það að fólkið í Keflavík sé að snúa baki við strákunum sem hafa staðið sig eins og hetjur síðustu ár. Um leið og það gefur aðeins á bátinn hverfur fólkið. Ég er gríðarlega sár og svekktur yfir þessu. Ég hef sjaldan eða aldrei orðið eins hissa á ævinni. Við munum samt mæta klárir í næsta leik og vonandi koma einhverjir til að styðja okkur,“ sagði Sigurður sársvekktur.

**henry@frettabladid.is**



**HLYNUR BÆRINGSSON** Tekur frákast frá Jóni Nordal Hafsteinssyni og Sebastian Hermanier í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**STEINAR** Kom með mikilvægustu körfur leiksins á hárréttum tíma fyrir ÍR-inga. Hér berst hann við Brynjar Þór Björnsson um frákast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Steinar Arason, hetja ÍR:

# Með sjálfstraustið í botni

**KÖRFUBOLTI „Þetta var frábær sigur og við áttum þetta fyllilega skilið. Við komum hingað kokhraustir, rétt töpuðum hér í síðasta deildarleik, erum búnir að vera á miklu skriði eftir áramót. Við unnum bikarinn og okkur langar í annan bikar,” sagði Steinar Arason, fyrirliði ÍR sem setti niður fimm af sjö þriggja stiga skotum og var með 20 stig á 23 mínútum. „Ég var með sjálfstraustið í botni og maður verður að nýta sér þegar maður fær opin skot. Þetta er það sem ég geri í ÍR-liðinu, ef ég hitti þá spila ég ef ég hitti ekki þá fer ég á bekkinn,“ sagði Steinar.**

**Steinar hafði hægt um sig í deildarleikjum liðanna í vetur og í þeim skoraði hann einungis þrjú stig, eða eina þriggja stiga körfu. Hann skoraði hins vegar fimm í gær, þar af þrjár í lokaleikhlutanum.** - óój

Eiður Smári í viðtali í spænska ríkissjónvarpinu:

# Gagnrýnir félaga sína harðlega

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen, sem hafði gagnrýnt félaga sína í Barcelona eftir leikinn gegn Liverpool fyrir að leggja ekki nógu hart að sér og fyrir lélegan liðsanda, dró ekkert úr þeirri gagnrýni sinni í viðtali við spænska ríkissjónvarpið sem sýnt var í gær. „Ég er aðeins að tala um það hvernig menn standa sig innan vallar,“ sagði hann en mörgum þótti þessi gagnrýni benda til þess að lítill vinskapur væri meðal leikmanna.

Victor Valdés markvörður, Deco og fleiri leikmenn hafa svo gagnrýnt Eið Smára fyrir að láta þessa skoðun sína í ljós í fjölmiðlum. „Þessa hluti á að ræða í herbúðum liðsins en ekki í fjölmiðlum,“ sagði Deco.

Eiður Smári talaði spænsku í viðtalinu og vakti það athygli hversu fær hann er orðinn eftir svo stuttan tíma. „Ég er ekki með neinn kennara,“ svaraði hann. „Ég bara hlusta og tek vel eftir.“

- jse



**Á ÆFINGU** Eiður Smári og Juliano Belletti á æfingu Barcelona í síðustu viku, skömmu eftir að Eiður lét umrædd ummæli falla. NORDIC PHOTOS/AFP





WWW.ICELANDAIR.IS
LÉTT BYLGJAN 967 - RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!
ICELANDAIR HOTELS
midi.is
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
National Car Rental
Coca-Cola light

Rakel Dögg Bragadóttir og Stjörnustúlkur eru á eftir fyrsta sigrinum á Val í vetur:

# Tekst Stjörnunni loksins að leggja Val að velli?

**HANDBOLTI** Stjörnustúlkur geta stigið stórt skref í átt að fyrsta Íslandsmeistaratitli sínum í átta ár þegar þær sækja Valsstúlkur heim í Laugardalshöllina í DHL-deild kvenna í kvöld en með sigri getur liðið náð fjögurra stiga forskoti á toppnum auk þess að eiga leik inni. Til að svo geti farið þarf Stjörnuliðið að gera eitthvað sem hefur ekki tekist í vetur – að vinna Val.

„Við erum búnar að tapa báðum leikjunum og ég veit eiginlega ekki af hverju. Við spiluðum illa á móti þeim og þær voru virkilega vel stemmdar og spiluðu vel í báðum þessum leikjum á móti okkur,“ segir Rakel Dögg Bragadóttir sem er markahæsti leikmaður Stjörnunnar í vetur. „Vandamálið hjá okkur á móti Val er búið að vera okkar sóknarleikur. Við þurfum að hugsa um okkar sóknarleik,“ segir Rakel en Stjarnan sem hefur skorað 31,6 mörk að meðaltali í deildinni í vetur hefur aðeins skorað 36 mörk samtals í leikjunum á móti Val. „Mér finnst Valsliðið rosalega sterkt þótt þær hafi verið að klúðra málunum sínum í undanförnum leikjum,“ segir Rakel en Valsliðið tapaði meðal annars mjög óvænt á móti Fram á dögunum og verður að vinna Stjörnuna ætli liðið sér titilinn.

Rakel segist alveg sjá í gegn um sálfræðibragð Ágústar Jóhannssonar þjálfara um að Valsliðið sé bara sátt með 2. sætið. „Þær eru að setja pressuna á okkur og fría sjálfar sig um leið undan ábyrgð. Það er krafa hjá okkur að klára þennan leik á móti Val sem og þá tvo næstu sem eru á móti Gróttu og Haukum. Næstu tíu dagar eru aðaldagarnir fyrir okkur,“ segir Rakel. „Ef við klárum þessa leiki lítur þetta óskaplega vel út fyrir okkur en það þarf ekki mikið að fara úrskeiðis til þess að Valur sé komið upp að hliðinni á okkur. Við þurfum að halda einbeitingunni,“ segir Rakel og hún veit að Garðbæingar vilja fá titilinn heim.

„Það er verið að krefjast titils alls staðar í Garðabænum núna,“ segir Rakel sem hefur skorað 7,1 mark að meðaltali í leik í vetur en „aðeins“ 7 mörk samtals í leikjunum tveimur á móti Val. „Ég var ekki sátt með minn leik síðast á móti Val og vil bæta úr því eins og við allar í liðinu. Við erum með rosalega góða breidd og ef við náum að nýta hana rétt þá er erfitt fyrir lið að mæta okkur,“ segir Rakel að lokum. **- óój**



**YFIR SJÖ MÖRK Í LEIK** Rakel Dögg Bragadóttir hjá toppliði Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vanir að spila toppleiki

**Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Gummersbach taka á móti Kiel í toppslag þýska boltans í kvöld. Uppselt er í Kölnarena þar sem 19.400 manns sjá leikinn.**

**HANDBOLTI** Í kvöld er stórleikur í Kölnarena er Gummersbach tekur á móti meisturum Kiel í þýsku úrvalsdeildinni. Þrír landsliðsmenn eru í lykilhlutverkum hjá Gummersbach sem og að landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason stýrir liðinu.

„Það eru tvö stig í boði eins og venjulega,“ sagði Guðjón Valur við Fréttablaðið í gær af sinni alkunnu yfirvegun. „En ef við vinnum getum við jafnað toppliðið. Við höfum spilað marga toppleiki upp á síðkastið og menn ættu því að vera orðnir vanir þeim aðstæðum,“ sagði hann.

Kiel er í efsta sæti deildarinnar með 40 stig en Hamburg og Gummersbach koma næst með 38 stig. Hamburg er með hagstæðari markatölu. Kiel hefur lengi verið topplið í þýska boltanum og unnið deildina í níu skipti síðustu þrettán tímabil. Gummersbach varð síðast Þýskalandsmeistari árið 1991.

Mikið hefur mætt á handboltaköppum undanfarið eftir mikla keyrslu á HM. Þýska deildin hófst svo aðeins viku síðar og hafa Evrópukeppnirnar einnig verið í fullum gangi. Guðjón Valur segist þó vera í góðu ásigkomulagi þótt hann hafi spilað nánast hverja einustu mínútu sem hægt var á HM.

„Ætli andlega áreitið hafi ekki verið meira en það líkamlega. Ég átti fyrst og fremst erfitt með að sætta mig við niðurstöðuna. Ég hef svo sem ekki verið fullkomlega sáttur við alla mína leiki með Gummersbach síðan HM lauk en líkamlega líður mér mjög vel,“ sagði hann.

„Við munum koma vel úthvíldir til leiks á morgun enda spiluðum við síðast á laugardaginn. Alfreð hefur því haft góðan tíma til að undirbúa okkur fyrir þennan leik.“

Gummersbach datt úr leik í fjórðungsúrslitum Meistaradeildarinnar fyrir spænska liðinu Valladolid. Guðjón Valur segir að það hafi verið gríðarlega svekkjandi.

„Við vorum og erum enn afar svekktir með þá niðurstöðu. Við vorum með þetta í höndunum en Valladolid spilaði frábærlega og átti skilað að vinna. Nú gildir það að tryggja okkur inn í Meistaradeildina næsta tímabil.“

Efstu þrjú liðin í deildinni tryggja sér þátttökurétt í deildinni næsta tímabil en ef þýskt lið vinnur keppnina í vor komast efstu fjögur liðin áfram.

Guðjón Valur segir að mikið sé eftir af tímabilinu og ekkert sé í höfn þó að liðið vinni Kiel í kvöld. „Það er þó rétt að möguleikar á titlinum minnka mikið ef við töpum í kvöld en við erum fyrst og fremst að einbeita okkur að Meistaradeildarsæti. Allt liðið hefur verið að spila vel að undanförnu og það ætti einnig að koma okkur til góða að við erum eina liðið af efstu fimm í deildinni sem eru ekki lengur með í Evrópukeppnunum.“

Leikurinn hefst klukkan 18.30 í kvöld og er í beinni útsendingu á Sýn. eirikur@frettabladid.is



**GUÐJÓN VALUR** Fer hér fram hjá Kim Andersson, leikmanni Kiel, í fyrri viðureign liðanna í haust. NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**HEIMIR GUÐJÓNSSON** Aðstoðarþjálfari FH tekur hér á móti Atlantic-bikarnum á sínum tíma.

Leik FH og HB frestað:

## Leitað að nýjum leikdegi

**FÓTBOLTI** Leik FH og HB frá Færeyjum hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Um er að ræða árlegan leik Íslands- og Færeyjameistaranna í knattspyrnu sem hefur farið fram undanfarin fimm ár undir heitinu Atlantic Cup. Nú mun keppnin framvegis heita NATA Cup þar sem nýtt fyrirkomulag er á fjármögnun keppninnar.

„Það er búið að fresta leiknum og knattspyrnusamböndin eru nú að reyna að finna leikdag sem gæti gengið upp fyrir báða aðila,“ sagði Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, við Fréttablaðið í gær. Vestnorrænn samstarfssamningur hefur fjármagnað keppnina undanfarin ár en sá samningstími er nú liðinn. „Við vissum ekki af þessu fyrr en allt of seint. Nú hefur annar samstarfssamningur, NATA, tekið að sér að fjármagna keppnina. Það er því ljóst að ef svo fer að leikurinn fari ekki fram í vor verður þráðurinn tekinn upp að nýju á næsta ári.“ **- esá**





**STÓÐU SIG VEL** Skallagrímsmenn voru spútniklið úrslitakeppninnar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úrslitakeppni Iceland Express:

## Aldrei farið í oddaleik

**KÖRFUBOLTI Einvígi Njarðvíkur og Hamars/Selfoss annars vegar og Skallagríms og Grindavíkur hins vegar hefjast í kvöld klukkan 19.15 í Njarðvík og Borgarnesi.**

**Njarðvík sló Hamar 2-0 út úr 8 liða úrslitunum í eina skiptið sem liðin hafa mæst en Skallagrímur og Grindavík eru hins vegar að mætast í fjórða sinn þar af annað árið í röð.**

**Það vekur athygli að í öll þrjú skiptin hefur liðið með heimavallarréttinn unnið einvígið 2-0. Grindavík vann einvígi liðanna 1996 og 1997 og fór síðan alla leið í lokaúrslitin. Skallagrímur vann síðan einvígi liðanna í fyrra 2-0 og fór þá líka alla leið í lokaúrslitin á móti Njarðvík.** **- óój**



**KOMINN Í ÚRSLIT** Nýkrýndur Íslandsmeistari í borðtennis, Guðmundur Stephensen. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sænska borðtennisdeildin:

## Guðmundur og félagar í úrslit

**BORÐTENNIS Guðmundur E. Stephensen, Íslandsmeistari í borðtennis, er kominn í úrslit um sænska meistaratitilinn ásamt félögum sínum í sænska liðinu Eslövs.**

**Eslövs vann 5-1 stórsigur á Lyckeby BTK í seinni leik liðsins í undanúrslitum en fyrri viðureignina vann liðið 5-2. Guðmundur vann tvo af þremur leikjum sínum í einvíginu þar af öruggan 3-1 sigur á Henrik Rosvall í seinni leiknum. Guðmundur og félagar mæta BTK Rekord í úrslitunum sem hefjast 6. apríl næstkomandi.** **- óój**



**FRÁBÆR** Amare Stoudemire átti stórleik með Phoenix gegn Dallas. NORDIC PHOTOS/GETTY

Phoenix og Dallas mættust:

## Tvíframlengt í toppslagnum

**KÖRFUBOLTI** Phoenix Suns vann 129-127 sigur á Dallas í tvíframlengdum leik í uppgjöri tveggja bestu NBA-liðanna í fyrrakvöld. Þetta var annað tap Dallas í röð eftir að liðið vann 17 leiki í röð.

Leikurinn boðar gott fyrir úrslitakeppnina en hann var uppfullur af miklum sveiflum og mikilli dramatík. Amare Stoudemire hjá Phoenic stal senunni í lok leiksins en hann endaði leikinn með 41 stigi og 10 fráköst. Steve Nash bætti við 32 stigum og 16 stoðsendingum fyrir Phoenix og tryggði meðal annars fyrri framlenginguna með því að skora 10 stig á lokamínútu leiksins.

Hjá Dallas var Jerry Stackhouse með 33 stig og Dirk Nowitzki bætti við 30 stigum, 16 fráköstum og 6 stoðsendingum. Jason Terry tryggði Dallas seinni framlenginguna með þriggja stiga körfu en tvær troðslur og alls 6 stig frá Stoudemire gerðu úti um seinni framlenginguna. **- óój**

Badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir er komin á Ólympíustyrk hjá SPRON:

# Bjartsýn á að komast til Peking

**BADMINTON** SPRON hefur ákveðið að styðja vel við bakið á Rögnu Ingólfsdóttur sem er að fara að gera lokaatlöguna við að komast inn á Ólympíuleikana í Peking 2008. Samningurinn er til tveggja ára og á sams konar nótum og sá sem SPRON hefur gert við stangarstökkvarann Þóreyju Eddu Elísdóttur.

„Ég vil fara á mótin í Asíu sem er mjög dýrt að fara á. Það skiptir því miklu máli að fá svona styrk. Þessi mót gefa miklu fleiri stig en mótin í Evrópu. Ég hef líka alltaf farið til Asíu þannig að ég þarf að prófa það núna í sumar. Ég þarf að sjá hvernig þetta er því Ólympíuleikarnir eru í Peking,“ sagði Ragna eftir að hún hafði skrifað undir samninginn í gær. Markmiðið með honum er að auðvelda Rögnu undirbúning og þátttöku í æfinga- og keppnisferðum.

„Þessi styrkur skiptir mjög miklu máli fyrir mig og ég sé ekki fram á að ég hefði getað gert það sem ég vil gera til að komast á Ólympíuleikana nema af því að ég fékk þennan styrk. Ég trúi þessu fyrst núna þegar ég er búin að skrifa undir,“ segir Ragna kát og hún er staðráðin í að komast til Peking.

„Ég stefndi á að komast á Ólympíuleikana fyrir fjórum árum þannig að nú er ég reynslunni ríkari. Ég trúi því innilega að ég komist á leikana í Peking og efast ekki um það,“ segir Ragna full sjálfstrausts og það er ljóst að frábær frammistaða hennar síðustu mánuði gefur henni ástæðu til bjartsýni.

„Hún er að reyna að vinna sig upp heimslistann og komast í góða stöðu fyrir 1. maí. Hún er í 50. sæti á heimslistanum og við erum að vonast til þess að hún komist niður í 40. sæti fyrir 1. maí. Það er geysilega sterkt að vera komin svona hátt,“ sagði Árni Þór Hallgrímsson, landsliðsþjálfari Íslands í badminton, og bætir við.

„Ég fór á fyrstu badmintonleikana í Barcelona 1992 og það var alveg meiri háttar gaman. Vonandi tekst henni að komast til Peking því hún á mjög góða möguleika. Leikarnir eru á fjögurra ára fresti og þátttökulágmörkin eru gríðarlega ströng og erfið þannig að það verður einstakt afrek hjá henni nái hún þessu.“ **- óój**





**SAMNINGURINN Í HÖFN** Ragna Ingólfsdóttir og Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri undirita samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BT
CASINO ROYALE
Ég heiti mús... BT mús.
2-DISC COLLECTOR'S EDITION
CASINO ROYALE
DVD
2.299
FYLGIR
Um leið of James Bond fær leyfi til að drepa fer hann á eftir Le Chiffre og kemur í veg fyrir hryðjuverk sem hefið skilað Chiffre vænar fúlgur af fé. Það er þó bara byrjunin. Daniel Craig hinn nýji Bond þykir fara á kostum og erlíkt við gamlabrúnið Sean Connery og af mörgum talin betri jafnvel. Einn besti Bondari allra tíma. Á því er engin vafi.

## > ASHTON KUTCHER

Ashton fæddist í Iowa árið 1978. Hann á tvíburabróður sem er hjartveikur og 18 ára gamall fór Ashton í lífefnaverkfræði til að finna lækningu fyrir bróður sinn. Með námi vann hann við að sópa gólf í General Mills-verksmiðju og gaf blóð gegn greiðslu. Á þeim tíma tók Ashton þótt í fyrirsætukeppni sem hann vann. Vegna fjölda fyrirsætutilboða flutist hann til New York og síðar til Los Angeles til að freista gæfunnar sem leikari. Ashton varð frægur fyrir leik sinn í þáttunum That 70's Show en í dag framleiðir hann og leikur í þáttunum Punk'd sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.35



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER FASTUR Í TÍMASKEKKJU

# *Nóg komið af jólum í sjónvarpi*

Sjónvarp er oft ágætis mælikvarði hvaða tími er hverju sinni. Á sumrin fer til dæmis lítið fyrir enskri knattspyrnu enda eru tjallarnir þá í sumarfríi. Enn minna fer fyrir góðu dagskrárefni yfir þá árstíð því mörgum þykir að sjónvarpið eigi helst að fara niður í geymslu á meðan þessir örfáu sólargeislar ylja landsmönnum. Ef mikið er um fréttir af karpi og rifrildi alþingismanna geta glöggir einstaklingar getið sér til um að vorið sé á næsta leiti og að það styttist í þinglok eða kosningar. Eflaust mætti telja upp endalaus atriði sem hjálpa sjónvarpssjúklingum að átta sig á tíðarfarinu með hliðsjón af dagskrárefninu.

En stundum getur þessi „góða“ tækni svikið áhorfendur heima í stofu og fengið þá til að svitna á efri vörinni. Látið þá missa taktinn og fyllt þá skelfingu. Til dæmis hélt starfsfólk lögfræðiskrifstofunnar í Boston Legal jólasamkvæmi á sunnudaginn, hljómsveit hússins hélt uppi stuðinu með rokkuðum útgáfum af Snæfinni snjókarli og Rúdólfi með rauða trýnið. Og fólk óskaði hvað öðru gleðilegra jóla eins og hefðin segir til um. Þrátt fyrir að heimilisfólkið hafi verið gripið einhverju óðagoti og leitað logandi ljósi að dagatali til að fullvissa sig um að enn væri langt til hátíðar ljóss og friðar var það ekki helsti höfuðverkurinn. Fjölskyldufaðirinn er nefnilega sjúkur af furðulegri veiki sem einkennist af söngli í tíma og ótíma. Kann reyndar enga texta en skáldar þá í staðinn bara eitthvert bull. Og það var ekki til að bæta ástandið að vegna jólahalds Alan Shore og félaga beit hann í sig þá firru að allir á heimilinu hefðu gaman af jólasöngvum um miðjan mars. Með röngum texta.



Þetta olli að sjálfsögðu mikilli spennu í Vesturbænum enda taldi barnið sig eiga von á gjöf í skóinn frá jólasveininum síðar um nóttina.

En sem betur fer tókst vitrum manni að leiða barninu það fyrir sjónir að styttra væri í sumarið heldur en komu bræðranna þrettán.

**JÓLAHALD Í SJÓNVARPI** Um miðjan mars á ekkert að vera í sjónvarpinu sem minnir þjóðina á háa VISA-reikninga og fæðingardag Jesú Krists.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.15** **Gettu Betur** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** **X-Factor** STÖÐ 2



▶ **22.00** **Kill Bill** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30** **Fashion Television** SIRKUS



▶ **22.30** **Everybody loves Raymond** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Snillingarnir** (26:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (18:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Gettu betur**
Að þessu sinni eigast við lið Menntaskólans á Egilsstöðum og Menntaskólans við Hamrahlíð.
**21.20 Honey**
Bandarísk bíómynd frá 2003. Danshöfundurinn Honey tekur til sinna ráða þegar velgjörðarmaður hennar setur henni þá afarkosti að annaðhvort sofi hún hjá honum eða fái hvergi vinnu framar. Meðal leikenda eru Jessica Alba, David Moscow og Zachary Williams.
**22.55 Hengiflug**
(Vertical Limit) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.55 Fuglabúrið**
(The Birdcage) Bandarísk gamanmynd frá 1996 um hommapar sem villir á sér heimildir svo að sonur þeirra geti kynnt foreldra kærustu sinnar fyrir þeim. Leikstjóri er Mike Nichols og meðal leikenda eru Robin Williams, Gene Hackman, Nathan Lane, Dianne Wiest og Calista Flockhart. e.
**02.50 Formúla 1 - Tímataka**
Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Ástralíu.
**04.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:05 Abandon**
**08:00 Shall We Dance?**
**10:00 Scooby Doo 2**
**12:00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy**
**14:00 Shall We Dance?**
**16:00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed**
**18:00 Anchorman : The Legend of Ron**
**20:00 Abandon** Dularfull spennumynd.
▶**22:00 Kill Bill**
**00:00 Club Dread (Broken Lizard's Club Dread)**
**02:00 Innocents**
**04:00 Kill Bill**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína**
**13.55 Valentína**
**14.40 The Apprentice**
**15.25 Joey - NÝTT**
**15.50 Titeuf**
**16.13 Kringlukast**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Litlu Tommi og Jenni**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons (e)**
**20.05 The Simpsons - NÝTT**
▶**20.30 X-Factor**
Úrslitakeppnin í X-Factor heldur áfram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind. Hver verður næsta poppstjarna Íslands? Hver er með x-faktorinn? Nú fer að styttast í úrslitastundina og í kvöld eru fimm keppendur eftir og eru þeir farnir að finna fyrir pressunni.
**21.45 Punk´d**
**22.10 X-Factor - úrslit símakosninga**
**22.35 Missing**
Átakanleg bandarísk kvikmynd sem tilnefnd var til 4 Óskarsverðlauna. Aðalhlutverk: Jack Lemmon, Sissy Spacek, Melanie Mayron. Leikstjóri: Constantin Costa-Gavras.
**00.35 Ladder 49**
**02.25 Familjehemligheter**
**04.05 Afterlife**
**04.50 The Simpsons - NÝTT**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.30 Fashion Television** (e)
**20.00 Entertainment Tonight**
Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**20.30 Sirkus Rvk**
**21.00 Dr. Vegas**
**21.45 South Park** (e)
9.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
**22.15 Britney and Kevin: Chaotic**
**22.50 Insider**
Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
**23.15 Chappelle´s Show** (e)
**23.45 Tuesday Night Book Club - NÝT** (e)
**00.35 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**13.15 European Open Poker** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Skólahreysti** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Still Standing** (e)
**20.00 Fyndnasti Maður Íslands 2007**
(2:5) Íslenskir grínistar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Haldnar verða fjórar undankeppnir og þeir bestu komast áfram í úrslitin, sem fara fram í byrjun apríl. Kynnar keppninnar eru Radíusbræður, grínistarnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon.
**21.00 World's Most Amazing Videos**
Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu.
**22.00 The Silvia Night Show** (6:8)
Silvía Nótt er mætt aftur á SkjáEinn með nýjan raunveruleikaþátt, The Silvía Night Show, þar sem áhorfendur fá að fylgjast með lífi þessarar stórstjörnu í gegnum súrt og sætt.
▶**22.30 Everybody Loves Raymond**
**22.55 European Open Poker** (4:16)
**00.25 Beverly Hills 90210** (e)
**01.10 Melrose Place** (e)
**01.55 House** (e)
**02.55 Vörutorg**
**03.55 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

## SKJÁR SPORT

**07.00 Liðið mitt** (e)
**18.00 Upphitun**
**18.30 Liðið mitt** (e)
**19.30 Aston Villa - Arsenal** (frá 13. mars)
**21.30 Upphitun** (e)
**22.00 Man. City - Chelsea** (frá 13. mars)
**00.00 Upphitun**
**00.30 Dagskrárlok**


X-FACTOR
Í beinni í kvöld kl. 20:30


HARA-I WHISH I WAS A PUNK ROCKER
900-9003/SMS X 3 NÚMERIÐ 1918


GÍS-LADY MARMELADE
900-9005/SMS X 5 NÚMERIÐ 1918


GUÐBJÖRG-BRIDGE OVER TROUBLED WATER
900-9002/SMS X 2 NÚMERIÐ 1918


INGA-THE ROSE
900-9004/SMS X 4 NÚMERIÐ 1918


JOGVAN-I DON´T WANNA BE
900-9001/SMS X 1 NÚMERIÐ 1918

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### X-Factor



Áttunda úrslitakvöldið í X-Factor fer fram í beinni útsendingu frá Vetrargarðinum í Smáralind í kvöld. Fimm atriði eru eftir - Gís, Hara, Jógvan, Inga og Guðbjörg - og nú fara línur að skýrast. Eftir að hafa þurft að horfa á eftir Gylfa þá stendur Ellý eftir með aðeins eitt atriði á sínum snærum; yngsta keppandann, hina 16 ára gömlu Guðbjörgu. Hún virðist líka standa mjög traustum fótum í keppninni, í það minnsta ef litið er til þess að hún hefur aldrei hafnaði í öðru af tveimur neðstu sætunum í símakosningunni. Sömu sögu er að segja af báðum keppendum Einars, þeim Ingu og Jógvan, en hvorugt þeirra hefur lent í því að eiga á hættu að falla úr keppni. Hins vegar hafa bæði atriði Palla verið nálægt því að falla úr keppni. Dúettinn Gís hefur þrisvar sinnum hafnað í öðru af tveimur neðstu sætunum, nú síðast í síðasta þætti, þegar Einar Bárðarson ákvað að bjarga þeim í annað skipti. Og dúettinn Hara hefur einu sinni lent í hættusvæðinu.

### ▶Við mælum með VERTICAL LIMIT Sjónvarpið kl. 22.55

Hengiflug er bandarísk bíómynd frá árinu 2000. Í myndinni segir frá ungum klifurgarpi, Peter Garrett, sem reynir að bjarga systur sinni af tindinum K2, næsthæsta fjalli heims. Systir hans og félagar hennar eru í sjálfheldu svo hátt uppi í fjallinu að útilokað er að þau þrauki lengi þar. Peter þarf að takast á við sínar eigin takmarkanir og óblíð náttúruöflin og hætta lífi sínu í æsispennandi kapphlaupi við tímann. Leikstjóri er Martin Campell og meðal leikenda eru Chris O'Donnell, Robin Tunney, Scott Glenn og Izabella Scorupco.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.50** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir

**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.05** Sögumenn: Óður til Stínu Magg
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16.00 Iceland Expressdeildin 2007** (KR - ÍR)
**17.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**17.55 Gillette World Sport 2007**
**18.25 Þýski handboltinn** (Gummersbach - THW Kiel) Bein útsending frá þýska handboltanum þar sem Alfreð Gíslason og lærisveinar hans fá stórlið Kiel í heimsókn.
**20.00 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report)
**20.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.00 Pro bull riding** (Phoenix, AZ - Phoenix Open) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferð sem náð hafa mikilli færni í að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.
**22.00 World Supercross GP 2006-2007** (Reliant Astrodome)
**23.00 Football and Poker Legends**
**00.40 NBA deildin** (Milwaukee - San Antonio)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Gnotterne **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** Eksperiment Mobning - når de voksne slås **8.30** Børneblæksprutten **8.45** Ungdomsprogram **9.00** Viften **9.30** På jobjagt **10.00** Inuit Eksperimentet - i sundhedens tjeneste **10.30** Dig og mig **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Grøn glæde **12.00** Rabatten **12.25** Aftenshowet **13.20** Herlufsholm **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Flemmings Helte **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** SvampeBob **16.00** Åreflip **16.30** Hunni*show **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Hiv stikket ud med Master Fatman **20.00** TV Avisen **20.30** What Women Want **22.30** Devil's Pond **0.00** Den 11. time

### NRK 1

**8.30** Klasse 9a **9.00** Siste nytt **9.05** Forbrukerinspekt¢rene **9.30** Newton **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** Anne fra Bjørkely **15.00** Siste nytt **15.03** VG-lista Topp 20 **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** VG-lista Topp 20 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Franklin **17.15** Mekke-Mikkel **17.25** Pingvinen Jasper **17.30** Lure Lucy **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Først & sist **21.15** Politiagentene **22.00** Kveldsnytt **22.15** Seks fot under **23.05** Gåte fra Rockefeller

### SVT 1

**8.30** Samtal med **8.45** Great thinkers of our time **9.15** Extra **9.40** Born Wild **9.45** Vet hut! **10.15** Garage guld **10.45** UR-val **11.00** Rapport **11.25** Alpint: Världscupen i Lenzerheide **13.30** Mitt i naturen **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Wild Kids **17.00** Höjdarna **17.30** Tillbaka till Vintergatan **18.00** Amigo **18.30** Rapport **19.00** Så ska det låta **20.00** Masjävlar **21.35** Bruce Springsteen: The Seeger Session **22.30** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.50** Stockholm live **23.20** Rösten från andra sidan **1.10** Sändningar från SVT24




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég er alveg æðislega tunglsjúkur maður, má ekki sjá fullt tungl, því þá verð ég hálfvitlaus.“*

Ásgeir Sæmundsson tónlistarmaður í Pressunni 1989.

„Ég er ekki frá því að tunglið hreyfi eitthvað við manni, en þessi tunglsýki hefur nú heldur rjátlast af mér. Þetta var svona í kringum plötuútgáfu og textagerð,“ segir Ásgeir nú.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | | |

**LÁRÉTT 2** tilfinninganæmur **6** í röð **8** vafi **9** skordýr **11** ryk **12** hálfapi frá Madagaskar **14** pilla **16** tveir eins **17** ögn **18** for **20** golfáhald **21** velta.

**LÓÐRÉTT 1** skák **3** tveir eins **4** yfirsýn **5** pili **7** áritun **10** hljóma **13** upphrópun **15** heimsálfu **16** fljótfærni **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** meyr, **6** aá, **8** efi, **9** fló, **11** im, **12** lemúr, **14** tafla, **16** rr, **17** fis, **18** aur, **20** tí, **21** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1** tafl, **3** ee, **4** yfirlit, **5** rim, **7** áletrun, **10** óma, **13** úff, **15** asíu, **16** ras, **19** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 421
2. Óttarr Proppé og Birgitta Haukdal
3. Amiina

LAUGARDAG
Frá París - Dj Emmanuel S
SUNNUDAG
Candice Ivory
Söngdíva frá Bandaríkjunum
MÁNUDAG
Candice Ivory
Söngdíva frá Bandaríkjunum
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

# Ómaklega vegið að veitingastöðum

Matreiðslumaðurinn Siggi Hall er afar ósáttur við þá umræðu að veitingastaðir hér á landi hafi ekki lækkað verð sitt nóg eftir að virðisaukaskattur var lækkaður á dögunum.

Hann telur jafnframt að sá verðsamanburður sem hafi verið gerður á veitingastöðum hérlendis og erlendis sé engan veginn við hæfi, auk þess sem ekki sé hægt að setja alla matsölustaði hér undir sama hatt. „Veitingastaðir hafa átt undir högga að sækja. Mikið af tekjum þeirra fer í ríkiskassann og mér finnst ómaklega að þeim vegið af forráðamönnum þjóðarinnar,“ segir Siggi Hall.

Meðal annars tekur hann fram að álagning á vín sé fram úr öllu hófi og miklu meiri en gengur og gerist erlendis. „Það er ekki heldur hægt að taka skyndibitastaði og bera þá saman við veitingastaði í þessum hærri enda. Það geta allir séð á verðinu hjá mér að það hefur lækkað því mér fannst mér bera skylda til þess. Það er mjög erfitt að standa í þessu. Öll þjónusta, dúkar, húsnæði, kertaljós og allt sem er vaskað, þrifið og eldað. Það eru nokkrir starfsmenn sem eyða klukkutímum í það og við þurfum að borga atvinnufólki vel. Ég hef ferðast mikið erlendis og hef mikinn samanburð. Það er ekki hægt að taka samanburð á pitsustað og bera saman kvöldverð með spaghettíi og ódýru rauðvíni við dýrustu staðina heima,“ segir Siggi. „Birgjarnir hafa hækkað sig en þeir hafa ekki verið teknir fyrir. Þetta er mikið óréttlæti og ég er orðinn leiður á að standa í veitingarekstri í erfiðum kringumstæðum. Ekki erum við að græða milljónirnar þessir veitingamenn og sem betur fer fær maður stundum aukavinnu. Ástæðan fyrir því að ég er í þessu er að þetta er ástríða mín, ekki það að ég haldi að ég verði einhver milljónamæringur á þessu.“ -fb



**SIGGI HALL** Siggi Hall segist ekki vera í veitingarekstri til að verða milljónamæringur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### KRISTINN GÍSLI GUÐMUNDSSON: ER HINN EINI OG SANNI BIG RED

# Bílnúmerið hjá Eika Hauks var notað í leyfisleysi

„Ég vissi varla hvaðan á mig stóð veðrið,“ segir Kristinn Gísli Guðmundsson. En á mánudagskvöldinu fékk hann símhringingu frá góðum félögum sem vinsamlegast bentu honum á að horfa á myndbandið við framlag Íslendinga í Eurovision, Valentines Lost. Þar sést hárbróðir Kristins, Eiríkur Hauksson, rúnta um í Hvalfirðinum ásamt hljómsveit í glæsibifreið með bílnúmerið „Big Red“. Númer sem Kristinn er þekktur fyrir að hafa haft á sínum bíl í nokkur ár og vakið verðskuldaða athygli fyrir.

„Ég skilaði númerinu inn fyrir tveimur árum en á réttinn til ársins 2012,“ segir Kristinn. „Og þarna var þessu númeri mínu hreinlega rænt,“ bætir hann við og skellihlær, tekur þessum meinta þjófnaði augljóslega af mikilli léttúð. „Samt finnst mér að þeir ættu nú bara að bjóða mér til Finnlands í staðinn,“ segir Kristinn í gríni. Reyndar hefur annar Íslendingur hefur borið þetta viðurnefni Big Read og hlotið mikla frægð fyrir en Kristinn segir að Steingrímur Hermannsson, fyrrum forsætisráðherra, hafi verið kallaður þessu nafni þegar hann glímdi í Bandaríkjunum á yngri árum.



**NÚMERIÐ GÓÐA** Eiríkur Hauksson í bílnum sem ber hið góða bílnúmer Big Red.

Gunnari Birni Guðmundssyni, leikstjóra myndbandsins, brá heldur betur í brún þegar Fréttablaðið hermdi þennan óheppilega stuld upp á hann.

Honum þótti þetta miður, að hafa ekki kynnt sér þetta betur og enn verra fannst honum að hafa rænt númeri frá sveitunga sínum úr Hafnafirði. „Hefði ég bara vitað þetta,“ segir Gunnar. „Þá hefði ég aldrei gert þetta,“ útskýrir leikstjórinn. „Þetta eru augljóslega listræn mistök,“ bætir hann við. Gunnar segir að þeir hafi haft úr tuttugu númerum að velja og honum hafi strax fundist Big Red henta ákaflega vel enda hefur mikið verið gert úr háralit Eiríks. „Það verður að viðurkennast að þetta var klaufalegt af okkur, að kynna okkur ekki númerin betur,“ bætir Gunnar við. „Ég verð að reyna koma þeim tveim saman og láta Eirík afhenda honum þetta númer. Kannski bara þegar Eiríkur er búinn að vinna keppnina úti,“ segir Gunnar sem hefur tröllatrú á söngvaranum í keppninni. „En Kristinn má vera stoltur. Númerið hans á eftir að birtast í myndbandi sem verður spilað útum alla Evrópu.“ -fgg



**KRISTINN GÍSLI** Á réttinn á bílnúmerinu Big Red til ársins 2012.



**GUNNAR BJÖRN** Er miður sín yfir því að hafa tekið bílnúmerið ófrjálsri hendi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngvarinn **Magni Ásgeirsson** er kominn heim eftir velheppnað tónleikaferðalag um Bandaríkin með húsbandinu úr Rockstar-þáttunum. Við tekur stíf dagskrá hér á landi með hljómsveitinni Á móti sól, auk þess sem Magni vinnur nú að fyrstu sólóplötu sinni. Reykvíkingar hafa tekið eftir því að Magni hefur uppfært bílakost sinn eftir að hann fór að njóta velgengni Rockstar-ævintýrisins. Hann keyrir nú um á gráum Lexus IS 250 sem kostar vel á fimmtu milljón króna.



Önnur þjóðþekkt manneskja hefur sömuleiðis nýverið fengið sér nýrri og flottari bíl. Sjónvarpsþulan **Ellý Ármannsdóttir** keypti sér glænýjan Ford Explorer, svartan að lit sem hún nýtur þess í botn að keyra. Explorinn hennar Ellýjar er Limited Edition, er allur leðurklæddur að innan og þykir hinn glæsilegasti enda verðið í kringum fimm milljónir króna.



Þeir sem komnir eru í úrslit Stóru trúbadorkeppninnar á Sportbarnum undirbúa sig af kappi fyrir stóru stundina sem verður á laugardagskvöldið. Þeirra á meðal **Kristján Þorvaldsson** sem situr sveittur við að leggja lokahönd á frumsaminn söng sinn um ... lofsöng um virkjanir og mengun. Ólíkt öðrum trúbadorum vill hann „álver og gas – og ekkert þras” eins og hann orðar það í söng sínum. -hdm/jbg



# Brotinn Vignir Snær en ekki beygður

„Ég datt í hálkunni fyrir utan upptökuverið mitt í morgun [gær] og braut bein í vinstri upphandlegg,“ segir Vignir Snær Vigfússon, gítarleikarinn góðkunni og tónlistarstjóri sjónvarpsþáttarins X-Factor. Vignir tók enga áhættu og hringdi á sjúkrabíl sem flutti hann á slysavarðstofuna þar sem gert var að brotinu. „Ég er líka bara með þennan sígilda sársaukastuðul karla, er óttaleg kveif og þoli voðalega lítið,“ segir Vignir sem sat heima hjá sér, ber að ofan enda komst hann í enga flík sökum gifsins og á góðum verkjalyfjum. „Ég er nú reyndar búinn að vera ónýtur í hendinni undanfarna fjóra mánuði og hef látið líta á hana öðru hvoru en læknarnir hafa ekkert fundið. Kannski er þetta bara lán í óláni því nú verður kannski hægt að finna hvað er að,“ útskýrir Vignir.

Þetta eru eðlilega mjög erfið meiðsl fyrir Vigni sem þarf að hafa hendurnar í góðu lagi starfsins vegna. Varla má gefa út geisladisk hér á landi án þess að gítarleikarinn komi þar að og hann viðurkennir að þetta setji vissulega strik í reikninginn. „Reyndar get ég ennþá tekið upp og framleitt tónlist en það verður ögn erfiðara og nánast útilokað að slá á strengina næstu mánuði,“ segir Vignir.

Mesta áfallið er þó að geta ekki lengur spilað undir með húshljómsveitinni í X-Factor en Vignir telur sig hafa fundið góðan arftaka í Gunnari Þór úr Sóldögg.

„Hann er reyndar miklu betri gítarleikari heldur en ég,“ segir Vignir sem áfram mun þó aðstoða keppendurna í allri stúdíóvinnu. -fgg



**VIGNIR SNÆR** Gítarinn verður lagður til hliðar á meðan tónlistamaðurinn jafnar sig á meiðslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**CATA**
Fjölkerfa **blástursofn** með undir- og yfirhita ásamt grilli
- Ekta glóðarsteiking
- Stór ofn
- Klukka
- Verð áður kr **49.900**

AFSLÁTTUR **20%**
Verð nú **39.900**



appliance
Keramik helluborð með **snertitökkum** og **High Light** hraðhellum
- Barnalæsing
- Án ramma
- Stafrænt stjórnborð
- Verð áður kr **49.900**

AFSLÁTTUR **30%**
Verð nú **34.900**



AFSLÁTTUR **20%**
Verð nú **119.900**
PYROLYSE

**Electrolux**
Innbyggður ofn af flottustu gerð með **Pyrolyse sjálfhreinsibúnaði,** innbyggðri uppskriftarbók o.m.fl.
- **Kjöthitamælir**
- Stjórnborð með snertitökkum og upplýsingaskjá
- **Grillteinn** og grillmótor
- Tvöföld lýsing
- Þýsk framleiðsla
- Verð áður kr **149.900**



**Electrolux**
**Spansuðuhelluborð** með snertitökkum. Meiri hraði, öryggi og hagkvæmni.
- **Uppúrsuðuvörn**
- **Barnalæsing**
- **Tímastillir**
- Verð áður kr **129.900**

SPANSUÐA
AFSLÁTTUR **30%**
Verð nú **89.900**



47 dB(A)
ÞÚ SPARAR **15.000**
Verð nú **74.900**

**Electrolux**
Hljóðlát uppþvottavél, búin **Fuzzy Logic** þvottatækni sem skynjar óhreinindi og bætir inn vatni eftir þörfum. Aðlagar tíma og hitastig.
- **A/A/A einkunn** fyrir orku/þvott/þurrk
- Stjórnborð með snertitökkum
- Verð áður kr **89.900**



**Electrolux**
Afbragðsfallegur amerískur kæli- og frystiskápur hlaðinn þægindum.
- Svæðisskipt kælihólf fyrir mismunandi mat
- Klakavél með 7 upplýstum hnöppum fyrir mulin ís, mola og kælt vatn.
- Frost Free afþíðing í kæli og frysti
- Sjálfhreinsibúnaður og lykteyðir
- Kámfrítt stál
- Stafræn hitastýring með snertitökkum
- Glæsileg innrétting
- Verð áður kr **349.900**

SPARAÐU **55.000**
Verð nú **294.900**



KÁMFRÍTT

**Electrolux**
Glæsileg eldavél í stáli með Air Control blástursofni. Keramik helluborð með High Light **hraðhellum**.
- 6 kerfi
- A orkuflokkur
- HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- Verð áður kr **89.900**

AFSLÁTTUR **23%**
Verð nú **69.900**



AFSLÁTTUR **17%**
Verð nú **49.900**

appliance
Afkastamikill fríhangandi eyjuháfur með halogen lýsingu, og þvoanlegum fitusíum
- HxBxD:85-114x90x50
- Verð áður kr **59.900cm**

HÁFAR OG VIFTUR MEÐ ALLT AÐ **40%** AFSL.

# VERÐ-SPRENGJA Á STÁLTÆKJUM

www.rafha.is



**Electrolux**
Vel innréttaður stálskápur með glerhillum
- 226 lítra kælir og 86 lítra frystir
- Sensa handföng
- 2 kælivélar
- Hraðfrysting
- Glerhillur
- A+ orkuflokkur
- HxBxD: **185x59,5x60 cm**
- Verð áður kr **109.900**

AFSLÁTTUR **18%**
Verð nú **89.900**



AFSLÁTTUR **30%**
Verð nú **34.900**

AFSLÁTTUR **25%**
Verð nú **29.900**

**ZANUSSI**
Gashelluborð til með 4 eða 5 hellum (WOK hellu).
- Rafmagnsneistagjöf
- Gaslekaöryggisbúnaður
- Sterkbyggðar pottagrindur
- Verð áður kr **39.900** (4 hellur) **og 49.900** (5 hellur)

**CATA**



MEÐ GRILLI
AFSLÁTTUR **37%**
Verð nú **18.900**

**Electrolux**
28 lítra örbylgjuofn með 1300W grilli. Stafrænt stjórnborð með klukku. Afþíðing og sérstakt popp & snakkkerfi.
- Silfursanseraður
- RedDot hönnunarverðlaun
- HxBxD: 29,7x51,7x42 cm
- Verð áður kr **29.900**



ÖLL STÁL SMÁTÆKI MEÐ **20%** AFSL.



**PAKKADÍLL**

Fáðu hagstætt tilboð í allan pakkan hjá okkur. Valin merki, vönduð vara og verð sem kemur á óvart.

**Rafha ehf**

Opið virka daga 9-18
laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


SIGURJÓNS KJARTANSSONAR


## *Dularfulla fólkið*

Einu sinni var ég að leita að saumastofu í Hafnarfirði. Ég hringdi dyrabjöllu í húsi sem ég hélt að væri rétta heimilisfangið og til dyra kom feitur, tattúveraður maður á sextugsaldri á pínulitlum, fjólubláum nærbuxum einum fata. Klukkan var þrjú að degi til. Hann tjáði mér kurteislega að ég væri á vitlausum stað og ég afsakaði mig pent.

**SÍÐAN** hef ég oft velt því fyrir mér hvað gekk á hjá þessum dularfulla manni, í þessu dularfulla, gamla húsi þar sem allar gardínur voru dregnar fyrir. Ætli ég hafi vakið hann? Af hverju var hann á nærbuxunum?

**ÞETTA** var ein af fjölmörgum mysteríum sem ég hef orðið var við gegnum tíðina. Dularfullar hliðar á fólki. Eitthvað óáþreifanlegt sem virkar grunsamlegt í fyrstu og hefur síðan annaðhvort einhverjar eðlilegar skýringar eða heldur áfram að vera grunsamlegt og verður síðan hreinlega glæpsamlegt. Ég hef lesið nóg af glæpasögum til að vita að gott er að hugsa málin frá öllum hliðum.

**EINSOG** t.d. mennirnir á svörtu Cadillac-jeppunum sem þeir leggja fyrir utan Laugar. Í sjónvarpinu eru það bara glæpamenn og rapparar sem aka um á svona bílum. Á bílastæðinu í Laugum eru þetta smávaxnir menn í jakkafötum. Hvort eru þetta bankastarfsmenn eða dílerar? Ungir, talandi í gemsa, með æfingatöskuna á öxlinni. Glæpamenn stunda líkamsrækt eins og aðrir. Það hefur oft komið fram.

**AFHVERJU** keyrir gaurinn sem vinnur í tölvudeildinni um á Porsche-jeppa? Er hann líka díler? Ekki lítur hann út fyrir að vera það. Er mér sama eða á ég að styðja ákvæðið í jafnréttisfrumvarpinu um afnám launaleyndar?

**HVAÐ** mundi það þýða? Jú, ég gæti spurt gaurinn í tölvudeildinni hvað hann hafi í laun og hann mætti svara mér, en hann þyrfti þess ekki. Í dag má hann hreinlega ekki svara mér. Ef hann svaraði mér væri hann að brjóta ákvæði í samningnum sínum.

**AFNÁM** launaleyndar er útópísk hugsun einhverra kvenna sem halda að við það að vita hvað Gunnar í dreifingardeildinni er með í laun hljóti þær að geta hækkað sig. En hvað ef það yrði nú bara hreinlega til þess að aumingja Gunnar mundi lækka í launum í staðinn.? „Ókei Gunnar, nú er verið að afnema launaleynd þannig að við þurfum að segja upp gamla samningnum með þagnarskyldunni ... þú manst. Við ráðum þig bara aftur á lægri launum ... ókei?" Er þá ekki skárra að hafa mysteríurnar allt í kring? Þær eru meira spennandi.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



